F.-liður. Hér eru þessi ný ákvæði: „Þó má ekki færa til gjalda dráttarvexti af sköttum eða útsvörum, vexti af skuldum stofnuðum vegna húsbygginga, sem áfallnir eru áður en húsin eru tekin í notkun. Afföll af keyptum verðbréfum skal færa til gjalda samkv. reglunum í 7. gr., d.-lið, síðari málsgrein".

G.-liður. Hér er sett ákvæði um, að aðeins megi leyfa til frádráttar tekjuskatt, eignarskatt og aukaútsvar, sem greitt hefir verið á árinu.

Að síðustu er í lok 10. gr. bætt inn því ákvæði, að veita megi frádrátt „til heimilisstjórnar (kaup ráðskonu)".

Þetta ákvæði er ætlazt til að nái eingöngu til eftirtaldra aðila:

1) Ógiftra manna eða ekkjumanna, sem hafa haft ráðskonu vegna búrekstrar eða ómagaframfærslu.
2) Giftra manna, sem hafa haft ráðskonu vegna þess, að konan hefir haft atvinnu utan heimilis.

Þessi frádráttur má þó aldrei nema meiru en lögleyfður frádráttur fyrir eiginkonu, þ. e. í kaupstöðum og kauptúnum (með yfir 300 íbúa) 700 kr., og annarsstaðar á landinu 600 kr.

Þar sem konan vinnur utan heimilis, má þessi frádráttur þó aldrei nema meiru en þær tekjur, sem hún hefir fengið fyrir þá atvinnu.

VI. Persónufrádráttur.

Samkv. 12. gr. er persónufrádráttur nú ákveðinn þessi:

1) Í Reykjavík: Fyrir einstakling 800 kr., fyrir hjón 1500 kr., fyrir börn og aðra skylduómaga 500 kr.
2) Í kaupstöðum og kauptúnum með yfir 300 íbúa: Fyrir einstakling 700 kr., fyrir hjón 1400 kr. og fyrir börn og aðra skylduómaga 500 kr.
3) Annarsstaðar á landinu: Fyrir einstakling 600 kr., fyrir hjón 1200 kr. og fyrir börn og skylduómaga 500 kr.

Auk hækkunar persónufrádráttarins og þess mismunar, sem gerður er á Reykjavík, bæjum og öðrum landshlutum, er frádráttaraldur barna hækk-

aður úr 14 í 16 ár. Við skattálagningu á yfirstandandi ári skal því veita frá- 2
drátt fyrir börn fædd árið 1919 eða síðar. 17. jan.

Hafi börn eða aðrir skylduómagar haft tekjur á skattárinu, lækkar frádrátturinn sem þeim nemur, og fellur burt ef tekjuupphæðin nemur 500 kr. eða meiru.

Sérstaklega verður að gæta þess um unglinga á aldrinum frá 14—16 ára, að þeir hafa iðulega tekjur. Þar sem unglingar á þessum aldri vinna að búrekstri eða heimilisstörfum hjá foreldrum sínum, er framfæranda að vísu leyfilegt að draga frá á sínu framtali eðlilegt endurgjald fyrir þá vinnu, sem frádráttarbær er, skv. ákvæðum skattalaganna, en persónufrádráttur lækkar þá um þá upphæð, að viðbættum öðrum tekjum unglingsins, ef einhverjar eru, og fellur persónufrádráttur framfæranda vegna unglings niður ef tekjurnar ná kr. 500,00, en sjálfstæðir skattgreiðendur verða þessir unglingar eftir almennum reglum.

VII. Eignamat.

Breytingar á 19. gr.

A.-liður. Sé fasteignamat eignar ekki fyrir hendi, skal farið eftir áætluðu matsverði.

B.-liður. Nýr liður, og hljóðar svo:

„Búpening skal telja svo sem hann væri framgenginn í fardögum næst á eftir og með því verðlagi, er yfirskattanefnd ákveður árlega fyrir hver áramót, eftir tillögum undarskattanefnda".

D.-liður. „Verzlunarvörur skal meta eftir því, hvað þær kosta komnar í hús eða á sölustað í árslok, enda séu hæfileg afföll leyfð á gölluðum eða úreltum vörum".

Þess verður að gæta, að vörubirgðir séu metnar á sama hátt frá ári til árs.

E.-liður. „Hlutabréf skulu talin með söluverði á árinu ef raunveruleg sala hlutabréfa hefir átt sér stað á árinu milli óskyldra gegn staðgreiðslu á minnst 2% af hlutafénu, en annars metin með áætluðu söluverði, og skal þá hafa hliðsjón af síðustu hlutabréfasölu, arðsúthlutunum og efnahagsreikningi félagsins í árslok.

Skuldabréf og önnur slík verðbréf skulu metin eftir nafnverði, nema sérstakar ástæður þyki til að þau séu ótrygg. Þó skulu veðdeildarbréf og skuldabréf hins opinbera metin eftir venjulegu söluverði slíkra bréfa í árslok, ef það er vitað".

F.-liður. „Útistandandi skuldir skulu taldar með nafnverði, hvort sem vextir eiga að greiðast af þeim eða eigi, *nema vitanlegt sé að þær séu minna virði eða tapaðar með öllu.*

VIII. Skattanefndir.

A. Skipun skatanefnda er óbreytt frá því sem verið hefir.

B. Í 26. gr. eru sett ákvæði um skilyrði fyrir setu í skattanefnd og eru þau að mestu hin sömu og í 28. gr. skattareglugerðarinnar frá 1921.

2 C. Fellt hefir verið niður það ákvæði 26. gr. gömlu laganna að sá, sem öðrum
17. jan. er háður sem hjú, skuli ekki eiga setu í skattanefnd. Skiptir það nú eigi máli um kjörgengi til nefndar eða skipun.

D. Í 29. gr. eru sett ákvæði um það, hvenær varamaður skuli taka sæti í skattanefnd, sbr. reglugerðina 28 gr. B.

E. Laun undirskattanefndarmanna eru ákveðin sem hér segir (sjá 30. gr. a.):

Í kaupstöðum og kauptúnum, sem eru hreppar fyrir sig, skal greiða skattanefnd 2%, en annarsstaðar á landinu 4% af þeirri upphæð, sem skatturinn nemur. Þó skal borgunin ekki fara fram úr 8 kr. og ekki vera minni en 4 kr. fyrir hvern starfsdag nefndarmanns. Vill ráðuneytið taka það fram, að þá er vitanlega átt við fullan starfsdag.

Yfirskattanefndarmenn utan Reykjavíkur skulu fá greiddan ferðakostnað, auk dagkaups síns.

IX. Störf skattanefnda.

A. *Sjá 32. gr., 1. málsgr.* Skylda til að útfylla framtalsskýrslu hvílir á öllum þeim, sem hafa haft „Tekjur samkv. 7. gr. eða eignir samkv. 17. gr.". Skiptaráðendum dánar- og þrotabúa er hér einnig gert að skyldu að telja fram fyrir þau bú, sem þeir hafa undir skiptum.

B. *32. gr., 2. málsgr.* Skattanefndum er heimilt, ef sérstaklega stendur á, að veita mönnum framtalsfrest til 15 marz.

C. Í 33. gr. eru sett ýms nánari ákvæði um uppgjafaskyldu ýmsra stofnana. Allar þær upplýsingar, sem hér um ræðir, er skylt að láta í té í því formi, sem óskað er. Auk þess er ríkisskattanefnd veittur aðgangur að bókum allra lánsstofnana.

Einstökum mönnum og stofnunum er skylt að gefa upp, ásamt starfsmannakaupi, stjórnarlaun, ágóðaþóknun, gjafir og þess háttar.

D. *Sjá 34. gr.* Skattanefnd er heimilt að leiðrétta einstaka liði framtals, sem eru í ósamræmi við gildandi lög og fyrirmæli, og önnur atriði, ef telja má að óyggjandi upplýsingar séu fyrir hendi, án þess að kalla gjaldanda sérstaklega fyrir sig. En jafnan skal þó gera framteljendum aðvart um þær breytingar, sem þannig hafa verið gerðar.

Komi það í ljós eftir á, að tekjur eða eign einhvers hafi verið áætlað lægra en vera bar, er skattanefnd heimilt að reikna skatt gjaldanda að nýju, þó ekki lengra en 5 ár aftur í tímann.

Sjá 49. gr. Komi í ljós, að skattþegn hafi vantað á skrá, skal gera honum skatt eftir á, þó aldrei lengra en 3 ár aftur í tímann.

E. *Sjá 35. gr.* Hér er bætt við þessu nýmæli: „Yfirskattanefndir geta og, eftir tillögum undirskattanefnda, leyft persónufrádrátt allt að 500 kr. fyrir ættingja og vandamenn, sem vitað er um, að skattþegn hefir á framfæri sínu".

Ganga verður þó úr skugga um, að ættingjar þessir eða vandamenn hafi ekki tekjur eða vinnu fyrir sér á einhvern hátt. Ennfremur ber að

taka tillit til efnahags og tekna þess, sem framfærir, á sama hátt og þegar um linun í skatti vegna veikinda er að ræða. 2 17. jan.

F. *Sjá 36. gr.* Hér eru viðbótarákvæði um skattskrá: „Á skattskrá skal greina skattskyldar tekjur samkv. 7. og 8. gr., frádrátt samkv. 10. og 12. gr. og tekjuskatt, skattskyldar eignir samkv. 17. gr. og eignarskatt hvers gjaldanda. Jafnframt skal skattanefnd semja aðra skrá um tekjur og eignir framteljenda, er ekki greiða tekju- eða eignarskatt.

Skattskrá skal lögð fram eigi síðar en 1. dag aprílmánaðar, og liggja til sýnis 2 vikur (áður 1.—15. dag aprílmán.).

G. *38. gr.* Hér eru tekin upp ákvæði tilskipunar 12. apríl 1929 um heimild yfirskattanefnda til þess að taka til greina kærur, sem of seint eru fram komnar. Ennfremur sett fyrirmæli um úrskurðun yfirskattanefndar á útsvörum.

H. *Sjá 39. gr.* Fjármálaráðherra getur veitt yfirskattanefndum frest til að ljúka störfum, ef um stórfelldar lagfæringar á skattskránni er að ræða.

Þegar yfirskattanefndir hafa lokið störfum, skulu þær senda ríkisskattanefnd, á skattstofunni í Reykjavík, skattskrána, ásamt framtalsskýrslum, og skrá um eignir og tekjur framteljenda, er engan skatt greiða.

I. Hér eru felld inn lögin um ríkisskattanefnd, með litlum breytingum (sjá 33., 39., 40 og 41. gr.).

Ríkisskattanefnd skal hafa lokið við að úrskurða kærur úr Reykjavík fyrir septemberlok, en kærur annarsstaðar frá fyrir nóvemberlok.

Úrskurður ríkisskattanefnda er fullnaðarúrskurður. Ágreining um skattskyldu má þó jafnan bera undir dómstóla.

X. Innheimta.

A. *Sjá 45. gr.* „Sé skatturinn eigi greiddur innan mánaðar frá gjalddaga, skal greiða dráttarvexti, ½% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem greiðsla dregst".

Breyti ríkisskattanefnd skatti svo seint, að tilkynning um það hefir eigi náð innheimumanni fyrir gjalddaga skattsins og skal hann þá innheimta eða endurgreiða þann skatt síðar á árinu.

Eigi falla niður dráttarvextir þótt greiðslu hafi verið frestað vegna þess að endanlegur úrskurður var ófenginn, nema um endurgreiðslu skatts sé að ræða.

B. Felld er í burtu 43. gr. gömlu laganna, um að hver heimilisfaðir skuli greiða tekju- og eignarskatt fyrir þá gjaldskylda menn, sem hjá honum eru heimilisfastir.

C. Sjá 11. og 20. gr. Hjón ábyrgjast skattgreiðslu hvors annars. Þeir, sem hafa á hendi fjárforræði ófjárráða, bera ábyrgð á skattgreiðslu þeirra.

Ráðuneytið vill taka það fram, að vegna þess að lögin eru ekki staðfest fyrr en 9. jan. þ. á., leggur það svo fyrir, að skattskrárnar verði þetta ár ekki lagðar fram fyrr en 3. apríl.

3
15. jan.

REGLUGERÐ

um kosningu af hálfu útvarpsnotenda í útvarpsráð.

Samkvæmt heimild í 4. gr. laga nr. 68 frá 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins, er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Útvarpsráð skipa sjö menn. Skulu þrír þeirra og þrír til vara kosnir hlutfallskosningu á Alþingi til fjögurra ár í senn og þrír og þrír til vara sömuleiðis kosnir hlutfallskosningu meðal allra þeirra, sem útvarpsnotendur teljast og greitt hafa lögmælt gjöld til ríkisútvarpsins, sbr. og 14. gr.

Kennslumálaráðherra skipar sjöunda mann í útvarpsráð og er hann formaður þess.

2. gr.

Þegar eftir að kosning í útvarpsráð hefir farið fram á Alþingi, felur kennslumálaráðuneytið skrifstofu ríkisútvarpsins að annast um, að fram fari kosning af hálfu útvarpsnotenda samkvæmt því, sem ákveðið er í reglugerð þessari.

Útvarpsstjóri hefir yfirumsjón með kosningunni og er formaður kjörstjórnar. Auk hans skipa kjörstjórn tveir menn, sem kennslumálaráðherra tilnefnir. Skal kosningu lokið þegar þrír mánuðir eru liðnir frá því er kosning í útvarpsráð fór fram á Alþingi.

3. gr.

Kostnaður, sem leiðir af kosningunni, greiðist af starfsfé ríkisútvarpsins eftir reikningi, sem kennslumálaráðherra samþykkir.

II. KAFLI

Kjörlistar og framboðsfrestur.

4. gr.

Heimilt er félögum útvarpsnotenda og einstökum útvarpsnotendum að bera fram kjörlista. Skulu á hverjum lista vera nöfn sex manna þeirra, er kjörgengir eru og fylgi hverjum lista meðmæli að minnsta kosti 200 útvarpsnotenda. Ennfremur fylgi kjörlistum yfirlýsing þeirra manna, sem boðnir eru fram til kjörs, um að framboðið sé með þeirra samþykki.

Umboðsmenn kjörlista eru frambjóðendur listans og þeir, sem til þess hljóta vottfast umboð frambjóðanda. 3 15. jan.

5. gr.

Kjörgengur er hver sá útvarpsnotandi, sem greitt hefir lögmælt gjöld til ríkisútvarpsins, er ekki fastráðinn starfsmaður þess og er búsettur í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að hann geti tekið þátt í störfum útvarpsráðs.

6. gr.

Þrír efstu menn á kjörlista teljast 1., 2. og 3. aðalmaður listans, en þrír hinir næstu teljast 1., 2. og 3. varamaður hans þannig, að 4. maður er varamaður 1. manns, 5. maður varamaður 2. manns og 6. maður varamaður 3. manns.

7. gr.

Þegar eftir að kennslumálaráðuneytið hefir falið skrifstofu ríkisútvarpsins að láta fara fram kosningu af hálfu útvarpsnotenda, gefur kjörstjórn út auglýsingu um kosninguna. Skal hún birt í Lögbirtingablaðinu, í útvarpinu og í víðlesnum blöðum.

8. gr.

Kjörlistum samkvæmt 4. gr. skal skilað eigi síðar en 14 dögum eftir að auglýsing um kosninguna hefir verið gefin út. Skal í auglýsingunni ákveðið um stað og stund, þegar afhending listanna á að fara fram í síðasta lagi. Formaður kjörstjórnar gefur út kvittun fyrir hverjum kjörlista samstundis og hann er afhentur. Skal á kvittuninni tilgreina nákvæmlega hvenær afhending fer fram. Kjörlistar hljóta listabókstafina A., B., C., D. o. s. frv. í þeirri röð, sem þeir koma fram. Skal á kvittun greina hvaða bókstaf listinn hlýtur.

9. gr.

Nú hefir að loknum framboðsfresti komið fram aðeins einn kjörlisti með jafnmörgum og kjósa á og ferst kosning þá fyrir, en kjörstjórn, að viðstöddum umboðsmönnum listans, úrskurðar hina framboðnu menn rétt kjörna í útvarpsráð af hálfu útvarpsnotenda.

Fer þá um afgreiðslu á úrskurði kjörstjórnar til ráðuneytisins eftir því, sem fyrir er mælt í 35. gr.

Nú koma ekki fram við kosningu í útvarpsráð af hálfu útvarpsnotenda neinir kjörlistar og ferst kosning þá fyrir. Skipar þá kennslumálaráðherra þrjá menn í útvarpsráð af hálfu útvarpsnotenda til næstu fjögurra ára og þrjá til vara.

3
15. jan.

III. KAFLI

Kjörstaðir og kjörfrestur.

10. gr.

Forstöðumenn pósthúsa landsins (póstafgreiðslumenn og bréfhirðingarmenn) skulu annast um atkvæðagreiðslu utan Reykjavíkur og eru kjörstjórar, hver í sínu umdæmi, eftir þar um settum reglum, samkv. 17. til 20. gr. Fer atkvæðagreiðslan fram í afgreiðslustofum pósthússins og undir umsjá póstmanna.

Kennslumálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum útvarpsstjóra, forstöðumönnum pósthúsa þóknun fyrir starfið og skal hún reiknast í hlutfalli við tölu þeirra, er kosningarrétt hafa í umdæmi hvers um sig.

11. gr.

Í Reykjavík fer atkvæðagreiðsla fram í sérstakri kjörstofu undir umsjón kjörstjóra, sem kjörstjórn skipar. Fer atkvæðagreiðsla þar að öllu leyti fram eins og fyrir er mælt um kosningar á öðrum kjörstöðum.

12. gr.

Útvarpsnotendum skal veittur kjörfrestur allt að þrem vikum. Þó skal kosningu ávallt lokið þegar þrír mánuðir eru liðnir frá því, er kosning í útvarpsráð fór fram á Alþingi.

IV. KAFLI

Kjörgögn og afgreiðsla kjörgagna.

13. gr.

Þegar hinn auglýsti framboðsfrestur, samkv. 8. gr., er liðinn og kjörlistar hafa borizt kjörstjórn, annast hún þegar um undirbúning kjörgagna. Kjörgögn eru þau, sem hér greinir:

1. **Kjörseðill.** Á hann eru prentaðir kjörlistar þeir, er borizt hafa, merktir bókstöfunum A, B, C, D, o. s. frv., samkv. 8. gr. Kjörseðill skal vera samanbrotinn um miðju og límborin rönd á þrjá vegu, þannig gerð að rífa megi af.

2. **Umslag kjörseðils.** Skal forsíða umslagsins líta þannig út:

Útvarpsnotandi:	**Kjörseðill.** Kosning í útvarpsráð 1935.

.....
Eiginhandar undirskrift kjósanda.

Það vottast, að ofanskráður útvarpsnotandi hefir í dag sjálfráður, í einrúmi og á lögfullan hátt greitt atkvæði hér á póststofunni (kjörstofunni) og gengið sjálfur frá kjörseðli sínum í þessu umslagi að mér ásjáandi.

Pósthúsið (bréfhirðingin) / (Kjörstofan) ..... 1935.

Vitundarvottar:

.....
(Póst)stimpill og undirskrift kjörstjóra.

3. **Leiðbeiningar um kosninguna.** Í leiðbeiningunum skulu vera nákvæm fyrirmæli um eftirgreind atriði:
   a) Um gæzlu kjörgagna.
   b) Um hversu kosning skuli fara fram, hversu gengið skuli frá kjörgögnum að kosningu lokinni, um skrásetningu greiddra atkvæða og um kvittun kjörstjóra fyrir atkvæðaseðli kjósanda.
   c) Um sendingu kjörgagna í pósti til skrifstofu ríkisútvarpsins í Reykjavík.

   Leiðbeiningar þessar skulu sendar á alla kjörstaði og skulu festar upp þar, sem kjósendur eiga hægt með að kynna sér þær.
4. **Kvittunareyðublöð þannig útlits:**

Útvarpsnotandi:	**Kjörseðill.** Kosning í útvarpsráð 1935.

Ofanritaður útvarpsnotandi hefir í dag greitt atkvæði hér á póststofunni (kjörstofunni) og afhent mér atkvæði sitt.

Pósthúsið (bréfhirðingin) / (Kjörstofan) ..... 1935.

.....
(Póst)stimpill og undirskrift kjörstjóra.

5. **Kjörskrá,** þ. e. skrá yfir útvarpsnotendur þá, sem atkvæðaseðlar eru sendir.

3 14. gr.

15. jan. Jafnskjótt sem lokið er prentun kjörgagna annast kjörstjórn um afgreiðslu þeirra á alla kjörstaði í landinu. Skal afgreiðslu þeirra hagað eins og hér segir: Kjörseðlarnir skulu flokkaðir samkv. útvarpsnotendaskrá ríkisútvarpsins þannig, að til hverrar póststofu, póstafgreiðslu og bréfhirðingar utan Reykjavíkur séu sendir atkvæðaseðlar allra útvarpsnotenda, er kosningarrétt hafa, í umdæmi hverrar fyrir sig. Jafnframt er nafn og heimilisfang hvers útvarpsnotanda stimplað á hornreit umslagsins og kvittunarinnar. Kosningarrétt hafa þeir, sem skráðir eru útvarpsnotendur við afgreiðslu kjörgagna og greitt hafa lögmælt gjöld til ríkisútvarpsins, sbr. 27. gr.

Heimilt er fulltrúum kjörlista að hafa eftirlit með afgreiðslu kjörgagna.

V. KAFLI

Kosningarathöfn.

15. gr.

Þegar kjörgögnin hafa borizt á kjörstaði, auglýsir kjörstjórn í útvarpinu um kosninguna og um kjörfrest. Skal auglýsingin endurtekin svo oft, sem þurfa þykir og eigi sjaldnar en fimm sinnum.

16. gr.

Útvarpsnotandi, sem óskar að neyta kosningarréttar síns, skal áður en liðinn er auglýstur kjörfrestur gefa sig fram á póststofu þeirri, póstafgreiðslu eða bréfhirðingu, sem hefir með höndum póstskil hans og lýsa yfir því fyrir póstmanni, að hann óski að neyta kosningarréttar síns við kosningu í útvarpsráð.

Nú er útvarpsnotandi fjarverandi frá heimili sínu og byggðarlagi eða sjúkur og lagt er fram læknisvottorð um, að hann komist ekki á kjörstað og getur ekki neytt atkvæðisréttar síns áður en auglýstur kjörfrestur er liðinn, og er honum þá heimilt, með skriflegu, vottföstu umboði eða með staðfestu símskeyti, að fela nánasta vandamanni sínum eða þeim öðrum heimilismanni, er hann treystir, að neyta atkvæðisréttarins fyrir sína hönd. Skrifar hann þá nafn sitt á forsíðu umslagsins og undir það orðin: „Samkvæmt umboði", enda skal umboðið lagt í umslagið ásamt atkvæðisseðlinum.

Umboð gefið utanheimilismanni er ógilt.

17. gr.

Póstmaður afhendir þá samstundis kjósandanum kjörseðil í opnu umslagi því, sem ber ástimplað nafn og heimilisfang hans, samkv. 14. gr. Víkur þá kjósandinn afsíðis eða í sérstaka kjörstofu og greiðir atkvæði sitt án þess að nokkur annar geti séð eða orðið áskynja, hvernig atkvæði hans fellur.

18. gr.

Kjósandinn greiðir síðan atkvæði á þann hátt, að hann setur með blýanti

kross × framan við bókstaf þess lista, sem hann óskar að kjósa. Síðan brýtur hann saman kjörseðilinn á sama hátt og hann var áður brotinn, vætir hina límbornu rönd og límir saman. Síðan stingur hann atkvæðaseðlinum þannig samanlímdum í umslagið að póstmanni ásjáandi og ritar loks nafn sitt framan á umslagið á þar til setta línu. Síðan afhendir hann póstmanni umslagið. 3 15. jan.

Nú óskar kjósandi aðstoðar vegna sjóndepru eða vegna þess, að hann af öðrum ástæðum getur ekki skrifað nafn sitt. Kveður hann þá til þann, sem hann óskar sér til aðstoðar og handsalar honum umboð til atkvæðagreiðslunnar og til þess að rita nafn sitt. Skulu þá jafnan kvaddir til vottar og rita þeir aftan á umslag kjósandans vottorð um, að atkvæðagreiðslan hafi farið fram samkvæmt fyrirmælum þessarar greinar.

19. gr.

Þegar kjósandinn hefir greitt atkvæði og afhent póstmanni kjörseðilsumslag sitt, vottar póstmaðurinn með undirskrift sinni og póststimpli á forsíðu umslagsins, ásamt tveimur vitundarvottum, að kosningin hafi farið fram á lögfullan hátt.

Jafnframt undirritar hann kvittun þá, sem ber ástimplað nafn kjósandans og afhendir honum sem viðurkenningu fyrir því, að hann hafi tekið á móti kjörseðilsumslagi kjósandans.

20. gr.

Þegar lokið er afgreiðslu kjósandans, vottar póstmaður um kosninguna við nafn hans á kjörskrá, sem um ræðir í 5. tölulið 13. gr.

21. gr.

Umboðsmönnum kjörlista er hvenær og hvar sem kosið er, heimilt að kynna sér kjörskrár og hafa eftirlit með því að kosningin fari fram, samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar.

VI. KAFLI

Varðveizla og skil kjörgagna.

22. gr.

Póstmönnum, sem hafa umsjón með kosningu í útvarpsráð og kjörstjóra í Reykjavík, svo og öllum trúnaðarmönnum ríkisstjórnarinnar við kosningu þessa, ber að láta kjörgögn öll sæta sömu varðveislu og önnur ábyrgðar- og trúnaðarskjöl og gæta um framkvæmd kosningarinnar, varðveislu og skil kjörgagna fylstu árvekni, reglusemi og stundvísi.

23. gr.

Jafnskjótt sem hinn auglýsti kjörfrestur er liðinn, endursenda forstöðumenn pósthúsa öll kjörgögn til skrifstofu ríkisútvarpsins í Reykjavík. Skulu atkvæða-

3 seðlar þeirra útvarpsnotenda, sem neytt hafa kosningarréttar, ásamt kjörskránni
15. jan. áritaðri á fyrirskipaðan hátt, látið í einar umbúðir, en hinir ónotuðu seðlar sér. Síðan skulu öll kjörgögnin látin í einar umbúðir, innsiglaðar og sendar í ábyrgðarpósti. Auk utanáskriftar til skrifstofu ríkisútvarpsins skal rita á póstsendingar þessar orðin: **Kosning í útvarpsráð.**

24. gr.

Bréfapóststofan í Reykjavík færir póstsendingar þessar við móttöku í sérstaka póstkvittunarbók og fær við afhendingu þeirra kvittun formanns kjörstjórnar eða umboðsmanns hans. Þegar talning atkvæða fer fram á kjörstjórn og umboðsmenn kjörlista aðgang að þessari póstkvittunarbók.

25. gr.

Þegar hinn auglýsti kjörfrestur er liðinn, ákveður kjörstjórn hæfilegan frest og eigi styttri en 3 vikur, til þess að kjörgögn fái komist til skila. Síðan auglýsir hún með, að minnsta kosti tveggja daga fyrirvara, um stað og stund, þegar talning atkvæða á að fara fram.

26. gr.

Við talningu atkvæða kveður kjörstjórn til aðstoðarmenn eftir samkomulagi. Heimilt er umboðsmönnum kjörlista að fylgjast með talningunni.

Talning atkvæða hefst með því, að póstsendingar eru bornar saman við póstkvittunarbók, sem um getur í 24. gr.

27. gr.

Talningin hefst með því, að innsigli hverrar póstsendingar er brotið. Kjörseðlar þeir, sem ekki hafa verið notaðir, skulu teknir frá og lagðir til hliðar.

Síðan skal bera umslög notaðra kjörseðla nákvæmlega saman við kjörskrár. Þarnæst skal bera þau saman við skrá ríkisútvarpsins yfir þá menn, sem ekki hafa greitt lögmælt gjöld til ríkisútvarpsins. Eru atkvæði þeirra ógild. Það teljast í reglugerð þessari vangreiðslur á lögmæltum gjöldum, ef ólokið er gjöldum eldri en frá áramótum síðustu, áður en talning fer fram.

Að þessu loknu, skulu umslög þeirra atkvæða, er til talningar koma opnuð, atkvæðaseðillinn dreginn úr hverju umslagi og látinn í atkvæðakassa nægilega stóran, til þess að rúma vel alla atkvæðaseðlana.

28. gr.

Gildir eru þeir atkvæðaseðlar, þar sem merkt er aðeins við einn lista. Ekki er seðill ógildur, þótt merkt sé víðar en á einum stað við sama lista eða annarsstaðar en við listabókstafinn, ef ekki þykir orka tvímælis um það, hvern lista kjósandinn hefir ætlað að kjósa.

29. gr.

Nú verður ágreiningur innan kjörstjórnarinnar um það, hvort atkvæðaseðill skuli metast gildur og ræður þá afl atkvæða úrslitum.

30. gr.

Þegar lokið er talningu atkvæða, eru talin saman atkvæði þau, er hver kjörlisti hefir hlotið. Fer þá um tölu kosinna manna af hverjum lista eftir venjulegum reglum um hlutfallskosningu hér á landi. Eru þeir kosnir í þeirri röð, sem þeir eru á listanum, enda hafa tilfærslur nafna og útstrikanir ekki áhrif á röðina.

31. gr.

Nú falla jöfn atkvæði á tvo eða fleiri kjörlista og ræður þá hlutkesti úrslitum.

32. gr.

Kærur yfir kosningunni, sem berast kunna, sendir kjörstjórn ráðherra með rökstuddum tillögum til úrskurðar.

33. gr.

Atkvæði, sem berast kunna frá kjörstöðum, eftir að talningu atkvæða er lokið, skulu lögð óhreyfð með öðrum kjörgögnum í skjalasafn ríkisins.

34. gr.

Formaður kjörstjórnar lýsir úrslitum kosningar. Þeir, sem kosningu hljóta teljast 1., 2. og 3. landkjörinn maður í útvarpsráð. Fer þá um varamenn eftir því sem fyrir er mælt í 6. gr. reglugerðar þessarar.

35. gr.

Að lokinni kosningu sendir kjörstjórnin kennslumálaráðuneytinu útskrift úr gerðabók kjörstjórnar með yfirlýsingu um það, hverjir séu réttkjörnir af hálfu útvarpsnotenda í útvarpsráð, samkv. úrslitum kosningarinnar.

Kennslumálaráðherra gefur síðan út skipunarbréf til handa hinum kjörnu mönnum til næstu fjögurra ára og ákveður þóknun þeirra fyrir störfin.

37. gr.

Nú hverfa frá störfum í útvarpsráði um stundarsakir eða að fullu aðalmaður á lista og sömuleiðis varamaður hans og tekur þá við störfum næsti aðalmaður af sama lista og svo koll af kolli.

38. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varðar sektum frá kr. 50—500, nema þyngri refsing liggi við að lögum. Allir þeir menn, er hafa skulu umsjá með kosningu í útvarpsráð, samkvæmt reglugerð þessari, eru opinberir sýslunarmenn og varðar brot þeirra í starfinu, auk framangreindra refsiákvæða, við XIII. kapitula hinna almennu hegningarlaga.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta er hérmeð birt til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í kennslumálaráðuneytinu, 15. janúar 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Gissur Bergsteinsson.

4 18. jan.

REGLUGERÐ

um próf fyrir dómtúlka og skjalþýðendur.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 32 2. nóvember 1914, um heimild fyrir stjórnarráðið til þess að veita mönnum rétt til þess að vera dómtúlkar og skjalþýðendur, er hér með sett eftirfarandi reglugerð.

1. gr.

Þeir, sem öðlast vilja rétt til þess að vera dómtúlkar og skjalþýðendur samkvæmt lögum nr. 32 2. nóvember 1914, um heimild fyrir stjórnarráðið til þess að veita mönnum rétt til þess að vera dómtúlkar og skjalþýðendur, skulu, eins og gert er ráð fyrir í 2. gr. nefndra laga, sanna kunnáttu sína í tungu þeirri, sem þeir vilja öðlast rétt til að túlka fyrir dómi og þýða skjöl úr og á, með því að ganga undir próf, þegar ráðuneytinu þykir ástæða til.

2. gr.

Prófi því, er um ræðir í 1. gr., skal hagað sem hér segir:

I. **Skriflegt próf:**

a. Leggja skal út kafla úr mæltu íslenzku máli á það erlenda mál, sem um ræðir, og kafla úr því máli mæltu á íslenzku; skal það gert orðabókarlaust. Ef um þýzku er að ræða, skal hið þýzka verkefni vera prentað með gotnesku letri. Auk þess sem úrlausnunum er ætlað að sýna almenna málþekkingu þess, er undir prófið gengur, í báðum málunum, skulu þær sýna, að hann kunni vel réttritun beggja mála og kunni að setja greinarmerki svo sem vera ber.

b. Leggja skal út úr íslenzku þrjá kafla á hið erlenda mál og jafnmarga kafla á íslenzku úr hinu erlenda máli. Skal einn vera úr verzlunarmáli, einn úr lagamáli og einn úr siglingamáli. Við úrlausnirnar má nota orðabækur, en engin hjálparmeðul önnur.

II. **Munnlegt próf:**

Sá, er undir prófið gengur, skal viðstöðulaust leggja talað mál út úr íslenzku á hið erlenda mál og úr því á íslenzku. Skal það vera gert stórvillulaust, skiljanlega og skipulega og jafnframt nákvæmlega. Skal við prófið sérstaklega lögð áherzla á flýti, minni, nákvæmni og glöggan skilning á því, hvað máli skipti og hvað aukaatriði sé. Sé um þýzku að ræða, skal sá, er undir prófið gengur, sýna, að hann geti lesið þýzkt ritletur (fljótaskrift). Skal allt verkefni við hið munnlega próf tekið til skriflega fyrirfram. Verkefni á erlendu máli, sem lögð eru fyrir þann, sem undir munnlegt próf gengur, skulu sögð fram með eðlilegum talhraða þess máls, en hvorki hægar né hraðar.

3. gr.

Hver sá, er undir þetta próf gengur, verður áður að leggja fram vottorð tveggja valinkunnra manna, helzt yfirvalda sinna, um það, að hann sé íslenzkur ríkisborgari, að hann hafi ekki gerzt sekur um neitt afbrot, sem talið er svívirðilegt að almenningsáliti, og um það, að hann sé að góðu kunnur.

4. gr.

Stjórnarráðið tilnefnir í hvert sinn mann þann, er prófa skal, og skal hann vera úr hópi dómtúlka og skjalþýðenda í því máli, er um ræðir, ef þess er kostur. Jafnframt skulu skipaðir tveir prófdómendur. Taka allir þrír í sameiningu til munnleg og skrifleg verkefni og leggja dóm á þau. Stjórnarráðið ákveður kaup manna við prófið.

Nú er enginn dómtúlkur til í því máli, er um ræðir, og skipar stjórnarráðið þá annan mann, er það telur til þess hæfan.

Séu engir til, er stjórnarráðið telur hæfa til að halda prófið, skal sá, er löggildingar æskir, leggja fram plögg, sem óyggjandi eru að dómi stjórnarráðsins, fyrir því, að hann hafi erlendis gengið undir próf hjá þar til hæfum mönnum, er sýni, að hann kunni hið erlenda mál til hlítar. Jafnframt skal hann ganga undir próf hér á landi, er sýni það, að hann ráði til fullnustu við íslenzka tungu.

5. gr.

Að loknu prófi sendir sá, er prófinu stjórnar, stjórnarráðinu skýrslu um niðurstöðuna, og skal hún orðuð svo, að hinn prófaði hafi kunnáttu til þess að öðlast löggildingu eða ekki. Skulu prófdómendur undirrita með honum skýrsluna, og skulu henni fylgja hin munnlegu skriflegu verkefni sem og úrlausnir hinna skriflegu verkefna.

Sker stjórnarráðið síðan úr því, hvort löggilding skuli veitt eða ekki.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 18. janúar 1935.

Eysteinn Jónsson.

Gissur Bergsteinsson.

5 30. jan.

REGLUGERÐ

um framkvæmd tollgæzlu.

1. gr.

Þegar skip eða bátar koma frá öðrum löndum og hafna sig á íslenzkum höfnum, og sóttgæzlurannsókn hefir farið fram og samgöngur verið leyfðar samkvæmt þar um gildandi lögum og reglum, skal tollgæzlan annast um afgreiðslu þeirra, eftir því sem ákveðið er í aðflutningsbannlögum, einkasölulögum, tolllögum, öllum þeim, sem í gildi eru, og öðrum lögum og reglum, sem til greina geta komið. Á meðan á afgreiðslu stendur, má enginn hvorki koma á skipsfjöl né fara frá borði, nema leyfi tollgæzlumanns komi til, og eigi má skipstjóri heldur nema með samþykki tollgæzlumanns, gefa skipun um eða leyfa að leggja skipinu að hafnarvirkjum, fyrr en tollgæzlumaður hefir lýst því yfir, að afgreiðslu sé lokið.

2. gr.

Tollgæzlumaður skal krefja skipstjóra um skilríki fyrir farmi og farþegum þeim, er skipið flytur, það er, farmskrá yfir farminn og farþegalista yfir farþega, og skulu farþegar einnig undirrita fyrirskipaðar landgönguskýrslur áður en þeir fara úr skipinu. Nú hefir skipið enga farmskrá, eins og t. d. oftast er um fiskiskip, þá skal nota **afgreiðslueyðublað nr. I.**, og útfylla það eftir því sem það segir til og við á. Svo skal og ávallt útfylla þetta eyðublað þegar skip kemur til þess að fá skipun um hvað gera skuli (for order), og undir öðrum kringumstæðum, eftir því sem við á til þess að fá fullkomna vitneskju um skipshöfn, ferðalag skipsins, farm þess og aðrar birgðir af vörum.

3. gr.

Þegar skipstjóri hefir gert fullnægjandi grein fyrir farmi skipsins og farþegum, skal hann gefa tollgæzlumanni skýrslu á afgreiðslueyðublöð þau, er tilgreind eru hér á eftir, um það, hversu miklar birgðir af vörum séu í skipinu, sem ætlaðar séu skipinu sjálfu, skipverjum og farþegum til neyzlu á skipinu:

Á afgreiðslueyðublað A. skal skrá þær vörur, sem munaðarvörutollur hvílir á eða ríkiseinkasala er á og bryti skipsins eða skipstjóri hafa undir sínum höndum, og skal bryti eða skipstjóri undirrita skýrsluna.

Á afgreiðslueyðublað B. skal skrá samskonar vörur og getið var, sem skipshöfn hefir undir höndum, og skal hver skipverji rita nafn sitt við sína vöruuppgjöf, en skipstjóri undirrita skýrsluna til staðfestu.

Á afgreiðslueyðublað C. skal skrá vörur, sem vörutollur og verðtollur hvílir á og í skipinu eru og ætlaðar skipinu sjálfu, skipverjum og farþegum til neyzlu á skipinu. Einnig skal skrá hér sendingar og því um líkt, sem skipshöfn eða farþegar kynnu að hafa meðferðis. Skýrsluna á þessu eyðublaði skal skipstjóri undirrita.

Að fengnum þessum skýrslum skal tollgæzlumaður telja saman hversu mikið er alls af hverri tegund varanna og taka síðan ákvörðun um, hve mikið megi teljast hæfilegur og leyfilegur forði til farar þeirrar, sem skipið ætlar að fara, og skal í því efni gæta eftirfarandi reglna: 5 30. jan.

1. Af áfengum drykkjum, sem meira er í en 21% af vínanda að rúmmáli, má ekki láta undan innsigli alls, frá því skipið fær afgreiðslu á fyrstu höfn þangað til það lætur í haf frá síðustu afgreiðsluhöfn hér við land, meira en sem svarar allt að 125 grömmum handa hverjum skipverja til þriggja daga, og sé þá eingöngu miðað við skipverja, sem náð hafa 21 árs aldri. Þó aldrei meira en til 6 daga í einu. Öl, sem hefir inni að halda meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli, skal láta allt undir innsigli á fyrstu afgreiðsluhöfn hér við land og má ekkert láta undan innsigli af því meðan skipið er hér við land.
2. Af vínum, sem ekki er í meira en 21% af vínanda að rúmmáli, má ekki láta undan innsigli, meðan skipið dvelur hér við land, meira en sem svarar allt að 1 lítra handa hverjum skipverja til þriggja daga, og sé þá eingöngu miðað við þá skipverja, sem náð hafa 21 árs aldri. Þó aldrei meira en til 6 daga í einu.
3. Af tóbaki, vindlum og vindlingum má ekki láta undan innsigli, meðan skipið dvelur hér við land, meira en sem svarar allt að 75 grömmum af hverskonar tóbaki, vindlum og vindlingum til samans handa hverjum skipverja til þriggja daga. Handa farþegum má láta undan innsigli til ferðar skipsins hér við land allt að 100 vindla, 100 smávindla og 1000 vindlinga og ekki meira samtals í allri ferðinni.
4. Af öðrum vörum, sem ríkiseinkasala er á, svo sem eldspítum, má ekki láta undan innsigli meira en tollgæzlumaður telur nauðsynlegt til ferðar skipsins hér við land. Af vindlingapappír, ilmvötnum, hárvötnum og andlitsvötnum má venjulega ekki láta neitt undan innsigli, nema sérstaklegar ástæður séu fyrir hendi, og þá sem allra minnst.
5. Af öðrum vörum en þeim, er að framan greinir og upp eru gefnar af bryta skipsins eða skipverjum, skal tollgæzlumaður setja undir innsigli svo mikið að engin hætta sé á, að undanbrögð frá tollgreiðslu eigi sér stað með því að láta vörurnar í land eða í önnur skip.

Allar þær vörur, sem greindar eru í töluliðunum 1.—4. hér á undan, skal tollgæzlumaður setja undir innsigli á fyrstu afgreiðsluhöfn og svo mikið af vörunum, er nefndar eru í tölulið 5., sem hann telur þörf eftir reglum þess töluliðs.

Á afgreiðslueyðublað D. skal tollgæzlumaður svo skrá allar þær vörur, sem hann samkvæmt framanskráðu hefir sett undir innsigli. Ef tollgæzlumaður lætur nokkuð af vörum þeim, er getur í 1.—4. tölulið, undan innsigli á fyrstu afgreiðsluhöfn, skal hann skrá þær vörur á afgreiðsluskjal D. eftir því sem það vísar til. Þegar eitthvað af þessum vörum eða innsigluðum vörum, er getur í 5. tölulið, er látið undan innsigli á síðari afgreiðsluhöfnum, skal það einnig jafnan skráð á afgreiðsluskjal D., en gæta verður þess ávallt nákvæmlega, að ekki sé

5 látið undan innsigli samtals meira af vörum þessum meðan skipið er hér við
30. jan. land, en það sem heimilt er samkvæmt reglunum í 1.—5. tölulið hér á undan.

Tollgæzlumaður skal gera tvö samrit af afgreiðsluskjali D. og undirrita sjálfur bæði, öðru eintakinu heldur hann, en hitt eintakið skal hann afhenda skipstjóra og skal það fylgja skipsskjölunum og skal sýnt tollgæzlumönnum á þeim stöðum, er skipið kemur á hér við land. Skal tollgæzlan á hverjum stað, er skipið kemur á hér við land, athuga hvort innsiglin eru óhreyfð, og telji hún þess þörf, skal hún telja birgðirnar og rita vottorð sitt á skjalið um það, hvort staðið hafi heima við uppgjöfina. Sé vítaverður munur á því, sem upp er gefið, og því, sem undir innsiglum er, að viðbættu því, sem út hefir verið gefið, skal fara með það mál eftir því sem lög kveða á um.

Nú hefir skipið ekki meðferðis afgreiðsluskjal D. og hefir þó fengið það á fyrstu afgreiðsluhöfn, og fer þá tollgæzlan með það sem aðkomuskip, þ. e. skip, er kemur beint frá útlöndum.

Afgreiðslueyðublöð þau, sem nefnd eru í þessari grein og í 2. gr. hér á undan, lætur fjármálaráðuneytið gera og leggur tollgæzlumönnum þau til.

4. gr.

Tollgæzlunni skal ávallt heimilt að innsigla vistageymslur skipsins og aðra staði í skipinu, eftir því, sem hún telur nauðsynlegt.

Tollgæzlan hefir ávallt heimild til að setja tollvörð í hvert það skip, er hún telur nauðsynlegt að hafa vörð í. Telji tollgæzlan nauðsynlegt, að tollgæzlumenn fari með skipum hafna á milli til eftirlits, skal skipstjóri fyrir skipsins hönd ávallt sjá þeim endurgjaldslaust fyrir fari með skipinu, eftir því sem hæfa þykir fyrir opinbera starfsmenn, sem ferðast í starfserindum.

5. gr.

Einungis þau skip, sem eru í utanlandssiglingum, geta notið hlunninda þeirra, sem talin eru í 3. gr. hér á undan. En til utanlandssiglinga teljist það í þessu tilliti, er skipið eða farið kemur hingað til lands frá öðrum löndum, enda þótt það komi við á einum eða fleiri stöðum á ströndinni þar til það nær ákvörðunarstað. Sé á ákvörðunarstaðnum, þar sem ferð skipsins er lokið, snúið við og teknar vörur eða farþegar eða hvorutveggja, sem skipið á að fara með til erlends ákvörðunarstaðar, skoðast skipið sem verandi í utanlandssiglingum. En taki það á ákvörðunarstaðnum aðeins vörur og farþega til innanlandshafna, þá telst skipið vera í innanlandssiglingum og nýtur þá ekki framangreindra hlunninda, enda ber þá að afhenda það, sem eftir kann að vera óeytt af hinum erlenda forða af þeim vörum, sem ríkiseinkasala er á hér og getur í 1.—4. tölulið 3. gr. hér á undan, til ríkiseinkasölu þeirrar hér, sem í hlut á, ef til kemur fyrir það verð, sem forstjóri þeirrar einkasölu ákveður, eða, ef samkomulag næst við hann um, að skipið eða skipverjar megi halda umræddum forða, þá gegn því, að greiddur sé lögboðinn tollur af forðanum og það gjald að auki, sem einkasölustjórinn ákveður.

Nú er um fiskiskip að ræða og telst þá það fiskiskip vera í utanlandssigl-

ingum, sem að veiði lokinni siglir með afla sinn til erlendra hafna, en þegar skipið hættir þeim veiðum og byrjar veiðar til að leggja afla hér á land eða hættir veiðum um stund, þá telst skipið ekki vera í utanlandssiglingum lengur, og getur frá því ekki orðið aðnjótandi þeirra hlunninda, sem utanlandssiglingar veita í hér um ræddu efni, og fer þá um það, sem eftir kann að vera óeytt af hinum erlenda forða af þeim vörum,sem ríkiseinkasala er á hér og getur í 1.—4. tölul. 3. gr. hér á undan, eins og segir í niðurlagi fyrstu málsgr. þessarar greinar. 5 30. jan.

6. gr.

Nú er að áliti tollgæzlumanns meiri forði gefinn upp af tollvörum og ríkiseinkasöluvörum í skipi, heldur en nokkur þörf er á fyrir skipverja og farþega á skipinu, og ber þá að greiða toll af því, sem umfram er, og eftir atvikum fara eftir ákvæðunum í niðurlagi 1. mgr. 5. gr. hér á undan. Þó er tollgæzlunni heimilt, ef sérstaklega stendur á og engin lögbrot hafa átt sér stað af hálfu skipstjóra og eftir ákveðinni ósk hans, að sleppa honum við þessa tollgreiðslu, gegn því að hann fyrir skipsins hönd greiði tollgæzlunni allan kostnað við vörð þann, er tollgæzlan telur nauðsynlegt að hafa í skipinu til að koma í veg fyrir undanbrögð með vörur þessar.

Sé um vínföng að ræða, skal ávallt vera vörður, er tollgæzlan telur nægilegan, um borð í slíkum skipum og á kostnað skipsins, þangað til skorið er úr um það, hvort slíka vöru eigi að gera upptæka eða á hvern hátt með hana skuli farið.

Skipstjóra ber fyrir skipsins hönd að setja tollgæzlunni fyrirfram fulla trygging fyrir öllum slíkum greiðslum.

7. gr.

Skip og bátar, sem koma frá innanlandshöfnum eða af fiskiveiðum, skulu, ef tollgæzlan álítur þess þörf, háð sömu reglum að því er til tollgæzlu kemur, sem skip þau, er 1. gr. hér á undan ræðir um, og skulu þá tollgæzlumenn, þegar er þeir koma á skipsfjöl, tilkynna skipstjóra, eða þeim, sem þar er í hans stað, að framkvæma eigi eftirlit á sama hátt og með skipum, er koma frá erlendum höfnum.

Einnig skulu ákvæði reglugerðar þessarar gilda, eftir því sem við á, um loftför, flugvélar, flugbáta og önnur flugtæki, er lenda hér á landi, hvort heldur á löggiltri höfn, í landhelgi eða á landi, og má fararstjóri eigi leyfa samgöngur, fyrr en tollgæzlumenn hafa lokið störfum sínum.

Sömuleiðis skulu ákvæði reglugerðar þessarar gilda, eftir því sem við á, er tollgæzlan telur þess þörf að stöðva skip utan hafna en innan landhelgi til tollrannsóknar.

8. gr.

Skipstjóra ber að láta tollgæzlumönnum í té tollskjöl þau og önnur afgreiðsluskjöl, sem skipið hefir fengið á síðustu höfn, er það hefir fengið afgreiðslu á, hvort sem sú höfn hefir verið erlendis eða hér á landi, svo og farmskrár, farmskírteini og önnur skjöl viðvíkjandi farminum. Einnig er skipstjóra skylt að veita tollgæzlumönnum alla þá aðstoð og hjálp, sem þörf er á, til þess

30. jan.

að afgreiðslan gangi sem greiðast og án tafa eða tálmana, svo og gefa þeim upplýsingar um farmrúm og geymslurúm, farrúm og hásetaklefa skipsins, kjölfesturúm þess og annað, er tollgæzlumönnum er nauðsynlegt að vita vegna starfa sinna í skipinu.

9. gr.

Að afgreiðslu lokinni tekur tollgæzlan í sínar vörzlur, ef þess er talin þörf, þjóðernisskírteini skipsins, tollskírteini, farmskrá eða farmskírteini, ef um farmskip er að ræða, svo og skipshafnarskrána, ef um fiskiskip er að ræða, og önnur skjöl eftir því sem við á. Varðveitir tollgæzlan síðan skjöl þessi. En er skipið hefir lokið erindum sínum og greitt öll lögboðin gjöld, afhendir tollgæzlan skipstjóra þjóðernisskírteinið og ef fiskiskip er, einnig skipshafnarskrána.

10. gr.

Innsigli þau, sem tollgæzlumenn setja fyrir hólf eða herbergi eða lestar skipa, má enginn hreyfa eða rjúfa nema tollgæzlumenn, eða aðrir, er kunna að hafa slíkt vald að lögum, enda beri skipstjóri ábyrgð á því, að þau séu ekki hreyfð eða rofin á meðan að skipið er hér við land, nema af þeim, er til þess hafa vald, enda sæti viðurlögum þeim, er lögin ákveða, ef út af er brugðið.

11. gr.

Til þess að fullvissa sig um, að vörur og annar farangur, sem er með skipi, sé öllu framvísað og rétt frá skýrt fyrir tollgæzlumönnum og að allt sé rétt tilfært á skjölum, sem skip hefir meðferðis af farmi og öðrum flutningi, er tollgæzlumönnum heimilt að leita allsstaðar í skipi og í hirzlum og farangri skipverja og farþega, svo og á skipverjum, farþegum og öðrum mönnum, er tollgæzlumönnum þykir ástæða til að ætla, að leyni á sér vörum eða hlutum, til að skjóta því undan tollgreiðslu, eða sem bannað er að flytja í land. Allt, er fyrirfinnst af tollvörum og bannvörum við slíka rannsókn, ber að skoða sem ólöglega innfluttar eða tollsviknar vörur.

12. gr.

Nú er varðskipi eða varðbát falið, í erindisbréfi foringja eða formanns þeirra, að aðstoða tollgæzluna við tolleftirlit með skipum í landhelgi, og hafa þá foringi eða formaður og skipverjar þeirra sömu réttindi í því starfi og tollgæzlumönnum eru veitt í reglugerð þessari.

13. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu, eftir ákvæðum í 12. kapítula hinna almennu hegningarlaga, er ræðir um brot gegn tollgæzlumönnum í starfi þeirra, og að öðru leyti eins og lög standa til.

14. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. febrúar 1935.

Fjármálaráðuneytið, 30. janúar 1935.

Eysteinn Jónsson. *Torfi Jóhannsson.*

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1935.

Konungsbréf um setning Alþingis, undirskrifað af konungi 25. janúar 1935 (nr. 65).

Lög um lántöku fyrir ríkissjóð, undirskrifuð af ríkisarfa í nafni konungs 18. febrúar 1935 (nr. 66).

Konungleg auglýsing um að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs, undirskrifuð af konungi 5. febrúar 1935 (nr. 67).

Bráðabirgðalög um breyting á 22. gr. laga nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, undirskrifuð af ríkisarfa í nafni konungs 6. febrúar 1935 (nr. 68).

Auglýsing um samning um póstviðskipti milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, undirskrifuð af ráðherra utanríkismála 23. febrúar 1935 (nr. 69).

Auglýsing um starfsreglugerð við samninginn um póstviðskiptin milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, undirskrifuð af ráðherra utanríkismála sama dag (nr. 70).

Konungleg auglýsing um að konungur sé kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn, undirskrifuð af konungi 7. marz 1935 (nr. 71).

Opið bréf um að hans konunglega tign Haraldur, prinz af Danmörku, sé settur ríkisstjóri, undirskrifað af konungi 16. marz 1935 (nr. 72).

Lög um breyting á lögum nr. 25 9. jan. 1935, um breyting á lögum nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald, undirskrifuð af prinz Harald í nafni konungs 25. marz 1935 (nr. 73).

Konungleg auglýsing um að konungur sé kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn, undirskrifuð af konungi 29. marz 1935 (nr. 74).

Auglýsing um að Ísland hafi fullgilt alþjóðasamninga, sem gerðir voru á póstþinginu í Kairo þann 20. marz 1934, undirskrifuð af ráðherra utanríkismála 3. apríl 1935 (nr. 75).

Konungsbréf um frestun á fundum Alþingis, undirskrifað af konungi 4. apríl 1935 (nr. 76).

Lög um breyting á jarðræktarlögum, nr. 43 20. júní 1923, undirskrifuð af konungi 8. apríl 1935 (nr. 77).

Lög um einkarétt ríkisstjórnarinnar til þess að flytja trjáplöntur til landsins, og um eftirlit með innflutningi trjáfræs, undirskrifuð af konungi 15. apríl 1935 (nr. 78).

Lög um breyting nokkurra laga, sem varða sölu og meðferð íslenzkra afurða, undirskrifuð af konungi 16. apríl 1935 (nr. 79).

Lög um breyting á 22. gr. laga nr. 6 9. jan. 1936 (Tekjuskattur og eignarskattur), undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 80).

Tilskipun um lyf og læknisáhöld í íslenzkum skipum, undirskrifuð af konungi 26. apríl 1935 (nr. 81).

20. dag maímánaðar 1935. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýms gjöld 1936 með viðauka, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 82).

Lög um viðauka við og breyting á lögum nr. 44 3. nóv. 1915, um sparisjóði, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 83).

Lög um breyting á lögum nr. 2 10. febr. 1888, um Söfnunarsjóð Íslands, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 84).

Lög um bráðabirgðabreyting nokkurra laga, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 85).

Lög um breyting á póstlögum, nr. 5 7. maí 1921, sbr. lög nr. 3 27. marz 1925, undirskrifuð af konungi 3. maí 1935 (nr. 86).

Lög um löggilding verzlunarstaðar í Hraunhöfn á Melrakkasléttu, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 87).

Lög um hafnsögu í Ísafjarðarkaupstað, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 88).

Lög um almenn gæðamerki, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 89).

Lög um útrýmingu fjárkláðans, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 90).

Lög um breyting á ýmsum lagaákvæðum, er varða fasteignaveðslán landbúnaðarins, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 91).

Lög um meðferð, verkun og útflutning á sjávarafurðum, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 92).

Lög um eftirlit með skipum, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 93).

Lög um breyting á lögum nr. 79 14. nóv. 1917, um samþykktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 94).

Lög um einkaleyfi til að flytja út vikur og vörur unnar úr vikri og selja á erlendum markaði, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 95).

Lög um löggilding verzlunarstaðar í Búðlungahöfn, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 96).

Lög um rannsóknarstofnun í þarfir atvinnuveganna við Háskóla Íslands, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 97).

Lög um virkjun Fljótaár, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 98).

Lög um Skuldaskilasjóð vélbátaeigenda, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 99).

Lög um sölu og flutning á kartöflum, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 100).

Lög um verzlunarlóðina í Hnífsdal í Norður-Ísafjarðarsýslu, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 101).

Lög um viðauka við lög nr. 24 frá 7. maí 1928, um eftirlit með verksmiðjum og vélum, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 102).

Lög um breyting á lögum nr. 32 7. maí 1928, um hvalveiðar, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 103).

Lög um framlenging á gildi laga nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 104).

Lög um Ræktunarsjóð Íslands, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 105).

Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til íhlutunar um sölu og útflutning á ýmsum íslenzkum afurðum, undirskrifuð af konungi 8. maí 1935 (nr. 106).

Lög um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 107).

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í samningi milli Íslands og Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um erfðir og skipti á dánarbúum, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 108).

Lög um framlenging á gildi laga um verðtoll og bráðabirgðaverðtoll, undirskrifuð af konungi 18. maí 1935 (nr. 109).

Lög um afnám laga nr. 19 9. jan. 1935, um lántöku fyrir ríkissjóð, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 110).

Lög um breytingar á lögum nr. 22 6. okt. 1919, um hæstarétt, og lögum nr. 37 4. júní 1924, um breyting á þeim lögum, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 111).

Lög um hæstarétt, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 112).

Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, **um takmörk verzlunarlóðarinnar við Sandgerðisvík í Miðneshreppi.** 6 16. febr.

Með skírskotun til fyrri bréfa, síðast bréfs ráðuneytisins, dags. 3. júní 1933, um ákvörðun verzlunarlóðarinnar við Sandgerðisvík í Miðneshreppi, skal yður, herra sýslumaður, hérmeð tjáð, að þarsem oddviti Miðneshrepps hefir afhent ráðuneytinu uppdrætti af hinni fyrirhuguðu verzlunarlóð, er hérmeð, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóvember 1905, takmörk svæðis þess, sem reisa má á verzlunarhús í Sandgerðisvík í Miðneshreppi, sett eftir tillögum sýslunefndarinnar í Gullbringusýslu og framangreindum uppdrætti, svo sem hér segir:

Að norðan takmarka landamerki á milli Flankastaða og Sandgerðis, allt frá sjó upp að austur-takmarkalínunni, en hún liggur úr Flankastaðamörkum um 145 m. austan við beygju nefndra marka. Héðan liggja austurtakmörk sjónhending eftir girðingu í austurtúnmörkum Krókskots og áfram sömu stefnu suður í girðingu í austurmörkum Hjarðarholts. Þar beygir takmarkalínan 84,5 m. frá norðausturhorni nefndrar girðingar (mælt eftir girðingunni), og liggur nú sjónhending í markalínu milli Býjaskers og Sandgerðis 150 m. austan við sýsluveginn og þaðan eftir nefndri markalínu Býjaskers og Sandgerðis til sjávar.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta, til frekari birtingar, skal lagt fyrir

6 yður að sjá um, að eitt eintak af hinum framangreinda uppdrætti verði geymt
16. febr. með skjölum hlutaðeigandi hrepps og að hreppsnefndin láti halda við á kostnað hreppssjóðsins glöggum merkjum á takmörkum verzlunarlóðarinnar.

7
11. jan.

REGLUGERÐ

um gjaldeyrisverzlun, innflutning o. fl.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 11 9. jan. 1935, er hér með sett eftirfarandi reglugerð um gjaldeyrisverzlun, innflutning o. fl.

1. gr.

Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h/f hafa einkarétt til að verzla með erlendan gjaldeyri og eru allir, sem eiga eða eignast erlendan gjaldeyri, hvort heldur er hér á landi eða erlendis, skyldir að láta hann af hendi við bankana fyrir skráð kaupgengi.

2. gr.

Þeir, sem kaupa vilja erlendan gjaldeyri, skulu senda um það skriflega umsókn til gjaldeyris- og innflutningsnefndar, og er eigi heimilt að selja erlendan gjaldeyri nema að fengnu leyfi nefndarinnar.

Eigi þarf leyfi nefndarinnar til þess að inna af hendi erlendar greiðslur af lánum ríkissjóðs eða lánum þeim, sem ríkissjóður er í ábyrgð fyrir, og eigi þarf leyfi nefndarinnar fyrir greiðslum erlendis í þarfir bankanna. Skulu bankarnir semja skrá yfir þessar greiðslur eftir því, sem fyrirfram er vitað og senda nefndinni, svo skulu þeir og tilkynna þær greiðslur, er eigi var vitað um fyrirfram, jafnóðum og þær eru inntar af hendi. Ekki er heimilt að innleysa íslenzka seðla eða ávísanir í íslenzkum krónum, sem sendar eru frá útlöndum án samþykkis gjaldeyris- og innflutningsnefndar, nema sérstaklega sé um það samið við bankana, enda séu þeir samningar tilkynntir gjaldeyris- og innflutningsnefnd.

Þó skulu vera í gildi þær ráðstafanir, sem bankarnir kunna að hafa gert um inneignir útlendinga í íslenzkum reikningum, áður en reglugerð þessi öðlast gildi. Ef sérstaklega stendur á, er bönkunum heimilt, með samþykki eigenda, að taka við greiðslu á erlendum kröfum til geymslu í lokuðum reikningum í íslenzkum krónum.

3. gr.

Bannað er að flytja eða selja til útlanda íslenzkan gjaldeyri, hvort heldur er seðlar eða inneignir í bönkum, sparisjóðum eða hjá einstökum mönnum eða fyrirtækjum. En frjálsar skulu þær inneignir, sem myndast við sölu á erlendum gjaldeyri til bankanna. Ennfremur skal farþegum, sem fara til útlanda, heimilt að taka allt að 400 kr. í íslenzkum gjaldeyri til greiðslu ferðakostnaðar. Skal

póststjórnin láta framkvæma nauðsynlegt eftirlit með bréfa- og bögglasendingum, til þess að tryggja, að íslenzkir peningar séu ekki fluttir út í pósti. 7 11. jan.

4. gr.

Útflytjendur íslenzkra afurða skulu afhenda lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra) skriflegar yfirlýsingar, á þar til gerðum eyðublöðum, um söluverð útflutningsvara, og um það, hvernig þær séu greiddar eða eigi að greiðast, og skulu þeim fylgja afrit af farmskírteinum og sölureikningum yfir vörurnar, ef sala hefir farið fram. Má eigi afgreiða farmskírteini yfir vörur, nema slíkar yfirlýsingar séu fyrir hendi. Séu vörur greiddar með íslenzkum gjaldeyri, skulu fylgja skilríki frá gjaldeyris- og innflutningsnefnd eða frá bönkunum, er sýni, að gjaldeyrisins hafi verið aflað þannig, að eigi brjóti í bága við lög um gjaldeyrisverzlun né reglugerð þessa. Yfirlýsingar þær og skilríki, sem að framan greinir, skal tafarlaust senda gjaldeyris- og innflutningsnefnd.

5. gr.

Allt andvirði fiskjar, sem íslenzk skip selja erlendis, skal greitt í reikninga Landsbanka Íslands eða Útvegsbanka Íslands h/f erlendis. Þó getur gjaldeyris- og innflutningsnefnd veitt útvegsmönnum heimild til að ráðstafa tiltekinni upphæð í hverri ferð í þarfir útgerðarinnar, enda er þeim skylt að senda nefndinni skilagrein yfir ráðstöfun andvirðis aflans, þegar eftir að sala hefir farið fram.

6. gr.

Engar erlendar vörur má flytja til landsins, nema með leyfi gjaldeyris- og innflutningsnefndar.

Afgreiðslumönnum og póstafgreiðslumönnum er bannað að afhenda innflytjendum erlendar vörur, nema þeir leggi fram skilríki með áritun viðkomandi lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra) um, að afhending megi fara fram.

7. gr.

Umsóknir um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi skal senda nefndinni með hæfilegum fyrirvara áður en vörurnar eru pantaðar, ásamt þeim skýrslum og gögnum, sem nefndin telur nauðsynleg. Nefndinni er heimilt að setja þau skilyrði fyrir leyfisveitingum, sem henni þykir ástæða til.

8. gr.

Lögreglustjórar, hver í sínu umdæmi, og tollstjórinn í Reykjavík, skulu láta gjaldeyris- og innflutningsnefnd í té nákvæma skýrslu um magn, tegund og söluverð útfluttrar vöru, jafnskjótt sem skip það, er vörurnar flytur, leggur frá landi. Ennfremur skulu þeir, eigi síðar en 5. hvers mánaðar, láta nefndinni í té skýrslu um innflutning í næstu mánuði á undan, skal skýrslan vera í því formi, er nefndin ákveður í samráði við hagstofustjóra.

7 11. jan.

9. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum, allt að kr. 50000,00, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Sömu refsingu varðar, ef leyfishafi brýtur þau ákvæði, sem gjaldeyris- og innflutningsnefnd kann að hafa sett sem skilyrði fyrir leyfisveitingum. Ennfremur er upptækur sá ágóði, sem fæst við brot á reglugerð þessari eða skilyrðum nefndarinnar fyrir leyfisveitingum.

10. gr.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara með sem almenn lögreglumál.

11. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Bráðabirgðaákvæði:

Vörur, sem komnar eru í skip erlendis, áleiðis hingað, þegar reglugerð þessi öðlast gildi, má flytja inn á sama hátt og verið hefir.

Fjármálaráðuneytið, 11. janúar 1935.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

8 15. jan.

BRÁÐABIRGÐAREGLUGERÐ

um framleiðslu, meðferð og sölu mjólkur.

Samkvæmt lögum nr. 1, frá 7. janúar 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl., er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

I. KAFLI

Almennar reglur um framleiðslu og meðferð mjólkur.

1. gr.

Allir mjólkurframleiðendur, sem afhenda mjólk til mjólkurbúa eða samsölu, skulu kosta kapps um, að framleiða hreina og ómengaða mjólk. Til þess að svo megi verða, skal sérstaklega taka fullt tillit til eftirfarandi atriða.

2. gr.

Fjósið verður að vera nægilega loftgott og bjart. Flór skal vera lagarheldur (t. d. steinsteyptur). Leiðslur úr flór í safnþró skulu vera útbúnar með

vatnslásum, niðurföll í mykjukjallara eða dyr úr fjósi í mykjuhús skulu vera þétt, eftir því sem frekast verður við komið. Fjósinu skal haldið vel hreinu. Eigi má geyma í fjósinu aðra hluti en þá, sem notaðir eru til fjósverkanna. Annan búfénað en nautgripi skal helzt ekki hafa í fjósinu, en ef eigi verður hjá því komizt, skal hafa þá vel aðskilda frá mjólkurkúnum, og ef alifuglar eru hafðir í fjósinu, skal þeim haldið fullkomlega afkróuðum, svo fuglasaur berist ekki um fjósið, eða þeir valdi óþrifnaði á annan hátt. 8 15. jan.

Veggi og loft, milligerðir og aðra innviði skal hreinsa svo oft, að skúm, mygla, ryk og annar óþrifnaður safnist ekki fyrir. Fjósið skal kalkað innan, eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Undirburð, sem veldur ryki (t. d. aska, þur fín mómold), má ekki nota.

Sé salerni við fjósið, má ekki vera innangengt úr fjósinu í það, og með öllu er bannað, að nota fjósið sem salerni.

3. gr.

Kýrnar skulu vera vel hirtar, burstaðar daglega og haldið vel hreinum, svo mjólkin óhreinkist ekki. Bannað er að þvo kýrnar úr baðlyfjum, sem valda lykt, er geti mengað mjólkina (kreolínbaðlyf).

4. gr.

Mjaltafólk skal vera þrifalega klætt, helzt í sérstökum mjaltasloppum, og hreint um hendur. Júgur kúnna skulu hreinsuð á þann hátt, að strjúka þau með deigum klút áður en mjöltun fer fram. Kýr með þrymla í júgrum eða aðrar júgurskemmdir skulu ávallt mjaltaðar síðast. Mjólk, sem að útliti eða á einhvern annan hátt er frábrugðin venjulegri mjólk, t. d. vatnsþunn, slímkennd, strimluð, með annarlegum lit, lykt eða bragði, skal haldið algerlega aðskilinni frá annari mjólk. Slíkri mjólk má aldrei blanda saman við sölumjólk. Eigi má heldur mjólka hana niður í básana eða hella henni niður í fjósinu. Ekki má sía mjólkina í fjósinu eða láta hana standa þar á meðan mjöltun fer fram. Ekki má moka flór eða gera hreint í fjósinu á annan hátt, eða bursta kýrnar, meðan á mjöltum stendur. Flórmokstri og ræstingu skal helzt lokið og loftið í fjósinu hreinsað með því að opna glugga eða loftrásir eigi síðar en 15 mín. áður en mjaltir byrja.

5. gr.

Broddmjólk (4—5 fyrstu mál eftir burð) má eigi blanda saman við sölumjólk, eigi heldur hreitlum úr geldstöðukúm.

6. gr.

Bannað er að mjólka í zinkvarin (galvaniseruð) eða ryðguð ílát, sömuleiðis að geyma mjólk eða flytja í slíkum ílátum. Mjólkurfötur eiga helzt að vera tinaðar eða úr alúmíníum, eða ryðfríu stáli, flutningsílát sömuleiðis. Mjólkin sé síuð um leið og henni er hellt í geymslu- eða flutningsílát, og skal nota til

8 þess mjólkursigti með bómullarbotni (vattbotni). Sé ekki sérstakur mjólkurklefi
15. jan. til við fjósið, skal gæta þess, að sía mjólkina þar sem er loftgott og hreinlegt. Að loknum mjöltum og síun er mjólkin kæld í köldu, rennandi vatni, eða á annan hátt, sem bezt verður við komið. Loft þarf að geta komizt að mjólkinni meðan hún er að kólna, og mega ílátin því eigi vera algerlega lokuð meðan kæling fer fram. Öllum mjólkurílátum skal haldið vandlega hreinum, með daglegum þvotti úr kalkvatni, heitu vatni og með því að viðra þau. (Kalk og sóda má ekki nota við þvott á aluminíumílátum). Sé mjaltað með mjaltavélum, skal gæta ýtarlegs hreinlætis við hirðingu þeirra, samkvæmt þeim reglum, sem gilda um meðferð þeirra og notkun. Kýr, sem grunur leikur á að séu með júgurbólgu eða eru með þann sjúkdóm eða aðra júgursjúkdóma, skal ekki mjalta með vélum. Vandlega skal forðast að mjólkin frjósi, áður en hún er send af stað, og eftir því sem við verður komið, meðan á flutningi stendur.

7. gr.

Á heimilum þeim, sem framleiða sölumjólk, skal árlega fara fram dýralækniseftirlit með nautgripum, heilbrigði þeirra, hirðingu, umgengni í fjósi og öðru því, er lýtur að mjólkurframleiðslunni. Dýralæknir skal í samráði við viðkomandi mjólkurbú og samsölu, færa bækur, er beri með sér, hvernig hinum ýmsu atriðum, sem tilgreind eru í þessum kafla þessarar reglugerðar, er fullnægt á hinum einstöku heimilum.

Komi fyrir áberandi júgurbólgutilfelli eða aðrir grunsamlegir sjúkdómar í nautgripum á heimilum þeim, er framleiða sölumjólk, skal tafarlaust gera viðkomandi mjólkurbúi eða samsölu aðvart og vitja dýralæknis.

8. gr.

Fólk, sem haldið er af berklaveiki eða öðrum smitandi sjúkdómum, má eigi starfa að fjósverkum, hirðingu nautgripa, mjöltun eða öðru slíku. Sé berklaveiki á heimili, sem framleiðir sölumjólk eða komi þar fram önnur grunsamleg sjúkdómstilfelli, skal vitja læknis, og skal hann segja fyrir um, hvort mjólkursending frá heimilinu megi eiga sér stað eður eigi. Telji hann sjálfsagt eða varlegra að stöðva mjólkursendingu, skal hann tafarlaust tilkynna viðkomandi mjólkurbúi eða samsölu það.

II. KAFLI

Um sölu á ógerilsneyddri mjólk.

9. gr.

Mjólkurbú og mjólkursamsölur, sem starfa semkvæmt lögum um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl., og reglugerð þessari, er heimilt að selja ógerilsneydda mjólk, svo fullnægt sé þeirri eftirspurn eftir slíkri mjólk, sem fram kann að koma, að læknisráði. Um framleiðslu og meðferð þeirrar mjólkur, og

mjólkur, er framleiðendur í kaupstöðum og kauptúnum kunna að selja beint til neytenda samkvæmt 5. gr. nefndra laga, gilda fyrst og fremst hin almennu ákvæði um framleiðslu og meðferð mjólkur, sbr. I. kafla þessarar reglugerðar, ennfremur þau ákvæði, sem hér fara á eftir. 8 15. jan.

10. gr.

Fjósið verður að vera einkar bjart og loftgott og þannig um búið, að séð sé fyrir virkri loftræstingu. Það verður að vera rakalaust, eftir því sem frekast getur orðið um gripahús. Gólfið verður að vera steinsteypt. Niðurföll í safnþró með fullkomnum vatnslásum og í mykjuhús með þéttum hlerum. Sömuleiðis skulu dyr, sem vera kunna á milli fjóss og mykjuhúss og annara gripahúsa, vera vel þéttar. Veggir og þak skal vera svo slétt, að hreinsun og kölkun sé auðveld. Ekki má vera innangengt úr fjósinu í votheysgeymslu.

Fjósið má ekki nota til neinnar geymslu, og annan búfénað en nautgripi má alls ekki hafa í því og eigi fleiri gripi en svo, miðað við gólfflöt, að rúmgott sé til allrar umgengni. Lýsing fjóssins verður að vera svo góð, að auðvelt sé um allan þrifnað þess vegna, en sérstök áherzla skal lögð á, að vel sjáist til við mjöltun kúnna. Séð skal fyrir nægu drykkjarvatni, helzt sjálfrennandi, og svo góðu, að vel sé hæft sem neyzluvatn. Salerni skal vera við fjósið, og skal það vera vatnssalerni, ef þess er kostur. Skal því vera svo fyrir komið, að ekki stafi óþrifnaður af, og má undir engum kringumstæðum vera innangengt úr fjósi eða mjólkurklefa í það. Salernið skal í öllu fullnægja þeim kröfum, sem settar eru í heilbrigðissamþykkt viðkomandi kaupstaðar eða kauptúns.

11. gr.

Í fjósinu skal ætíð vera greiður aðgangur að útbúningi til handþvotta, þvottaskál með sjálfrennandi vatni og skolpleiðslu, sápa, handbursti og hrein handklæði. Skal þvottaskálinni annað tveggja komið fyrir í sjálfu fjósinu, eða á öðrum þeim stað, að tafalaust sé fyrir fjósfólkið að nota hana. Ennfremur skulu ætíð vera fyrir hendi nægilega margir hreinir (soðnir) klútar til að hreinsa júgur kúnna og mjaltasloppar handa mjaltafólki. Milli mjalta skal geyma þessa hluti á þrifalegum, loftgóðum stað. Loks skulu vera í fjósinu nauðsynleg tæki til gólfræstingar og burstar og sköfur til að þrifa kýrnar og halda þeim hreinum.

12. gr.

Við alla umgengni í fjósinu skal gæta fulls þrifnaðar. Lokið skal við að gefa kúnum, bursta þær, bera undir þær og moka flór ½ klst. áður en mjaltir byrja. Sá tími skal notaður til að loftræsta fjósið, svo sem bezt má verða. Til undirburðar skal nota sag og vélaspæni, en sé þess enginn kostur, þrifalegan heysalla eða hálm. Ef vothey er notað til fóðurs, má aldrei láta það liggja í fjósinu. Skal það gefið eins löngu áður en mjaltað er og frekast er hægt, og allar votheysleifar skulu vandlega hreinsaðar úr jötum og fluttar úr fjósinu, eigi síðar

8 en ½ klst. áður en mjaltir byrja. Jötur, ganga og gólf skal þrifa daglega. Ef
15. jan. sjálfbrynning er í fjósinu, skal hreinsa og skola drykkjarker vikulega.

Verja skal fjósið fyrir flugum, eftir því sem hægt er, og skal í því sambandi sérstaklega athuga, að fóðurleifar nái ekki að festast í jötum eða nein óhreinindi að safnast fyrir. Að öðru leyti skal verjast flugum með notkun flugnavarnarlyfja, sem samþykkt séu af dýralækni, er hefir eftirlit með fjósinu. Fjósið skal kalkað hátt og lágt, eins oft og þörf krefur, og eigi sjaldnar en haust og vor.

13. gr.

Kýrnar skulu fóðraðar þannig, að komist verði hjá snöggum breytingum, og fóðrið skal vera svo alhliða samsett, að fullrar hollustu sé gætt. Ekki má fóðra með neinu fóðri, er valdi megnri lykt í fjósinu, t. d. ekki votheyi, nema það sé vel verkað og lyktargott. Ekki má nota neinn þann fóðurbæti, er vitað sé, að geti haft óheppileg áhrif á gæði mjólkurinnar, t. d. alls ekki lifur né of mikið af hráum fiskúrgangi; síldarmjöl má ekki nema meiru en 15% af fóðurbætisgjöfinni, enda sé eingöngu notað 1. flokks síldarmjöl. Þegar grænfóður er gefið, skal eigi gefa meira af því en um ⅓ gjafar. Að öðru leyti getur dýralæknir sá, er hefir eftirlit með fjósinu, gefið fyrirskipanir um fóðrun kúnna, t. d. um gjöf lýsis, beinamjöls, fóðursalts o. fl.

14. gr.

Áður en mjaltir byrja, skal mjaltafólk sápuþvo hendur og handleggi og hreinsa og bursta neglur. Sömuleiðis skal það þvo hendur í hvert sinn sem mjaltafata er tæmd, og er það notar salerni meðan á mjöltum stendur. Um leið og mjaltir byrja, skal gera júgur kúnna hrein með því að þvo þau, ef þess gerist þörf, og þurrka á eftir, ella með því að þurrka af þeim með hreinum rökum klút, þurrundnum upp úr heitu vatni. Við mjaltir skal mjaltafólk klæðast hreinlegum mjaltasloppum með hálfermum (handleggir berir). Ætíð skal mjalta með þurrum höndum og undir engum kringumstæðum má væta fingurna í mjólkinni, eða í munnvatni sínu. Ef júgursmyrsl eru notuð, skal um val þeirra farið eftir ráðum dýralæknis þess, sem eftirlit hefir með fjósinu.

15. gr.

Broddmjólk, fyrstu 5 sólarhringana eftir burð, má eigi blanda saman við aðra mjólk úr fjósinu. Eigi heldur hreitlum úr geldstöðukúm, sem mjólka minna en 3 lítra á dag.

16. gr.

Mjólkurklefi skal vera við fjósið. Hann skal vera bjartur og loftgóður. Gólf steypt og afrás fyrir vatn af því. Þar skal vera útbúningur fyrir kælingu mjólkur í hreinu, köldu rennandi vatni. Mjólkurklefinn skal vera kalkaður innan og kölkunin endurnýjast eigi sjaldnar en haust og vor. Þegar mjaltað er, skal jafnharðan bera hverja kýrnyt inn í mjólkurklefann og hella henni þar í ílát þau,

sem hún er kæld í. Meðan á kælingu stendur, verður loft að komast að mjólkinni. Skal kælingin vera eins hröð og ýtarleg eins og unnt er með vatnskælingu. Til þess að svo megi verða, skal kælivatnið að jafnaði ná upp fyrir yfirborð mjólkurinnar í ílátunum. Ef frost er í mjólkurklefanum, skal gæta þess, að mjólkin kólni ekki niður fyrir 1° C. 8 15. jan.

17. gr.

Sé mjólkin send mjólkurbúi, er annist hreinsun hennar og afhendingu til neytenda, skal hún send þangað ósíuð í sömu ílátum og hún var kæld í. Ílátin skulu vel lokuð, innsigluð og greinilega merkt nafni framleiðanda og tilgreindur framleiðsludagur og mál. Kvöldmjólk og morgunmjólk má ekki blanda saman. Í mjólkurbúinu skal þess vandlega gætt að mjólk þessi blandist á engan hátt annari mjólk, sem búið hefir til meðferðar, eða mengist á neinn hátt. Skal hún síuð í sérstakri þrýstisíu og flöskuð með sérstökum tækjum, sem eigi eru notuð fyrir aðra mjólk. Flöskurnar skulu merktar orðunum: **Ógerilsneydd mjólk,** og dagsetningu.

18. gr.

Fari fram sala eða sending á mjólk frá fjósinu beint til neytenda, skal sú mjólk vandlega síuð gegnum sigti með bómullarbotni (vattbotni) áður en hún er kæld. Mjólkina skal afhenda í vönduðum og hreinlegum ílátum með góðum lokunarútbúningi og skulu kaupendur annast og ábyrgjast hreinsun þeirra. Mjólkina má ekki fylla á flöskur og afhenda hana þannig, nema fyrir hendi sé, í sambandi við fjósið og mjólkurklefa þess, fullkominn útbúningur til hreinsunar á flöskum og flöskunar á mjólkinni, enda sé hann viðurkenndur af viðkomandi héraðslækni og trúnaðarmanni mjólkursölunefndar. Flöskurnar skulu merktar með orðunum: **Ógerilsneydd mjólk,** nafni framleiðanda, eða framleiðslubús og dagsetningu.

19. gr.

Ógerilsneydd mjólk, sem framleidd er og seld samkvæmt reglum þessum, skal vera komin í hendur neytenda áður en liðnar eru 24 klukkustundir frá mjöltun.

20. gr.

Mjólkurfötur, flutningsílát og önnur ílát, sem notuð eru við meðferð mjólkurinnar, skulu vera tinuð eða úr alúmíníum eða ryðfríu stáli. Þau má eigi nota til neins annars, og eigi má geyma þau annarsstaðar milli þess sem þau eru notuð en í mjólkurklefa eða sérstöku herbergi, sem er útbúið og eingöngu notað til þess, enda sé það samþykkt af dýralækni þeim, sem annast eftirlit með fjósinu. Að lokinni notkun skal ávallt gera öll slík ílát vandlega hrein, innan og utan, með því að skola þau vandlega í köldu vatni og þvo þau úr tveimur heitum vötnum. Við hreinsunina skal nota sóda og kalk, ef efnið í ílátunum leyfir það (við hreinsun alumíníum má ekki nota sóda né kalk, en í stað þess sérstakt hreinsunarefni, sem til þess er ætlað). Síðan skal viðra ílátin og ganga frá þeim á

8 geymslustaðnum. — Hreinsun ílátanna verður að fara þannig fram, að ekki sé
15. jan. samtímis og á sama stað unnið að hreinsun á neinu öðru, eða aðhafzt neitt það, er valdið geti óþrifnaði. Bursta, sem notaðir eru við hreinsun mjólkuríláta, skal sjóða iðulega og hirða sem hreinlegast. Skulu þeir geymdir (hengdir upp) á svölum stað og þrifalegum milli þess, sem þeir eru notaðir. Vatn, sem notað er til hreinsunar mjólkuríláta, skal fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til góðs neyzluvatns.

Ef mjaltavélar eru notaðar, skal þeim alltaf vel við haldið, og við hreinsun þeirra skal fullnægja hinum ströngustu kröfum, sem gerðar eru um hreinsun slíkra véla. — Alger sundurtekning vélanna og aðalhreinsun skal fara fram eigi sjaldnar en einu sinni í viku. Milli mjalta skal geyma vélarnar í sérstökum klefa, sem til þess er útbúinn, eða í mjólkurklefanum, ef hann er rúmgóður. Vélageymslan skal vera loftgóð, þur og svöl, og skal hún hreinsast með kalkvatni eins og mjólkurklefinn.

21. gr.

Allir nautgripir á búinu skulu hafa staðizt berklarannsókn, skal slík rannsókn endurtekin eins oft og héraðslæknir eða viðkomandi dýralæknir telur nauðsynlegt. Hænsni, sem kunna að vera á sama búi, skulu einnig athuguð, og virðist líkur benda til þess, að þau séu berklaveik, skal þeim tafarlaust slátrað.

Aldrei má bæta við aðfengnum nautgripum í fjósið, nema að undangenginni berklarannsókn og skoðun þess dýralæknis, sem eftirlit hefir með fjósinu.

Kýr með júgurbólgu, legbólgu eða útferð úr leggöngum, mega ekki vera í fjósinu.

Verði vart einhverra veikinda í fjósinu, skal tafarlaust tilkynna það dýralækni.

22. gr.

Fjós og gripir skulu vera undir eftirliti ákveðins dýralæknis. Nær eftirlit hans einnig til allrar umgengni, fóðrunar gripa og meðferðar mjólkur. Skal hann koma í fjósið og framkvæma skoðun eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði, og oftar ef ástæða þykir til.

Dýralæknir skal stöðva sendingu á mjólk úr fjósinu til sölu án gerilsneyðingar, ef eitthvað það er áfátt um heilbrigði gripa, umgengni eða meðferð mjólkur, er sé svo athugavert, að hann telji að hætta geti stafað af því fyrir neytendur mjólkurinnar, eða valdið því, að mjólkin geti ekki fullnægt þeim skilyrðum, sem ætlazt er, að hún geri.

Um leið og fjósskoðun fer fram, skal dýralæknir spyrjast fyrir um heilbrigði fólks þess, sem í fjósinu vinnur og tilkynna héraðslækni, ef hann verður þess var, að eitthvað sé athugavert við það.

23. gr.

Enginn má vinna í fjósinu nema hann hafi vottorð frá viðkomandi héraðslækni um að hann sé ekki haldinn berklaveiki né neinum öðrum smitandi eða

óþrifalegum sjúkdómi. Slík vottorð skulu endurnýjast eigi sjaldnar en á ½ árs fresti. Veikist einhver, sem í fjósinu vinnur eða einhver á heimili hans, skal eigandi fjóssins sjá um að héraðslækni sé tafarlaust gert aðvart, og er honum þá skylt að gera þær ráðstafanir, er hann telur öruggar, og stöðva sendingu á mjólk frá fjósinu til sölu án gerilsneyðingar ef þörf krefur. 8 15. jan.

Héraðslæknir skal skoða fjósið ásamt dýralækni eigi sjaldnar en á ½ árs fresti og skal hann þá kynna sér ýtarlega, hvort öll umgengni í því og meðferð mjólkurinnar og heilbrigðisástand starfsfólks og heimilisfólks fullnægi heilbrigðisreglum.

24. gr.

Mjólk, sem seld er ógerilsneydd samkvæmt reglum þessum, skal eigi vera með minna en 3,5% fitu. Leyfilegt er þó, að fitumagnið lækki um allt að 10%, eða ofan í 3,15% frá 15. nóvember til 15. marz. Eigi má blanda rjóma í mjólkina eða breyta fitumagni hennar á annan hátt eftir að hún kemur úr kúnum. Mjólkin skal fitumæld og gæði hennar reynd (Reduktase-reynd) einu sinni í viku. Skal það gert á viðkomandi mjólkurbúi. Nái mjólkin ekki fyrsta flokki, skal mjólkurbússtjóri tafarlaust skýra héraðslækni og dýralækni frá því, svo rannsakað verði, hverju er áfátt og ráðin bót á því.

25. gr.

Í vörzlum fjóseiganda skal vera til eftirlitsbók fyrir fjósið. Í hana skulu allar mjólkurkýr, sem eru í fjósinu, skráðar með nöfnum eða númerum, og einkennum, aldri, burðartíma og nythæð. Í hana skulu dýralæknir og héraðslæknir skrifa athuganir sínar, er fjósskoðun fer fram, svo bókin beri með sér á hverjum tíma, hvernig fullnægt er settum skilyrðum. Kostnað þann, sem leiðir af heilbrigðiseftirliti, fitumælingu og reynslu á gæðum mjólkurinnar, greiðir framleiðandi, nema öðruvísi sé um samið.

III. KAFLI

Um barnamjólk.

26. gr.

Ekki má selja ógerilsneydda mjólk undir nafninu **barnamjólk** nema gætt sé eftirfarandi fyrirmæla um framleiðslu hennar og sölu, auk þeirra atriða, sem tekin eru fram í II. kafla þessarar reglugerðar, og að fengnu leyfi mjólkursölunefndar.

27. gr.

Ekki má vera innangengt úr fjósinu í nein gripahús og ekki mega aðrar kýr, eða gripir, vera í fjósinu en þær, sem barnamjólk er framleidd úr. Sjálfbrynning skal vera í fjósinu, og skulu kerin vera þannig útbúin, að vatn geti ekki runnið úr einu keri í annað.

8 28. gr.

15. jan. Fólk það, sem vinnur í fjósinu, bæði að mjöltun og öðru, má eigi vinna fjósverk í öðrum fjósum eða stunda neitt það starf, er smitunarhætta eða óþrifnaður stafi af fyrir framleiðslu barnamjólkurinnar.

29. gr.

Mjaltafólk og annað fólk, sem vinnur í fjósinu, skal gæta hins strangasta þrifnaðar í öllum störfum. Handþvott sinn, fyrir mjaltir og meðan á mjöltum stendur, skal það vanda gaumgæfilega.

Við mjaltirnar skal mjaltafólkið klæðast alhvítum mjaltasloppum, og ef handmjaltað er, skal það hafa grisjustykki fyrir munni og nefi meðan það mjólkar. Mjaltasloppa, grisjustykki, handklæði og júgurþurrkur skal skipta um daglega, svo þetta sé alltaf hreint og nýsoðið.

30. gr.

Ef mjaltavélar eru notaðar, skal gæta hins ýtrasta þrifnaðar við alla notkun þeirra og hirðingu. Þær skulu geymdar í sérstökum, björtum og loftgóðum klefa, sem iðulega sé gerður hreinn með kalkþvotti. Við hreinsun þeirra skal fylgja þeim ströngustu reglum, sem gilda um slíkar vélar. Við hina daglegu hreinsun skal nota dauðhreinsunartæki (steriliseringartæki), endu séu tækin og efni þeirra þau, sem kunna að vera notuð við hreinsunina, samþykkt af viðkomandi héraðslækni.

Aðalhreinsun mjaltavélanna og alger sundurtekning skal fara fram einu sinni í viku að vetrinum, en tvisvar í viku að sumrinu. Hreitlum þeim, sem eru handmjólkaðar á eftir vélmjöltun, má eigi blanda saman við barnamjólkina.

31. gr.

Broddmjólk, fyrstu 6 sólarhringa eftir burð, má eigi selja sem barnamjólk, eða blanda saman við hana. Eigi heldur hreitlur úr geldstöðukúm, sem mjólka minna en 4 lítra á dag.

32. gr.

Jafnóðum og mjólkin er borin úr fjósinu í mjólkurklefa skal hún kæld þar í ísvatni eða með öðrum kæliútbúnaði niður í 4° C., en aldrei niður fyrir 1° C.

33. gr.

Að lokinni kælingu skal mjólkin fyllt á glærar flöskur og þeim lokað með hettum úr alúmíníum eða öðru efni jafngóðu. Flöskurnar skulu merktar með orðinu: **Barnamjólk,** og nafni framleiðanda eða framleiðslubúsins. Hetturnar skulu merktar með dagsetningu og kvöldmjólk eða morgunmjólk eftir því sem við á.

Flöskun mjólkurinnar skal fara fram í sérstöku herbergi, sem ekki er notað

til annars, og hreinsun á flöskum í sérstöku þvottaherbergi, sem eingöngu er notað til hreinsunar á flöskum og öðrum mjólkurílátum. 8 15. jan.

Öll herbergin, mjólkurklefi, flöskunarherbergi og þvottaherbergi skulu vera vel útbúin að öllum frágangi og fyrirkomulagi, með fullkomnum tækjum til að meðhöndla það mjólkurmagn, sem um er að ræða, enda skal þetta allt samþykkt af viðkomandi héraðslækni og trúnaðarmanni mjólkursölunefndar.

34. gr.

Ef ástæða þykir til, getur mjólkursölunefnd leyft að barnamjólk sé ekki flöskuð á framleiðslustaðnum. Þá skal kæla mjólkina ósíaða, og sé hún strax að lokinni kælingu flutt til mjólkurbús, enda sé aðeins um stuttan flutning að ræða. Þar skal hún síuð í sérstakri þrýstisíu og flöskuð með sérstökum tækjum, án þess að blandast á nokkurn hátt annari mjólk búsins.

35. gr.

Barnamjólk skal ætíð komin í hendur neytenda áður en 12 klst. eru liðnar frá mjöltun.

36. gr.

Fjós þau og heimili, er framleiða barnamjólk, skulu háð ½ mánaðar eftirliti dýralæknis og héraðslæknis. Ef einhver, sem í fjósinu vinnur, býr á öðru heimili, skal eftirlit héraðslæknis einnig ná til þess heimilis. Skal það jafnan fulltryggt, sem frekast má verða með ýtarlegu lækniseftirliti, að heimili þau er framleiða barnamjólk og heimili allra þeirra, er vinna að framleiðslu hennar, fjósverkum, mjöltun eða annari meðferð, séu algerlega laus við berklaveiki og aðra næma sjúkdóma. Allur kostnaður við eftirlit með framleiðslu barnamjólkur, og gæðum hennar, greiðist af framleiðanda, nema öðruvísi sé um samið.

IV. KAFLI

Refsiákvæði.

37. gr.

Um brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar og refsingar við þeim fer eftir 15. gr. laga nr. 1 frá 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. janúar 1935.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

9 22. jan.

REGLUGERÐ

um innlenda tollvörugerð.

Samkvæmt lögum nr. 50, 31. maí 1927, og lögum nr. 70, 28. desember 1934, um breyting á þeim lögum, er hér með sett eftirfarandi reglugerð um innlenda tollvörugerð.

1. gr.

Hver sá, sem reka vill vindla- og vindlingagerð, tilbúning á brjóstsykri, konfekti, karamellum, súkkulaði, kaffibæti, óáfengum vínum, ávaxtasafa, öli, sódavatni, límonaði eða öðrum samskonar drykkjum, sem ætlaðir eru óblandaðir til drykkjar, til sölu, skal leysa leyfisbréf hjá lögreglustjóra þar sem atvinnan er rekin. Fyrir leyfisbréfið skal gjalda 100 kr., sem renna til hlutaðeigandi bæjarsjóðs eða sveitarsjóðs. Ákvæði þetta nær einnig til þeirra, sem nú reka tilbúning á framangreindum tollvörutegundum. Þeir, sem leyst hafa leyfisbréf samkvæmt reglugerð 8. janúar 1920, um innlenda vindlagerð og tilbúning á konfekt og brjóstsykri, eða samkvæmt reglugerð 22. júlí 1927, um innlenda tollvörugerð, skal þó heimilt að halda framleiðslu sinni áfram án þess að leysa nýtt leyfi, enda gildi leyfisbréfið fyrir aðrar framangreindar tollvörutegundir.

2. gr.

Fyrir hvert kg. af tóbaksvindlum eða vindlingum, sem eru tilbúnir hér á landi, skal greiða í ríkissjóð gjald, er nemi helmingi af aðflutningsgjaldi af vindlum og vindlingum eftir tolllögum þeim, sem í hvert sinn gilda. Með vindlingum skal greiða gjald af umbúðum þeim, pappír, öskjum eða dósum, sem þeir eru seldir í.

Fyrir hvert kg. af brjóstsykri, konfekti, karamellum og súkkulaði greiðist hálft aðflutningsgjald.

Fyrir hvert kg. af kaffibæti greiðist einn þriðji hluti aðflutningsgjalds.

Af hverjum lítra af óáfengum vínum greiðist hálft aðflutningsgjald.

Af hverjum lítra af ávaxtasafa, öli, öðru en maltöli, sódavatni, límonaði og öðrum samskonar drykkjum, sem ætlaðir eru óblandaðir til drykkjar, einn þriðji hluti aðflutningsgjalds.

Af hverjum lítra af maltöli greiðist einn sjötti hluti aðflutningsgjalds.

3. gr.

Húsrúmi vörugerðarinnar sé þannig háttað, að hráefnin séu á einum stað, ef ekki þarf að óttast skemmdir á þeim vegna þess, og þannig, að auðvelt sé á hverjum tíma að kanna þau.

Eins skal hagað geymslu á hinum unnu framleiðsluvörum. Ef til innsiglunar kemur af hálfu gjaldheimtumanns á þeim vörum, verður að vera til sérstakt húsrúm til þess, fullnægjandi að hans dómi.

Húsnæði vörugerðarinnar verður á hverjum tíma að fullnægja kröfum hlut- 9
aðeigandi heilbrigðisstjórnarvalda. 22. jan.

4. gr.

Vindla- og vindlingagerðarmenn mega ekki selja vindla né vindlinga öðruvísi en í kössum, dósum eða öskjum, sem lokuð séu á venjulegan hátt, og skal letrað utan á vindlakassana nettó þungi vörunnar, en á vindlingaumbúðirnar brúttó þungi.

Sé brjóstsykur, konfekt, karamellur eða súkkulaði selt í blikk-, tré-, pappa- eða pappírsumbúðum, skal nettóþungi tilgreindur á umbúðunum, hann skal og tilgreindur á kaffibætisumbúðunum, úr hverju sem þær eru.

Á miðum þeim, sem límdir eru á flöskur með öli, óáfengum vínum, ávaxtasafa, sódavatni, límonaði og öðrum samskonar drykkjum, skal lítratal eða hve flaskan tekur mikinn hluta úr lítra nákvæmlega tilgreint með skírum stöfum, nema það sé tilgreint með upphleyptum stöfum á ílátinu.

5. gr.

Framleiðendur vörutegunda þeirra, sem ræðir um í reglugerð þessari, skulu halda dagbók um framleiðslu, sölu og afhending varanna.

Í dagbók þessa skal færa daglega, hvað og hversu mikið er framleitt af hverri vörutegund og hve mikð er selt eða látið af hendi af þeim. Í dagbók þessa skal ennfremur skrá öll hráefni jafnótt og þau eru keypt eða aðfengin til vörugerðarinnar, þar skal og skrá daglega hve mikið er notað af hráefnunum, hverju fyrir sig, til dagsframleiðslunnar. Ennfremur skal vörugerðarmaður skyldur að skrá allar þær framleiðsluvörur, sem hann selur eða lætur af hendi, í tvíritunarbækur, jafnótt og sala eða afhending fer fram. Gjaldheimtumaður hefir rétt til, hvenær sem hann vill, að rannsaka bækur þessar og bera saman við aðrar bækur vörugerðarmanns, svo og rannsaka birgðir þær, bæði af hráefnum og unnum vörum, sem fyrir hendi eru á hverjum tíma.

Framangreind dagbók skal vera gegnumdregin og löggilt af lögreglustjóra, í Reykjavík af tollstjóra, og hafa þeir heimild til að kveða frekara á um form og færslu dagbókar þessarar.

6. gr.

Vörugerðarmaður skal greiða tollvörugjaldið til hlutaðeigandi gjaldheimtumanns ríkissjóðs áður en varan er látin burt frá honum, seld eða send í umboðssölu. Gjaldheimtumenn eru hlutaðeigandi lögreglustjóri, en í Reykjavík tollstjóri. Heimilt er gjaldheimtumanni þó að veita greiðslufrest á gjaldinu, ef hann telur ekkert sérstaklegt því til fyrirstöðu, þó aldrei lengur en svo að allt áfallið gjald sé að fullu greitt við lok hvers mánaðar.

Nú er gjaldfrestur veittur, og skal þá vörugerðarmaður afhenda gjaldheimtumanni við lok hvers tímabils, sem honum hefir verið veittur gjaldfrestur um, skýrslu með árituðu drengskaparvottorði sínu, er greini hve miklar birgðir af gjaldskyldum vörutegundum hafi verið í vörzlum vörugerðarmanns við byrj-

9
22. jan.

un gjaldfreststímabilsins, hverjar og hve miklar vörur hafi verið framleiddar á gjaldfreststímabilinu, hverjar og hve miklar vörur hafi verið seldar eða afhentar á gjaldfreststímabilinu, og hversu miklar birgðir séu í vörzlum hans í lok gjaldfreststímabilsins.

Hafi vörugerðarmaður ekki afhent gjaldheimtumanni framangreinda skýrslu innan 3ja daga frá lokum gjaldfreststímabilsins, varðar það vörugerðarmann sektum samkvæmt 8. gr. hér á eftir, og auk þess má gjaldheimtumaður leggja 10 kr. dagsektir við, að skýrslan sé í té látin. Sömu viðurlögum varðar það, ef að vörugerðarmaður hefir ekki innan 7 daga frá lokum gjaldfreststímabilsins greitt gjaldheimtumanni allt tollvörugjald, áfallið á gjaldfreststímabilinu, og auk þess getur gjaldheimtumaður þá bannað vörugerðarmanni alla framleiðslu, sölu og afhending á öllum innlendum tollvörum og látið lögregluna loka verkstofu og útsölu vörugerðarmanns og framfylgja banninu að öllu leyti unz full skil eru gerð fyrir gjaldinu.

7. gr.

Heimilt er gjaldheimtumanni hvenær sem er að setja allar framleiddar, gjaldskyldar vörur vörugerðarmanns í tollgeymslu undir innsigli sitt jafnótt og þær eru framleiddar, ef hann telur þess þörf til tryggingar skilvísri greiðslu á tollvörugjaldinu. Ber vörugerðarmanni þá að leggja til hæfilegt tollgeymslurúm fyrir vöruna á sinn kostnað.

8. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum samkvæmt 7. gr. laga nr. 50, 31. maí 1927, og auk þess, ef um er að ræða ítrekuð brot eða vanskil á greiðslu tollvörugjalds, missi leyfisbréfs til tollvörugerðar um ákveðið tímabil eða fyrir fullt og allt.

Um mál út af brotum fer sem um almenn lögreglumál.

9. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og fellur þá reglugerð nr. 56, 22. júlí 1927, úr gildi.

Fjármálaráðuneytið, 22. janúar 1935.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

REGLUGERÐ

um sölu og veitingar áfengis, er um ræðir í lögum nr. 33 frá 9. janúar 1935 og lögum nr. 3 frá 4. apríl 1923.

10
30. jan.

Samkvæmt 12. gr. laga nr. 33, frá 9. janúar 1935, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði um sölu og veitingu áfengra drykkja, er um ræðir í nefndum lögum og lögum nr. 3 frá 1923.

1. gr.

Áfengisverzlun ríkisins hefir aðsetur sitt í Reykjavík og útibú í Reykjavík, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum, Seyðisfirði, Akureyri, Siglufirði og Ísafirði, svo og í öðrum kaupstöðum og kauptúnum, eftir því sem ríkisstjórnin kann að ákveða eftir að fullnægt hefir verið skilyrði því, er um ræðir í 9. gr., 2. mgr. áfengislaganna nr. 33 frá 1935.

2. gr.

Áfengisverzlun ríkisins má ein flytja áfenga drykki hingað til lands. Þó er henni óheimilt að flytja til landsins öl, sem hefir inni að halda meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli.

3. gr.

Áfengisverzlunin selur áfengið eftir því, sem nánara er ákveðið í reglugerð þessari og gildandi lögum.

4. gr.

Áfengisverzlunin selur áfengið þeim, er hér segir:

1. Veitingastað, sem öðlazt hefir heimild til veitinga áfengra drykkja.
2. Læknum, er rétt hafa til lyfjasölu, og lyfsölum, þó aðeins það áfengi, sem talið er á lyfjaskrá, og aðeins til lyfja, og í samræmi við reglugerð, er sett verður samkvæmt 10. gr., 1. tölul., 2. mgr. áfengislaganna.
3. Þeim, sem rétt hafa til að fá keyptan vínanda til iðnþarfa, efnarannsókna, náttúrugripasafna og annarra verklegra nota, svo og þeim, sem rétt hafa til sölu vínanda til eldsneytis, er gerður hefir verið óhæfur til drykkjar, hvorttveggja í samræmi við það, er fyrir verður mælt í reglugerð, er sett verður samkvæmt 10. gr., 3. tölul., áfengislaganna.

Óheimilt er áfengisverzlun ríkisins að afhenda áfengi nema gegn staðgreiðslu.

5. gr.

Ríkisstjórnin ákveður, að fengnum tillögum forstjóra Áfengisverzlunar ríkisins, útsöluverð áfengisins með hliðsjón af áfengisstyrkleika og innkaupsverði. Álagning á vín þau, er um ræðir í lögum nr. 3 frá 1923, verður að vera innan þeirra takmarka, er þau lög setja.

10 30. jan.

6. gr.

Allt það áfengi, sem áfengisverzlunin lætur af hendi, skal merkt innsigli hennar.

Á hverri flösku skal tilgreint útsöluverðið.

7. gr.

Fjármálaráðuneytið ræður forstöðumenn útibúanna og ákveður kjör þeirra. Sölulaun þeirra mega ekki vera hærri en hér segir:

a. Útsala í Reykjavík:

Fyrir sölu vína, er nema að útsöluverði allt að 800 þús. kr., 4% af útsöluverði.

Fyrir næstu 200 þús. kr. útsöluverðs 2%.

Fyrir það, er salan kann að fara fram yfir 1 milljón, 1½% af útsöluverði.

b. Útsölur utan Reykjavíkur:

Fyrir sölu vína, er nema að útsöluverði allt að 70 þús. kr., 15% af útsöluverði.

Fyrir næstu 30 þús. kr. útsöluverðs 7%.

Fyrir það, er salan kann að fara fram yfir 100 þús. kr., 2½%.

8. gr.

Forstöðumenn útibúanna skulu fara nákvæmlega eftir ákvæðum þessarar reglugerðar, gildandi lögum og þeim frekari ákvæðum, er stjórnarráðið og Áfengisverzlun ríkisins kann að setja um söluna yfirleitt eða sérstaklega fyrir hvern stað. Forstöðumaður Áfengisverzlunar ríkisins skal í samráði við fjármálaráðuneytið mæla fyrir um, hvernig bókfærslu og skilum útibúanna skuli hagað.

9. gr.

Útsölustöðum Áfengisverzlunar ríkisins er óheimilt að afhenda áfengi nema gegn staðgreiðslu.

10. gr.

Útsölustaðirnir skulu vera lokaðir frá hádegi á laugardögum og aðfangadögum stórhátíða til kl. 9 að morgni, næsta virkan dag.

11. gr.

Veitingu áfengis, þ. e. sölu til neyzlu á staðnum, má aðeins hafa um hönd af þeim, sem dómsmálaráðuneytið veitir heimild til þess, og aðeins í þeim húsakynnum, er ráðuneytið samþykkir. Skyldur er veitingasali að fara í öllu eftir ákvæðum reglugerðar þessarar og reglum þeim, er ráðuneytið setur honum í veitingaleyfi eða á annan hátt.

12. gr.

Veitingar áfengis mega aðeins fara fram á tímabilinu frá kl. 12 á hádegi til kl. 2½ síðdegis, og frá kl. 7 til 11½ síðdegis. Þó má veita áfengi í lokuðum samkvæmum eftir kl. 11½ síðdegis, en þó aldrei lengur en til kl. 4 f. h. Ekki

má vín vera á borðum gesta lengur en ½ klukkutíma eftir að liðinn er sá tími, er áfengi má veita. 10 30. jan.

13. gr.

Heimilt er Áfengisverzlun ríkisins að selja áfengi til veitingahúss 10% hærra verði en áfengið er selt í áfengisútsölum. Veitingastað skal leyfð verðframfærsla, sem nemur allt að 30% af kaupverði hans á áfenginu, þegar neytendum er selt vín á hálfum og heilum flöskum. En auk þess má veitingahús hækka verðið um allt að 25% frá þessu verði, þegar sala fer fram á annan hátt. Áfengisverzlun ríkisins skal semja verðskrár yfir útsöluverð vína á veitingastað, sem gestir eiga aðgang að.

14. gr.

Sala annars áfengis en þess, sem um ræðir í lögum nr. 3 frá 1923, má aldrei fara fram á veitingahúsi í heilum eða hálfum flöskum nema í lokuðum samkvæmum. Í öðrum tilfellum má ekki láta meira áfengi úti í einu en 6 sentilítra.

15. gr.

Enginn má hafa með sér vín í veitingahús eða hafa það með sér þaðan. Veitingamanni er skylt að gæta þess, að ekki sé brotið gegn þessu.

16. gr.

Óheimilt er Áfengisverzlun ríkisins, útibúum hennar og veitingastöðum að selja vín:

1. Þeim, sem yngri eru en 21 árs.
2. Þeim, sem eru bersýnilega ölvaðir, þegar þeir beiðast kaupa.
3. Þeim, sem sekur hefir gerzt um óleyfilega sölu eða bruggun áfengis. Skal lögreglustjórum og dómurum skylt að tilkynna Áfengisverzlun ríkisins og næsta útibúi hennar þegar í stað, ef einhver gerist brotlegur á nefndan hátt, en Áfengisverzlunin tilkynnir útibúum sínum, svo og veitingahúsum þeim, er vínsöluleyfi hafa.

17. gr.

Engum er heimilt að auglýsa áfengi né einstakar áfengistegundir.

18. gr.

Hver sem notar eftirmynd af merkjum Áfengisverzlunar ríkisins eða misbrúkar þau á nokkurn hátt, sæti refsingu að lögum.

19. gr.

Lögreglustjórar geta ekki neytt heimildar þeirrar, til að leyfa að áfengi sé um hönd haft í félagsskap, sem ræðir um í 17. gr. 2. mgr., áfengislaganna, nema í veizlum, samsætum og öðrum slíkum samkvæmum, þar sem sýnt er, að félagsskapurinn í heild eða einstakir þátttakendur í honum hafa ekki fjárhagslegan

10 hagnað af því að vínnautn sé höfð um hönd. Slík leyfi má ekki veita skemmti-
30. jan. félögum.

Ekki má heldur veita slík leyfi til vínnautnar í samkvæmum, sem haldin eru á veitingastöðum, ef ætla má að til þeirra sé stofnað í tekjuskyni fyrir veitingahúsið.

Slík leyfi verða aðeins veitt innan lögsagnarumdæmis, þar sem Áfengisverzlun ríkisins hefir útsölu.

Þegar leyfi er fengið samkvæmt framansögðu, lætur Áfengisverzlun ríkisins, eða útsölur hennar utan Reykjavíkur, annast um veitingu vína í samkvæminu, og skal veitingaverð áfengisins vera hið sama og í veitingahúsi, er öðlast hefir rétt til áfengisveitinga.

Leyfi samkvæmt 17. gr., 2. mgr., áfengislaganna skulu vera skrifleg og skal þess getið í þeim, hvert tilefni leyfisins sé og hvar samkvæmið verði haldið. Samrit af leyfinu skal hlutaðeigandi lögreglustjóri tafarlaust senda til dómsmálaráðuneytisins.

20. gr.

Lögreglustjórum skal heimilt að loka útsölu eða veitingastað áfengis um einn eða fleiri daga, ef óeirðir eru byrjaðar eða yfirvofandi á staðnum eða önnur slík tilefni gefast, er hafa það í för með sér, að sérstök hætta geti stafað af vínnautn manna. Jafnan skal hlutaðeigandi lögreglustjóri tilkynna dómsmálaráðuneytinu símleiðis, ef unnt er, en ella við fyrsta tækifæri, þegar slík lokun á sér stað og tilefni hennar.

21. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer eftir fyrirmælum áfengislaga nr. 33 frá 9. janúar 1935.

22. gr.

Reglugerð þessi gengur þegar í gildi og er jafnframt úr gildi numin reglugerð nr. 108 frá 6. nóv. 1931.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. jan. 1935.

Eysteinn Jónsson.

Gissur Bergsteinsson.

REGLUGERÐ

um sölu og ráðstöfun á pressugeri, sett samkv. lögum nr. 63 10. des. 1934.

11
31. jan.

1. gr.

Áfengisverzlun ríkisins einni er heimilt að flytja til landsins pressuger.

2. gr.

Áfengisverzlunin selur aðeins brauðgerðarhúsum pressuger til bökunar. — Útvegar verzlunin gerið frá framleiðslulandinu eftir fyrirframpöntunum brauðgerðarhúsa. Verð á pressugeri því, sem þannig er útvegað, skal nema liðlega tilkostnaði við útvegun þess, en verði eigi hjá því komizt, að hafa birgðir hér á landi af pressugeri, er heimilt að selja það ger allt að þriðjungi hærra verði.

3. gr.

Brauðgerðarhúsum er óheimilt að selja, gefa eða láta pressuger af hendi, nema leyfi Áfengisverzlunar komi til í hvert sinn.

4. gr.

Nú æskir brauðgerðarhús meira magns af pressugeri en líkur eru til að nægi eðlilegri þörf þess, getur þá forstjóri Áfengisverzlunarinnar dregið úr pöntuninni svo sem honum þykir hæfilegt, en þó getur hlutaðeigandi snúið sér bréflega til ráðuneytisins, sem þá leggur fullnaðarúrskurð á, hve mikið skuli afgreitt til hlutaðeiganda af þessari vöru.

5. gr.

Um brot á reglugerð þessari fer eftir fyrirmælum laga.

6. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

7. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 31. janúar 1935.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

12 5. febr.

REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð 15. jan. 1935, um kosningu af hálfu útvarpsnotenda í útvarpsráð.

Samkvæmt heimild í 4. gr. laga nr. 68 frá 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins, er hérmeð sett eftirfarandi ákvæði um viðauka við reglugerð frá 15. jan. 1935, um kosningu af hálfu útvarpsnotenda í útvarpsráð:

Á eftir fyrri málsgrein 14. gr. kemur ný málsgrein svo hljóðandi:

Útvarpsnotandi hver hefir aðeins eitt atkvæði og eins þó hann sé skráður eigandi að fleiri viðtækjum en einu. Eigi verður farið með atkvæði vegna viðtækis ríkisstofnunar, skóla, sjúkrahúss, líknarstofnunar eða annarar stofnunar, sem reist er af almannafé eða samskotafé né heldur skips, atvinnustofnunar eða annarar félags- eða einkastofnunar, hverju nafni sem nefnist.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í kennslumálaráðuneytinu, 5. febrúar 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Gissur Bergsteinsson.

13 9. febr.

AUGLÝSING

um verkun og útflutning á Magnafiski.

Til ársloka 1935 er öllum heimil verkun og útflutningur á Magnafiski, sem yfirfiskimatsmanni Sveini Árnasyni var veitt einkaútflutningsleyfi á, með lögum nr. 31 1933, með þeim takmörkunum, sem settar hafa verið um útflutning á saltfiski.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 9. febrúar 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Guðrúnar Teitsdóttur", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra, 14. febrúar 1935. Skipulagsskráin er þannig: **14** 14. febr.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Guðrúnar Teitsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Guðrúnar Teitsdóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af eftirlátnum eigum Teits Hannessonar úr Andakílshreppi í Borgarfirði, en síðar bónda í Whatcom Country í Washington í Bandaríkjunum, samkvæmt erfðaskrá hans, dagsettri 7. dag júnímánaðar 1919, og er svo ákveðið í erfðaskránni, að sjóðurinn skuli vera til minningar um móður arfleiðandans, Guðrúnu Teitsdóttur frá Hvítárósi í Andakílshreppi í Borgarfirði, konu Hannesar Jónssonar frá Hvanneyri, og bera nafn hennar. Eftirlátnar eigur Teits Hannessonar, sem andaðist í Blaine í Washington hinn 5. dag aprílmánaðar 1927, námu samtals 4833.80 dollurum. Með þeirri upphæð var sjóðurinn stofnaður og tók til starfa árið 1929.

Reglur þær, sem sjóðnum eru hér settar, eru samkvæmt ákvæðum erfðaskrárinnar, með hliðsjón af Hæstaréttardómi, sem gengið hefir um skilning þeirra ákvæða, 11. janúar 1932.

3. gr.

Sjóðurinn skal um aldur og æfi vera undir umsjá landlæknisins á Íslandi, eða þess embættismanns, sem þau aðalstörf hefir með höndum, er landlæknirinn hefir nú.

4. gr.

Sjóðinn skal jafnan geyma og ávaxta á sem tryggastan og arðvænlegastan hátt, t. d. í Landsbanka Íslands, í bankavaxta-, ríkisskulda- eða ræktunarsjóðsbréfum.

5. gr.

Tekjum sjóðsins skal verja til hjálpar bágstöddum í Mýra- og Borgarfjarðarsýslum á þann hátt, er hér greinir:

1. Þegar ársvextir sjóðsins nema fullum kr. 1000.00, en ekki fullum kr. 1500.00, skal verja kr. 700.00 af ársvöxtunum árlega til styrktar einhverri heiðarlegri ekkju, sem á fyrir börnum að sjá, en afgang vaxtanna skal leggja við höfuðstól sjóðsins.

31. dag maímánaðar 1935. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

14 14. febr.

2. Þegar ársvextir sjóðsins nema fullum kr. 1500.00, en ekki fullum kr. 2500.00, skal á sama hátt verja kr. 1000.00 af vöxtunum árlega til styrktar einhverri heiðarlegri ekkju, sem á fyrir börnum að sjá, en afgang vaxtanna skal leggja við höfuðstól sjóðsins.
3. Þegar ársvextir sjóðsins nema fullum kr. 2500.00, skal á sama hátt verja kr. 1250.00 af vöxtunum árlega til styrktar einhverri heiðarlegri ekkju, sem á fyrir börnum að sjá, en afgangi vaxtanna skal varið til hjálpar ungu, berklaveiku fólki.

6. gr.

Sjóðurinn skal jafnan vera undir sem fyllstu eftirliti á þann hátt, sem fyrir kann að verða mælt um vörzlu opinberra sjóða, og reikning hans skal birta árlega í Lögbirtingablaði ríkisstjórnarinnar eða á annan tilsvarandi hátt.

7. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

Landlæknirinn.

Reykjavík, 11. febrúar 1935.

Vilm. Jónsson.

15 15. febr.

AUGLÝSING

um staðfestingu kennslumálaráðuneytisins á reglugerð um barnavernd fyrir Ytra-Akranesskólahérað í Borgarfjarðarsýslu.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 76 frá 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 43 frá 1932, um barnavernd, er hér með staðfest eftirfarandi

REGLUGERÐ

um barnavernd í Ytra-Akranesskólahéraði í Borgarfjarðarsýslu.

1. gr.

Í umdæmi skólanefndar Akraness er bannað að selja börnum innan 16 ára aldurs. Bannað er og að gefa þeim tóbak eða stuðla á nokkurn hátt að því, að þau neyti þess.

2. gr.

Bönnuð er sala á spítubrjóstsykri (sleikjum), svo og öðrum sælgætisvörum, sem að dómi skólanefndar eru óhollar börnum og unglingum.

3. gr.

Leiksýningar og kvikmyndir, sem ætlast er til að börnum og unglingum innan 16 ára aldurs sé seldur aðgangur að, skulu sýndar skólanefndinni áður, eða henni gefnar nákvæmar upplýsingar um þær, og getur nefndin, ef henni þykir ástæða til, bannað að börn og unglingar fái aðgang að þeim. Um aðrar opinberar skemmtanir gildir hið sama, að skólanefnd skal tilkynnt, hvað þar á fram að fara, og ræður hún þá, hvort börnum skuli leyfður aðgangur eða ekki.

4. gr.

Börn innan 14 ára aldurs mega aldrei dvelja lengur en til miðnættis á dansleikjum eða öðrum opinberum skemmtunum, nema með sérstöku leyfi skólanefndar.

5. gr.

Börn á skólaskyldualdri (7—14 ára) mega aldrei þann tíma, sem skóli stendur yfir, vera lengur en til kl. 9 síðdegis í beitningarskúrum eða öðrum fiskhúsum, hvort sem þau eru þar að vinnu eða ekki.

6. gr.

Börn og unglingar innan 16 ára aldurs mega ekki selja blöð eða bækur, nema að fengnu leyfi skólanefndar.

7. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum sem brot gegn barnaverndarlögum. Skal fara með mál vegna þeirra brota eins og segir um slík mál í barnaverndarlögum.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í kennslumálaráðuneytinu, 15. febrúar 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Gissur Bergsteinsson.

16
26. febr.

REGLUGERÐ

um stimpilgjald af ávísunum og kvittunum.

Samkvæmt lögum nr. 25, 9. janúar 1935 um viðauka við lög nr. 75, 27. júní 1921, um stimpilgjald, er hér með sett eftirfarandi reglugerð.

I. KAFLI

Um stimpilskyldu.

1. gr.

Allar ávísanir, sem gefnar eru út hér á landi, og ávísanir útgefnar erlendis, sem ætlaðar eru til greiðslu hér á landi eða koma hér til greiðslu, skulu stimplaðar með þar til gerðum stimpilmerkjum, með þeim undantekningum og takmörkum, sem síðar greinir.

Ávísanir útgefnar hér á landi eru jafnt stimpilskyldar, hvort sem þær eiga að greiðast hér á landi eða erlendis og hvort sem útgefandi þeirra er innlendur eða erlendur. Er skylt að stimpla allar þessar ávísanir um leið og þær eru útgefnar.

Ávísanir útgefnar erlendis á aðila, sem búsettir eru hér á landi, verða stimpilskyldar þegar þær koma hér til landsins og er stimpilskyldunni talið fullnægt, ef þessar ávísanir eru stimplaðar áður eða um leið og þær eru framseldar til greiðslu eða afhentar til innheimtu hér á landi.

Aðrar ávísanir, sem útgefnar eru erlendis, verða stimpilskyldar, þegar þeim er framvísað til greiðslu hér á landi eða þær eru afhentar eða koma hingað til innheimtu.

Eigi skiptir það máli um stimpilskyldu, þótt ávísun sé skilorðsbundin og þótt ekkert reynist til fyrir ávísun eða neitað sé um greiðslu.

2. gr.

Allar kvittanir eða viðurkenningar fyrir greiðslum, sem gefnar eru út eða skráðar eru hér á landi, skulu við útgáfu stimplaðar með merkjum þeim, er um ræðir í 1. gr., eftir því sem nánar er ákveðið.

Kvittun er jafnt stimpilskyld, hvort sem hún er til innlendra eða erlendra aðila, ef hún er gefin hér á landi. Hinsvegar eru þær kvittanir eigi stimpilskyldar, sem gefnar eru út erlendis eða skráðar þar, þótt þær komi síðan hingað til landsins.

3. gr.

Sem ávísanir í þessu sambandi teljast:

1. Ávísanir samkv. lögum um tékka.
2. Aðrar ávísanir og einnig þótt þær séu ekki í venjulegu ávísunarformi, ef með þeim er ráðstafað greiðslu á ákveðinni fjárhæð frá vissum aðila,

16
26. febr.

þannig að kemur í ávísunarstað. Einu gildir hvort slík ráðstöfun er sett fram sem ákvörðun eða beiðni, nema um beina innheimtu sé að ræða.

Það telst og ávísun þótt slík ráðstöfun sé sett fram eða innifalin í bréfi, símskeyti eða skjali, sem fleira hefir inni að halda, og verður þá það plagg stimpilskylt.

Það telst ávísun, þótt greiðsla sé ekki miðuð við sýningu, heldur bundin við ákveðinn tíma eða endurtekna greiðslu með vissu millibili t. d. ef A biður B að greiða C 50 kr. 1. hvers mánaðar einhvern ákveðinn tíma. Eigi skiptir heldur máli þótt ávísun sé ekki á peninga eða innstæðu, heldur á einhvern annan gjaldmiðil, svo sem víxla, verðbréf, o. s. frv.

Sem dæmi um þessar ávísanir má nefna:

A. Bréf eða skeyti, sendibréf, verzlunarbréf, símskeyti o. s. frv., þar sem einhver er beðinn eða honum falið að greiða ákveðna upphæð. Dæmi: A biður B bréflega eða með símskeyti að greiða banka vissa lánsafborgun. N. N. hefir fengið innheimtukröfu frá banka og sendir bankanum skeyti um að skulda innheimtuna á hlaupareikning sinn í bankanum. Hér koma og undir skriflegar beiðnir um færslu milli reikninga í verzlunum o. s. frv.

B. Leyfi til að taka út (vörur eða peninga) úr viðskiptareikningi annars manns, t. d. útgerðarfélag veitir háseta leyfi til að taka út í sinn reikning vöru hjá verzlun til eigin þarfa.

C. Ávísun á ófallna greiðslu, s. s. kaup eða laun o. þ. h., t. d. A gefur B ávísun á kaup sitt hjá útgerðarfélagi eða leyfi til að ganga að því, þegar það kemur til útborgunar.

D. Reikningar, sem ávísað er til greiðslu til annars en þess, sem raunverulega á að inna greiðsluna af hendi (reikningsskuldari), t. d. þannig að skrifuð er á reikninginn beiðni til einhvers annars manns eða stofnunar að greiða hann.

Sem ávísanir teljast þó t. d. ekki:

1. Bankaseðlar eða aðrar tegundir seðla.
2. Víxlar.
3. Arðmiðar og vaxtamiðar.
4. Innheimtubréf.
5. Launasamningar, ráðningasamningar eða skipunarbréf.
6. Meðlagsúrskurðir og dómsúrskurðir.
7. Ákvarðanir um styrkgreiðslur.
8. Skuldabréf, kaupsamningar, húsaleigusamningar, afborgunarsamningar o. þ. h.

4. gr.

Sem kvittanir í þessu sambandi teljast:

1. Allar kvittanir og viðurkenningar fyrir greiðslum í kvittunarformi, þar með taldar bráðabirgðakvittanir og kvittanir fyrir geymslufé.
2. Kvittanir innfærðar, stimplaðar eða skráðar á reikninga, hvort sem er viðurkenning fyrir fullnaðargreiðslu eða innfærsla á innborgunum. Hér til

16 26. febr.

teljast sölumiðar (kontant-nótur) hjá verzlunum, víxil-nótur o. s. frv. Sé reikningurinn greiddur með afborgunum og þær færðar á reikninginn, án sérstakrar kvittunar, skoðast hver innfærsla sem kvittun. Þegar gefinn er út viðskiptareikningur og þar færðar greiðslur eða innborganir, sem ekki hafa áður verið gefnar út kvittanir fyrir, ber að stimpla reikninginn með sérstöku stimpilmerki fyrir hverja innfærslu. Þó eru vaxtainnfærslur stimpilfrjálsar.

3. Kvittanir innifaldar í bréfum, skeytum og skjölum t. d. kvittanir á meðlagsúrskurðum og skuldabréfum.
4. Farmiðar og farseðlar, með skipum, bifreiðum og öðrum samgöngutækjum.
5. Allar aðrar viðurkenningar fyrir lúkningu skuldar eða greiðslu einhverrar skuldakröfu að einhverju eða öllu leyti.
6. Kvittanir innfærðar á launalista eða í launabækur (vinnubækur) kvittanir í síma- og póstkvittunarbækur, innfærslur í stofnsjóðsbækur o. s. frv.

Sama er hvort greiðsla hefir farið fram í peningum, með víxli, ávísun eða öðrum gjaldmiðli, svo sem verðbréfum. Kvittun telst og viðurkenning fyrir lúkningu skuldar eða greiðslu einhverrar skuldakröfu að öllu eða einhverju leyti í hverju sem greiðsla hefir farið fram (t. d. með vörum).

Til kvittana teljast eigi:

1. Hlutabréf og hlutafjárskírteini, vátryggingarskírteini eða önnur skírteini, leyfisbréf, t. d. verzlunarbréf.
2. Kvittanir fyrir mótteknum vörum, nema jafnframt sé um greiðslu skuldar að ræða, einnig viðurkenning fyrir mótteknum handveðum.

5. gr.

Þessar ávísanir eru undanþegnar stimpilgjaldi:

1. Ávísanir útgefnar af innlendum bönkum eða sparisjóðum. Nær þetta til allra ávísana, sem þessar stofnanir gefa út hvort sem þær eru á innlenda eða erlenda aðila. Hér með telst einnig „letter of credit“ og „akkreditiv“.
2. Ávísanir gefnar út af stjórnarráði Íslands, fyrir opinberum greiðslum eða gjöldum úr ríkissjóði og ávísanir forseta og skrifstofustjóra Alþingis fyrir gjöldum, er koma á alþingiskostnað.
3. Ávísanir útgefnar innanlands til greiðslu opinberra gjalda í ríkissjóð, sýslusjóði og bæjar- og sveitarsjóði.

Opinber gjöld í ríkissjóð teljast allir skattar og tollar, þar með talið m. a. aðflutnings- og útflutningsgjald, ennfremur lestagjöld af skipum, vitagjöld, skólagjöld til ríkisskóla, aukatekjur ríkissjóðs og kirkjugjöld.

Hér til teljast ekki greiðslur til ýmsra verzlunar- eða iðnaðarfyrirtækja ríkisins, tryggingargjöld til slysatryggingar ríkisins, lögreglustjóra og sýslumanna, brunabótaiðgjöld, lögskráningargjöld, heldur eigi afgjald af jörðum, afborganir og vextir af lánum o. s. frv., en hinsvegar teljast einnig hér útvarpsafnotagjöld, símgjöld og póstgjöld

Opinber gjöld til sýslusjóða eru sýslusjóðsgjöld og sýsluvegasjóðsgjald. Hinsvegar eigi tekjur af eignum. **16** 26. febr.

Opinber gjöld til bæja og sveitasjóða teljast útsvör, samvinnuskattur, sótaragjald, fasteignagjöld, gangstéttargjöld, vatnsskattur o. s. frv.

Hinsvegar teljast hér eigi með: Greiðslur til ýmsra stofnana, sem bæjar- og sveitarsjóðir reka, t. d. fyrir gas og rafmagn, hitaveitugjald, afborganir og vextir af lánum o. s. frv.

Á allar þær ávísanir, sem undanþegnar eru stimpilgjaldi samkv. þessum lið, verður hlutaðeigandi skattheimtumaður (tollstjóri, bæjargjaldkeri, sýslumenn o. s. frv.) að rita framsal sitt þannig að þessar ávísanir beri með sér, að þær séu gefnar út til greiðslu þeirra gjalda, er hér um ræðir.

4. Öll skjöl, sem stimpilskyld eru samkvæmt lögum um stimpilgjöld nr. 75, 27. júní 1921, enda þótt þau geti talizt ávísun samkvæmt skilgreiningu þessara laga.
5. Ávísanir, sem hljóða á minni upphæð en 20 krónur.

6. gr.

Þessar kvittanir eru undanþegnar stimpilgjaldi:

1. Kvittanir fyrir innborgun til banka og sparisjóða, þegar lagt er inn í eigin reikning eða greitt upp í föst lán og ennfremur kvittanir fyrir úttekt úr sparisjóðsbókum.

   Föst lán teljast samningsbundin lán í skuldabréfaformi, svo sem fasteignaveðslán, sjálfskuldarábyrgðarlán, handveðslán. Innborganir í eigin reikning teljast innlög í sparisjóð, hlaupareikning, reikningslán og innlán.

   Hinsvegar skal stimpla tékkanótur, innheimtunótur og nótur um kaup og sölu á erlendri mynt o. þ. h.
2. Kvittanir fyrir opinberum gjöldum í ríkissjóð, sýslusjóði og bæja- og sveitasjóði.
3. Kvittanir fyrir vinnulaunum, ef þær nema ekki yfir 100 kr. og ekki er um hluta af föstu mánaðar- eða árskaupi að ræða.
4. Kvittanir eða viðurkenningar fyrir móttöku íslenzkra afurða beint frá framleiðendum, enda nemi þær ekki yfir 600 kr.
5. Kvittanir fyrir endurgreiðslu á tolli eða öðrum ofreiknuðum gjöldum í ríkissjóð, þar með talin endurgreiðsla á líftryggingargjöldum sjómanna o. fl., endurgreiðsla á sköttum o. fl.
6. Kvittanir fyrir víxlum eða ávísunum, sem afhent er til innheimtu eða sýningar.
7. Kvittanir innfærðar á skjöl, sem stimpilskyld eru samkvæmt stimpillögum fyrir greiðslu eða afborgun þeirrar fjárhæðar, sem í þeim er tilgreind, þar með talin framsöl á víxlum og ávísunum. Hér undir heyra m. a. skuldabréf og ýmsir greiðslu- og afborgunarsamningar, afsöl og kaupsamningar, víxlaafsagnir o. s. frv.

16 26. febr.

8. Öll skjöl, sem stimpilskyld eru samkvæmt lögum um stimpilgjald frá 1921, enda þótt þau séu jafnframt kvittun samkvæmt ákvæðum þessara laga.
9. Kvittanir fyrir greiðslum, sem nema minna en 20 kr.

7. gr.

Þegar ávísun eða kvittun er gefin út í fleira en einu eintaki er aðeins eitt þeirra stimpilskylt, en geta skal þess í hinum óstimpluðu eintökum, hvernig frumritið er stimplað.

II. KAFLI

Um hæð stimpilgjalds og framkvæmd stimplunar.

8. gr.

Fjármálaráðuneytið hefir ákveðið að fyrst um sinn verði sama stimpilgjald af öllum ávísunum og kvittunum, hver sem fjárhæð þeirra er, svo framarlega sem þær nema 20 kr. eða meira. Skal stimpilgjaldið vera 10 aurar af hverri ávísun eða kvittun.

Hefir ráðuneytið látið búa til sérstök 10 aura stimpilmerki sem kallast greiðslumerki til þessara nota. Skulu allar ávísanir, sem taldar eru í 1.—4. gr. með þeim undantekningum, sem gerðar eru í 5. og 6. gr. stimplaðar með þessum merkjum.

9. gr.

Stimplunin skal framkvæmd þannig, að greiðslumerki skulu límd framan á kvittun þá eða ávísun, er stimpla á. Síðan skal sá, er stimplunina framkvæmir, skrifa á hvert merki dagsetningu þá er stimplunin fer fram og upphafsstafi sína eða stimpil sinn eða fyrirtækis þess, er gefur ávísunina eða kvittunina út. Sé um símskeyti að ræða skal líma merkið á frumritið og skal sendistöðin votta á skeytið um stimplunina.

10. gr.

Ef í sama bréfi eða skjali er innifalin fleiri en ein ávísun eða kvittun eða bæði ávísun og kvittun, og báðar eða allar stimpilskyldar, skal stimpla hverja ávísun eða kvittun út af fyrir sig, t. d. þar sem eru færðir launalistar, vinnulistar, eða launabækur, þar sem hver einstakur greiðsluþegi kvittar með því að skrifa nafn sitt við sína kaupgreiðslu, að stimpla við hvert nafn sem sérstaka kvittun, með greiðslumerki ellegar stimpla á launalistann með þeirri upphæð greiðslumerkja, sem svarar til fulls stimpilgjalds af hverri kvittun fyrir sig. Kvitti einn maður fyrir hönd fleiri manna á launalistanum, skoðast hver greiðsla sem sérstök kvittun.

Ef A biður B í sama bréfi eða skeyti að greiða fyrir sína hönd afborgun láns til banka og leggja ákveðna fjárhæð inn á hlaupareikning sinn við sama banka eða annan, er þar um tvær og jafnvel fleiri ávísanir að ræða, sem stimplast hver í sínu lagi. Sömuleiðis ef N. N. biður banka að skulda innheimtu á

hlaupareikning sinn í bankanum og auk þess að greiða úr hlaupareikningi sínum afborgun af veðdeildarláni. **16** 26. febr.

Ef A gefur skuldaviðurkenningu, sem hljóðar á þessa leið: „Hefi móttekið frá B kr. 200, sem verða endurgreiddar af kaupi mínu hjá C 1. næsta mánaðar", er þar um bæði kvittun og ávísun að ræða, og verður því að stimplast í tvennu lagi.

Sé hinsvegar greitt í einu lagi gegn mörgum kvittunum, verður sú greiðsla eigi stimpilskyld, þótt engin af hinum einstöku kvittunum nái stimpilskyldufjárhæð.

11. gr.

Aðalreglan er sú, að ávísanir og kvittanir séu stimplaðar við útgáfu og gildir það um allar kvittanir og ávísanir, sem gefnar eru út hér á landi. Ber útgefanda að sjá um að stimplunin sé framkvæmd, og má hann aldrei afhenda kvittun né ávísun, nema áður sé stimplað.

Ávísanir gefnar út erlendis, skulu stimplaðar áður en þær eru hér greiddar, framseldar eða afhentar til innheimtu.

Sé erlendum ávísunum framvísað hér til greiðslu eða innheimtu, hvort sem er til banka og annara lánstofnana eða til annara fyrirtækja eða einstakra manna, skal sá, sem ávísun afhendir eða framselur, stimpla ávísunina eða sjá um að það sé gert þegar í stað, og ber hann þá allan kostnað af stimpluninni.

Séu erlendar ávísanir sendar hingað, þannig að sendandi er eigi til staðar, skal sá, sem við ávísunum tekur, hvort sem er til greiðslu eða innheimtu, stimpla þær við móttöku, ef þær hafa eigi áður verið stimplaðar eins og lög þessi mæla fyrir.

12. gr.

Allir lögreglustjórar og hreppstjórar, í Reykjavík tollstjóri, eru skyldir til að hafa ætíð undir höndum nægar birgðir af greiðslumerkjum til sölu, enda er hverjum sem þess óskar leyfilegt að kaupa slík merki og hafa þau undir höndum.

Þeir, sem hafa á hendi sölu merkjanna fyrir hönd ríkissjóðs, skulu fá í sölulaun 2% af andvirði þeirra merkja, sem þeir hafa selt.

Nú er einhver, sem ekki hefir greiðslumerki undir höndum, en þarf að stimpla kvittun eða ávísun samkvæmt reglugerð þessari, og hefir ekki tök á að afla sér greiðslumerkja eins fljótt og nauðsyn krefur, og er þá heimilt að nota í þeirra stað venjuleg íslenzk frímerki.

13. gr.

Þeir, sem hafa sölu greiðslumerkja undir höndum, skulu halda sölu, reikningshaldi og reikningsskilum merkjanna aðgreindu frá öðru stimpilgjaldi.

Hreppstjórar skulu í lok hvers ársfjórðungs senda hlutaðeigandi sýslumanni skilagrein yfir sölu greiðslumerkja og þær merkjabirgðir, sem þeir hafa í fórum sínum.

Lögreglustjórar og sýslumenn og tollstjóri í Reykjavík, skulu í lok hvers

16 ársheimings senda fjármálaráðuneytinu skilagrein um sölu greiðslumerkja í
26 febr. umdæmi þeirra og birgðir.

Ennfremur er ráðuneytinu heimilt að leyfa öðrum að hafa á hendi sölu á greiðslumerkjum gegn venjulegum sölulaunum.

Heimilt er, hvenær sem er, að láta rannsaka birgðir af greiðslumerkjum hjá þeim er hafa á hendi sölu þeirra.

III. KAFLI

Um eftirlit, sektir o. fl.

14. gr.

Það varðar sektum samkvæmt reglugerð þessari.

1. Ef gefin er út kvittun eða ávísun hér á landi og hún afhent, án þess að stimplað sé eins og reglugerð þessi mælir fyrir.
2. Að taka við og greiða, framselja eða framvísa til innheimtu ávísun, sem ekki hefir verið stimpluð samkv. reglugerð þessari, eða taka við óstimplaðri kvittun, nema að stimplun sé framkvæmd þegar í stað.
3. Að gefa út ávísun eða kvittun í meira en einu lagi fyrir sömu fjárhæð eða greiðslu til þess að komast hjá stimpilgjaldi.

15. gr.

Allir opinberir starfsmenn hafa sömu skyldu til að sjá um að framfylgt sé ákvæðum reglugerðar þessarar og ákveðin er í lögum um stimpilgjald frá 1921. Sömu skyldu hafa og starfsmenn banka og annara lánsstofnana.

Nú fær einhver í hendur ávísun eða kvittun, sem ekki er stimpluð, og skal hann þá sjá um að hún sé stimpluð, og á hann þá kröfurétt á útgefanda.

16. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum frá 5—300 krónum, er renna í ríkissjóð, auk greiðslu hins vantandi stimpilgjalds.

Heimilt er þó fjármálaráðuneytinu fyrstu 5 árin, sem lög þessi gilda, að lækka sektir samkvæmt þeim og láta þær niður falla, ef sérstakar ástæður mæla með því.

17. gr.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara með sem almenn lögreglumál.

18. gr.

Reglugerð þessi, svo og lög nr. 25, 9. janúar 1935, öðlast gildi 1. apríl 1935.

Fjármálaráðuneytið, 26. febrúar 1935.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir ekknasjóð Árneshrepps í Strandasýslu, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra, 28. febrúar 1935. Skipulagsskráin er þannig: **17** 28. febr.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir ekknasjóð Árneshrepps í Strandasýslu.

1. gr.

Frumeyrir sjóðsins er kr. 1222.00 — eitt þúsund tvö hundruð tuttugu og tvær krónur —, sem skulu geymdar og ávaxtaðar í Söfnunarsjóði Íslands.

2. gr.

Sveitarstjórn Árneshrepps hefir stjórn sjóðsins með höndum undir eftirliti sýslunefndar Strandasýslu.

3. gr.

Sjóður þessi skal standa óhreyfður, þannig að allir vextir leggist við höfuðstólinn til ársins 2053, en þá eru liðin tvö hundruð ár frá fæðingu minni.

4. gr.

Árið 2053 skulu í fyrsta sinn ¾ hlutar vaxtanna veittir bágstöddum ekkjum í Árneshreppi, en ¼ hluti vaxta leggist við höfuðstólinn og skal svo gert framvegis á ári hverju.

5. gr.

Sveitarstjórn Árneshrepps úthlutar styrknum eftir því sem hún þekkir þarfir og verðleika umsækjenda, þó ekki minni en kr. 500.00 — fimm hundruð krónur — í stað á ári, en álíti sveitarstjórnin fjárins ekki þörf í nefndu augnamiði, skal henni heimilt að nota það til uppeldis munaðarlausum börnum innan fimmtán ára aldurs.

6. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Ófeigsfirði, 13. júlí 1930.

Guðm. Pétursson.

18
4. marz

AUGLÝSING

um staðfesting kennslumálaráðuneytisins á reglugerð um barnavernd í Hafnarfjarðarkaupstað.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 76 frá 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 43 frá 1932, um barnavernd, er hérmeð staðfest eftirfarandi

REGLUGERÐ

um barnavernd í Hafnarfjarðarkaupstað.

1. gr.

Í umdæmi barnaverndarnefndar Hafnarfjarðar er bannað að selja börnum og unglingum innan 16 ára aldurs tóbak, hverju nafni sem nefnist, gefa þeim það, eða stuðla að því að þau hafi það með höndum eða neyti þess.

2. gr.

Bönnuð er öll sala á brjóstsykursstöngum, spítubrjóstsykri og öðru því sælgæti, sem barnaverndarnefnd álítur hættulegt börnum og unglingum.

3. gr.

Heimilt skal barnaverndarnefnd að banna börnum og unglingum aðgang að þeim skemmtunum, sem henni þykir ástæða til.

4. gr.

Heimilt er barnaverndarnefnd að hafa eftirlit með blaðasölu barna, ef henni þykir ástæða til.

5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum sem brot gegn barnaverndarlögunum.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í kennslumálaráðuneytinu, 4. marz 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Gissur Bergsteinsson.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Hafnarkauptún í Hornafirði.

19
5 marz

1. gr.

Takmörk hafnarinnar eru að vestan Suðurfjörur frá Hornafjarðarós inn að Melatanga. Þaðan hugsuð lína beint í Leiðarhöfða, þaðan takmarkast höfnin af strandlengjunni sunnan Hafnarkauptúns austur á Heppu, þaðan beina línu í syðsta tanga Ægissíðu og þaðan á austasta tanga á henni. Þaðan eru takmörkin beina línu austast í Mikley út í Austurfjörur, þaðan eftir Austurfjörunni vestur að Hornafjarðarós.

2. gr.

Hafnarnefnd hefir á hendi umsjón með höfninni og framkvæmdum hafnarmála. Annast fjárhald hennar og reikningsskil undir yfirumsjón hreppsnefndar. Í hafnarnefnd eiga sæti 5 menn. Eru 2 þeirra kosnir af sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu, en 3 kosnir af hreppsnefnd Nesjahrepps. Þeir eru kosnir til 5 ára og gengur einn úr árlega fyrstu 4 árin eftir hlutkesti.

3. gr.

Öll gjöld, sem reglugerð þessi ræðir um, skulu renna í hafnarsjóð Hornafjarðar. Skal honum varið til að standast kostnað af mannvirkjum, sem við höfnina verða gerð. Hreppsnefnd veitir fé úr sjóðnum, að fengnum tillögum hafnarnefndar, og ákveður hvernig hann skuli ávaxta, enda ber hún ábyrgð á eignum hans eins og öðru fé hreppsins. Reikningar hafnarsjóðs skulu fylgja hreppsreikningum og endurskoðast og úrskurðast með þeim.

4. gr.

Fiskiskip og önnur skip, er ekki ferma eða afferma, mega aldrei leggjast svo á höfnina, að tálmi fermingu eða affermingu annara skipa, og skulu þau í hvert skipti skyld til að hlýða boði hafnarnefndar eða umboðsmanns hennar um það, hvar þau skuli leggjast. Skip mega aldrei leggja svo frá sér strengi eða önnur festartæki, að umferð tálmi. Festartæki frá skipi má aldrei leggja yfir alfaraleið.

5. gr.

Vélbátum þeim, er liggja við sérstök legutæki á höfninni, má ekki leggja svo að hindri eða tefji umferð um höfnina.

6. gr.

Hafnarnefnd getur ákveðið hvar og hvernig legufæri báta og skipa skuli lögð. Enginn má flytja legutæki báts síns nema með leyfi hafnarnefndar, en heimilt er eiganda þeirra, að taka þau upp án leyfis nefndarinnar.

19
5. marz

7. gr.

Seglfestu má hvergi kasta út á höfninni nema með leyfi hafnarnefndar og seglfestu má hvergi taka nema með leyfi landeiganda eða umráðamanna. Bannað er og að kasta í höfnina fiskúrgangi hverskonar og öllu öðru, er óþrifum kann að valda.

8. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina, né á höfninni, má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né heldur breyta þeim mannvirkjum sem nú eru, og ekki fylla upp eða dýpka út frá landi, nema hreppsnefnd hafi veitt samþykki sitt til þess, að fengnum tillögum hafnarnefndar.

9. gr.

Af öllum vörum, sem fluttar eru á land eða úr landi við höfnina, skal greiða til hafnarsjóðs gjald, sem miðast við brúttóþunga vörunnar og sé 15 aurar af hverjum 100 kg., þó aldreí minna en 30 aurar, en af trjávið og slíkum vörum skal greiða 2 aura af hverju teningsfeti, þó aldrei minna en 30 aura. Undanskilinn gjaldinu er póstflutningur og venjulegur farþegaflutningur. Gjöld þessi ber að greiða um leið og vara er flutt í land eða úr landi, og skulu skipstjórar eða afgreiðslumenn inna gjöldin af hendi. Við útreikning gjaldsins skal farið eftir farmskrám skipa, en sé ekki farmskrá fyrir hendi, verður skipstjóri eða formaður eða afgreiðslumaður að gefa yfirlýsingu um, hversu mikill og hver farmurinn er og gjaldið þá reiknað samkvæmt henni. Hafnarsjóður hefir haldsrétt á vörum þeim, er greiða skal gjald af, unz það er goldið, og er heimilt að taka gjald þetta lögtaki.

10. gr.

Öll gjöld til hafnarsjóðs skal greiða til hafnarnefndar eða umboðsmanns hennar.

11. gr.

Þeir, sem skemma mannvirki hafnarinnar, eru skyldir að bæta að fullu kostnað við lagfæring á þeim.

12. gr.

Enginn, sem bakað hefir sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema setja tryggingu sem hafnarnefnd tekur gilda. Sama gildir um skaðabótaskyld skip.

13. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 20—500 krónum, nema þyngri hegning liggi við að lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð.

14. gr. 19

Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara með sem almenn lög- 5. marz
reglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58, 28. janúar 1935, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 5. marz 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ 20

7. marz

um breyting á reglugerð um gjaldeyrisverzlun, innflutning o. fl. 11. jan. 1935.

3. gr. reglugerðar um gjaldeyrisverzlun, innflutning o. fl. 11. jan. 1935 hljóði svo:

Bannað er að flytja eða selja til útlanda íslenzkan gjaldeyri, hvort heldur eru seðlar eða inneignir í bönkum, sparisjóðum eða hjá einstökum mönnum eða fyrirtækjum. En frjálsar skulu þær inneignir, sem myndast við sölu á erlendum gjaldeyri til bankanna. Skal póststjórninni heimilt að láta framkvæma nauðsynlegt eftirlit með bréfa- og bögglasendingum, til þess að tryggja það, að íslenzkir peningar séu ekki fluttir í pósti.

Fjármálaráðuneytið, 7. marz 1935.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

REGLUGERÐ 21

13. marz

um einkasölu á rafvélum, rafáhöldum o. fl.

Samkvæmt lögum nr. 30, 9. janúar 1935, um heimild handa ríkisstjórninni til einkasölu á bifreiðum, rafvélum, rafáhöldum o. fl., er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

1. gr.

Ríkisstjórnin setur á stofn Raftækjaeinkasölu ríkisins og frá 1. júní 1935 má enginn nema hún flytja hingað til lands frá útlöndum neina af vörutegundum þeim, sem hér eru taldar á eftir:

21 13. marz

Rafalar, hverskonar rafhreyflar og aðrar rafvélar (þar undir teljast vélar, sem eru sambyggðar rafhreyfli, nema hreyfillinn sé ekki verulegur hluti vélarinnar). Allskonar rafvélahlutar og allskonar efni til viðgerðar og uppsetningar á rafölum, rafhreyflum og rafvélum.

Rafhitunartæki og rafsuðutæki og hverskonar hlutar þeirra.

Rafmælar, rafmælitæki, straumbreytar og spennubreytar og hverskonar hlutar þeirra.

Rofar, tenglar, vör (öryggi) og allskonar spjaldbúnaður (töflubúnaður), spennar og hverskonar búnaður fyrir spennistöðvar.

Einangrarar, hnappar, völur, dósir, raflagnapípur og hverskonar annar búnaður raflagna.

Eirvír og vafinn vír, snúrur og strengir (kabil) úr eir, strenghólkar og annað efni til lagninga á vír, snúrum og strengjum.

Glólampar (ljósakúlur), boglampar og glimlampar fyrir lágspennu og háspennu.

Raflampar og hlutar þeirra.

Röntgentæki, raflækningaáhöld og hlutar þeirra.

Rafgeymar og rafhlöður, talsíma- og ritsímaáhöld, dýptarmælar (Ekkolod), miðunartæki og allskonar loftskeytatæki og kvikmynda- og talmyndaáhöld.

Undantekin ofantöldum vörum eru viðtæki, hlutar þeirra og aðrar vörur, sem viðtækjaverzlun ríkisins hefir einkasölu á samkvæmt reglugerð um einkasölu á útvarpstækjum, dags. 31. október 1930.

2. gr.

Vörur þær, sem raftækjaeinkasala ríkisins flytur inn samkvæmt 1. gr., selur hún í heildsölu löggiltum rafvirkjum, kaupfélögum, verzlunarfélögum, kaupmönnum, opinberum stofnunum ríkisins eða bæjarfélaga, en eigi öðrum.

3. gr.

Birgðir af vörum þeim, sem getur í 1. gr. sem fyrirliggjandi eru í landinu hjá heildsölum 1. júní 1935, tekur raftækjaeinkasalan í umboðssölu, ef samningar takast um verð, en að öðrum kosti verður á það lagt gjald, er rennur í ríkissjóð, er nemur allt að 20% af útsöluverði þeirra. Smásölum er heimilt að selja birgðir sínar af þessum vörum, sem eru fyrirliggjandi 1. júní 1935, en verði sölu þeirra eigi lokið 1. janúar 1936 verða ný ákvæði sett um hvernig skuli fara með birgðir þær, sem þá kunna að vera óseldar.

4. gr.

Raftækjaeinkasala ríkisins skal leggja frá 5—75 af hundraði á vörur þær, er hún selur, eftir því, sem henta þykir um hverja tegund. Álagning þessa skal miða við verð vörunnar kominnar í hús hér á landi, að viðbættum tolli. Heimilt skal að hafa álagninguna lægri en 5%, og má jafnvel láta alveg niður falla, ef um er að ræða innflutning á vélum og efni til bygginga stórra rafstöðva, sem

eru eign ríkis, bæjar- eða sveitarfélaga. Söluverðið sé miðað við greiðslu við móttöku. 21 13. marz

5. gr.

Raftækjaeinkasalan skal greiða hinn lögákveðna toll af vörum þeim, sem hún flytur inn, þar sem varan er fyrst flutt á land, á þann hátt og á þeim tíma, sem lög mæla fyrir. Raftækjaeinkasölunni skal heimilt að greiða reikninga tollstjóra utan Reykjavíkur beint í ríkissjóð.

6. gr.

Fyrst um sinn er Tóbakseinkasölu ríkisins falin rekstur raftækjaeinkasölunnar og veitir fjármálaráðherra forstöðumanni tóbakseinkasölunnar jafnframt prókúruumboð fyrir raftækjaeinkasölu ríkisins. Reikningsár raftækjaeinkasölunnar er almanaksárið. Fyrir 1. marz ár hvert skal forstöðumaður einkasölunnar hafa lokið við reikninginn fyrir undanfarið starfsár og afhenda ríkisstjórninni hann. Af ágóða hvers árs skal leggja 15%—25%, eftir ákvörðun fjármálaráðherra, í varasjóð. Af ágóðanum af rekstrinum til ársloka 1935 má þó leggja 70% í varasjóð. Ágóðinn af rekstri raftækjaeinkasölunnar skal að frádregnu varasjóðstillagi greiðast í ríkissjóð. 30% af öllum ágóða hvers árs greiðir ríkissjóður bæjar- og sýslusjóðum þannig: 10% renna til bæjarsjóðs þess kaupstaðar, sem einkasalan hefir aðalsetur í, en 20% skiptast eftir mannfjölda milli bæjarsjóðs annara kaupstaða og sýslusjóða.

Skatt þenna greiðir ríkissjóður bæjarsjóðum og sýslusjóðum 1. marz ár hvert af ágóða næstliðins árs. Raftækjaeinkasölu ríkisins ber eigi að greiða skatt samkv. 2. gr. laga nr. 47, 4. júní 1924, um aukaútsvör ríkisstofnana.

7. gr.

Raftækjaeinkasalan skal jafnan hafa nokkurn forða fyrirliggjandi af aðalvörutegundum þeim, sem hún flytur inn. Kostnað af sendingu innanlands beri viðskiptamenn. Pantaðar vörur getur einkasalan látið senda beint frá útlöndum til þeirra staða hér á landi, sem óskað er og miðast álagning þá við verðið á höfn ákvörðunarstaðarins.

8. gr.

Hámarksálagning í smásölu á vörum einkasölunnar má eigi vera hærri en frá 10%—50% eftir því, sem einkasalan ákveður um hverja tegund. Álagning í smásölu skal miða við verð einkasölunnar að viðbættum flutningskostnaði til útsölustaðarins. Sá kostnaður má þó aldrei reiknast hærri en 10%.

9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 500—50000 kr., nema þyngri refsing liggi við að lögum. Hver sá hlutur, sem ræðir um í 1. gr. og ólöglega er fluttur inn í landið, skal upptækur ger og andvirðið renna til einkasölunnar.

21
13. marz

10. gr.

Með mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

11. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. júní 1935.

Fjármálaráðuneytið, 13. marz 1935.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

22
15. marz

REGLUGERÐ

um framleiðslu, meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.

Samkvæmt lögum nr. 1 frá 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl., er hérmeð sett eftirfarandi reglugerð:

I. KAFLI

Um löggildingu mjólkurbúa og eftirlit með þeim.

1. gr.

Mjólkurbú þau, er starfa vilja og hljóta réttindi samkvæmt lögum um sölu mjólkur, rjóma o. fl., og reglugerð þessari, skulu vera viðurkennd og löggilt af landbúnaðarráðherra.

2. gr.

Mjólkursölunefnd annast þá athugun mjólkurbúa, er fram þarf að fara, samkvæmt reglugerð þessari, til þess að þau geti hlotið slíka löggildingu, og gerir tillögur um löggildinguna til landbúnaðarráðherra. Skal sú athugun framkvæmd af þriggja manna skoðunarnefnd, tveimur úr mjólkursölunefndinni og þriðja, er sé sérfræðingur í mjólkuriðnaði. Skal það vera ráðunautur landsstjórnarinnar á því sviði, ef þess er kostur, ella annar maður, er nefndin velur.

3. gr.

Nú óskar eitthvert mjólkurbú að fá löggildingu. Skal þá stjórn búsins senda mjólkursölunefndinni umsókn, stílaða til landbúnaðarráðherra, um að löggilding fari fram. Umsókninni skal fylgja:

1. Eitt eintak af lögum félags þess, er á búið og rekur það, ef um samvinnufélag eða hlutafélag er að ræða.
2. Uppdráttur af búinu.

3. Greinileg lýsing á búinu. Vélakosti þess, starfshætti véla og afköstum (teknisk lýsing). Skal fylgja lýsingunni uppdráttur af fyrirkomulagi véla í búinu. 22 15. marz
4. Vottorð frá viðkomandi héraðslækni um að hann hafi skoðað búið og kynnt sér húsakynni þess, umgengni og meðferð mjólkur og mjólkurvara, ef búið er tekið til starfa. Skal í vottorðinu felast ákveðin umsögn um þessi atriði, og hvernig þau fullnægi heilbrigðiskröfum.
5. Aðrar upplýsingar, er forráðamenn búsins telja máli skipta, eða mjólkursölunefnd kann að óska eftir.

4. gr.

Að fengnum þessum upplýsingum lætur nefndin fara fram þá athugun og rannsókn á búinu, er hún telur fullnægja. Skal forstjóri búsins, og forráðamenn, láta skoðunarnefnd í té þær upplýsingar og þá aðstoð, er hún kann að óska eftir, til þess að skoðun búsins geti orðið sem ítarlegust og náð sem bezt tilgangi sínum.

5. gr.

Að lokinni skoðunargerð og fenginni skýrslu skoðunarnefndar, sendir mjólkursölunefnd tillögur sínar um löggildingu til landbúnaðarráðherra, er tekur endanlega ákvörðun um löggildinguna og gefur út tilkynningu um hana. Í löggildingunni skal tekið fram til hvaða starfsgreina mjólkurbúsrekstrar og mjólkuriðnaðar löggildingin nái. Ennfremur hvort búinu ber skylda til að gerilsneyða mjólk fyrir aðra en félagsmenn þess.

6. gr.

Nú fer fram veruleg breyting á löggiltu mjólkurbúi, húsakynnum þess, vélakosti þess eða öðru, er máli skiptir. Skulu þá forráðamenn tilkynna það mjólkursölunefnd, er tekur ákvörðun um hvort ný skoðunargerð skuli fram fara á búinu. Að lokinni skoðunargerð — ef slík fer fram — gerir mjólkursölunefnd tillögur til landbúnaðarráðherra um hvort ný löggilding skuli fara fram eða eigi.

7. gr.

Mjólkursölunefnd skal ætíð heimill aðgangur að mjólkurbúum til athugunar og eftirlits, og skal forráðamönnum búa skylt að láta henni í té allar þær upplýsingar, er hún kann að óska eftir, um rekstur þeirra og afkomu. Mjólkursölunefnd getur í sambandi við eftirlit með búunum krafizt tryggilegs læknieftirlits með heilbrigði og heilsufari þeirra manna, er starfa við þau að meðferð mjólkur og vinnslu. Getur hún lagt forráðamönnum búanna ákveðnar skyldur á herðar um slíkt eftirlit, í samráði við landlækni.

8. gr.

Nú finnur mjólkursölunefnd ástæðu til þess, að koma fram með aðfinnslur við forráðamenn einhvers mjólkurbús, viðvíkjandi einu eða öðru, er hún

22 telur óviðunandi hjá mjólkurbúinu, hvort sem er ástand húsa, véla, umgengni,
15. marz rekstur eða annað, skal hún þá tilkynna viðkomandi aðiljum athugasemdir sínar skriflega, og ákveða frest til lagfæringar. Fáist eigi sú leiðrétting eða umbætur, er nefndin hefir farið fram á, skal hún vekja athygli landbúnaðarráðherra á því sem um er að ræða, og getur hann þá, eftir tillögum mjólkursölunefndar, svipt bú það, er í hlut á, löggildingu og rétti til að starfa samkvæmt lögum um sölu mjólkur og rjóma o. fl., að einhverju eða öllu leyti.

9. gr.

Að öðru leyti annast mjólkursölunefnd eftirlit með mjólkurbúum og rekstri þeirra, samkvæmt lögum um sölu mjólkur og rjóma o. fl., eftir því sem henni þykir við þurfa á hverjum tíma, eða landbúnaðarráðherra óskar eftir.

10. gr.

Allan beinan kostnað, er leiðir af löggildingu mjólkurbúa, skulu búin sjálf greiða, hvert fyrir sig. Telst þar til kostnaður skoðunarnefndar við undirbúning og skoðunargerð, ferðalög í sambandi við hana og annar slíkur kostnaður, er eigi verður hjá komizt.

II. KAFLI

Verðjöfnunarsvæði.

11. gr.

Við sölu mjólkur og rjóma skal landinu skipt í verðjöfnunarsvæði og markar sú aðstaða skiptinguna, að hægt sé á aðalmarkaðsstað, eða markaðsstöðum svæðisins (kaupstöðum og kauptúnum) að selja daglega góða og óskemmda mjólk, og rjóma, framleidda á svæðinu, frá mjólkurbúum einu eða fleirum sem þar starfa, og viðurkennd eru til þess af landbúnaðarráðherra.

Þegar verðjöfnunarsvæði eru ákveðin skal taka sem fyllst tillit til þess, hvaða mjólkurbú og mjólkurframleiðendur hafa notið markaðar í hlutaðeigandi kaupstöðum og kauptúnum.

12. gr.

Verðjöfnunarsvæði skulu ákveðin jafnóðum, og eftir því, sem aðstaða skapast til mjólkurbúsreksturs og skipulagðrar mjólkursölu, enda sé kaupstaður eða kauptún, sem ekki fellur undir annað verðjöfnunarsvæði sem áður er ákveðið, innan takmarka hins nýja verðjöfnunarsvæðis.

Heimilt er mjólkursölunefnd, ef hagkvæmt þykir, að sameina verðjöfnunarsvæði, eða breyta takmörkum þeirra.

13. gr.

Öllum mjólkurframleiðendum er óheimilt að selja nýmjólk, rjóma eða nýtt skyr utan þess verðjöfnunarsvæðis sem þeir eru á. Mjólkursölunefnd get-

ur þó leyft slíka sölu, enda setji þeir er slíkt leyfi fá fulla tryggingu fyrir greiðslu verðjöfnunargjalds af vörunni. 22 15. marz

III. KAFLI

Verðjöfnunargjald.

14. gr.

Í öllum þeim kaupstöðum og kauptúnum, þar sem fram fer dagleg sala á mjólk og rjóma frá viðurkenndu mjólkurbúi eða samsölu viðurkenndra mjólkurbúa skal gjald er nefnist verðjöfnunargjald, lagt á alla neyzlumjólk, og rjóma, sem seld er, hvort sem salan fer fram frá mjólkurbúi, samsölu mjólkurbúa, eða einstaklingum þeim, er selja kunna ógerilsneydda neyzlu- eða barnamjólk beint til neytenda samkvæmt heimild frá mjólkursölunefnd.

Gjald þetta má nema allt að 5% af útsöluverði mjólkur og rjóma, en heimilt er þó að hækka gjaldið, ef sérstök þörf krefur, þó aldrei meira en allt að 8%, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

15. gr.

Undanþegin verðjöfnunargjaldi er mjólk, sem framleidd er á ræktuðu landi innan sama kaupstaðar eða kauptúns, sem hún er seld í. Undanþágan gildir fyrir eina kú fyrir hvern fullræktaðan hektara af túni og hlutfallslega fyrir brot úr hektara, sem framleiðandi notar til fóðurframleiðslu innan kaupstaðarins eða kauptúnsins. Undanþágur reiknast á þann hátt, að mjólkurmagni því er framleiðandi selur er mánaðarlega deilt með kúatölu hans. Greiðist verðjöfnunargjaldið af mjólkurmagni því sem verður umfram þá kúatölu er svarar til túnstærðar hans.

Dæmi: Framleiðandi hefir 5,5 ha. tún. Í jan. hefir hann 6 kýr, sem hafa borið einu sinni eða oftar, og selur 1500 lítra af mjólk, eða 250 lítra á kú. Kúafjöldi umfram túnstærð er ½ kýr. Greiðir þá maðurinn verðjöfnunargjald af hálfri kýrnyt eða 125 lítrum. Sami maður hefir í okt. 6,25 kýr (6 kýr allan mánuðinn og þá 7. ¼ af mánuðinum), og selur 1000 lítra af mjólk, eða 160 lítra á kú. Kúafjöldi umfram ha. tölu er 0,75. Verðjöfnunargjald greiðist af 160 l. × 0,75 = 120 l.

Framleiðendur þeir er njóta undanþágu verðjöfnunargjaldsins samkvæmt þessum ákvæðum skulu á hverjum tíma sanna fyrir þeim aðila sem annast innheimtu verðjöfnunargjalds, túnstærð sína og kúafjölda.

16. gr.

Mjólkursölunefnd hefir yfirumsjón með innheimtu og varðveizlu verðjöfnunargjalds. Skal það lagt í sérstakan sjóð fyrir hvert verðjöfnunarsvæði. Nefnast sjóðir þessir verðjöfnunarsjóðir. Þá skal geyma í Landsbanka Íslands, Búnaðarbankanum eða á öðrum jafntryggum stað. Verðjöfnunargjald skal

22 greitt eftir á í byrjun hvers mánaðar, og má innheimta það með lögtaki hjá
15. marz seljendum mjólkurinnar, hvort sem það er mjólkurbú, samsölur, eða einstaklingar, sbr. 14. gr. þessarar reglugerðar, enda skal mjólkurbúum og samsölum ætíð skylt, er þau greiða meðlimum sínum eða öðrum, andvirði mjólkur þeirrar er þau taka til meðferðar og sölu, að halda eftir því fé, er þarf til greiðslu verðjöfnunargjaldsins. Úr verðjöfnunarsjóði skal greiða verðuppbót á þá mjólk sem notuð er til vinnslu í viðurkenndum mjólkurbúum, sem starfa á viðkomandi verðjöfnunarsvæði. Verðuppbætur skal reikna þannig, að sem jafnast verð fáist fyrir vinnslumjólkina á hverju verðjöfnunarsvæði, hvaða vörur sem unnar eru úr henni. Aldrei skal greiða verðuppbót á skyr, sem framleitt er úr mjólk, sem tilfellst frá þeim rjóma, sem seldur er, enda sé skyrmagnið í eðlilegu hlutfalli við rjómasöluna.

17. gr.

Mjólkursölunefnd getur leyft að niður falli greiðsla verðjöfnunargjalds á einhverju verðjöfnunarsvæði, ef mjólkurframleiðendur á því svæði koma sér saman um ákveðið verð til framleiðenda á svæðinu, með eða án ákveðinna hlutfalla í sölu mjólkur, rjóma og annara mjólkurafurða á aðalmarkaðsstöðum innan svæðisins, eftir fjarlægð frá markaðsstöðunum og öðrum staðháttum. Setur mjólkursölunefnd ákveðnar reglur um þau atriði eftir því sem þörf krefur á hverjum stað, sem slíkt fyrirkomulag er leyft.

IV. KAFLI

Um útsöluverð á mjólk og rjóma og öðrum mjólkurvörum.

18. gr.

Útsöluverð á mjólk, rjóma og öðrum mjólkurvörum á hverjum þeim sölustað innan verðjöfnunarsvæðis þar sem fram fer reglubundin sala á mjólk og mjólkurvörum frá mjólkurbúi eða samsölu, skal ákveðið af 5 mönnum. Tveir þeirra skulu vera úr stjórn hlutaðeigandi mjólkurbús eða samsölu, tveir tilnefndir með hlutfallskosningu af hlutaðeigandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd, en oddamann skipar landbúnaðarráðherra.

19. gr.

Útsöluverð skal á hverjum tíma reiknað út, eftir því sem við verður komið, eftir vísitölum er sýni sem gleggst framleiðslukostnað mjólkurinnar og kostnað við meðferð hennar, dreifingu og sölu. Framleiðslukostnaður telst allur kostnaður við framleiðslu mjólkurinnar á framleiðslustaðnum og flutningur hennar til viðkomandi mjólkurbús. Sölukostnaður telst í einu orði allur kostnaður við meðferð mjólkurinnar í viðkomandi mjólkurbúi, flutningur mjólkur og mjólkurvara þaðan á sölustað eða til samsölu, og allur annar kostnaður við dreifingu og sölu.

20. gr. 22

Jafnóðum og verðjöfnunarsvæði eru ákveðin skal finna verðstuðla, er 15. marz
gildi fyrir þau, sbr. 19. gr. þessarar reglugerðar. Skal verðlagsnefnd sú, er um getur í 18. gr. setja sér ákveðnar reglur um útreikning verðstuðla og annað, er viðkemur verðlagningu á mjólk, rjóma og öðrum mjólkurvörum. Getur landbúnaðarráðherra ákveðið að hagstofustjóri og maður tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands taki þátt í að finna grundvöll fyrir slíkum reglum og vinni með verðlagsnefnd að setningi þeirra. Reglur þær, er settar verða á þann hátt, skulu bornar undir álit landbúnaðarráðherra og hljóta eigi gildi fyr en þær ná samþykki hans.

21. gr.

Í reglum þeim, er settar eru um verðlagningu á mjólk, rjóma og öðrum mjólkurvörum skulu, að því er nær til framleiðslukostnaðar, fyrst og fremst eftirtaldir kostnaðarliðir teknir til greina og í þeim hlutföllum, er réttmætt virðist:

1. Kaupgjald, 2. fæðiskostnaður, 3. fóðurbætir, 4. tilbúinn áburður, 5. opinber gjöld, 6. eftirgjald, 7. vextir. Að öðru leyti ákveður verðlagsnefnd og menn þeir, er taka þátt í að setja reglur um verðlagningu samkvæmt 20. gr. þessarar reglugerðar, hver atriði framleiðslu- og sölukostnaðar eru lögð til grundvallar við verðlagninguna og í hverjum hlutföllum.

22. gr.

Verðlagning á mjólk og rjóma og öðrum mjólkurvörum skal fara fram eins oft og mjólkursölunefnd ákveður, að jafnaði eigi oftar en einu sinni á ári, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi, svo sem óvenjulegar verðsveiflur eða framleiðsluvandræði sökum harðinda o. s. frv.

23. gr.

Ef mjólk, rjómi eða aðrar mjólkurvörur eru fluttar milli verðjöfnunarsvæða, og ágreiningur verður um heildsöluverð á vörum þessum, sökum mismunandi verðlags á hinum einstöku verðjöfnunarsvæðum, skal mjólkursölunefnd ákveða verð á vörunum.

V. KAFLI

Um samsölu á mjólk, rjóma, nýju skyri og öðrum mjólkurvörum.

24. gr.

Þar sem aðeins eitt mjólkurbú er starfandi á verðjöfnunarsvæði skal það annast alla sölu og dreifingu á neyzlumjólk, rjóma og nýju skyri í kaupstað eða kaupstöðum verðjöfnunarsvæðisins. Tekur sá réttur einnig til þeirrar mjólkur, sem er undanþegin verðjöfnunargjaldi samkvæmt 15. gr. þessarar reglugerðar.

22 15. marz

Þar sem fleiri en eitt mjólkurbú eru starfandi á sama verðjöfnunarsvæði skulu þau hafa samsölu á þessum vörum þannig, að öll sala og dreifing þeirra fari fram frá einni sölumiðstöð.

Öllum öðrum en hlutaðeigandi mjólkurbúum, eða samsölum þeirra, er óheimilt að selja mjólk, rjóma eða nýtt skyr í þeim kaupstað eða kaupstöðum, sem starfs og söluréttur þeirra nær til. Stjórn mjólkurbús eða samsölu getur þó veitt leyfi til þess að dreifa þar mjólk sem gjöfum eða heimilað framleiðanda að taka hana til eigin neyzlu utan heimilis síns, þyki henni sérstök ástæða til. Sömuleiðis er framleiðanda ætíð heimilt að taka í þarfir heimilis síns til neyzlu þar mjólk þá, er hann framleiðir á heimilinu, og er sú mjólk undanþegin gerilsneyðingarskyldu.

25. gr.

Ef mjólkursölunefnd þykir ástæða til, getur hún að fengnu leyfi landbúnaðarráðherra, ákveðið að viss kauptún, sveitir eða hluti úr sveitum, skuli tekið undir sölu- og dreifingarrétt mjólkurbúa eða sölumiðstöðva þeirra þar sem um samsölu er að ræða.

Auk neyzlumjólkur, rjóma og nýs skyrs, hafa samsölur mjólkurbúa heimild til að taka í sínar hendur sölu og dreifingu á öllum öðrum mjólkurvörum, er viðkomandi mjólkurbú framleiða.

26. gr.

Heimilt er mjólkursölunefnd að leyfa þeim, er framleiða mjólk innan lögsagnarumdæma kaupstaða, að velja um hvort þeir afhenda sölumjólk sína til viðkomandi mjólkurbús eða samsölu og njóta undanþágu verðjöfnunargjalds samkvæmt 15. gr. þessarar reglugerðar, eða selja mjólk sína beint til neytenda innan lögsagnarumdæmisins og greiða af henni fullt verðjöfnunargjald. Skal þá verðjöfnunargjaldið miðað við 3000 lítra ársnyt úr hverri kú, sem borið hefir einu sinni eða oftar. Þeir, sem að fengnu leyfi selja mjólk sína þannig beint til neytenda, skulu mánaðarlega gefa viðkomandi mjólkurbúi eða samsölu upplýsingar um kúatölu sína samkvæmt vottorði frá dýralækni þeim, er eftirlit hefir með mjólkurframleiðslu þeirra samkvæmt VII. kafla þessarar reglugerðar. Skal verðjöfnunargjaldið reiknað og greitt eftir því með jöfnum mánaðarlegum greiðslum.

Mjólkursölunefnd getur svipt mjólkurframleiðanda leyfi til beinnar sölu til neytenda, ef hann hlýðir eigi settum reglum, eða ef henni þykir hann misbeita heimild sinni eða nota hana gagnstætt tilgangi laga og reglugerðar.

Við framleiðslu og meðferð mjólkurinnar skal þeim, er hljóta leyfi til beinnar sölu, skylt að hlíta í öllu fyrirmælum í VI. og VII. kafla þessarar reglugerðar.

27. gr.

Skylt er mjólkurbúum og samsölum, sem annast sölu á neyzlumjólk, rjóma og öðrum mjólkurvörum samkvæmt reglugerð þessari, að sjá um að ætíð sé

næg neyzlumjólk til sölu, á þeim stöðum sem sölu- og dreifingarréttur þeirra nær til, svo framarlega sem framleiðsla er fyrir hendi, nema um óviðráðanlegar sölutruflanir sökum samgönguhindrana af völdum ísa og snjóa eða annars slíks, sé að ræða

28. gr.

Öll mjólk og rjómi, sem mjólkurbú og samsölur annast sölu á samkvæmt lögum um meðferð og sölu mjólkur, rjóma o. fl., og reglugerð þessari, skal vera gerilsneydd af mjólkurbúum, sem löggilt eru til gerilsneyðingar á neyzlumjólk og rjóma.

Gerilsneyðingarskyldan nær þó eigi til þeirrar mjólkur, sem mjólkurbú eða samsölur selja samkvæmt VII. kafla þessarar reglugerðar. Ennfremur gildir hún eigi um *barnamjólk* sem framleidd er og seld er samkvæmt VIII. kafla þessarar reglugerðar.

29. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem mjólkurbú eða samsala annast sölu og dreifingu á neyzlumjólk, og mjólkurvörum, geta félög mjólkurframleiðenda myndað og rekið samsölu með viðkomandi mjólkurbúi eða mjólkurbúum, enda sé aldrei nema eitt slíkt félag innan hvers kaupstaðar eða kauptúns, er taki þátt í viðkomandi samsölu.

Heimilt er stjórn mjólkurbús eða samsölu að taka mjólk til meðferðar og sölu frá einstökum framleiðendum, sem eigi eru félagsbundnir meðlimir mjólkurbús eða framleiðendafélags á félagssvæðinu. Þó skulu slíkir einstakir ófélagsbundnir framleiðendur eigi hafa neinn atkvæðisrétt um kosningu stjórnar þess mjólkurbús eða samsölu, er þeir skipta við.

30. gr.

Landbúnaðarráðherra getur leyft, að einstök bú (kúabú), sem eru eign ríkis eða bæjarfélaga, eða rekin af þessum aðiljum, megi taka þátt í samsölu mjólkur og mjólkurvara, ef þau eru á verðjöfnunarsvæði þar sem slík samsala er rekin, enda hafi þau engan atkvæðisrétt um kosningu stjórnar samsölunnar. Getur landbúnaðarráðherra sett sérstök ákvæði um slíka þátttöku, eftir því sem aðstæður benda til í hverju einstöku tilfelli, og í samráði við mjólkursölunefnd.

31. gr.

Þar sem svo stendur á sem segir í 29. og 30. gr. hér að framan um þátttöku framleiðendafélaga, einstaklinga eða búa, er ríki eða bæjarfélög eiga eða reka, í mjólkurbúi eða samsölu, getur landbúnaðarráðherra gert mjólkurbúum að skyldu, og sett sem skilyrði fyrir löggildingu þeirra, að þau taki mjólk þessara aðilja til gerilsneyðingar og meðferðar gegn sanngjörnu gjaldi, og getur ráðherra ákveðið hámark þess.

22 15. marz

32. gr.

Þar sem samsala á mjólk, rjóma og öðrum mjólkurvörum á sér stað samkvæmt lögum um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl. og reglugerð þessari, skulu mjólkurbú þau og framleiðendafélög, sem taka þátt í samsölunni, skipa stjórn sem annast alla sölu og dreifingu, og aðrar framkvæmdir samsölunnar. Stjórnina skal skipa eftir ákveðnum reglum, er viðkomandi bú og félög setja sér um það, og landbúnaðarráðherra samþykkir.

VI. KAFLI

Almennar reglur um framleiðslu og meðferð mjólkur.

33. gr.

Allir mjólkurframleiðendur, sem afhenda mjólk til mjólkurbúa eða samsölu, skulu kosta kapps um, að framleiða hreina og ómengaða mjólk. Til þess að svo megi verða, skal sérstaklega taka fullt tillit til eftirfarandi atriða.

34. gr.

Fjósið verður að vera nægilega loftgott og bjart. Flór skal vera lagarheldur (t. d. steinsteyptur). Leiðslur úr flór í safnþró skulu vera útbúnar með vatnslásum, niðurföll í mykjukjallara eða dyr úr fjósi í mykjuhús skulu vera þétt, eftir því sem frekast verður við komið. Fjósinu skal haldið vel hreinu. Eigi má geyma í fjósinu aðra hluti en þá, sem notaðir eru til fjósverkanna. Annan búfénað en nautgripi skal helzt ekki hafa í fjósinu, en ef eigi verður hjá því komizt, skal hafa þá vel aðskilda frá mjólkurkúnum, og ef alifuglar eru hafðir í fjósinu, skal þeim haldið fullkomlega afkróuðum, svo fuglasaur berist ekki um fjósið, eða þeir valdi óþrifnaði á annan hátt.

Veggi og loft, milligerðir og aðra innviði skal hreinsa svo oft, að skúm, mygla, ryk og annar óþrifnaður safnist ekki fyrir. Fjósið skal kalkað innan eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Undirburð, sem veldur ryki (t. d. aska, þurr fín mómold), má ekki nota.

Sé salerni við fjósið, má ekki vera innangengt úr fjósinu í það, og með öllu er bannað, að nota fjósið sem salerni.

35. gr.

Kýrnar skulu vera vel hirtar, burstaðar daglega og haldið vel hreinum, svo mjólkin óhreinkist ekki. Bannað er að þvo kýrnar úr baðlyfjum, sem valda lykt, er geti mengað mjólkina (kreolínbaðlyf).

36. gr.

Mjaltafólk skal vera þrifalega klætt, helzt í sérstökum mjaltasloppum, og hreint um hendur. Júgur kúnna skulu hreinsuð á þann hátt, að strjúka

þau með deigum klút áður en mjöltun fer fram. Kýr með þrymla í júgrum eða aðrar júgurskemmdir skulu ávallt mjaltaðar síðast. Mjólk, sem að útliti eða á einhvern annan hátt er frábrugðin venjulegri mjólk, t. d. vatnsþunn, slímkennd, strimluð, með annarlegum lit, lykt eða bragði, skal haldið algerlega aðskilinni frá annari mjólk. Slíkri mjólk má aldrei blanda saman við sölumjólk. Eigi má heldur mjólka hana niður í básana eða hella henni niður í fjósinu. Ekki má sía mjólkina í fjósinu, eða láta hana standa þar á meðan mjöltun fer fram. Ekki má moka flór eða gera hreint í fjósinu á annan hátt, eða bursta kýrnar, meðan á mjöltum stendur. Flórmokstri og ræstingu skal helzt lokið og loftið í fjósinu hreinsað með því að opna glugga eða loftrásir eigi síðar en 15 mín. áður en mjaltir byrja.

37. gr.

Broddmjólk (4—5 fyrstu mál eftir burð) má eigi blanda saman við sölumjólk, eigi heldur hreytlum úr geldstöðukúm.

38. gr.

Bannað er að mjólka í zinkvarin (galvaniseruð) eða ryðguð ílát, sömuleiðis að geyma mjólk eða flytja í slíkum ílátum. Mjólkurfötur eiga helzt að vera tinaðar eða úr alumíníum, eða ryðfríu stáli, flutningsílát sömuleiðis. Mjólkin sé síuð um leið og henni er hellt í geymslu- eða flutningsílát, og skal nota til þess mjólkursigti með bómullarbotni (vattbotni). Sé ekki sérstakur mjólkurklefi til við fjósið, skal gæta þess, að sía mjólkina þar sem er loftgott og hreinlegt. Að loknum mjöltum og síun er mjólkin kæld í köldu, rennandi vatni, eða á annan hátt, sem bezt verður við komið. Loft þarf að geta komizt að mjólkinni meðan hún er að kólna, og mega ílátin því eigi vera algerlega lokuð meðan kæling fer fram. Öllum mjólkurílátum skal haldið vandlega hreinum, með daglegum þvotti úr kalkvatni, heitu vatni og með því að viðra þau. (Kalk og sóda má ekki nota við þvott á alumíníumílátum). Sé mjaltað með mjaltavélum, skal gæta ítarlegs hreinlætis við hirðingu þeirra, samkvæmt þeim reglum, sem gilda um meðferð þeirra og notkun. Kýr, sem grunur leikur á að séu með júgurbólgu eða eru með þann sjúkdóm eða aðra júgursjúkdóma, skal ekki mjalta með vélum. Vandlega skal forðast að mjólkin frjósi, áður en hún er send af stað, og eftir því sem við verður komið meðan á flutningi stendur.

39. gr.

Á heimilum þeim, sem framleiða sölumjólk, skal viðkomandi embættisdýralæknir árlega framkvæma dýralækniseftirlit með nautgripum, heilbrigði þeirra, hirðingu, umgengni í fjósi og öðru því, er lýtur að mjólkurframleiðslunni. Dýralæknir skal í samráði við viðkomandi mjólkurbú og samsölu, færa bækur, er beri með sér, hvernig hinum ýmsu atriðum, sem tilgreind eru í þessum kafla þessarar reglugerðar, er fullnægt á hverju einstöku heimili.

Komi fyrir áberandi júgurbólgutilfelli eða aðrir grunsamlegir sjúkdómar

22 í nautgripum á heimilum þeim, er framleiða sölumjólk, skal tafarlaust gera
15. marz viðkomandi mjólkurbúi eða samsölu aðvart og vitja dýralæknis.

40. gr.

Fólk, sem haldið er berklaveiki eða öðrum smitandi sjúkdómum, má eigi starfa að fjósverkum, hirðingu nautgripa, mjöltun eða öðru slíku. Sé berklaveiki á heimili, sem framleiðir sölumjólk eða komi þar fram önnur grunsamleg sjúkdómstilfelli, skal vitja læknis, og skal segja fyrir um, hvort mjólkursending frá heimilinu megi eiga sér stað eður eigi. Telji hann sjálfsagt eða varlegra að stöðva mjólkursendingu, skal hann tafarlaust tilkynna viðkomandi mjólkurbúi eða samsölu það.

VII. KAFLI

Um sölu á ógerilsneyddri mjólk.

41. gr.

Mjólkurbúum og mjólkursamsölum sem starfa samkv. lögum um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl., og reglugerð þessari, er heimilt að selja ógerilsneydda mjólk, svo fullnægt sé þeirri eftirspurn eftir slíkri mjólk, sem fram kann að koma, að læknisráði. Um framleiðslu og meðferð þeirrar mjólkur, og mjólkur, er framleiðendur í kaupstöðum og kauptúnum kunna að selja beint til neytenda samkvæmt 5. gr. nefndra laga, gilda fyrst og fremst hin almennu ákvæði um framleiðslu og meðferð mjólkur, sbr. VI. kafla þessarar reglugerðar, ennfremur þau ákvæði, sem hér fara á eftir.

42. gr.

Fjósið verður að vera einkar bjart og loftgott og þannig um búið, að séð sé fyrir virkri loftræstingu. Það verður að vera rakalaust, eftir því sem frekast getur orðið um gripahús. Gólfið verður að vera steinsteypt. Niðurföll í safnþró með fullkomnum vatnslásum og í mykjuhús með þéttum hlerum. Sömuleiðis skulu dyr, sem vera kunna á milli fjóss og mykjuhúss og annara gripahúsa, vera vel þéttar. Veggir og þak skal vera svo slétt, að hreinsun og kölkun sé auðveld. Ekki má vera innangengt úr fjósinu í votheysgeymslu.

Fjósið má ekki nota til neinnar geymslu, og annan búfénað en nautgripi má alls ekki hafa í því og eigi fleiri gripi en svo, miðað við gólfflöt, að rúmgott sé til allrar umgengni. Lýsing fjóssins verður að vera svo góð, að auðvelt sé um allan þrifnað þess vegna, en sérstök áherzla skal lögð á, að vel sjáist til við mjöltun kúnna. Séð skal fyrir nægu drykkjarvatni, helzt sjálfrennandi, og svo góðu, að vel sé hæft sem neyzluvatn. Salerni skal vera við fjósið, og skal það vera vatnssalerni, ef þess er kostur. Skal því vera svo fyrir komið, að ekki stafi óþrifnaður af, og má undir engum kringumstæðum vera innangengt úr

fjósi eða mjólkurklefa í það. Salerni skal í öllu fullnægja þeim kröfum, sem settar eru í heilbrigðissamþykkt viðkomandi kaupstaðar eða kauptúns. **22** 15. marz

43. gr.

Í fjósinu skal ætíð vera greiður aðgangur að útbúnaði til handþvotta, þvottaskál með sjálfrennandi vatni og skolpleiðslu, sápa, handbursti og hrein handklæði. Skal þvottaskálinni annað tveggja komið fyrir í sjálfu fjósinu, eða á öðrum þeim stað, að tafalaust sé fyrir fjósfólkið að nota hana. Ennfremur skulu ætíð vera fyrir hendi nægilega margir hreinir (soðnir) klútar til að hreinsa júgur kúnna og mjaltasloppar handa mjaltafólki. Milli mjalta skal geyma þessa hluti á þrifalegum, loftgóðum stað. Loks skulu vera í fjósinu nauðsynleg tæki til gólfræstingar og burstar og sköfur til að þrifa kýrnar og halda þeim hreinum.

44. gr.

Við alla umgengni í fjósinu skal gæta fulls þrifnaðar. Lokið skal við að gefa kúnum, bursta þær, bera undir þær og moka flór ½ klst. áður en mjaltir byrja. Sá tími skal notaður til að loftræsta fjósið, svo sem bezt má verða. Til undirburðar skal nota sag og vélaspæni, en sé þess enginn kostur, þrifalegan heysalla eða hálm. Ef vothey er notað til fóðurs, má aldrei láta það liggja í fjósinu. Skal það gefið eins löngu áður en mjaltað er og frekast er hægt, og allar votheysleifar skulu vandlega hreinsaðar úr jötum og fluttar úr fjósinu, eigi síðar en ½ klst. áður en mjaltir byrja. Jötur, ganga og gólf skal þrifa daglega. Ef sjálfbrynning er í fjósinu, skal hreinsa og skola drykkjarker vikulega.

Verja skal fjósið fyrir flugum, eftir því sem hægt er, og skal í því sambandi sérstaklega athuga, að fóðurleifar nái ekki að festast í jötum eða nein óhreinindi að safnast fyrir. Að öðru leyti skal verjast flugum með notkun flugnavarnarlyfja, sem samþykkt séu af dýralækni, er hefir eftirlit með fjósinu. Fjósið skal kalkað hátt og lágt, eins oft og þörf krefur, og eigi sjaldnar en haust og vor.

45. gr.

Kýrnar skulu fóðraðar þannig, að komizt verði hjá snöggum breytingum, og fóðrið skal vera svo alhliða samsett, að fullrar hollustu sé gætt. Ekki má fóðra með neinu fóðri, er valdi megnri lykt í fjósinu, t. d. ekki votheyi, nema það sé vel verkað og lyktargott. Ekki má nota neinn þann fóðurbæti, er vitað sé, að geti haft óheppileg áhrif á gæði mjólkurinnar, t. d. alls ekki lifur né of mikið af hráum fiskúrgangi; síldarmjöl má ekki nema meiru en 20% af fóðurbætisgjöfinni, enda sé eingöngu notað 1. flokks síldarmjöl. Þegar grænfóður er gefið, skal eigi gefa meira af því en um ⅓ gjafar. Að öðru leyti getur dýralæknir sá, er hefir eftirlit með fjósinu, gefið fyrirskipanir um fóðrun kúnna, t. d. um gjöf lýsis, beinamjöls, fóðursalts o. fl.

22
15. marz

46. gr.

Áður en mjaltir byrja, skal mjaltafólk sápuþvo hendur og handleggi og hreinsa og bursta neglur. Sömuleiðis skal það þvo hendur í hvert sinn sem mjaltafata er tæmd, og er það notar salerni meðan á mjöltun stendur. Um leið og mjaltir byrja, skal gera júgur kúnna hrein með því að þvo þau, ef þess gerist þörf, og þurrka á eftir, ella með því að þurrka af þeim með hreinum rökum klút, þurrundnum upp úr heitu vatni. Við mjaltir skal mjaltafólk klæðast hreinlegum mjaltasloppum með hálfermum (handleggir berir). Ætíð skal mjalta með þurrum höndum og undir engum kringumstæðum má væta fingurna í mjólkinni, eða í munnvatni sínu. Ef júgursmyrsl eru notuð, skal um val þeirra farið eftir ráðum dýralæknis þess, sem eftirlit hefir með fjósinu.

47. gr.

Broddmjólk, fyrstu 5 sólarhringana eftir burð, má eigi blanda saman við aðra mjólk úr fjósinu. Eigi heldur hreytlum úr geldstöðukúm, sem mjólka minna en 3 lítra á dag.

48. gr.

Mjólkurklefi skal vera við fjósið. Hann skal vera bjartur og loftgóður. Gólf steypt og afrás fyrir vatn af því. Þar skal vera útbúningur fyrir kælingu mjólkur í hreinu, köldu rennandi vatni. Mjólkurklefinn skal vera kalkaður innan og kölkunin endurnýjast eigi sjaldnar en haust og vor. Þegar mjaltað er, skal jafnharðan bera hverja kýrnyt inn í mjólkurklefann og hella henni þar í ílát þau, sem hún er kæld í. Meðan á kælingu stendur, verður loft að komast að mjólkinni. Skal kælingin vera eins hröð og ítarleg eins og hægt er með vatnskælingu. Til þess að svo megi verða, skal kælivatnið að jafnaði ná upp fyrir yfirborð mjólkurinnar í ílátunum. Ef frost er í mjókurklefanum, skal gæta þess, að mjólkin kólni ekki niður fyrir 1° C.

49. gr.

Sé mjólkin send mjólkurbúi, er annist hreinsun hennar og afhendingu til neytenda, skal hún send þangað ósíuð í sömu ílátum og hún var kæld í. Ílátin skulu vel lokuð, innsigluð og greinilega merkt nafni framleiðanda og tilgreindur framleiðsludagur og mál. Kvöldmjólk og morgunmjólk má ekki blanda saman. Í mjólkurbúinu skal þess vandlega gætt að mjólk þessi blandist á engan hátt annari mjólk, sem búið hefir til meðferðar, eða mengist á neinn hátt. Skal hún síuð í sérstakri þrýstisíu og flöskuð með sérstökum tækjum, sem eigi eru notuð fyrir aðra mjólk. Flöskurnar skulu merktar orðunum: *Ógerilsneydd mjólk,* og dagsetningu.

50. gr.

Fari fram sala eða sending á mjólk frá fjósinu beint til neytenda, skal sú mjólk vandlega síuð gegnum sigti með bómullarbotni (vattbotni) áður en hún er kæld. Mjólkina skal afhenda í vönduðum og hreinlegum ílátum

með góðum lokunarútbúningi og skulu kaupendur annast og ábyrgjast hreinsun þeirra. Mjólkina má ekki fylla á flöskur og afhenda hana þannig, nema fyrir hendi sé, í sambandi við fjósið og mjólkurklefa þess, fullkominn útbúningur til hreinsunar á flöskum og flöskunar á mjólkinni, enda sé hann viðurkenndur af viðkomandi héraðslækni og trúnaðarmanni mjólkursölunefndar. Flöskurnar skulu merktar með orðunum: *Ógerilsneydd mjólk*, nafni framleiðanda, eða framleiðslubús og dagsetningu. 22 15. marz

51. gr.

Ógerilsneydd mjólk, sem framleidd er og seld samkvæmt reglum þessum, skal vera komin í hendur neytenda áður en liðnar eru 24 klukkustundir frá mjöltun.

52. gr.

Mjólkurfötur, flutningsílát og önnur ílát, sem notuð eru við meðferð mjólkurinnar, skulu vera tinuð eða úr alumíníum eða ryðfríu stáli. Þau má eigi nota til neins annars, og eigi má geyma þau annarsstaðar milli þess sem þau eru notuð en í mjólkurklefa eða sérstöku herbergi, sem er útbúið og eingöngu notað til þess, enda sé það samþykkt af dýralækni þeim, sem annast eftirlit með fjósinu. Að lokinni notkun skal ávallt gera öll slík ílát vandlega hrein, innan og utan, með því að skola þau vandlega í köldu vatni og þvo þau úr tveimur heitum vötnum. Við hreinsunina skal nota sóda og kalk, ef efnið í ílátunum leyfir það (við hreinsun alumíníum má ekki nota sóda né kalk, en í stað þess sérstakt hreinsunarefni, sem til þess er ætlað). Síðan skal viðra ílátin og ganga frá þeim á geymslustaðnum. — Hreinsun ílátanna verður að fara þannig fram, að ekki sé samtímis og á sama stað unnið að hreinsun á neinu öðru, eða aðhafzt neitt það, er valdið geti óþrifnaði. Bursta, sem notaðir eru við hreinsun mjólkuríláta, skal sjóða iðulega og hirða sem hreinlegast. Skulu þeir geymdir (hengdir upp) á svölum stað og þrifalegum milli þess, sem þeir eru notaðir. Vatn, sem notað er til hreinsunar mjólkuríláta, skal fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til góðs neyzluvatns.

Ef mjaltavélar eru notaðar, skal þeim alltaf vel við haldið, og við hreinsun þeirra skal fullnægja hinum ströngustu kröfum, sem gerðar eru um hreinsun slíkra véla. — Alger sundurtekning vélanna og aðalhreinsun skal fara fram eigi sjaldnar en einu sinni í viku. Milli mjalta skal geyma vélarnar í sérstökum klefa, sem til þess er útbúinn, eða í mjólkurklefanum, ef hann er rúmgóður. Vélageymslan skal vera loftgóð, þurr og svöl, og skal hún hreinsast með kalkvatni eins og mjólkurklefinn.

53. gr.

Allir nautgripir á búinu skulu hafa staðizt berklarannsókn, skal slík rannsókn endurtekin eins oft og héraðslæknir eða viðkomandi dýralæknir telur nauðsynlegt. Hænsni, sem kunna að vera á sama búi, skulu einnig athuguð, og virðist líkur benda til þess, að þau séu berklaveik, skal þeim tafarlaust slátrað.

22 15. marz

Aldrei má bæta við aðfengnum nautgripum í fjósið, nema að undangenginni berklarannsókn og skoðun þess dýralæknis, sem eftirlit hefir með fjósinu.

Kýr með júgurbólgu, legbólgu eða útferð úr leggöngum, mega ekki vera í fjósinu.

Verði vart einhverra veikinda í fjósinu, skal tafarlaust tilkynna það dýralækni.

54. gr.

Fjós og gripir skulu vera undir eftirliti viðkomandi embættisdýralæknis. Nær eftirlit hans einnig til allrar umgengni, fóðrunar gripa og meðferðar mjólkur. Skal hann koma í fjósið og framkvæma skoðun eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði, og oftar ef ástæða þykir til.

Dýralæknir skal stöðva sendingu á mjólk úr fjósinu til sölu án gerilsneyðingar, ef eitthvað það er áfátt um heilbrigði gripa, umgengni eða meðferð mjólkur, er sé svo athugavert, að hann telji að hætta geti stafað af því fyrir neytendur mjólkurinnar, eða valdið því, að mjólkin geti ekki fullnægt þeim skilyrðum, sem ætlazt er til, að hún geri.

Um leið og fjósskoðun fer fram, skal dýralæknir spyrjast fyrir um heilbrigði fólks þess, sem í fjósinu vinnur og tilkynna héraðslækni, ef hann verður þess var, að eitthvað sé athugavert við það.

55. gr.

Enginn má vinna í fjósinu nema hann hafi vottorð frá viðkomandi héraðslækni um að hann sé ekki haldinn berklaveiki né neinum öðrum smitandi eða óþrifalegum sjúkdómi. Slík vottorð skulu endurnýjast eigi sjaldnar en á ½ árs fresti. Veikist einhver, sem í fjósinu vinnur eða einhver á heimili hans, skal eigandi fjóssins sjá um að héraðslækni sé tafarlaust gert aðvart, og er honum þá skylt að gera þær ráðstafanir, er hann telur öruggar,og stöðva sendingu á mjólk frá fjósinu til sölu án gerilsneyðingar ef þörf krefur.

Héraðslæknir skal skoða fjósið ásamt dýralækni eigi sjaldnar en á ½ árs fresti og skal hann þá kynna sér ítarlega, hvort öll umgengni í því og meðferð mjólkurinnar og heilbrigðisástand starfsfólks og heimilisfólks fullnægi heilbrigðisreglum.

56. gr.

Mjólk, sem seld er ógerilsneydd samkvæmt reglum þessum, skal eigi vera með minna en 3,5% fitu. Leyfilegt er þó, að fitumagnið lækki um allt að 10%, eða ofan í 3,15% frá 15. nóvember til 15. marz. Eigi má blanda rjóma í mjólkina eða breyta fitumagni hennar á annan hátt eftir að hún kemur úr kúnum. Mjólkin skal fitumæld og gæði hennar reynd (Reduktase-reynd) einu sinni í viku. Skal það gert á viðkomandi mjólkurbúi eða á opinberri rannsóknarstofnun, er fæst við slíkar rannsóknir. Nái mjólkin ekki fyrsta flokki, skal sú stofnun, er annast rannsóknina, tafarlaust skýra viðkomandi héraðslækni og dýralækni frá því, svo rannsakað verði, hverju er áfátt og ráðin bót á því.

57. gr. 22

Í vörzlum fjóseiganda skal vera til eftirlitsbók fyrir fjósið. Í hana skulu 15. marz
allar mjólkurkýr, sem eru í fjósinu, skráðar með nöfnum eða númerum, og einkennum, aldri, burðartíma og nythæð. Í hana skulu dýralæknir og héraðslæknir skrifa athuganir sínar, er fjósskoðun fer fram, svo bókin beri með sér á hverjum tíma, hvernig fullnægt er settum skilyrðum. Kostnað þann, sem leiðir af heilbrigðiseftirliti, fitumælingu og reynslu á gæðum mjólkurinnar, greiðir framleiðandi, nema öðruvísi sé um samið.

VIII. KAFLI

Um barnamjólk.

58. gr.

Ekki má selja ógerilsneydda mjólk undir nafninu *barnamjólk* nema gætt sé eftirfarandi fyrirmæla um framleiðslu hennar og sölu, auk þeirra atriða, sem tekin eru fram í VII. kafla þessarar reglugerðar, og að fengnu leyfi mjólkursölunefndar.

59. gr.

Ekki má vera innangengt úr fjósinu í nein gripahús og ekki mega aðrar kýr, eða gripir, vera í fjósinu en þær, sem barnamjólk er að staðaldri framleidd úr. Sjálfbrynning skal vera í fjósinu, og skulu kerin vera þannig útbúin, að vatn geti ekki runnið úr einu keri í annað.

60. gr.

Fólk það, sem vinnur í fjósinu, bæði að mjöltun og öðru, má eigi vinna fjósverk í öðrum fjósum, eða stunda neitt það starf, er smitunarhætta eða óþrifnaður stafi af fyrir framleiðslu barnamjólkurinnar.

61. gr.

Mjaltafólk og annað fólk, sem vinnur í fjósinu, skal gæta hins strangasta þrifnaðar í öllum störfum. Handþvott sinn, fyrir mjaltir og meðan á mjöltun stendur, skal það vanda gaumgæfilega.

Við mjaltirnar skal mjaltafólkið klæðast alhvítum mjaltasloppum, og ef handmjaltað er, skal það hafa grisjustykki fyrir munni og nefi meðan það mjólkar. Mjaltasloppa, grisjustykki, handklæði og júgurþurrkur skal skipta um daglega, svo þetta sé alltaf hreint og nýsoðið.

62. gr.

Ef mjaltavélar eru notaðar, skal gæta hins ítrasta þrifnaðar við alla notkun þeirra og hirðingu. Þær skulu geymdar í sérstökum, björtum og loftgóðum klefa, sem iðulega sé gerður hreinn með kalkþvotti. Við hreinsun þeirra skal

22 15. marz

fylgja þeim ströngustu reglum, sem gilda um slíkar vélar. Við hina daglegu hreinsun skal nota dauðhreinsunartæki (steriliseringartæki), enda séu tækin og efni þau, sem kunna að vera notuð við hreinsunina, samþykkt af viðkomandi héraðslækni.

Aðalhreinsun mjaltavélanna og alger sundurtekning skal fara fram einu sinni í viku að vetrinum, en tvisvar í viku að sumrinu. Hreytlum þeim, sem eru handmjólkaðar á eftir vélmjöltun, má eigi blanda saman við barnamjólkina.

63. gr.

Broddmjólk, fyrstu 6 sólarhringa eftir burð, má eigi selja sem barnamjólk, eða blanda saman við hana. Eigi heldur hreytlum úr geldstöðukúm, sem mjólka minna en 4 lítra á dag.

64. gr.

Jafnóðum og mjólkin er borin úr fjósinu í mjólkurklefa skal hún kæld þar í ísvatni eða með öðrum kæliútbúnaði niður í 4° C., en aldrei niður fyrir 1° C.

65. gr.

Að lokinni kælingu skal mjólkin fyllt á glærar flöskur og þeim lokað með hettum úr alúmínium eða öðru efni jafngóðu. Flöskurnar skulu merktar með orðinu: *Barnamjólk,* og nafni framleiðanda eða framleiðslubús. Hetturnar skulu merktar með dagsetningu, og kvöldmjólk eða morgunmjólk eftir því sem við á, ef mjólkin er seld kvelds og morgna.

Flöskun mjólkurinnar skal fara fram í sérstöku herbergi, sem ekki er notað til annars, og hreinsun á flöskum í sérstöku þvottaherbergi, sem eingöngu er notað til hreinsunar á flöskum og öðrum mjólkurílátum.

Öll herbergin, mjólkurklefi, flöskunarherbergi og þvottaherbergi skulu vera vel útbúin að öllum frágangi og fyrirkomulagi, með fullkomnum tækjum til að meðhöndla það mjólkurmagn, sem um er að ræða, enda skal þetta allt samþykkt af viðkomandi héraðslækni og trúnaðarmanni mjólkursölunefndar.

66. gr.

Ef ástæða þykir til, getur mjólkursölunefnd leyft að barnamjólk sé ekki flöskuð á framleiðslustaðnum. Þá skal kæla mjólkina ósíaða, og sé hún strax að lokinni kælingu flutt til mjólkurbús, enda sé aðeins um stuttan flutning að ræða. Þar skal hún síuð í sérstakri þrýstisíu og flöskuð með sérstökum tækjum, án þess að blandast á nokkurn hátt annari mjólk búsins.

67. gr.

Barnamjólk skal ætíð komin í hendur neytenda áður en 20 klst. eru liðnar frá mjöltun.

68. gr.

Fjós þau og heimili, er framleiða barnamjólk, skulu háð ½ mánaðar eftirliti dýralæknis og héraðslæknis. Ef einhver, sem í fjósinu vinnur, býr á öðru

heimili, skal eftirlit héraðslæknis einnig ná til þess heimilis. Skal það jafnan fulltryggt, sem frekast má verða með ítarlegu læknisefirliti, að heimili þau er framleiða barnamjólk og heimili allra þeirra, er vinna að framleiðslu hennar, fjósverkum, mjöltun, eða annari meðferð, séu algerlega laus við berklaveiki og aðra næma sjúkdóma. Allur kostnaður við eftirlit með framleiðslu barnamjólkur, og gæðum hennar, greiðist af framleiðanda, nema öðruvísi séu um samið. 22 15. marz

IX. KAFLI

Um mjólkursölunefnd.

69. gr.

Ríkisstjórnin skipar 7 manna nefnd, til eins árs í senn, í fyrsta sinn til 1. maí 1935, til að hafa á hendi stjórn mjólkursölumála, samkvæmt lögum um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl. og reglugerð þessari, nefnist hún mjólkursölunefnd. Nefndin skal skipuð þannig: Stjórn mjólkurbandalags Suðurlands tilnefnir 2 menn, skal annar tilnefndur af stjórnendum bandalagsins austan Hellisheiðar, en hinn af stjórnendum þess vestan heiðar. Samband ísl. samvinnufélaga tilnefnir 1 mann, bæjarstjórn Reykjavíkur 1 mann, Alþýðusamband Íslands tilnefnir 1 mann og landbúnaðarráðherra skipar án tilnefningar 2 menn í nefndina, og skal hann skipa annan þeirra formann nefndarinnar. Varamenn skulu tilnefndir og skipaðir á sama hátt. Fulltrúi bæjarstjórnar Reykjavíkur víkur sæti úr nefndinni, þegar hún hefir til meðferðar málefni annara kaupstaða eða kauptúna, og tekur þá sæti hans fulltrúi tilnefndur á sama hátt af hlutaðeigandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd. Nú vanrækir einhver aðili að tilnefna í nefndina, og tilnefnir þá landbúnaðarráðherra mann eða menn í hans stað.

Fastir nefndarmenn séu búsettir í Reykjavík, eða svo nærri Reykjavík, að þeir geti sótt fundi þar, þegar þörf krefur.

70. gr.

Störf mjólkursölunefndar eru aðallega þessi:

1. Að ákveða verðjöfnunarsvæði, sbr. II. kafla þessarar reglugerðar.
2. Ákvörðun verðjöfnunargjalds og yfirumsjón með innheimtu þess, sbr. III. kafla þessarar reglugerðar. Falið getur hún innheimtu verðjöfnunargjalds stjórnum mjólkurbúa eða samsölu, eða hverjum öðrum, er hún telur bezt henta.
3. Að hafa yfirumsjón með verðjöfnunarsjóðum og ákveða uppbætur úr þeim, ef stjórn samsölu á verðjöfnunarsvæði kemur sér ekki saman um verðuppbætur, til hinna einstöku búa, á vinnslumjólk þeirra.
4. Að hafa eftirlit með mjólkurbúum, og að fyllstu hagsýni og sparnaðar sé gætt í rekstri þeirra. Getur nefndin takmarkað verðuppbætur til þeirra mjólkurbúa, sem hún telur hafa óhæfilega háan reksturskostnað.

22 15. marz

5. Að hafa yfirumsjón með samsölu mjólkur þar sem hún á sér stað. Nú verður ágreiningur á milli aðilja um skipun samsölustjórnar, skipting starfssvæða þeirra og starfsgreina, eða annað, er lýtur að skipulagningu mjólkurmála á verðjöfnunarsvæði, og sker þá mjólkursölunefndin úr.
6. Að hafa eftirlit með því, að mjólkurvörur verði ekki fluttar til landsins, nema brýn nauðsyn beri til, enda sé allur innflutningur á þeim vörum í höndum mjólkursölunefndar.
7. Að hafa eftirlit með öllu er þörf þykir viðvíkjandi framleiðslu, meðferð, flokkun og sölu mjólkur og mjólkurvara, og hlutast til um að öllum ákvæðum þar að lútandi, sem sett eru í lögum um meðferð og sölu mjólkur og rjóma, og reglugerð þessari, eða sett kunna að verða á annan hátt, sé sem bezt framfylgt.

71. gr.

Skylt er mjólkurbúum og öllum öðrum, sem verzla með mjólk og mjólkurvörur að láta mjólkursölunefnd í té, og hverjum einstökum nefndarmanni, er kröfu kann að gera um það, allar upplýsingar og skýrslur, um rekstur sinn og allt er nefndinni þykir máli skipta um meðferð, flutninga og sölu mjólkur og mjólkurvara.

72. gr.

Mjólkursölunefnd heldur fundi eins oft og þörf krefur, en skylt er formanni að kalla saman fund hvenær sem 3 eða fleiri nefndarmenn óska þess skriflega. Fundir nefndarinnar eru lögmætir ef 4 nefndarmenn eru mættir og ræður einfaldur meiri hluti atkvæða afgreiðslu mála. Mæti nefndarmaður eða varamaður hans eigi á þremur formlega boðuðum fundum í röð, skal útnefning manna í þeirra stað fara fram að nýju. Á fundum nefndarinnar skal færa greinilega gerðabók, er sýni allar afgreiðslur mála og ályktanir.

73. gr.

Þóknun til mjólkursölunefndar skal að $^3/_7$ hlutum greidd úr verðjöfnunarsjóðum, í réttu hlutfalli við tekjur þeirra, og að $^4/_7$ hlutum úr ríkissjóði, og sé þóknunin ekki hærri en kr. 10 til hvers nefndarmanns fyrir hvern dag, sem hann er á nefndarfundi. Annar óhjákvæmilegur kostnaður við störf nefndarinnar greiðist af sömu aðiljum og í sömu hlutföllum.

X. KAFLI

Um flokkun mjólkur og rjóma o. fl.

74. gr.

Öll mjólk, sem viðurkennd mjólkurbú taka á móti til sölu eða vinnslu, skal athuguð við móttöku og metin eftir gæðum. Mjólk frá hverjum einstökum

framleiðanda skal fitumæld og gæðareynd (Reduktase-reynd með aðferð próf. Orla Jensen og Barter) einu sinni í viku. Fitumælingin skal framkvæmd á þann hátt, að tekið er daglega eða eigi sjaldnar en þrisvar í viku 10 cm^3 sýnishorn af mjólk hvers framleiðanda og fitumagn þeirra sýnishorna rannsökuð vikulega svo rannsóknin sýni greinilega meðalfitumagn þeirrar mjólkur, er viðkomandi framleiðandi hefir látið í búið. 22 15. marz

75. gr.

Við Reduktase-reynsluna skal flokka mjólkina í 4 flokka og skal verð það, er framleiðendur fá greitt fyrir mjólkina ætíð að nokkru leyti miðað við þá flokkun, þannig að 3. flokks mjólk sé reiknuð að minnsta kosti einum eyri verðminni en 1. og 2. flokks mjólk, og 4. flokks mjólk að minnsta kosti tveimur aurum verðminni hver lítri en 1. og 2. flokks mjólk. Flokkun sú og verðreikningur, er fram kemur við Reduktase-reynslu, skal gilda vikulangt, eða fyrir fjórðung þess mánaðar, sem um er að ræða, og fyrir alla þá mjólk, er viðkomandi framleiðandi lætur í búið á þeim tíma.

76. gr.

Mjólkurbú skulu gæta þess, eftir því sem frekast er unnt, að selja eigi sem neyzlumjólk aðra mjólk en þá, sem samkvæmt Reduktase-reynslu kemur í 1. og 2. flokk, og með öllu er bannað að selja mjólk þá, sem vitað er eða grunur leikur á, að komi í 4. flokk sem neyzlumjólk.

77. gr.

Öll mjólk og rjómi, sem afgreidd er frá mjólkurbúum, skal vera með ákveðnu lágmarks fitumagni, og skal það ávallt tilgreint, þannig, að kaupendum og neytendum sé kunnugt um hvaða fitumagn eigi að vera í mjólk þeirri og rjóma, sem kemur frá viðurkenndum mjólkurbúum.

Séu seldar fleiri tegundir af rjóma, með mismunandi fitumagni, skal skilgreina þær með ákveðnum nöfnum eftir því sem við á.

78. gr.

Mjólkursölunefnd getur sett mjólkurbúum og samsölum nánari reglur um flokkun mjólkur og rjóma, flokkun á nýju skyri o. fl. mjólkurvörum, eftir því sem aðstæður leyfa og ástæða þykir til. Hún gerir þær ráðstafanir, er þurfa þykir til þess að samræma sem bezt greiðslureglur hinna ýmsu mjólkurbúa, samkvæmt gæðum mjólkur og fitumagni. Um þessi atriði skal mjólkursölunefnd leita tillagna mjólkurbússtjóranna og getur hún kallað þá saman til fundar til að ræða þau, og koma fram með tillögur til ákvarðana.

22
15. marz

XI. KAFLI
Refsiákvæði.

79. gr.

Brot gegn reglugerð þessari, og öðrum fyrirmælum er sett verða samkvæmt lögum um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl., varða sektum frá kr. 10.00 og allt að kr. 10000.00, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Sektir renna í verðjöfnunarsjóð.

Mjólk eða mjólkurvörur, sem ráðstafað er gagnstætt ákvæðum laga um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl. og reglugerð þessari, skal upptæk gerð og andvirði hennar renna í verðjöfnunarsjóð þess verðjöfnunarsvæðis, sem brotið er framið á.

Stjórnendur flutningstækja, sem flytja vísvitandi óleyfilega mjólk eða mjólkurvörur inn á sölusvæði, skulu sæta sektum fyrir brotið.

Ákvæði um stundarsakir.

Fyrst um sinn, til 1. maí 1935, skal stjórn samsölunnar á verðlagssvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar vera í höndum mjólkursölunefndar. Nú kemst á samkomulag milli mjólkurbúanna og félaga framleiðenda á þessu svæði um að taka stjórn samsölunnar í sínar hendur, og skal þeim það heimilt, ef samþykki landbúnaðarráðherra kemur til, enda sé stjórn samsölunnar valin samkvæmt reglum, er ráðherra hefir samþykkt. Að öðrum kosti fer mjólkursölunefnd með þessi mál þangað til samkomulag þetta hefir komizt á, að dómi landbúnaðarráðherra.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld bráðabirgðareglugerð um sama efni frá 15. janúar 1935.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. marz 1935.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

AUGLÝSING

um útflutning og sölu á léttverkaðri saltsíld.

23
20. marz

Þar sem horfur mega teljast á því, að betur notist útflutningsmöguleikar með því að hafa samsölu á allri léttverkaðri saltsíld (Matjessíld) til útflutnings, en tilraunir til að mynda allsherjarfélagsskap síldarframleiðenda um slíka samsölu hafa reynzt árangurslausar, hefir ráðuneytið samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 74 29. desember 1934 um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl. falið síldarútvegsnefndinni að fara með einkasölu á allri léttverkaðri saltsíld (Matjessíld) af framleiðslu ársins 1935, sem seld verður til útlanda. Má því enginn annar en síldarútvegsnefnd selja eða flytja slíka síld til útlanda að viðlögðum sektum samkvæmt téðum lögum og ber framleiðendum léttverkaðrar saltsíldar að snúa sér til nefndarinnar um allt, sem að útflutningi og sölu þessarar vöru lýtur. Ef það síðar kynni að álítast ráðlegt, að síldarútvegsnefndin færi með einkasölu annara tegunda af sérverkaðri saltsíld, vegna skaðlegrar samkeppni af henni á Matjessíldarmarkaðnum, mun nefndinni verða heimilt að taka slíka síld undir söluumráð samsölunnar.

Reglugerð um samsöluna mun verða birt í Lögbirtingablaðinu eða Stjórnartíðindunum innan skamms.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. marz 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ

um meðferð og notkun raforku í Borgarnesi.

24
25. marz

1. gr.

Rafveitan er eign Borgarneshrepps og hefir hreppsnefndin yfirstjórn hennar. Hreppsnefndin kýs tvo menn í rafveitunefnd til þriggja ára í senn, en hreppsnefndaroddviti (þriðji maður) er sjálfkjörinn formaður hennar, nema hreppsnefndin feli það sérstaklega öðrum manni.

2. gr.

Rafveitunefnd hefir á hendi alla umsjón með eignum og rekstri rafveitunnar, gætir þess að rafveitustjóri ræki störf sín, sem hreppsnefnd felur honum í skipunarbréfi, heldur fundi svo oft sem þurfa þykir að ræða mál, er rafveituna varða, og ritar í fundargerðabók ályktanir sínar um þau, annast innheimtu á

24 tekjum rafveitunnar að svo miklu leyti, sem hreppsnefnd kann að ákveða í skip-
25. marz unarbréfi, sem hún afhendir hverri nýkjörinni rafveitunefnd, og skal þar nánar kveðið á um störf og skyldur rafveitunefndar.

Formaður rafveitunefndar hefir á hendi allt reikningshald rafveitunnar. Hann skal halda sjóðbók yfir tekjur hennar og gjöld og semja um hver áramót ýtarlegt reikningsyfirlit, í tveimur samritum, yfir afkomu ársins, og afhenda annað til hreppsnefndar en hitt til endurskoðenda, sem hreppsnefndin skipar fyrir lok janúarmánaðar á hvert.

3. gr.

Rafveitan selur öllum rafmagn innan þess svæðis, sem taugar rafveitunnar ná yfir, að svo miklu leyti sem afl hennar nægir, samkvæmt reglugerð þessari.

4. gr.

Rafmagnið er fyrst og fremst ætlað til ljósa. Þó getur hreppsnefnd selt til annara afnota afl það, sem rafveitan getur framleitt umfram það, sem nauðsynlega þarf til ljósa, ef það truflar ekki rekstur rafveitunnar.

5. gr.

Starfrækja skal rafveituna allan sólarhringinn allt árið um kring. Aflvélar rafstöðvarinnar má aðeins stöðva þann tíma, er raforkunotkun er svo lítil, að rafgeymar stöðvarinnar geta fullnægt henni.

6. gr.

Heimtaugar leggur rafveitan á sinn kostnað frá aðalveitutaugum að húsinu, allt að 30 metra. Standi hús lengra en 30 metra frá aðalveitutaugum, kostar húseigandi það sem fram yfir er, en rafveitan lætur vinna verkið og kostar sjálf uppsetningu á vörum og mælum, sem hún leggur sjálf til, en húseigandi skal að verkinu loknu greiða tengigjald samkvæmt gjaldskrá.

Heimtaugar teljast til raftaugakerfis rafveitunnar og eru eign hennar.

7. gr.

Hver sem óskar að fá raflögn í hús sitt eða breytt eða aukið við eldri lögn, skal senda rafveitunefnd skriflega beiðni um það með upplýsingum um, hve mikið afl þarf, ásamt öðrum nauðsynlegum upplýsingum. Rafveitunefnd ákveður því næst hvort raflögnin eða breytingin skuli leyfð, og skal hún hafa tekið ákvörðun um það og tilkynnt umsækjanda, innan þriggja vikna frá því að hún fékk umsóknina.

8. gr.

Nú hefir hús verið raflagt, breytt eða aukið við eldri lögn, og má þá ekki taka húsveituna til afnota fyr en sá, er gætir rafveitunnar (rafveitustjóri) hefir skoðað og reynt hana og vottað, að hún sé fullnægjandi. Ef raflagningin reynist ófullnægjandi skal ekki setja rafstraum á hana fyr en úr er bætt svo viðunandi sé.

9. gr.

Allir rafmagnsnotendur skulu hafa straummæla, er rafveitan leggur til. Mælarnir eru eign rafveitunnar og leigir hún þá fyrir ákveðið gjald.

10. gr.

Enginn má án leyfis rafveitunefndar taka rafmagn úr raftaugakerfi rafveitunnar né aðhafast neitt það, er valdið geti skammdum á raftaugum eða öðrum raftækjum, sem notuð eru í sambandi við þær, hvort heldur er í húsi hans eða utan þess. Brjóti nokkur gegn ákvæði þessu, skal hann greiða fullar skaðabætur og sæta sektum, sé verkið ekki þannig vaxið, að þyngri refsing liggi við samkvæmt hegningarlögum.

11. gr.

Notendur skulu sjá um að raftæki þeirra og lagnir séu ætíð í góðu lagi og skýra rafsöðvarstjóra frá sérhverri bilun, sem þeir verða varir við. Notendur skulu varast að taka í sundur lampa, rofa, tengla eða önnur tæki og búnað.

12. gr.

Rafveitunefnd er heimilt að banna að nota gamla lampa eða önnur raftæki, er að hennar áliti eru ótrygg eða til tálmunar góðum rekstri.

13. gr.

Starfsmenn rafveitunnar og meðlimir rafveitunefndar skulu ætíð hafa frjálsan aðgang til þess að skoða raflagnir og tæki þau, sem notuð eru, til þess að ganga úr skugga um að allt sé í góðu lagi. Ef gallar reynast á, en þeir eru ekki bættir, getur rafveitustjóri rofið samband við húsið þar til aðgerð hefir farið fram.

14. gr.

Vanræki rafmagnsnotandi skyldur þær, er hann hefir samkvæmt reglugerð þessari eða virði að vettugi fyrirskipanir rafveitustjóra, er rafveitustjóra heimilt að rjúfa samband við veituna til bráðabirgða og að fullu með samþykki rafveitunefndar. Notandi ber fulla ábyrgð á öllum afleiðingum, sem af vanræksl-unni kunna að stafa.

15. gr.

Enginn má taka að sér að leggja raflagnir, utan húss eða innan, eða breyta eldri raflögnum eða framkvæma á sína ábyrgð nokkurt það verk, er snertir raftaugakerfi rafveitunnar, nema hann sé til þess ráðinn eða samþykktur af hreppsnefnd Borgarneshrepps og löggiltur af rafmagnseftirliti ríkisins til þess að framkvæma slík störf.

16. gr.

Hreppsnefndin áskilur sér rétt til einkasölu á efni til raflagninga og lömpum og öðrum rafmagnstækjum, sem setja á í samband við rafveitu hreppsins.

24 Ef hreppsnefndin lætur rafveituna taka í sínar hendur raflagningar innan-
25. marz húss, skal hreppsnefndin í byrjun hvers árs semja gjaldskrá, sem gildir fyrir vinnu við raflagnir í hreppnum, sem framkvæmd er á vegum rafveitunnar.

17. gr.

Hreppsnefndin ræður, að fengnum tillögum rafveitunefndar, rafstöðvarstjórann og aðra starfsmenn rafveitunnar og gefur þeim skipunarbréf, þar sem störf þeirra og laun eru ákveðin.

Rafveitustjóranum ber að hlýða fyrirskipunum rafveitunefndar. Hann hefir rétt á að sitja fundi rafveitunefndar og taka þátt í umræðum, en hefir ekki atkvæðisrétt, nema hann sé í nefndinni.

18. gr.

Þegar sérstaklega stendur á og hreppsnefnd telur nauðsyn bera til, er henni heimilt að veita undanþágu frá reglugerð þessari eða einstökum ákvæðum hennar, enda samþykki rafveitunefnd undanþáguna. Rísi ágreiningur út af einstökum ákvæðum í reglugerð þessari sker hreppsnefndin úr og má áfrýja þeim úrskurði til lögreglustjóra.

19. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 200 krónum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

20. gr.

Með reglugerð þessari er numin úr gildi reglugerð nr. 61 23. júní 1920, um meðferð og notkun rafmagns í Borgarneshreppi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi 1. apríl þ. á., og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. marz 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

GJALDSKRÁ

fyrir notkun raforku í Borgarneskauptúni.

25
25. marz

1. gr.

Um leið og ný hús, sem byggð eru hér eftir, eru tekin í samband við taugar rafveitunnar, skal húseigandi greiða tengigjald, miðað við brunabótavirðingu húseignarinnar þannig, að fyrir hvert hús, sem er að virðingarverði:

frá	0— 5	þúsund	krónur	greiðist	.....	kr. 20.00
—	5—10	—	—	—	.....	— 30.00
—	10—20	—	—	—	.....	— 40.00
yfir	20	—	—	—	.....	— 50.00

Ef heimtaug er lengri en 30 metrar frá aðallínu ákveður rafveitunefnd tengigjald í samráði við hreppsnefnd.

2. gr.

1. Verð á raforku til ljósa í íbúðarhúsum um mæli, skal vera fyrst um sinn kr. 1.25 fyrir hverja kílówattstund.
2. Í verzlunarhúsum, skólum, samkomuhúsum, vinnustofum, sláturhúsum, aðgerðar- og fiskhúsum, benzínstöðvum og öðrum þeim húsum, sem ekki eru notuð til íbúðar, má gjaldið vera allt að kr. 2.25 fyrir hverja klíówattstund.
3. Leiga fyrir kílówattmæla hreppsins er kr. 1.00 fyrir hvern mánuð.

Hreppsnefndin sker úr hvaða hús og stofnanir heyra undir hvern lið í gjaldskrá þessari.

Einnig hefir hreppsnefndin heimild til að lækka gjöld þessi um allt að 25%.

3. gr.

Verð á raforku til suðu, hitunar, vélareksturs og hleðslu rafgeyma svo og til hafnar og götulýsingar, ákveður hreppsnefndin fyrir hvert ár í senn eða styttri tíma, eftir því hvort hagkvæmara þykir og næg raforka er fyrir hendi, sem hægt er að leyfa til slíkra hluta.

4. gr.

Gjöld fyrir raforku um mæli og mælisleiga, greiðist mánaðarlega um leið og lesið er af mælunum.

Sé gjald fyrir raforku eða mæli ekki greitt innan 10 daga frá gjalddaga, má rjúfa samband við veitu hlutaðeigandi notanda, þó ekki fyr en þremur dögum eftir að skrifleg tilkynning þess efnis er afhent honum, eða húsnæði því, sem lögnin er í.

Gjöld öll fyrir raforku má taka lögtaki.

25 5. gr.

25. marz Með gjaldskrá þessari er numin úr gildi gjaldskrá nr. 62 23. júní 1920, fyrir rafmagn í Borgarneskauptúni.

Gjaldskrá þessi staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 15. 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi 1. apríl þ. á. og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. marz 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

26

1. apríl

REGLUR

um flokkun og merking á ull til útflutnings.

1. gr.

Ull, sem hæf er til útflutnings, flokkist þannig:

A. Vorull:

1. fl. Hvít vorull, vel þvegin og vel þurr, þelgóð og blæfalleg, fætlingalaus, greið og illhærulítil, laus við dökk hár, klepra, mor og sand.
2. fl. Hvít vorull, allvel þvegin og vel þurr, greið, fætlingalaus og flókalaus.
3. fl. Hvítir vorullarflókar, vel þvegnir og vel þurrir.
4. fl. Svört, mórauð og grá vorull, sem um allt nema lit, fullnægir sömu skilyrðum og 1. og 2. fl.
5. fl. Öll önnur hvít og mislit vorull, sem ekki fullnægir ofangreindum skilyrðum.

B. Haustull:

6. fl. Hvít haustull, rökuð af skinnum, vel þvegin og vel þurr, fætlingalaus og skinnsneplalaus.
7. fl. Hvít haustull, rotuð af skinnum, vel þvegin og vel þurr.
8. fl. Svört, mórauð og grá haustull, sem samsvarar 6. fl. að öðru leyti en lit.
9. fl. Hvít og mislit úrgangshaustull.
10. fl. Hvít haustull, óþvegin, laus við skarnsnepla, blóðskorpur og skinnsnepla.
11. fl. Öll mislit haustull óþvegin, sem að öðru leyti en lit fullnægir sömu skilyrðum og 10. flokks ull.

2. gr.

Sú ull, sem eigi er vel þurr, er ekki hæf til útflutnings, eigi heldur ull, sem ekki fullnægir skilyrðum neins af framangreindum flokkum, eða ull, sem talin verður svikin verzlunarvara.

3. gr.

Merkja skal ullarsekk þannig: 26 1. apríl

Efst á hliðina sé stimplað orðið „Iceland".

Í línu neðar sé rómversk tala, er sýni úr hvaða flokki ullin sé.

Í línu þar fyrir neðan sé skammstafað, þó ekki með færri en tveimur bókstöfum, nafn ullarseljanda.

Í línu þar fyrir neðan skal vera áframhaldandi töluröð sekkja úr hverjum flokki, svo að sjáist sekkjatala sú af hverjum flokki, sem hver einstök verzlun eða kaupfélag sendir eða selur til útflutnings.

Reglur þessar eru hér með settar, samkvæmt lögum nr. 107, 11. ágúst 1933, um ullarmat, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt falla úr gildi reglur um sama efni frá 1. september 1926.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. apríl 1935.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

ERINDISBRÉF 27 1. apríl

fyrir ullarmatsmenn.

1. gr.

Ullarmatsmennirnir eiga að leggja stund á að verða sem færastir í að geta dæmt um verkun og þurrkun á ull, og leiknir í því, að flokka hana eftir þeim reglum, sem settar eru um ullarmat.

2. gr.

Yfirullarmatsmenn eru yfirboðarar ullarmatsmanna, hver í sínu umdæmi. Ullarmatsmennirnir meta og flokka ull til útflutnings og hafa umsjón með pökkun, útskipun og meðferð hennar á útflutningsskipunum, undir yfirumsjón yfirullarumsjónarmanna og eftir nánari fyrirskipunum þeirra.

Þeir, sem þurfa að fá ull metna, skulu tilkynna það yfirullarmatsmanni, ef enginn ullarmatsmaður er á staðnum, og tilnefnir hann þann ullarmatsmann eða ullarmatsmenn, er matið skulu framkvæma.

3. gr.

Ullarmatsmenn skulu skyldir að fara eftir fyrirskipunum yfirullarmatsmanna og hagnýta sér sem bezt leiðbeiningar þeirra. Sýni þeir á hinn bóginn vanrækslu eða hirðuleysi í störfum sínum við mat eða merkingu ullarinnar, hefir yfirullarmatsmaður rétt til að víkja þeim frá starfinu fyrirvaralaust.

27
1. apríl

4. gr.

Á þeim útflutningsstöðum, þar sem ullarmagn er lítið, skal, eftir nánari ákvæðum yfirullarmatsmanns, einn matsmaður skoða, meta og flokka ullina og framkvæma annað, er að matsstarfinu lýtur, en annarsstaðar skulu tveir matsmenn gera það. Skulu þeir rita undir matsvottorð, en sýslumaður eða hreppstjóri votta með undirskrift sinni, að löglega skipaður ullarmatsmaður eða ullarmatsmenn hafi undirritað vottorðið í hans viðurvist. Nú er hreppstjóri sjálfur útflytjandi ullarinnar eða ekki búsettur á útflutningsstaðnum, og skipar sýslumaður þá til þessa annan hæfan mann.

Ullarmatsmenn skulu úrskurða, hvort veður og sjór sé svo, að skipa megi ullinni út.

5. gr.

Ullarmatsmenn skulu gæta þess, að ull sé ávallt skoðuð, metin og vegin í þurrum og þrifalegum vörugeymsluhúsum, þar sem er nægilega bjart. Og sé ullin ekki flutt í skip jafnóðum og henni er pakkað, ber þeim að hafa eftirlit með því, að hún sé geymd á hreinum og rakalausum stað. Þurfi endurvigtun að fara fram á útflutningsstað, eða þurfi að skipta ullarsendingum til útflutnings, og af þessum orsökum útflytjandi þurfi á nýjum matsvottorðum að halda, eru matsmenn á útflutningsstað skyldir að láta slík vottorð í té í samráði við ullarmatsformann, án þess að endurmat sé nauðsynlegt.

6. gr.

Komi það fyrir við ullarmatið, hvort það er við skoðun á verkun ullarinnar eða þegar dæma skal þurrkun hennar, flokkun eða pökkun eða umsjón við útskipan, að matsmenn séu í vafa um eitthvað, eða komi eitthvað fyrir, sem þeir hafa ekki fengið fyrirskipanir eða leiðbeiningar um, skulu þeir leita til yfirullarmatsmanns og fá fyrirskipanir hans um, hvað gera skuli, en verði því ekki viðkomið, skulu þeir ráða það úr, sem þeim sýnist réttast, og skýra hlutaðeigandi yfirullarmatsmanni frá því sem allra fyrst. Þeir skulu og skýra honum frá eða leita til hans, ef þeim er sýnd nokkur óhlýðni af þeim, sem metið er fyrir, eða öðrum, sem hlut eiga að máli.

7. gr.

Kaup ullarmatsmanns skal vera almennt verkamannakaup greitt á staðnum, að viðbættum 10% um hverja klukkustund, sem þeir eru við vinnu, hvort sem það er við mat ullarinnar, sekkjun eða útskipun. Á þeim stöðum, þar sem eigi er fastákveðið eða almennt gildandi kaupgjald, skal kaup ullarmatsmanna fara eftir samkomulagi milli matsmanna og ullarkaupanda.

Þurfi þeir að ferðast út fyrir hina löggiltu verzlunarlóð, þar sem aðalstarf þeirra er, en ekki út fyrir umdæmi sitt, telst borgunin einnig fyrir þann tíma, sem þeir verða að vera á ferðinni fram og aftur.

Þeim er stranglega bannað að taka á móti nokkurri annari þóknun, hverju nafni sem nefnist, frá þeim, sem metið er fyrir, frá seljendum, kaupendum eða

útflytjendum ullarinnar eða umboðsmönnum þeirra, eða öðrum, sem kunna að vera riðnir við sölu, kaup eða flutning ullarinnar á útflutningsskipunum. 27 1. apríl

8. gr.

Þeir, sem ullin er metin fyrir, gjalda ullarmatsmönnum kaup þeirra fyrir vinnuna við ullarmatið, og gera matsmenn reikning yfir vinnulaunin; skulu þau goldin í peningum.

Sé matsmönnum neitað um greiðslu á vinnulaunum sínum, skulu þeir leita aðstoðar yfirullarmatsmanns; skal hann rannsaka málið og skera úr því.

9. gr.

Aðalstarf ullarmatsmanna er að sjá um ullarmat á þeim ullartökustað, sem yfirullarmatsmaður skipar þeim á hverjum tíma. Þó eru þeir skyldir til, ef yfirullarmatsmaður kveður þá til þess, að starfa að ullarmati utan þess staðar þar sem aðalstarf þeirra fer fram, sbr. 2. gr. Þeir skulu einnig hafa umsjón með sekkjun, merkingu og burtsendingu ullarinnar þar sem þeir meta.

Fyrir vinnu utan umdæmis síns fá þeir sömu tímaborgun og getið er í 7. gr., og auk þess ferðakostnað eftir reikningi. Ef þeir verða að bíða eftir að framkvæma matið, skulu þeir fá daglaun, 5 krónur á dag.

10. gr.

Ullarmatsmenn mega ekki vera í þjónustu þeirra, er láta meta ull, né kaupa ull til útflutnings, hvorki fyrir sjálfa sig né aðra.

11. gr.

Að loknum ullartökutímanum ár hvert senda ullarmatsmenn yfirullarmatsmanni skýrslu um starf sitt eftir skýrsluformi, sem stjórnarráðið semur.

12. gr.

Ullarmatsmenn rita undir drengskaparheit um það, að þeir vilji með alúð og samviskusemi rækja skyldur þær, sem á þeim hvíla, og hlýðnast ákvæðum erindisbréfs þessa.

Þeir eru skyldir að sætta sig við þær breytingar, sem gerðar kunna að verða á erindisbréfi þessu.

Erindisbréf þetta er hér með sett samkvæmt lögum nr. 107, 11. ágúst 1933, um ullarmat, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi erindisbréf ullarmatsmanna frá 25. febrúar 1916.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. apríl 1935.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

28
1. apríl

ERINDISBRÉF
fyrir yfirullarmatsmenn.

1. gr.

Yfirullarmatsmennirnir skulu kynna sér sem bezt, hvernig á að verka, þurrka og flokka ull, svo að hún verði talin góð vara á erlendum markaði.

Þeir skulu einnig kynna sér þær breytingar, er kunna að verða á kröfum þeim, sem erlendir kaupendur, eða íslenzkir útflytjendur gera til ullarverkunar.

2. gr.

Yfirullarmatsmenn hafa yfirumsjón með mati á ull, sem flutt er út, hver í sínu umdæmi. Um flokkun og merking ullarinnar eru settar sérstakar reglur.

Þeir skulu gera út um ágreiningsmál, sem kunna að koma fyrir við ullarmatið. Ef hlutaðeigendur — eigendur eða útflytjendur ullarinnar — eigi sætta sig við úrskurð yfirullarmatsmanns, er þeim heimilt að skjóta máli sínu til ullarmatsformanns, sem þá kveður upp endanlegan úrskurð í málinu.

3. gr.

Yfirullarmatsmenn láta ullarmatsmenn framkvæma skoðun og mat á ullinni og merking ullarinnar. Einnig skulu þeir hafa yfirumsjón með pökkun og útskipun ullarinnar og meðferð hennar í útflutningsskipunum. Skulu þeir gæta þess, að hverri ullarsendingu fylgi vottorð ullarmatsmanns um, að ullin sé skoðuð og flokkuð eftir réttum reglum. Sýslumaður eða hreppstjóri skal votta með undirskrift sinni, að löglega skipaður ullarmatsmaður eða ullarmatsmenn hafi undirritað vottorðið í hans viðurvist. Sé hreppstjóri sjálfur útflytjandi ullarinnar eða ekki búsettur á útflutningsstaðnum, skipar sýslumaður til þess annan hæfan mann.

Hver yfirullarmatsmaður skal hafa í þjónustu sinni svo marga ullarmatsmenn, sem hann álítur nauðsynlegt til þess að annast ullarmatið innan síns umdæmis, og skulu þeir skipaðir af hlutaðeigandi lögreglustjóra, eftir tillögum yfirullarmatsmanns.

Ullarmatsmennirnir eru skyldir að hlýða yfirullarmatsmanni samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í erindisbréfi fyrir þá.

4. gr.

Yfirullarmatsmenn skulu ferðast um umdæmi sín ár hvert á ullartökutímanum, svo oft sem nauðsynlegt er, og skulu á þeim ferðum leiðbeina eftir beztu föngum þeim, sem hafa ull til útflutnings eða fást við ullarverkun.

5. gr. **28**

92. Höskuldsstaðak.	1671.46	„	„	66.85	1738.31
93. Efranúpskirkja	20.03	„	„	0.80	20.83
94. Spákonufellskirkja .	1.65	„	„	„	1.65
95. Blönduóskirkja	267.48	„	„	10.69	278.17
96. Tjarnarkirkja á Vn. .	26.82	„	„	1.07	27.89
97. Auðkúlukirkja	869.83	„	„	34.79	904.62
Skagafjarðarprófastsdæmi.					
98. Sauðárkrókskirkja ..	2412.50	„	2.25	96.50	2506.75
99. Rípurkirkja	8.52	„	„	0.34	8.86
100. Glaumbæjarkirkja ..	11.02	„	„	0.44	11.46
101. Mælifellskirkja	12.15	„	„	0.48	12.63
102. Barðskirkja	3088.62	„	„	123.54	3212.16
103. Fellsk. í Slhl.	304.30	„	2.25	12.17	314.22
104. Hólakirkja	71.40	„	„	2.85	74.25
105. Goðdalakirkja	823.66	„	„	32.94	856.60
106. Miklabæjarkirkja ...	1280.65	„	„	51.22	1331.87
107. Flugumýrarkirkja ..	20.41	„	„	0.81	21.22
108. Ketukirkja	780.13	„	„	31.20	811.33
109. Viðvíkurkirkja	1027.59	„	„	41.10	1068.69
110. Hvammskirkja í L. .	403.00	„	„	16.12	419.12
111. Knappsstaðarkirkja .	264.23	„	„	10.57	274.80
Eyjafjarðarprófastsdæmi.					
112. Grímseyjarkirkja ...	23.23	„	„	0.82	24.05
113. Glæsibæjarkirkja ...	152.50	„	„	6.10	158.60
114. Kaupangskirkja	7.35	„	„	0.29	7.64
115. Saurbæjarkirkja	5622.96	„	19.60	224.80	5828.16
116. Munkaþverárkirkja .	10515.11	„	„	420.60	10935.71
117. Lögmannshlíðark. ..	130.41	„	„	5.21	135.62
118. Akureyrarkirkja ...	16727.72	„	„	669.10	17396.82
119. Bægisárkirkja	129.08	„	„	5.16	134.24
120. Vallakirkja	33.73	„	„	1.34	35.07
Flyt	339105.44	11940.88	19843.89	13484.95	344687.38

73

Kirkjur.	Eign í árslok 1933.	Lagt inn.	Tekið út.	Vextir á árinu.	Eign í árslok 1934.
	Kr. au.	Kr. au.	Kr. au.	Kr. au.	Kr. au.
Flutt	339105.44	11940.88	19843.89	13484.95	344687.38
121. Tjarnarkirkja	3.50	„	„	„	3.50
122. Stærra-Árskógsk. ...	0.63	„	„	„	0.63
S.-Þingeyjarprófastsdæmi.					
123. Laufáskirkja	923.65	„	„	36.94	960.59
124. Hálskirkja	802.62	„	„	32.08	834.70
125. Þóroddsstaðark.	206.59	„	„	8.26	214.85
126. Skútustaðakirkja ...	53.75	„	„	2.15	55.90
127. Brettingsstaðakirkja	714.90	„	714.00	11.60	12.50
128. Illugastaðakirkja ...	11.32	„	„	0.45	11.77
129. Grenjaðarstaðarkirkja	4320.36	„	900.00	157.80	3578.16
130. Grenivíkurkirkja ...	1413.95	„	„	56.55	1470.50
131. Draflastaðakirkja ...	3.58	„	„	„	3.58
132. Þönglabakkakirkja .	2265.50	12.92	„	90.62	2369.04
133. Nesskirkja í Aðald. .	397.14	„	„	15.88	413.02
N.-Þingeyjarprófastsdæmi.					
134. Skinnastaðakirkja ..	2630.57	„	„	105.22	2735.79
135. Presthólakirkja	77.97	„	„	3.11	81.08
136. Ásmundarstaðakirkja	1.19	„	„	„	1.19
137. Svalbarðskirkja	4631.32	„	„	185.25	4816.57
138. Víðirhólskirkja	1.38	„	„	„	1.38
139. Sauðanesskirkja	102.77	„	„	4.11	106.88
Samtals	357668.13	11953.80	21457.89	14194.97	362359.01

ATHS.

Sé vaxtaafgangsupphæðinni kr. 7382.11 bætt við ofangreinda upphæð kr. 362359.01 verður eign sjóðsins í árslok, eins og segir í aðalreikningnum, kr. 369741.12.

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík 10. janúar 1935.

Jón Helgason.

74

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs frú Önnu Claessen árið 1934.

Tekjur:

1.	Eignir frá fyrra ári:			
	a. 8 bankavaxtabréf á kr. 500.00	kr.	4000.00	
	b. Innstæða í Sparisjóði Sauðárkróks	—	112.55	kr. 4112.55
2.	Útdregin bankavaxtabréf			— 1000.00
3.	Varið til kaupa á bankavaxtabréfum	kr.	816.70	
	Ágóði af þeim	—	183.30	— 1000.00
4.	Vextir af bankavaxtabréfum	kr.	187.50	
	Vextir af innstæðu í Sparisjóði Sauðárkróks ..	—	10.93	— 198.43
				Kr. 6310.98

Gjöld:

1.	Styrkur veittur 4 sjúklingum	kr.	135.00
2.	Útdregin bankavaxtabréf	—	1000.00
3.	Keypt bankavaxtabréf	—	816.70
4.	Burðargjald	—	1.00
5.	Eign í árslok:		
	a. 8 bankavaxtabréf á kr. 500.00 ..... kr. 4000.00		
	b. Innstæða í Sparisjóði Sauðárkróks ..... — 358.28		
		—	4358.28
		Kr.	6310.98

Sauðárkróki, 9. febrúar 1935.

Helga Guðjónsdóttir. Álfheiður Blöndal. Sigríður Sigtryggsdóttir.

Reikning þennan höfum við yfirfarið og borið saman við bækur sjóðsins og höfum ekkert fundið við hann að athuga.

Stefanía Arnórsdóttir. Elínborg Jónsdóttir.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1935.

Opið bréf um að hans konuglega tign Knud, prinz af Danmörku, sé settur ríkisstjóri, undirskrifað af konungi 19. maí 1935 (nr. 113).

Konungleg auglýsing um að konungur sé kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn, undirskrifuð af konungi 25. maí 1935 (nr. 114).

Bráðabirgðalög um breytingu á lögum nr. 76. 29. des. 1934, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., undirskrifuð af konungi 28. maí 1935 (nr. 115).

Auglýsing um að Ísland hafi gengið að alþjóðasamningi um bætta aðstöðu sjómanna á verzlunarskipum til þess að fá læknishjálp við kynsjúkdómum, undirskrifuð af ráðherra utanríkismála 25. júní 1935 (nr. 116).

Auglýsing um að samningurinn, sem prentaður er sem fylgiskjal með lögum nr. 108 8. maí 1935, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um erfir og skipti á dánarbúum, skuli koma í gildi, undirskrifuð af ráðherra utanríkismála 1. júlí 1935 (nr. 117).

Konungsbréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda fimmtudaginn 10. okt. 1935, undirskrifað af konungi 25. september 1935 (nr. 118).

Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu, **um takmörkun verzlunarlóðarinnar í Flatey á Skjálfanda.** 75

Með bréfi dags. 10. þ. m., hafið þér herra sýslumaður sent hingað tillögur hreppsnefndar Flateyjarhrepps samþykktar af sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu á fundi hennar 4.—6. júní þ. á., viðvíkjandi takmörkun verzlunarlóðarinnar á Flatey á Skjálfanda ásamt uppdrætti af hinni fyrirhuguðu verzlunarlóð.

Út af þessu er hérmeð samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóvember 1905, takmörk svæðis þess, sem reisa má á verzlunarhús á Flatey á Sjálfandaflóa, sett eftir framangreindum lögum og meðlögðum uppdrætti svo sem hér segir:

Að norðan bein lína úr Eiðskrók austur í Sjótjörn. Að austan bein lína úr Sjótjörn austan við núverandi íshús, fram í sjó. Að öðru leyti er lóðin afmörkuð af sjónum.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður að sjá um, að eitt eintak af hinum framangreinda uppdrætti verði geymt við skjöl hlutaðeigandi hrepps og að hreppsnefndin láti setja og haldi við á hreppssjóðs kostnað glöggum merkjum á takmörkum verzlunarlóðarinnar, þar sem takmörkin eru ekki glögg af náttúrunnar hendi.

31. dag októbermánaðar 1935. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

76
12. júní

BRÁÐABIRGÐAREGLUGERÐ

um notkun bryggju í Flatey á Breiðafirði.

1. gr.

Fyrir skip og báta, er leggjast að bryggju í Flatey og liggja sólarhring eða skemur, ber að greiða bryggjugjald fyrir hvert skip sem hér segir:

1. a) Fyrir skip 8— 12 smálestir (brúttó) kr. 2.00
   b) — — 12— 40 — — — 4.00
   c) — — 40— 60 — — — 5.00
   d) — — 60—100 — — — 7.00
2. Fyrir vélbáta, er heima eiga í Flateyjarhreppi og landsveitum, er verzla við Flatey, greiðist árgjald sem hér segir:
   a) Fyrir báta allt að 8 smálestum (brúttó) kr. 8.00
   b) — — yfir 8 — — — 30.00

2. gr.

Auk gjalda þeirra er getur í 1. gr. greiðast bryggjugjöld af öllum vörum sem fluttar eru í land eða úr landi að undanskildum póst- og farþegaflutningi sem hér segir:

1. Fyrir hver 50 kg. og minna af venjulegum vörum kr. 0.05 nema af gærum kr. 0.03 af búnti og af timbri, 0.03 af teningsfeti.
2. Fyrir hvert fat af lifur, lýsi, olíu og benzíni kr. 0.30 og af kjöttunnu hverri kr. 0.20.
3. Fyrir hverja smálest af umbúðalausum kolum og salti kr. 0.50.
4. Fyrir hvern stórgrip kr. 0.25, og hverja sauðkind kr. 0.05.
5. Sláttuvélar og aðrar slíkar vélar kr. 2.00, en dráttarvélar kr. 4.00.

3. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari innheimtir hreppsnefnd þegar er varan er flutt í land eða úr landi. Skipaafgreiðslum er skylt að innheimta bryggjugjöld af út- og innfluttum vörum hjá eigendum vörunnar og standa skil á þeim til hreppsnefndar eigi síðar en eftir 7 daga, enda ber þeim að leggja fram farmskrá skipa og báta ef þess er óskað.

4. gr.

Gjöld, þau, sem umgetur í 1. og 2. gr., leggjast í bryggjusjóð, sem hefir sérstakan reikning. Fé úr honum má ekki nota nema til byggingar og viðhalds bryggjunni. Sjóðurinn er undir umsjón hreppsnefndar. Reikningur hans fylgir hreppsreikningi.

Hreppsnefnd hefir yfirumsjón með bryggjunni og getur skipað sérstakan

umsjónarmann bryggjunnar og gefur honum erindisbréf. Má fela honum innheimtu bryggjugjalda og alla umsjón bryggjunnar. Er skylt að hlýða fyrirskipunum hans um allt, er að bryggjunni lýtur. **76** 12. júní

5. gr.

Allar skemmdir, er bryggjan verður fyrir og áhöld hennar, skal bæta að fullu eftir mati óvilhallra dómkvaddra manna.

6. gr.

Óheimilt er að láta vörur liggja á bryggjunni eða svæðinu ofanvið hana (utan Eyjólfspakkhúss), lengur en nauðsyn krefur. Sé þess ekki gætt af hlutaðeigendum, er heimilt að láta flytja vörurnar burtu á kostnað eiganda eða þeirra sem um þær eiga að sjá.

7. gr.

Allir sem bryggjuna nota eru skyldir að ganga hreinlega um hana og ræsta hana og tæki hennar þegar eftir notkunina. Sé það ekki gert tafarlaust svo fullnægjandi sé, annast umsjónarmaður ræstingu á kostnað hlutaðeiganda.

8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 400 kr. og fer með mál út af þeim, sem almenn lögreglumál. Sektir renna í bryggjusjóð.

9. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Reglugerð þessi er hérmeð sett samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóvember 1917 og birtist til leiðbeiningar öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. júní 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Páll Pálmason.

77
25. júní

SAMÞYKKT
um lokunartíma sölubúða í Keflavíkurhreppi.

1. gr.

Sölubúðum í Keflavíkurhreppi skal lokað eftir því sem ákveðið er í 2., 3. og 4. grein samþykktar þessarar.

2. gr.

Alla virka daga árs skal sölubúðum lokað eigi síðar en klukkan 7 síðdegis og þær eigi opnaðar aftur fyrr en klukkan 8 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu vera þær undantekningar, er nú skal greina:

Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 4 síðdegis, og laugardaginn fyrir páska og hvítasunnu eigi síðar en klukkan 6 síðdegis.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að hafa sölubúðir opnar til miðnættis.

Ef skortur er á eldsneyti eða ljósmeti í hreppnum, eða útlit fyrir að skortur geti orðið á því, þá er hreppsnefndinni heimilt að ákveða að sölubúðum skuli um lengri eða skemmri tíma lokað fyrr en klukkan 7 síðdegis og opnaðar síðar en klukkan 8 árdegis.

3. gr.

Almenna helgidaga og annan ágúst mega engar sölubúðir vera opnar. Ef annan ágúst ber upp á sunnudag skulu allar sölubúðir lokaðar þriðja ágúst.

4. gr.

Frá ákvæðum um lokunartíma sölubúða skal sú ein undanþága vera, að brauðsölubúðum og mjólkursölubúðum má halda opnum á þeim dögum, er taldir eru í 3. gr. frá klukkan 9 til klukkan 11 árdegis og frá klukkan 3 til klukkan 5 síðdegis, eingöngu til sölu á brauði, kökum, mjólk og rjóma.

Ákvæði samþykktar þessarar ná ekki til lyfjasölu.

5. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja á strætum úti, eða annarsstaðar utan sölubúða, nema úr sjálfsölum, nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi.

Heimilt er þó að selja einnig eftir þann tíma kol, salt, veiðarfæri og vistarforða handa skipum og sömuleiðis er leyfilegt að taka á móti innlendum vörum aðkomumanna í geymsluhúsum verzlana.

6. gr.

Menn, sem að komnir eru inn í sölubúð fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

77
25. júní

7. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari fyrir einstaka daga og til þess að sala fari fram í góðgerðaskyni, eða til ágóða fyrir stofnun eða fyrirtæki, sem að dómi lögreglustjóra horfir til almenningsheilla.

8. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 20 til 500 krónum og renna sektirnar í hreppssjóð.

Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal reka sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. júlí 1935.

Samþykkt þessi, sem gerð er af hreppsnefnd Keflavíkurhrepps samkv. lögum nr. 79, 14. nóv. 1917, sbr. lög nr. 94, 3. maí 1935, staðfestist hérmeð og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. júní 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Páll Pálmason.

78
2. júlí

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Legat Guðmundar Magnússonar prófessors og Katrínar Skúladóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 2. júlí 1935.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Legat Guðmundar Magnússonar prófessors og Katrínar Skúladóttur.

1. gr.

Sjóður þessi, sem er stofnaður með erfðaskrá Guðmundar prófessors Magnússonar og konu hans, Katrínar Skúladóttur, dagsettri 18. janúar 1922, og með 50000 — fimmtíu þúsund — króna gjöf, samkvæmt bréfi til háskólaráðs, dags. 3. nóv. 1922, nefnist legat Guðmundar Magnússonar prófessors og Katrínar Skúladóttur.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er:

A. Samkvæmt útskrift úr skiptabók Reykjavíkur nettóerfð kr. 38195.10 — þrjátíu og átta þúsund eitt hundrað níutíu og fimm krónur og 10 au.

78 B. Samkvæmt gjafabréfi, sem fyr er getið, kr. 50000.00.
2. júlí C. Ágóði af útdregnum verðbréfum og vextir eftir lát frú Katrínar Skúladóttur til 1. janúar 1935 kr. 12752.83 — tólf þúsund sjö hundruð fimmtíu og tvær krónur 83 aur. —

Háskólaráðið varðveitir eignir sjóðsins, og skal það sjá um, að þær séu ávaxtaðar í Landsbanka Íslands, bankavaxtabréfum, ríkisskuldabréfum eða jarðræktarbréfum, að svo miklu leyti sem stofnfé sjóðsins er ekki nú í öðrum eignum. Reikninga sjóðsins skal birta árlega í árbók háskólans, og skal reikningsár sjóðsins vera almanaksárið.

Innstæðu sjóðsins má aldrei skerða, og ávallt skal leggja $\frac{1}{10}$ vaxta við höfuðstólinn.

Háskólaráðið skal láta færa bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld, og skal færa í hana ársreikning sjóðsins.

4. gr.

Tekjum sjóðsins, þeim, sem ekki leggjast við höfuðstólinn, skal varið þannig:

1. Til þess að styrkja kandídat í læknisfræði til undirbúnings í útlöndum undir kennarastarf í einhverri grein læknisfræðinnar við læknadeild háskólans. Veita má sama manni styrk úr sjóðnum í þessu skyni oftar en einu sinni, þó aldrei oftar en 4 ár. Þegar vextir sjóðsins, sem úthluta má, nema 7200 krónum eða þar yfir, má veita tveim eða fleirum á ári styrk úr sjóðnum, en aðeins einum kandídat í senn þangað til, nema sérstök nauðsyn beri til.

2. Ef svo ber til, að eitthvert ár verði ekki um neinn hæfan umsækjanda að ræða, er styrkur verður veittur í þessu skyni, eða þess þykir ekki þurfa, má veita íslenzkum læknisfræðingi sömu upphæð úr sjóðnum til verðlauna fyrir ritgerðir um læknisfræði, eða til rannsókna í læknisfræði. Slíkan styrk eða verðlaun má þó veita fleirum en einum, ef styrkveitinganefnd telur fulla ástæðu til þess.

5. gr.

Styrkveitingum ræður þriggja manna nefnd, og eiga sæti í henni: forseti læknadeildar háskólans, og er hann formaður, annar af kennurum læknadeildar, kosinn af henni, og einn maður, kosinn af stjórn Læknafélags Íslands. Styrkveitinganefnd haldi gerðabók fyrir sjóðinn, og færi í hana skipulagsskrána, umsóknir um styrk úr sjóðnum og styrkveitingar og annað, sem varðar starfsemi sjóðsins.

6. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari, og skal hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Gjöf heimfararnefndar Þjóðræknisfélagsins 1930, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra, 8. júlí 1935. Skipulagsskráin er þannig: **79** 8. júlí

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Gjöf heimfararnefndar Þjóðræknisfélagsins 1930.

1. gr.

Nafn sjóðsins er Gjöf heimfararnefndar Þjóðræknisfélagsins 1930, og er hann stofnaður með kr. 13729.90, er téð nefnd Þjóðræknisfélags Íslendinga í Vesturheimi hefir gefið Háskóla Íslands.

2. gr.

Háskólaráðið hefir á hendi stjórn sjóðsins, og skal það sjá um, að hann sé ávaxtaður í Landsbanka Íslands, bankavaxtabréfum, ríkisskuldabréfum eða jarðræktarbréfum. Reikninga sjóðsins skal birta árlega í árbók háskólans, og skal reikningsár sjóðsins vera almanaksárið.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, og skal jafnan ár hvert leggja að minnsta kosti ¼ hluta af tekjum sjóðsins við höfuðstól hans.

Þeim hluta af tekjum sjóðsins, sem eigi skal lagður við höfuðstól hans samkvæmt framansögðu, skal verja til að efla andlegt samband milli Íslendinga austan hafs og vestan og enskumælandi þjóða, svo sem með því, að styrkja námsmenn frá þeim til náms hér eða íslenzka námsmenn til náms þar, með því að fá hingað menntamenn af þeim þjóðum til fyrirlestrahalds eða senda fyrirlesara héðan til fyrirlestrahalds þar, eða með því að styrkja útgáfu rita, sem verða mega þessu sambandi til eflingar.

4. gr.

Háskólaráðið ræður úthlutun fjár úr sjóðnum. Heimilt er að leggja saman og úthluta í einu tekjum fleiri ára en eins, ef slíkt þykir hagkvæmt.

5. gr.

Stjórn sjóðsins ber að færa bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld, og skal færa í hana ársreikning sjóðsins. Ennfremur ber stjórn sjóðsins að halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulagsskrána, umsóknir um styrk úr sjóðnum og styrkveitingar og annað, sem varðar hag og starfsemi sjóðsins.

6. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari, og skal hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

80
12. júlí

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð frá 30. apríl 1932 fyrir rafveitu Seyðisfjarðarkaupstaðar.

11. gr. orðist svo:
Láti rafmagnsnotandi hjá líða að greiða gjöld sín samkvæmt gjaldskrá, skal hann sviptur afnotum raforku, nema hann setji tryggingu, sem bæjarstjóri eða rafveitunefnd tekur gilda, fyrir greiðslunni.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hérmeð samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. júlí 1935.

Eysteinn Jónsson.

Vigfús Einarsson.

81
12. júlí

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá frá 21. nóv. 1931 fyrir rafveitu Seyðisfjarðarkaupstaðar.

3. gr. orðist svo: Gjaldið greiðist mánaðarlega eftirá. Þar sem hemill er notaður greiðist $^1/_{12}$ af ársgjaldinu í hvert skipti. Hemils- og mælisleiga greiðist ársfjórðungslega eftirá. Láti rafmagnsnotandi hjá líða að greiða gjöld sín eins og hér segir, skal hann sviptur afnotum raforku innan 14 daga, nema hann setji tryggingu, sem bæjarstjóri eða rafveitunefnd tekur gilda, fyrir greiðslunni. Sá, sem sviptur er afnotum raforku vegna vanskila skal ekki hljóta þau aftur nema hann greiði það, sem vangreitt er af rafmagnsgjöldum hans á því hemilári, þegar hann er sviptur afnotum, eða setji tryggingu, sem rafveitunefnd tekur gilda, fyrir greiðslunni. Taka má gjöldin lögtaki. Húsráðandi eða rafmagnsnotandi sá, sem hefir hemil eða mæli fyrir sig greiðir gjaldið.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hérmeð samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. júlí 1935.

Eysteinn Jónsson.

Vigfús Einarsson.

REGLUR

82
15. júlí

um breyting á reglum frá 10. ágúst 1933, um störf kjötmatsmanna.

10. gr. h-liður orðist þannig:

Kjötið skal vegið áður en það er fryst og skiptist í þyngdarflokka, sem hér segir:

							I. fl.	II. fl.
Skrokkar,	sem	vega	12½	kg.	og	minna merkjast	6	6 X
—	—	—	13 —16	—		—	2	2 X
—	—	—	16½—19	—		—	8	8 X
—	—	—	19½—22½	—		—	4	4 X
—	—	—	yfir 23	—		—	T	T X

Merkin séu sett á umbúðir og merkimiða.

Kjötskrokkum, sem lenda á milli þyngdarflokka þessara, skal kjötmatsmaður skipa í næsta efri eða neðri flokk, eftir því sem honum þykir við eiga.

Með sérstöku leyfi atvinnumálaráðuneytisins má meta til útflutnings dilkakjöt, sem ekki er tækt í I. eða II. flokk, ef það er útflutningshæft að dómi kjötmatsmanns, og skal það þá flokkast og merkjast, sem hér segir:

6 XX
2 XX
8 XX
4 XX
T XX

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. júlí 1935.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

SAMÞYKKT

83
19. júlí

um breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða og takmörkun á vinnutíma sendisveina í Reykjavík frá 27. nóvember 1934.

1. gr.

Aftan við 1. gr. samþykktarinnar komi:

Sama gildir um sölustaði, þar sem innlendingur varningur er hafður á boðstólum til sölu og hans ekki neytt á staðnum.

83 19. júlí

2. gr.

Á eftir orðunum „kl. 1 síðdegis“ í 4. gr. samþykktarinnar sé skotið inn orðunum:

og fyrsta sunnudag í sjöviknaföstu til kl. 5 síðdegis.

3. gr.

Hvarvetna á eftir orðunum sölubúðir í samþykktinni komi sölustaðir með viðeigandi tengiorðum og í viðeigandi myndum.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar samkvæmt lögum nr. 79, 14. nóvember 1917, staðfestist hérmeð til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. júlí 1935.

Eysteinn Jónsson.

Vigfús Einarsson.

84 24. júlí

SAMÞYKKT

fyrir Veiði- og fiskræktarfélagið Víðidalsá.

1. gr.

Félagið heitir Veiði- og fiskræktarfélagið Víðidalsá. Heimili þess og varnarþing er heimili formanns.

2. gr.

Félagssvæðið er: Bjargaós, Miðhópsvatn ásamt Gljúfrá, Víðidalsá fram að Kolufossi og Fitjá fram að Bjarnarfossi. Þar til heyra þessar jarðir:

Þingeyrar, Leysingjastaðir, Hagi, Hólabak, Miðhóp, Gröf, Refsteinsstaðir, Titlingastaðir, Þorkelshóll, Nýpukot, Lækjamót, Þórukot, Stóra Ásgeirsá, Litla Ásgeirsá, Dæli, Hvarf, Kolugil, Bakkakot, Víðidalstunga, Valdarás, Kambhóll, Neðri Fitjar, Fremri Fitjar, Stórahvarf, Hrísar, Auðunnarstaðir, Galtanes, Síða, Litla Borg, Stóra Borg, Gottorp og Ásbjarnarnes.

3. gr.

Verkefni félagsins:

a. Að auka lax- og göngusilungsveiði í vatnahverfi Víðidalsár samkvæmt 2. gr., svo sem með byggingu klakstöðvar, flutningi seiða, friðun, eyðingu sels og annara veiðivarga.
b. Að reka alla lax og silungsveiði á nefndu vatnasvæði með félagsstarfrækslu.

Er félaginu heimilt að notfæra sér veiðina, hvort heldur er með leigu til stangaveiði eða með sameiginlegum veiðitækjum í Bjargaósi. 84 24. júlí

4. gr.

Stjórn félagsins skipar 5 manna nefnd. Skulu þeir kosnir á aðalfundi félagsins til þriggja ára í senn, og skipta þeir sjálfir með sér verkum.

Enginn félagsmaður getur skorazt undan kosningu, nema hann hafi verið 6 ár í stjórn.

5. gr.

Formaður hefir yfirumsjón með öllum störfum félagsins milli funda og boðar til þeirra og stýrir þeim. Hann sér um bókun fundargerða og hefir á hendi reikningsfærslu fyrir félagið. Hann er málsvari félagsins út á við og ber ásamt allri stjórninni ábyrgð á öllum fjárreiðum félagsins.

Á stjórnarnefndarfundum ræður afl atkvæða og er formanni skylt að boða til funda, ef meiri hluti nefndarinnar óskar þess.

Stjórnin fær þóknun fyrir störf sín samkvæmt reikningi, sem aðalfundur úrskurðar.

6. gr.

Stjórn félagsins boðar til aukafundar, þegar henni þykir ástæða til eða ¼ félagsmanna æskir þess skriflega til félagsstjórnarinnar ásamt tilgreindu fundarefni.

7. gr.

Stjórn félagsins er heimilt að skuldabinda félagið með lántöku, er nota þarf til stofnkostnaðar þess og nauðsynlegs rekstursfjár.

8. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

9. gr.

Aðalfundur hefir æðsta vald í öllum félagsmálum, skal hann haldinn fyrir febrúarlok ár hvert og boðaður með 5 skiptu fundarboði eftir því, sem hentast þykir á félagssvæðinu, en til aðila búsettra utan þess með bréfi með 3ja vikna fyrirvara. Á fundinum leggur stjórnin fram endurskoðaða reikninga félagsins fyrir síðastliðið ár, skýrir frá störfum þess á umliðnu ári og leggur fram áætlun um starfstilhögun og starfrækslukostnað félagsins á yfirstandandi ári. Aðalfundur getur gert ákvarðanir um, hvort öllum arði félagsins er skipt upp samkvæmt arðskrá, eða einhver hluti hans leggist í sjóð til tryggingar og hægðarauka við rekstur félagsins.

Á aðalfundi skal kosin stjórn félagsins og 2 endurskoðendur til tveggja ára, er ganga úr sitt árið hvor.

Afl atkvæða ræður úrslitum mála á aðalfundi, nema þar sem öðruvísi er ákveðið í samþykkt þessari.

Aðalfundur er lögmætur ef helmingur félagsmanna er mættur. Náist ekki

84 lögmætur fundur, skal boða til fundar á ný og er hann þá lögmætur sé lög-
24. júlí lega til hans boðað.

10. gr.

Félagsmenn bera í hlutfalli við gjaldskrá félagsins ábyrgð á kostnaði þeim, er af rekstri félagsins leiðir, og taka einnig hlutdeild í arði af starfsemi þess eftir sömu reglum. Kostnaður þessi, eða arður, jafnast niður fyrir hvert ár í hlutfalli við gildandi gjaldskrá, sem verður því jafnframt arðskrá félagsins. Gjaldskránni má aðeins breyta samkvæmt þeim reglum, sem gilda um breytingar á samþykktinni.

11. gr.

Gjalddagi á árgjöldum til gjaldskrár er fyrir aprílmánaðarlok. Gjöld þessi eru lögtakskræf.

12. gr.

Félagar eru allir þeir eigendur jarða eða ábúendur, er veiðirétt hafa á félagssvæðinu. Fer hver þeirra með eitt atkvæði á fundum félagsins, en sé um sameign fleiri manna að ræða þá formaður.

13. gr.

Félagsmönnum og þeim öðrum, er á félagssvæðinu búa, er óheimilt að hafa með höndum ádráttarnet fyrir lax og silung, nema þeir geti sannað, að það eigi að nota í vatni utan félagssvæðisins. Öll veiðarfæri, er nota á til veiða í fiskihverfinu, skulu merkt með merki félagsins sem er orðið *„Víðidalsá"*.

Um veiði til klaks og vísindalegra rannsókna fer eftir því er lög mæla fyrir.

14. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar allt að 1000 króna sektum, er renna í viðkomandi sýslusjóði og skulu öll veiðarfæri gerð upptæk, sem notuð eru með ólöglegum hætti.

15. gr.

Samþykkt félagsins verður aðeins breytt á aðalfundi ef ⅔ fundarmanna samþykkja og breytingartillögurnar hafa verið birtar í fundarboði.

16. gr.

Nú þykir æskilegt að slíta þessum félagsskap, og er það þá heimilt, ef tveir löglega boðaðir fundir í röð samþykkja með ⅔ atkvæðum fundarmanna að leggja niður félagið.

Skuldum og eignum félagsins á þeim tíma skal jafnað niður á félagsmenn eftir gildandi gjaldskrá.

Samþykkt þessi staðfestist hérmeð til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 24. júlí 1935.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

85
24. júlí

GJALDSKRÁ

fyrir Veiði- og fiskræktarfélagið Víðidalsá.

Gjöld og arður skiptist milli jarða á félagssvæðinu eftir neðangreindum hundraðstölum.

	% af gjöldum eða arði
1. Þingeyrar	45.00
2. Leysingjastaðir	0.20
3. Hagi	2.00
4. Hólabak	2.90
5. Miðhóp	1.50
6. Gröf	0.20
7. Refsteinsstaðir	1.00
8. Titlingastaðir	3.15
9. Þorkelshóll og Nýpukot	5.30
10. Lækjamót	2.00
11. Þórukot	1.00
12. Stóra Ásgeirsá	2.00
13. Litla Ásgeirsá	0.40
14. Dæli	1.00
15. Hvarf	1.25
16. Kolugil	0.25
17. Bakkakot	0.50
18. Víðidalstunga	9.00
19. Valdarás	0.25
20. Kambhóll	0.25
21. Neðri Fitjar	0.25
22. Stóra Hvarf	0.25
23. Fremri Fitjar	0.25
24. Hrísar	0.25
25. Auðunnarstaðir	3.00
26. Galtanes	3.75
27. Síða	2.90
28. Litla Borg	3.00
29. Stóra Borg	3.20
30. Gottorp	1.80
31. Ásbjarnarnes	2.20
Samtals	100.00%

Gjaldskrá þessi staðfestist hérmeð til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 24. júlí 1935.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

86
25. júlí

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð um notkun Krossavíkur við Hellissand.

4. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:
Gjöld fyrir notkun víkurinnar eru þessi:

A. Bátagjald.

Vélbátar: Fyrir vetrarvertíð 12 kr. af rúmlest.
— vorvertíð 10 kr. af rúmlest.
— sumarvertíð 7 kr. af rúmlest.
— haustvertíð 6 kr. af rúmlest.

Fyrir vélbát, sem er allt árið, 25 kr. af rúmlest.

Fyrir aðkomubáta í eitt skipti eða oftar, hafi báturinn ekki fast aðsetur, 3 krónur í hvert skipti að 8 rúmlesta stærð, en fyrir stærri báta 5 krónur.

Fyrir róðrarbáta yfir hverja vertíð 15 krónur.

Fyrir uppskipunarbáta yfir árið 30 kr.

Fyrir vélbáta, sem ekki eru í notkun og ekki greiða gjald samkvæmt fyrrtöldu:

Fyrir að leggja upp vélbát til aðgerðar 20 krónur.

Fyrir að geyma vélbát á þurru landi 20 krónur.

Bátagjöld þessi greiðast hvort heldur bátarnir nota víkina sjálfa eða hið annað hafnarsvæði, er greinir í 1. gr. reglugerðar þessarar.

B. Vörugjald.

Af vörum, sem fluttar eru í land í Hellissandskauptúni eða skipað þaðan út, skal greiða gjald sem hér segir:

1. Af salti kr. 2.50 af hverri smálest.
2. — kolum og sementi kr. 2.00 af hverri smálest.
3. — óverkuðum saltfiski kr. 2.50 af hverri smálest.
4. — verkuðum saltfiski kr. 3.25 af hverri smálest.
5. — fiskbeinum kr. 2.50 af hverri smálest.
6. — olíutunnum, fisktunnum, síldartunnum, kjöttunnum, lýsistunnum 75 aurar af hverri tunnu.
7. — trjávið og öðrum vörum sem reiknast eftir rúmmáli 5 aurar af hverju teningsfeti minnsta gjald.
8. — öllum öðrum vörum 30 aurar af hverjum 100 kr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd vörunnar með umbúðum. Brot úr gjaldeining telst sem heil gjaldeining. Gjaldið skal ákveðið eftir farmskrám skipa eða farmskírteinum þegar um slík skjöl er að ræða og er öllum skipaafgreiðslumönnum skylt að láta hafnarnefnd í té eintak af öllum farmskrám yfir vörur, er skipað er upp eða út á verzlunarlóð Hellissandskauptúns innan sólarhrings eftir komu eða burtför skipsins.

Hafnarnefndin hefir haldsrétt á vörum þeim, sem greiða skal af vörugjald, unz gjaldið er greitt. 86 25. júlí

Reglugerð þessi er hérmeð sett samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóvember 1917, til að öðlast gildi 1. ágúst 1935 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. júlí 1935.


Eysteinn Jónsson.

Vigfús Einarsson.

AUGLÝSING

87 25. júlí

um merkingu á frystu kjöti til útflutnings.



(Fyrirmynd að merkingu á frystu kjöti til útflutnings).

Allt fryst kjöt, sem flytja á héðan af landi til Stóra-Bretlands, Danmerkur og Svíþjóðar, skal merkt sem hér segir:

Hver skrokkur skal merktur með orðinu Iceland á bæði læri, á báðar síður ofantil framan við spjaldhrygg og á bæði herðablöð, alls þrjú merki á hvora hlið skrokksins. Skal aðgætt að stimpla skrokkinn nákvæmlega þar sem fyrirmyndin hér að ofan sýnir.

Í kjötstimplana sé notaður fjólublár litur (gentiana violet).

Allt fryst kjöt, sem flutt er til ofannefndra landa, skal metið af löggiltum matsmönnum og skoðað af löggiltum kjötskoðunarlæknum, og skulu hverri kjötsendingu fylgja vottorð um mat og læknisskoðun, samkvæmt ákvæðum laga nr. 39, 19. júní 1933, um kjötmat o. fl. Að öðru leyti fer um alla meðferð kjötsins og geymslu samkvæmt ákvæðum ofannefndra laga og samkvæmt ákvæðum fyrirmæla 27. júlí 1933 um kjötskoðun, merkingu á kjöti o. fl., svo og

87 eftir reglum 10. ágúst 1933 um störf kjötmatsmanna og breytingu á þeim reglum frá 15. júlí 1935.
25. júlí

Þetta birtist hér með til leiðbeiningar og eftirbreytni, og eru jafnframt úr gildi felldar eldri auglýsingar um þetta efni.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. júlí 1935.

Hermann Jónasson

Vigfús Einarsson.

88 **REGLUGERÐ**
27. júlí

um Skuldaskilasjóð vélbátaeigenda.

Samkvæmt lögum nr. 99, 3. maí 1935, um Skuldaskilasjóð vélbátaeigenda, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Stofnfé Skuldaskilasjóðs, 1½ milljón króna, tekur sjóðstjórnin að láni með ábyrgð ríkissjóðs.

2. gr.

Heimilt er stjórn Skuldaskilasjóðs, með samþykki ráðherra, að gefa út handhafaskuldabréf fyrir sjóðinn, fyrir allt að kr. 1750000,00, og lækkar þá lántökuheimild sjóðsins um 150 kr. fyrir hverjar 175 kr., sem út eru gefnar af handhafaskuldabréfum.

3. gr.

Skuldabréf Skuldaskilasjóðs skulu gefin út í einum flokki. Nafnverð bréfanna skal vera 30 kr., 100 kr., 500 kr. og 1000 kr. Skulu þau auðkennd þannig, að 30 kr. bréfin beri bókstafsmerkið A, 100 kr. bréfin bókstafsmerkið B o. s. frv. Í hverjum verðflokki skulu bréfin merkt áframhaldandi tölum. Bréfunum fylgja vaxtamiðar eftir því sem stjórn sjóðsins nánar ákveður.

4. gr.

Skuldabréf Skuldaskilasjóðs bera 4½% ársvexti, og greiðast vextirnir á skrifstofu Fiskveiðasjóðs Íslands, gegn afhendingu vaxtamiða, einu sinni á ári, á gjalddaga 31. desember.

Skuldabréfin skulu innleyst á 15 árum samkvæmt ákvæðum 3. gr. laganna. Sjóðstjórnin auglýsir í Lögbirtingablaðinu, með sex mánaða fyrirvara, hvaða bréf hafa verið dregin út til innlausnar það ár. Útdregin skuldabréf verða innleyst 31. desember ár hvert. Skulu óinnleystir vaxtamiðar fylgja hinum útdregnu bréfum.

Af útdregnum skuldabréfum greiðast ekki vextir eftir gjalddaga.

88

27. júlí

5. gr.

Hlutverk matsmanna sjóðsins, sem skipaðir verða samkvæmt 13. gr. laganna, er að meta til sannvirðis allar fasteignir og vélbáta lánbeiðenda og einnig lausafjáreign þeirra, og skulu þeir sérstaklega láta þess getið:

1. Hvernig ástand eignarinnar er og hvort verulegar endurbætur eru nauðsynlegar á henni, vegna þess að viðhald hennar hafi verið vanrækt undanfarin ár, eða af öðrum ástæðum.
2. Hvaða leigu eða afgjald megi ætla, að unnt sé að fá nú árlega eftir eignina.
3. Hvaða verð sé líklegt að fáist nú fyrir eignina, með frjálsri sölu eða nauðungarsölu.
4. Að hve miklu leyti eignin fullnægi nú þeim kröfum um nothæfi, sem gerðar eru, eða hvort til þess verði að gera á henni breytingar, er hafi verulegan kostnað í för með sér.
5. Sérhvers annars, sem líklegt er að hafi áhrif á verðmæti eignarinnar.

Með hliðsjón af álitsgerðum matsmanna ákveður stjórn sjóðsins verðmæti eigna lánbeiðenda.

6. gr.

Um atkvæðisrétt kröfuhafa á fundum skuldheimtumanna fer sem hér segir:

1. Kröfuhafi, sem á ótryggða, viðurkennda kröfu á lánbeiðanda, nýtur atkvæðisréttar fyrir allri upphæð kröfunnar.
2. Kröfuhafi, sem á veðtryggða kröfu á lánbeiðanda, nýtur atkvæðisréttar fyrir þeim hluta kröfuupphæðarinnar, sem að mati sjóðstjórnarinnar eigi myndi greiðast af verði veðsins.
3. Kröfuhafi, sem á forgangskröfu samkvæmt 83. gr. skiptalaganna á lánbeiðanda, nýtur því að eins atkvæðisréttar fyrir henni, að krafan, að mati sjóðsstjórnarinnar, eigi myndi fást greidd af eignum lánbeiðanda, og þó að eins fyrir þeim hluta kröfuupphæðarinnar, sem sjóðstjórnin metur að ógreiddur myndi verða.
4. Kröfuhafi, sem á kröfu á lánbeiðanda, sem tryggð er með ábyrgð þriðja manns, nýtur sjálfur atkvæðisréttar fyrir henni. Ábyrgðarmaður nýtur hins vegar því að eins atkvæðisréttar, að hann hafi leyst kröfuna til sín eða sett tryggingu fyrir henni. Nýtur hann þá atkvæðisréttar fyrir þann hluta kröfuupphæðarinnar, sem hann hefir leyst til sín eða sett tryggingu fyrir.
5. Kröfuhafi, sem á ábyrgðarkröfu á lánbeiðanda, nýtur atkvæðisréttar fyrir þeirri upphæð af ábyrgðarkröfunni, sem sjóðstjórnin metur að myndi falla á lánbeiðanda, enda séu þau gögn fyrir hendi, er geri sjóðstjórninni það unnt að meta áhættu ábyrgðarmannsins.
6. Kröfuhafi, er notar kröfu sína á lánbeiðanda til skuldajafnaðar, nýtur að eins atkvæðisréttar fyrir þann hluta kröfuupphæðarinnar, er eigi féll niður við skuldajöfnuðinn.

88 27. júlí

Rísi ágreiningur um atkvæðisrétt kröfuhafa eða upphæð kröfu hans, sker sjóðstjórnin úr þeim ágreiningi.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. júlí 1935.

Eysteinn Jónsson.

Vigfús Einarsson.

89 16. ágúst

FJALLSKILAREGLUGERÐ

fyrir Skagafjarðarsýslu.

I. KAFLI

Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Sýslunefnd hefir yfirumsjón allra fjallskilamála, er snerta upprekstrarlönd sýslubúa. Hreppsnefndir hafa á hendi alla stjórn og framkvæmd á fjallskilamálum, hver í sínum hreppi, eða í samlögum, þar sem fleiri hreppar eru í sama upprekstrarfélagi.

2. gr.

Hreppsnefndir geta gert nákvæmari ákvarðanir um fjallskil í einstökum atriðum. Þó má eigi þar með raska reglugerð þessari, og skulu hreppsnefndir gæta þess, að farið sé í öllu eftir ákvæðum hennar.

II. KAFLI

Um afrétti og notkun þeirra.

3. gr.

Allt land skiptist í afrétti og heimalönd. Það skulu vera afréttir, sem að fornu verið hafa. Svo getur og sýslunefnd ákveðið nýja afrétti, eftir tillögum hreppsnefnda og með samþykki landeigenda. Ennfremur geta hreppsnefndir með samþykki sýslunefndar breytt takmörkum afrétta, og lagt til þeirra heimalönd einstakra jarða eða landsparta, er þær hafa umráð yfir.

4. gr.

Sýslunefnd semur skrá yfir alla afrétti, er sýslubúar nota. Skal þar lýst ummerkjum þeirra, og tekið fram, hvaða jarðir eiga upprekstur á hvern af-

rétt. Skrá þessi gildir sem heimild fyrir upprekstrarrétti hverrar jarðar í sýslunni, og verður henni ekki breytt, nema eftir tillögum hreppsnefnda og með samþykki jarðareiganda eða umráðanda. 89 16. ágúst

5. gr.

Enginn má nota annan afrétt en þann, sem hann á upprekstur á, nema allar hlutaðeigandi hreppsnefndir leyfi. Sömuleiðis má enginn taka hross eða sauðfé í sameiginlegt upprekstrarland af þeim, sem ekki er í því upprekstrarfélagi, nema með leyfi allra þeirra hreppsnefnda, er umráð hafa yfir landinu. Leyfið gildir aðeins eitt ár í senn.

Telji hreppsnefnd afrétt ofsetinn, er hlutaðeigandi hreppur á upprekstrarrétt í, þá getur hún borið það upp á almennum fundi í upprekstrarfélagi þess afréttar, að takmarka notkun afréttarins þannig, að hver jörð, sem þar á upprekstur, megi aðeins reka þangað tiltekna tölu hrossa og sauðfjár.

Fái tillaga um þetta fylgi ⅔ félagsmanna, þeirra, er jarðarumráð hafa og fund sækja, skal hún vera bindandi fyrir upprekstrarfélagið í heild sinni.

Til þessa fundar skal hreppsnefndin boða alla hlutaðeigendur með minnst eins mánaðar fyrirvara. Mæti þá ekki ⅔ félagsmanna þeirra, er atkvæðisrétt eiga, skal boðað til nýs fundar með minnst ½ mánaðar fyrirvara, og getur hann tekið gilda ákvörðun, ef helmingur atkvæðisbærra manna sækir fundinn.

6. gr.

Enginn má hafa afrétt til sérstakra afnota fyrir sjálfan sig, svo sem til slægna eða beitar fyrir búsmala. Eigi má ónáða fénað á afréttum, og ekki heldur án leyfis hreppsnefndar taka þaðan fé eða hross fyrir fjallgöngur á haustum, nema málnytupeningur sé eða tamin hross. Allur heimrekstur afréttarfénaðar á einstaka bæi, gangnadagana, er stranglega bannaður. Enginn má sleppa fé sínu á afrétt eftir fyrstu göngur, nema hreppsnefnd leyfi.

III. KAFLI

Um fjársmalanir á vorum.

7. gr.

Allir þeir, sem jörð hafa til ábúðar eða afnota, eru skyldir að smala heimalönd sín á vorum, eftir því sem hreppsnefnd ákveður.

8. gr.

Hreppsnefnd skal skipa fyrir um smölun sauðfjár til rúnings á vorum, bæði í heimalöndum og á afréttum. Gangnaskyldir á afréttum eru allir þeir, sem þar eiga upprekstur. Hið sama gildir um smölun til fráfærna.

Ef tveir eða fleiri hreppar eru í sama upprekstrarfélagi, skulu vorgöngur á afrétti ákveðnar af hreppsnefndum upprekstrarfélagsins í sameiningu,

89 Kostnaður við þær kemur niður á hreppana eftir sömu hlutföllum og sameig-
16. ágúst inleg fjallskil.

9. gr.

Nú finnst fé, er sloppið hefir úr löndum eiganda eða kemur fyrir fjarri eigendum, þegar vorgöngur til rúnings eru afstaðnar, hvort heldur eru geldar kindur eða lambær, er þá finnandi skyldur, ef honum er unnt, að hirða og rýja geldfé, og sömuleiðis ær, séu þær rúningshæfar, og einnig að marka ómörkuð lömb. Skal hann gera eiganda full skil á ullinni og grein fyrir marki og öðrum einkennum á hverri kind, sem hann hefir rúið eða markað. Í ómakslaun bera finnanda 30 aurar fyrir að rýja kind og 20 aurar fyrir að marka lamb.

IV. KAFLI

Um rekstur til afrétta.

10. gr.

Hreppsnefnd skal sjá um, að dilkær og geldfé, þegar það er komið úr ull, svo og stóðhross, sé rekið til afréttar svo tímanlega að vorinu, sem árferði og önnur atvik leyfa. Áður en fráfærnalömb eru rekin á fjall, skal sitja þau heima eigi skemur en þrjá sólarhringa. Reka skal á miðjan afrétt, nema hreppsnefnd hafi öðruvísi ákveðið. Séu heimalönd notuð til uppreksturs, skal reka þangað sem búsmali síst gengur, og með leyfi landráðanda. Reka skal þannig gegn um heimalönd manna, að sem minnstur bagi verði að. Aldrei má án leyfis eiganda reka fénað annara manna til afréttar, nema víst sé, að afréttarfénaður sé. Afréttarpeningur eru öll hross ótamin og sauðfé nema málnytuær og lífhrútar.

11. gr.

Enginn má hafa stóðhross, geldfé eða dilkær í heimahögum að sumrinu, nema hreppsnefnd og nágrannar leyfi, enda ábyrgist eigandi að fénaðurinn geri engum skaða. Nú eru stóðhross eigi rekin til afréttar eftir skipun hreppsnefndar, og má hún þá láta reka þau á kostnað eiganda, ef hann er í sama upprekstarfélagi.

12. gr.

Ef sauðfé gengur úr afrétti á sumrum í búfjárhaga, getur sá, er fyrir ágangi verður, gert hreppsnefndinni þar í hreppi aðvart um það. Skipar hún þá fyrir um smölun þess og rekstur til afréttar. Kostnað við smölun og rekstur borgar landráðandi að ¼, en ¾ greiðist úr fjallskilasjóðum eða sveitarsjóðum upprekstrarfélagsins, tiltölulega við það, sem hver hreppur leggur til sameiginlegra fjallskila, nema öðruvísi sé um samið.

Hið sama gildir um stóðhross, er úr afrétti ganga á sumrum, ef landráðanda og hreppsnefnd kemur saman um að reka þau til afréttar.

Þessi ákvæði gilda þar til vika er til gangna.

13. gr.

Ef stóðhross eru í óskilum í heimahögum að sumrinu og ekki rekin til afréttar, getur sá, er fyrir ágangi verður, gert eiganda aðvart um að hirða þau eða tilkynnt það hreppsnefnd, er þá sér um aðvörun til eiganda. Kostnaður við sendiferð með tilkynningu greiðist úr fjallskilasjóði eða sveitarsjóði þess hrepps, þar sem hrossin koma fyrir. Í hagagjald fær ágangsþoli 25 aura fyrir hvert hross um sólarhring, er reiknast frá því er tilkynning barst til eiganda, og borgist um leið og hrossa er vitjað, ella má halda þeim að veði, unz borgun er greidd.

Nú þekkist ekki eigandi, eða ekki næst til hans sökum fjarlægðar, eða hrossa er eigi vitjað innan þriggja sólarhringa frá tilkynningu, eða hrossin koma annað sinn í land sama manns, og skulu þau þá afhent hreppstjóra, er tekur þau í gæzlu gegn 25 aura gjaldi um sólarhring, og fer með þau að öðru leyti sem óskilahross á haustum.

14. gr.

Hver sem heimildarlaust rekur fénað, sem á afrétt á að fara, í land annars manns, til beitar um sumar, hvort heldur er heimaland eða afréttur, skal greiða hagatoll til landeiganda, 3 krónur fyrir hvert hross og 10 aura fyrir hverja sauðkind. Nú tekur einhver hross eða sauðfé í sameiginlegt upprekstrarland af þeim, sem ekki er í því upprekstrarfélagi, og skal hann þá svara upprekstrarfélaginu sama hagatolli og fyrr segir. Sæti ella málssókn til skaðabóta.

V. KAFLI

15. gr.

Um fjallskilaskyldu.

Fjallskilaskyldur er hver fjáreigandi, hvort sem hann er búandi eða búlaus. Skal hann leggja til fjallskila á þann hátt, sem hreppsnefnd fyrirskipar. Hreppsnefnd skal og hafa rétt til að leggja fjallskil á búendur og umráðamenn þeirra jarða, þar sem framfleytt er litlum eða engum afréttarpeningi, ef þess telst brýn þörf. Álagningin skal miðast við landverð án hlunninda, samkvæmt fasteignarmati og má fjallskilagjaldið aldrei vera hærra en 3 af þúsundi.

16. gr.

Skyldur er hver maður að gera full fjallskil á þeim afrétti, þar sem honum ber upprekstur, þó að hann noti annan afrétt eða heimaland, nema allar hlutaðeigandi hreppsnefndir veiti undanþágu, er gildi eitt ár í senn. Nú notar einhver með leyfi landeiganda annan afrétt en honum ber upprekstur á og er honum skylt að gera þar full fjallskil að tiltölu við fjárfjölda, ef hann hefir fengið undanþágu frá fjallskilum á þeim afrétti, þar sem honum ber upprekstur, en að öðrum kosti skal hann gera þar fjallskil tiltölulega að hálfu

89 móts við fjallskil annara í því upprekstrarfélagi. Noti einhver annara land
16. ágúst til upprekstur heimildarlaust ber honum að gera þar full fjallskil, þótt hann fái enga undanþágu, þar sem honum ber upprekstur.

17. gr.

Hver sá fjáreigandi, er notar land utan upprekstrarfélags síns, skal tilkynna það hreppsnefnd í þeim hreppi, þar sem hann á heima, áður 12 vikur eru af sumri, og afhenda henni jafnframt greinilegt framtal á fénaði sínum.

Nú á einhver að gera fjallskil í öðrum hreppi, en hann er búsettur í, og skal á hreppsnefndin, þar sem hann á heima, senda hreppsnefnd þeirri, er hlut á að máli, skýrslu um fjáreign hans eftir vorframtali, áður 14 vikur eru af sumri.

18. gr.

Þar sem tveir eða fleiri hreppar nota sama afrétt, skulu hlutaðeigandi hreppsnefndir eða fulltrúar þeirra eiga fund með sér í 16. viku sumars til að semja um, hvernig fjallgöngum skal haga og jafna niður sameiginlegum fjallskilakostnaði milli hreppanna. Til þess fundar kveður oddviti í þeim hreppi, þar sem aðalrétt stendur. Skal þá hver hreppsnefnd leggja fram fjártal fjallskilaskyldra manna í hreppnum að vorinu, staðfest af hreppstjóra, og fer eftir því, hve marga menn hver hreppur leggur til í göngurnar. Meta skal til dagsverka eða peningaverðs göngur hvers gagnaflokks. Verði ágreiningur um þetta milli nefndanna, sker sýslunefnd úr því, eða oddviti hennar til bráðabirgða.

Heimilt er hreppsnefndum að skipta upprekstrarsvæði milli hreppsfélaga til smölunar. Annast þá og ábyrgist hvert hreppsfélag allar nauðsynlegar fjárleitir á sínum úthlutaða landsparti.

19. gr.

Allri skylduvinnu og öðrum kostnaði við fjallskil skal hreppsnefnd jafna niður á fjáreigendur í tæka tíð. Skal það vera aðalregla, að jafnt sé lagt á hvert hross sem á 3 sauðkindur. Aðfinningar við niðurjöfnunina skal bera upp bréflega fyrir oddvita hreppsnefndar fyrir 20. dag októbermánaðar, og hefir sýslunefnd úrskurðarvald í þeim málum, ef ekki næst samkomulag milli hreppsnefndar og kæranda.

20. gr.

Við niðurjöfnun fjallskilakostnaðar er rétt að ætla nokkuð fyrir óvissum útgjöldum og leggst það fé í sérstakan sjóð, er nefnist fjallskilasjóður. Um reikningsskil fjallskilasjóðs gilda sömu reglur og um sveitarsjóðsreikninga.

VI. KAFLI

Um fjallgöngur á haustum.

21. gr.

Fjallgöngur skulu vera tvennar að minnsta kosti hvert haust. Aðalgöngur skulu byrja mánudaginn í 22. viku sumars, nema göngur séu færðar með samþykki allra hlutaðeigandi hreppsnefnda. Það er á valdi hreppsnefnda, hvort þær láta þriðju göngur fram fara. Ennfremur hafa hreppsnefndir vald til að láta gera eftirleitir á afréttum og víðlendum heimlöndum, og skulu þær koma sér saman um það við síðustu rétt á hausthreppaskilum. Að öðrum kosti skal því máli ráðið til lykta af hreppsnefndinni í þeim hreppi, þar sem aðalrétt stendur. Jafnframt skal hreppsnefnd auglýsa, hvort hún fyrirskipi eftirleit á því hausti. Að því leyti sem kostnaði við eftirleitir að tilhlutun hreppsnefnda er ekki jafnað niður með öðrum gangnaskilum, greiðist hann úr fjallskilasjóðum eða sveitarsjóðum upprekstrarfélagsins eftir sömu hlutföllum og önnur sameiginleg fjallskil.

22. gr.

Hreppsnefndin eða kjörinn maður úr nefndinni, er nefnist fjallskilastjóri, kveður hreppsbúa með gangnaboði til fjallskila, nægum tíma áður en fjallgöngur byrja. Skal þar nákvæmlega tekið fram, hvað hverjum þeirra ber að leggja til fjallskila það haust.

Ekkert má fyrirskipa í gangnaboðinu, er komi geti í bága við fulltryggjandi fjárskil eða ákveðin réttahöld innan sýslu.

23. gr.

Hreppsnefnd eða fjallskilastjóri skipar duglegan gangnaforingja fyrir hvern gangnaflokk, einn eða fleiri, eftir því sem til hagar á hverju upprekstrarsvæði. Gangnaforingjar skulu jafnan vera sjálfir í göngum, og skipa fyrir um, hvernig þeim skal haga. Skulu þeir sjá um, að fjársöfnin séu rekin með reglu til réttar, og kveðja menn til að gæta safnsins, þar til vöktunarmenn hafa tekið við því. Hver gangnamaður er skyldur að hlýða gangnaforingja sínum. Öll óhlýðni gegn skipunum hans varðar sektum. Þóknun til gangnaforingja telst með gangnaskilum.

24. gr.

Gangnaforingi skal annast um, að farið sé svo vel sem unnt er með fé og hross í göngum. Ef kindur koma fyrir, sem ekki verður komið lifandi til réttar, skal slátra þeim og taka úr þeim innyfli, en flytja þær að öðru leyti til réttar. Finnist dauð kind í göngum, skal húa á sama hátt flutt til réttar, ef nýtileg er. Ef hross af einhverjum ástæðum geta ekki gengið til réttar, eða ef hross drepst í göngum eða finnst fyrir skömmu dautt, skal tafarlaust, þegar komið er til byggða, tilkynna það hreppsnefnd, er þá lætur sækja það og

89 flytja til réttar gegn borgun úr fjallskilasjóðum eða sveitarsjóðum upprekstr-
16. ágúst arfélagsins, sé eigandi skepnunnar innan sýslu, en að öðrum kosti gegn borgun frá eiganda.

25. gr.

Nú hafa fjáreigendur ráð á fleiri mönnum en einum og hefir þá fjallskilastjóri vald til að kalla til gangna þann, sem hæfastur er, svo og til hvers annars starfa, sem útheimtist til góðra fjárskila.

26. gr.

Ef fjáreigandi hefir engan hæfan mann til gangna og getur eigi útvegað hann skal hann tilkynna það fjallskilastjóra bréflega 6 dögum áður en fjallgöngur byrja. Taki fjallskilastjóri undanfærzlu hans gilda, borgar hann göngurnar sektalaust. En fjallskilastjóri annast um að útvega mann í göngurnar fyrir sanngjarna borgun. Á sama hátt skal útvega hesta, fæði og annað sem vantar.

27. gr.

Láti einhver farast fyrir að senda mann í göngur eða gera þau fjallskil, sem hann er kvaddur til í gangnaboði, skal hann auk borgunar fyrir fjallskilin, eins og þau eru metin, greiða aukagjald, er nema ¼ af matsverði þeirra.

Ef einhver sendir mann í göngur, sem gangnaforingi og helmingur gangamanna í hans flokki telur óhæfan sökum ágalla eða ills útbúnaðar, má vísa honum heim aftur, og er þá fjáreiganda skylt að borga gangnaskilin, eins og hann hefði engan sent.

Sannist það, að gangamaður eða annar, sem fjallskil á að inna af hendi, vanræki skyldustörf sín, getur hreppsnefnd krafizt uppbótar frá honum eða þeim er hann sendi, eftir því sem hæfa þykir. Vilji hann eigi hlíta úrskurði hreppsnefndar, getur hann skotið málinu til sýslunefndar.

Gjaldi fyrir gangnasvik eða vanrækslu á fjallskilum má verja til að kaupa mann til fjallskilanna, ella renni það í fjallskilasjóð eða sveitarsjóð þess hrepps eða þeirra hreppa, sem hlut eiga að máli.

28. gr.

Hreppsnefndir skulu sjá um, að koma upp hentugu skýli fyrir gangnamenn á afréttum, þar sem þess er þörf. Kostnaður, sem af þessu leiðir, greiðist úr afréttarsjóði, ef slíkur sjóður hefir verið stofnaður, en annars úr fjallskilasjóðum eða sveitarsjóðum upprekstrarfélagsins.

VII. KAFLI.

Um réttir og réttahöld.

29. gr.

Eftir tillögum hreppsnefnda ákveður sýslunefnd hvar aðalrétt skal vera og hvar aukarétt, sömuleiðs undir hverja aðalrétt hver aukarétt heyrir, og ennfremur hvern afrétt og heimalönd ganga skal til hverrar réttar, og ráða sýslutakmörk, nema öðruvísi sé ákveðið. Skal skilgreining á þessu koma inn á skrá þá, sem getið er um í 4. gr. um afrétti og takmörk þeirra.

30. gr.

Kostnaður við byggingu og viðhald rétta, hvílir á fjallskilasjóði hreppsins eða hreppanna, ef fleiri eru í upprekstrarfélaginu og skal í því skyni greiða árlega í sjóðinn ákveðið gjald af hverri sauðkind og hverju hrossi, sem fjallskyld eru, enda sé skylt að hafa fjallskilasjóð í hverjum hreppi. Ákveður hreppsnefnd gjald þetta árlega eftir þörfum á hverjum stað og innheimtir það með öðrum tekjum sjóðsins.

Við hverja aðalrétt skulu allir í upprekstrarfélaginu hafa nægilegt dilksrúm, hver fyrir sig eða fleiri í samlögum. Ennfremur skulu vera sérstakir dilkar, einn eða fleiri, fyrir fé úr öðrum hreppum, er hlutaðeigandi hreppar byggja og viðhalda á sinn kostnað, nema svo sé um samið, að upprekstrarfélagið kosti byggingu þeirra og viðhald, móti því að hlutaðeigandi upprekstrarfélag sýni því aftur sömu skil.

31. gr.

Hreppsnefndir skulu sjá um, að réttir séu vandlega byggðar og vel viðhaldið, einnig að allir dilkar við þær séu í gildu standi kvöldið áður en réttað er. — Vanræki einhver að vinna að réttar eða dilksbyggingu, má hreppsnefnd útvega mann til þess á hans kostnað.

32. gr.

Hreppsnefndir skipa duglegan réttarstjóra við hverja aðalrétt og aukarétt. Réttarstjóri skal vera kominn til réttar í tæka tíð hvern réttardag. Skipar hann fyrir, hvernig fjárdrætti skal haga, og heldur mönnum til starfa. Hann bannar stranglega allt slark og óreglu, er valdið getur hindrun við réttarstörfin. Sýni nokkur í réttinni óhlýðni gegn skipunum hans, varðar það sektum. Þóknun til réttarstjóra telst með gangnaskilum.

33. gr.

Hreppsnefnd eða fjallskilastjóri skal skipa duglegan dilkstjóra fyrir hvert dilksfélag, til að vera réttarstjóra til aðstoðar við réttarstörfin. Dilkstjórar skulu gæta þess, að misdráttur eigi sér ekki stað, og sjá um heimrekstur fjárins frá réttinni. Enginn má hleypa út úr dilk fyrr en réttarstjóri leyfir, og búið

89 er að kanna fé í dilknum. Að þeim starfa eru allir skyldir að vinna, þeir sem
16. ágúst réttarstjóri til þess nefnir.

34. gr.

Réttarstjóri annast um, að ómörkuð lömb séu hirt í réttinni og dregin í dilk sér, svo að eigendum gefist kostur á, að láta lambsmæður helga sér þau. Engin má helga sér marklausa kind af fjárbragði einu. — Réttarstjóri kveður menn til að skoða úrtíning vandlega eftir markaskrám í fyrstu sem síðari réttum, og mega þeir ekki yfirgefa þann starfa fyrr en lokið er. Allir fjáreigendur skulu gæta þess, að fé þeirra verði ekki eftir í úrtíningi. Á réttarstjóri heimtingu á að fá nægilega marga menn úr hverju dilksfélagi sér til aðstoðar við töfludráttinn. Þegar búið er að skoða úrtíning í fyrstu rétt, skal fjallskilastjóri í þeim hreppi, þar sem aðalrétt stendur, koma honum í gæzlu milli rétta, og telst gæzlan með gangnaskilum.

35. gr.

Aðalréttir eftir fyrstu göngur skulu haldnar þá daga, er hér segir:

1. Stíflurétt, þriðjudaginn í 22. viku sumars.
2. Flókadalsrétt, mánudaginn í 22. viku sumars.
3. Skálarétt, laugardaginn í 22. viku sumars.
4. Unadalsrétt, mánudaginn í 22. viku sumars.
5. Deildardalsrétt, þriðjudaginn í 22. viku sumar.
6. Kolbeinsdalsrétt, mánudaginn í 22. viku sumars.
7. Hagarétt, mánudaginn í 22. viku sumars.
8. Silfrastaðarétt, miðvikudaginn í 22. viku sumars.
9. Vesturdalsrétt, miðvikudaginn í 22. viku sumars.
10. Mælifellsrétt, miðvikudaginn í 22. viku sumars.
11. Staðarrétt, þriðjudaginn í 22. viku sumars.
12. Bakkarétt, þriðjudaginn í 22. viku sumars.
13. Stafnsrétt, fimtudaginn í 23. viku sumars.

Ef göngur eru færðar, breytast réttardagar eftir því.

36. gr.

Í hverri aukarétt skal jafnan réttað næsta dag á undan aðalrétt þeirri sem hún heyrir undir. Skulu tilkvaddir menn reka úrtíning úr aukaréttinni tafarlaust til aðalréttar, svo að hann sé þangað kominn, áður en fjárdrætti er lokið.

37. gr.

Í fjárréttum má enginn afmarka fé, nema hann jafnframt skýri fyrir hreppstjóra og réttarstjóra, hverja heimild hann hafi til þess. Hreppstjóri eða réttarstjóri skal samstundis rita hjá sér, svo glatist eigi, mark kindarinnar, áður en því er breytt, og undir hvaða mark hún er mörkuð. Í ómakslaun bera hreppstjóra eða réttarstjóra 25 aurar frá þeim er markar.

VIII. KAFLI.

Um fjárhirðing í útréttum.

38. gr.

Hreppsnefnd eða fjallskilastjóri skal skipa hæfa menn, einn eða fleiri eftir þörfum, til að fara í réttir og á hreppaskil, svo og til að vera við úrtíningssölu annara sveita, þar sem helzt eru fjársamgöngur, til að hirða þar sauðfé og hross hreppsbúa sinna. Hafi sá, sem gert er að skyldu að leggja til téðan starfa, engan hæfan mann til að inna hann af hendi, hefir fjallskilastjóri vald til að kveðja til þess hvern þann, sem hæfastur er í hreppnum, annaðhvort í mannaskiptum eða gegn fullu endurgjaldi frá þeim, er tillaginu á að svara.

39. gr.

Sá maður, sem sendur er til að hirða fé í réttum eða á hreppaskilum annara sveita, má eigi fara þaðan fyrr en búið er að skoða úrtíning vandlega eftir markaskrám, og selja, þar sem sala fer fram. Sannist það, að hann láti verða þar eftir fé sveitunga sinna, sem er með glöggu skrásettu marki, eða týni því, varðar það sektum og skaðabótum, nema málsbætur séu.

Skylt er sendimanni að reka féð heim í hreppinn, og skal það síðan ganga rétta leið í bæjarrekstrum, nema gerðar séu aðrar ráðstafanir. Sé einhver skepna svo fötluð, að ekki verði rekin með öðru fé, skal hann koma henni í gæzlu og gera eiganda aðvart, er þá ber að vitja hennar á sinn kostnað.

IX. KAFLI.

Um heimasmölun á haustum.

40. gr.

Hver búandi eða landráðandi er skyldur að smala heimaland sitt á haustum, svo oft sem hreppsnefnd fyrirskipar, þótt hann eigi þar ekki fjárvon sjálfur. Vanræki einhver þessa skyldu, skal hreppsnefnd sjá um að löndin séu smöluð, og skulu eigendur og umráðamenn jarða, greiða kostnað þann er af því leiðir, eftir mati hreppsnefndar.

41. gr.

Hreppsnefnd eða fjallskilastjóri skal skipa fyrir um reglulegar heimalandsgöngur jafnframt hverjum fjallgöngum. Á heimalöndum, er afréttarfénaður gengur í að jafnaði, teljast göngurnar með fjallskilum, og skulu þær fara fram undir umsjón tiltekins manns, með samlögum búanda, eftir því sem bezt hagar á hverjum stað, og með samtökum við næstu sveitir, þar sem það á við.

Allt geldfé, dilkar og hross er fyrir kemur í heimalöndum og ekki er

89 16. ágúst

þegar hirt af eigendum, skal reka skilvíslega til réttar, þeirrar, er því ber að ganga til. Verði ágreiningur um, hvert féð skuli ganga, sker sýslunefnd úr því eða oddviti hennar til bráðabirgða.

42. gr.

Hreppsnefnd skal sjá um, að eftir réttir á haustum allt til veturnótta, séu öll heimalönd rækilega smöluð sama dag, og að rekstrar gangi þá eftir töfludrætti bæ frá bæ, nema hreppsnefnd álíti annað haganlegra.

X. KAFLI.

Um fjárrekstra bæja milli.

43. gr.

Skyldur er hver búandi eða landsráðandi að hirða fé það, er finnst í heimalandi hans, eftir að fjallgöngum er lokið, og reka til næsta bæjar þá leið, sem það á að ganga. Hreppsnefnd skal ákveða rekstrarleiðir innanhrepps og út úr hreppnum. Ef fé er rekið afleiðis í bæjarrekstrum eða sleppt úr fjárrekstri, sem á að ganga bæ frá bæ, varðar það sektum og skaðabótum, nema málsbætur séu. Hið sama gildir um fjárrekstra að vorinu.

44. gr.

Ef enginn rekstrarfær maður er heima, þegar rekstur kemur á bæ, skal rekstrarmaður skilja úr fé það, er eftir á að vera, og reka svo reksturinn áfram til næsta rekstrarfærs manns, en skylt er þeim, er við rekstri skyldi taka, að greiða rekstrarmanni þóknun eftir áliti hreppsnefndar.

XI. KAFLI.

Um eftirleitir einstakra manna.

45. gr.

Þegar hinum fyrirskipuðu fjárleitum er lokið, er hverjum manni innan upprekstrarfélagsins heimilt að gera eftirleit á sinn kostnað. Nú finna menn fé í eftirleit, og skal hreppsnefnd ákveða fundarlaun eða björgunarlaun, nema öðruvísi hafi verið um samið fyrir fram milli hreppsnefndar og eftirleitarmanna. Til þess að samræmi sé í mati fundarlauna innan hvers upprekstrarfélags, skulu hreppsnefndir eða fulltrúar þeirra á fjallskilafundi koma sér saman um ákveðnar reglur fyrir því.

46. gr.

Fundarlaun fyrir óheimt fé, er finnst í eftirleitum, og björgunarlaun þess fjár, er finnst í ógönguklettum, greiðist úr fjallskilasjóði eða sveitarsjóði þess

hrepps, þar sem eigandi á heimili. Kostnað við heimrekstur þess ber eigandi sjálfur. Hið sama á við um hross. Fyrir heimanað sloppið fé, er finnst í eftirleit, borgar eigandi eftir mati hreppsnefndar. 89 16. ágúst

XII. KAFLI.

Um meðferð óskilafjár.

47. gr.

Öll ómörkuð lömb og folöld, sem ær eða hryssur ekki helga sér, svo og allt fé, með vafasömu marki, hvort heldur það kemur fyrir í réttum eða síðar að haustinu, skal afhenda hreppstjóra. Í réttum skal selja alla ómerkinga, er þar koma fyrir og eigi hafa fundið mæður, og annað fé, er enginn getur helgað sér.

Eftir að lokið er töfludrætti í síðari rétt, skal úrtíningur þegar seldur við opinbert uppboð. Uppboðið skal haldið af hreppstjóra í þeim hreppi, þar sem aðalrétt stendur. Gerir hann heyrum kunnugt, að uppboð byrji, birtir söluskilmála og tilnefnir tvo skilríka og markglögga menn til að lýsa mörkum og einkennum á hverri kind, áður en hún er seld, og ritar hann lýsing þeirra í uppboðsbókina. Ef marklýsingamenn greinir á, sker hreppstjóri úr ágreiningnum. Marklýsingamenn fá hæfilega þóknun fyrir starfa sinn eftir mati hreppsnefndar, og tekst hún af verði sölufjárins. Enginn, sem ekki er öðrum háður sem hjú, getur skorazt undan þeim starfa, nema hann hafi gild forföll.

48. gr.

Við sölu óskilafjár er enginn innlausnarfrestur eða gjaldfrestur. Þó skulu hrútar, sem eftir áliti hreppstjóra og söluvotta eru hæfir til kynbóta, svo og forystukindur, seldar með 4 vikna innlausnarfresti eftir söludag, og jafnlöngum gjaldfresti, og eru þeir ekki í ábyrgð kaupanda fyrr en að innlausnarfresti liðnum.

49. gr.

Óskilafé það, sem fyrir kemur eftir réttir og ekki finnst eigandi að, eða kemst ekki til eiganda sökum fjarlægðar, skal hreppstjóri selja við uppboð á þingstað hreppsins. Vestan Héraðsvatna skal sú sala fara fram þriðjudaginn í 25. viku sumars, og austan Héraðsvatna fimmtudaginn í 26. viku sumars, eða næsta dag sem fært er, ef veður bannar hinn tiltekna dag. Sýni nokkur vanrækzlu í því að koma óskilafé á uppboðsstaðinn, varðar það sektum.

Gæzla óskilafjár austan Héraðsvatna frá næstu smölun til söludags telst með gangnaskilum.

50. gr.

Ef kind kemur fyrir í óskilum eftir hina almennu óskilafjársölu, skal hún afhent hreppstjóra, er gerir eiganda aðvart um að vitja hennar. Sé þess ekki

89 kostur, skal kindin seld við uppboð, er auglýst sé með nægum fyrirvara. Nú
16. ágúst finnst óskilakind í fé manns, eftir að óskilafé er selt, og fé almennt tekið til hýsingar. Þekkist kindin og náist til eiganda, skal honum gert aðvart um að vitja hennar. Verði að selja kindina, borgast ekkert gæzlukaup fyrir hana, og ber sá, er hún fannst hjá, sölukostnaðinn, nema málsbætur séu.

Sé manni dregin kind með hans marki, sem ekki er hans eign, er honum óheimilt að halda henni hjá sér, í því skyni, að auglýsa markið sjálfur og semja við eiganda. Ber honum að koma kindinni til hreppstjóra, svo að farið verði með hana sem annað óskilafé.

51. gr.

Fyrir lok hvers ár skal hreppstjóri senda markaumsjónarmanni sýslunnar lýsingu alls óskilafénaðar, er seldur hefir verið í hreppnum og andvirðið eigi greitt eiganda. Umsjónarmaður sendir lýsingu alls óskilafjárins í sýslunni til birtingar í Lögbirtingablaðinu. Í lýsingunni skal fyrst greint mark hverrar skepnu í stafrófsröð, þá önnur einkenni og síðast nafn hreppsins, sem hún var seld í. Í prentunarkostnað og ómakslaun ber umsjónarmanni 1 króna fyrir hverja kind og 3 krónur fyrir hvert hross, er hreppstjóri skal senda honum með marklýsingunni.

52. gr.

Af andvirði óskilafjár greiðist uppboðsskostnaður, þar með talinn innheimtulaun, auglýsingakostnaður svo og fundarlaun eða björgunarlaun. Að öðru leyti greiðist fjárverðið til eiganda, ef hann innan septemberloka næst á eftir sannar eignarrétt sinn. Annars fellur verðið í sveitarsjóð eða fjallskilasjóð þess hrepps, sem selt er í, eða sveitarsjóði eða fjallskilasjóði allra hreppa í upprekstrarfélaginu að réttri tiltölu við fjárfjölda.

Þegar lokið er útborgun á óskilafjárandvirði hvers árs, skal hreppstjóri afhenda oddvita afrit úr uppboðsbók hreppsins um alla óskilafjársölu á árinu, ásamt sundurliðaðri skýrslu um, hverjum fjárverðið er greitt. Skulu þau skilríki fylgja sveitarsjóðsreikningnum eða fjallskilasjóðsreikningnum eða vottorð hreppstjóra um, að ekkert óskilafé hafi verið selt í hreppnum.

XIII. KAFLI

Um hrossahirðing á haustum.

53. gr.

Í fyrri eða síðari göngum á haustin, skal ásamt sauðfé smala stóðhrossum af afréttum og úr heimahögum, og rétta þau í fyrri eða síðari rétt á undan fjársundurdrætti. Ef haganlegra þykir í einhverju upprekstrarfélagi, að rétta hross annan dag en sauðfé, geta hreppsnefndir upprekstrarfélagsins komið sér saman um það, og skal þá ákveðinn sérstakur hrossaréttardagur. Hrepps-

nefndir skulu hlutast til um, að hrossum þeim, sem dregin eru í réttum, sé ekki heimildarlaust sleppt í annara land, og getur hreppsnefnd metið heimrekstur hrossanna úr hverju dilksfélagi sem gangnaskil. 89 16. ágúst

54. gr.

Réttarstjóri skal gæta þess, að hryssum gefist kostur á að helga sér ómörkuð folöld, og má enginn taka þau til hirðingar, nema með samþykki hans. Hross þau, er eftir verða óhirt, þegar töfludrætti er lokið, hvort heldur í fyrri eða síðari eða sérstakri hrossarétt, skulu þegar seld við opinbert uppboð af hreppstjóra í þeim hreppi, þar sem aðalrétt stendur. Gilda um það sömu ákvæði og um sölu óskilafjár í réttum, þó svo, að við sölu markaðra hrossa skal vera 12 vikna innlausnarfrestur eftir söludag. Gjaldfrestur er einnig 12 vikur. Hrossin skulu vera í geymslu hjá kaupanda frá söludegi, en ekki í ábyrgð hans fyr en að innlausnarfresti liðnum. Gæzlukaup er 10 aurar fyrir hvert hross um sólarhring og reiknast frá söludegi til loka innlausnarfrests. Ef hross koma á hús og hey, skal fóðurkostnaður greiddur eftir mati hreppsnefndar. Sé hross eigi innleyst, svo að hæstbjóðandi verði eigandi að því, ber honum ekkert gæzlukaup fyrir það. Sömuleiðis fellur niður gæzlukaup, ef hross sleppur úr geymslu, nema eiganda verði um kennt.

55. gr.

Í þeim hreppum sýslunnar, þar sem stóðhross eru að mun, skal almenn hrossasmölun fara fram fyrsta þriðjudag í vetri og síðan fyrsta þriðjudag í desember og hverjum mánuði vetrarins úr því, eða næsta dag sem fært er, ef veður bannar hinn tiltekna dag. Skulu hrossin réttuð og dregin sundur á þeim stöðum, er hreppsnefnd ákveður og auglýsir fyrirfram. Vanræki einhver smölun, svo að hross hafi orðið eftir í landi hans, skal hann reka þau á sinn kostnað til eiganda, eða ef hann þekkist eigi, til hreppstjóra, sæti ella sektum og skaðabótum.

Um óskilahross, sem koma fyrir við hinar almennu smalanir, gilda sömu ákvæði og um óskilahross í réttum. Ef óskilahross koma fyrir að vetrinum milli smalana, skal landráðandi gera eiganda aðvart um að hirða þau. Þekkist ekki eigandi, eða ekki næst til hans, sökum fjarlægðar, eða hrossa er eigi vitjað innan viku frá því að eigandi fékk tilkynningu, skal fara með þau sem óskilahross á haustum. Uppboð á þeim skal haldið á þingstað hreppsins og auglýst með nægum fyrirvara.

56. gr.

Eftir hvert uppboð á óskilahrossum og öðru óskilafé, sem selt er með innlausnarfresti, skal hreppstjóri innan tveggja sólarhringa senda áleiðis til hreppstjóra í nálægum hreppum innan sýslu og utan nákvæma lýsingu á þeim til birtingar fyrir almenningi. Í lýsingunni skal tilgreint nafn og heimili kaupanda.

57. gr.

Finnist óheimt stóðhross á afréttum, eða fjarri byggðum eftir göngur á haustum, skal hreppsnefnd í þeim hreppi, þar sem finnandi á heima, ákveða fundarlaun eða björgunarlaun, er greiðist úr fjallskilasjóði eða sveitarsjóði þess hrepps, þar sem eigandi á heimili. Þessu mati má, ef ágreiningur verður, skjóta til sýslunefndar.

XIV. KAFLI

Um fjármörk og markaskrár.

58. gr.

Hver maður skal einkenna fé sitt og hross með glöggu marki á eyrum, en ef sauðfé er soramarkað, þá brennimerkja á hornum. Svo er það og skylda hvers fjáreiganda, að hafa hreppsbrennimark á öllu hyrndu fé eldra en lömbum. Ef einhver vanrækir að hafa hreppsbrennimark á fé sínu, getur hann ekki krafizt skaðabóta, þó að fé hans verði eftir í útréttum eða úrtíningi, eða fari skakka leið í bæjarrekstrum. Forystufé, sem á afrétt gengur, skal hafa til auðkennis bjöllu eða bjöllukeng í horni, ella getur eigandi ekki krafizt bóta, þó að slíkt fé sé við óskilafjársölu selt án innlausnarfrests.

Rétt er að hver fjáreigandi auðkenni fé sitt á haustum jafnóðum og það heimtist, með glöggu merki á höfuð. Vanræki einhver að auðkenna þannig fé sitt, ber honum sjálfum að borga fundarlaun eða björgunarlaun fyrir hverja sína kind, er finnst í eftirleitum, en hvorki fjallskilasjóði né sveitarsjóði.

59. gr.

Fé skal draga eftir mörkum. Markið helgar markeiganda kind, nema sönnun komi fyrir að annar eigi. Kind, sem ekki ber rétt mark manns, er honum óheimilt að draga sér, þótt lítið vanti á fullt mark. Ef kind er með brennimarki eða hornamarki annars en þess, sem eyrnamarkið á, skal sá talinn eigandi, sem á brennimarkið eða hornamarkið, og skal hann þá, ef eigandi eyrnamarks krefst, gera grein fyrir, hvernig hann er að henni kominn. Kind, sem hefir eyrnamark eins, brennimark annars og hornamark hins þriðja, skal talin eign þess er brennimarkið á, þó skal hann, ef krafizt er, gera grein fyrir, hvernig hann hefir eignazt kindina. Óheimilt er að nota annars mark, nema með leyfi markeiganda.

Nú er kind ómörkuð eða afeyrð, eða á henni er óglöggt mark eða vafasamt, en maður vill eigna sér hana af líkum, og getur hann borið málið upp við hreppstjóra. Skal þá hreppstjóri ásamt tveim óvilhöllum mönnum, er hann til kveður, meta ástæður þær, er hlutaðeigandi hefir til stuðnings máli sínu. Ef þeim öllum kemur saman um, að miklar líkur séu til að hann eigi kindina, má hann hirða hana sem sína eign, ella telst hún með óskilafé. Sé hann óánægður með úrslitin, er honum frjálst að leita réttar síns með málssókn. Sama gildir um hross marklaus eða með óglöggu marki.

60. gr.

Enginn má taka upp mörk, er líkist svo mörkum í gildandi markaskrám, að ætla megi að valda kunni misdrætti, nema með leyfi þeirra, er lík mörk eiga. Særingarmörk mikil má ekki upp taka, né heldur þau mörk, sem vandhæfi er á að marka svo, að eigi valdi villu eða vafa: bragð, netnál, hvathamrað, blaðrifað, helmingrifað, þrírifað, þrístúfrifað, sýlt í blaðstýft, sýlt í hamar, sýlt í hvatt, sýlt í helmingað, sýlt í stúf, tvístýft í stúf. Fleiri en tvær undirbenjar má ekki hafa sama megin á eyra. Mörk þau, er bann er lagt við, mega ekki ganga að erfðum, gjöfum eða kaupum og sölum. Séu þau fleiri en hér eru talin, skulu þau auglýst í markaskrá sýslunnar.

61. gr.

Sýslunefnd skal láta prenta markaskrá fyrir alla sýsluna 5. hvert ár, er ártalið stendur á heilum eða hálfum tug, og skal þar með fylgja fjallskilareglugerð sýslunnar þegar sýslunefnd telur prentunar þörf. Skal hver markeigandi koma marki sínu í hana, og borga fyrir það sem sýslunefnd ákveður, en hvert heimili fær ókeypis eitt eintak af markaskránni, er fylgja skal jörðinni við ábúandaskipti. Einnig skal sýslunefnd sjá um, að nægilega mörg eintök af markaskránni verði send ókeypis til allra hreppa utan sýslu, er fjársamgöngur geta komið fyrir.

Áður en mörkum er safnað til prentunar, skal sýslunefnd ákveða gjald fyrir mörkin til lúkningar kostnaði við söfnun þeirra, skráning og prentun, svo og umsjón með upptöku marka. Ef gjaldið nemur meira en kostnaði, rennur afgangurinn í sýslusjóð, en hrökkvi eigi gjaldið, greiðist það sem á vantar úr sýslusjóði.

62. gr.

Sýslunefnd kýs mann til að búa markaskrána undir prentun og hafa umsjón með upptöku marka. Kosning hans gildir um 5 ár í senn. Kaup hans að meðtöldum öllum kostnaði við starf hans er 10% af markagjaldi sýslunnar, nema öðru vísi sé um samið.

Rétt er, að markaumsjónarmaður geri sér far um, að koma samræmi og festu á nöfn marka. Í markaskrá skal raða mörkum eftir stafrófsröð, en þó framar fyrr en aftan. Mörk eru flokkuð eftir formarki á hægra eyra, og skal það fyrsta í hverjum flokki skráð fullum stöfum, hin síðari með strikum. Innan flokks ræður hægra eyra röðinni, en vinstra eyra, þegar sama mark er hægra. Í fyrsta flokki teljast þau mörk, sem hægra eyra er alheilt, og fremst í hverjum flokki þau, sem vinstra eyra er marklaust. Í markalýsingu er fyrst greint yfirmark, þá undirbenjar framan og aftan, og fyrr sú efri, ef tvær eru sama megin, síðast undirmark á miðju eyra.

63. gr.

Hreppsnefndir skulu, hver í sínum hreppi, kjósa mann til að safna mörkum í hreppnum og innheimta gjald fyrir þau. Í ómakslaun ber honum 10% af

89 markagjaldi hreppsins. Kosningu hans skal oddviti tilkynna markaumsjónar-
16. ágúst manni fyrir septemberlok það ár, sem mörkum er safnað.

Markasöfnun fer fram í októbermánuði árið áður en markaskrá ber að prenta. Skal henni haga svo, að hvert mark sé ritað á sérstakan seðil með fullu nafni og heimili markeiganda. Öll afbrigði frá öðrum mörkum, hversu litlu sem munar, teljast sérstök mörk, og má ekki taka þau til greina, nema fullt gjald komi fyrir. Markaseðlar skulu tilbúnir fyrir hausthreppaskil, og skal þá hver húsráðandi afhenda safnanda alla seðla frá sínu heimili, ásamt gjaldi fyrir mörkin. Jafnskjótt og safnandi hefir veitt seðlum móttöku, skal hann vandlega athuga mörkin, með samanburði við gildandi markaskrár, og hlutast til um leiðréttingu á þeim, sem misrituð kunna að vera, og breytingu á þeim, sem koma í bága við ákvæði reglugerðar um upptöku marka. Síðan skal hann merkja seðlana með framhaldandi töluliðum í réttri röð, og senda þau markaumsjónarmanni fyrir nóvemberlok. Skal þar með fylgja markagjald hreppsins, að frádregnum ómakslaunum safnanda. Þá er umsjónarmaður hefir prófað, að gjaldið sé rétt talið, afgreiðir hann það til oddvita sýslunefndar.

Jafnframt markaseðlum skal safnandi hvers hrepps senda markaumsjónarmanni nákvæma skýrslu um öll nýupptekin mörk í hreppnum og sömuleiðis þau mörk, þótt gömul séu, sem eigi hafa staðið í síðustu markaskrá. Hafi markið verið notað áður, skal þess getið í skýrslunni, hvern rétt hlutaðeigandi hafi til marksins, og hvenær það var síðast prentað. Með nýupptekn-um mörkum teljast afbrigði frá eldri mörkum, þótt litlu muni.

Eftir að markaskrá er prentuð, skal safnandi vandlega athuga hana, að því er snertir öll mörk í hreppnum. Finni hann villur, er valdið geta misdrætti skal hann í samráði við markeigendur semja leiðréttingar og senda þær markaumsjónarmanni fyrir árslok. Leiðréttingarnar skulu prentaðar á kostnað sýslusjóðs gegn endurgjaldi frá þeim, sem að villunum eru valdir.

64. gr.

Þá er umsjónarmanni hafa borizt markaseðlar og skýrslur um nýupptekin mörk úr öllum hreppum sýslunnar, skal hann bera hverja skýrslu saman við markaseðla úr hreppnum, síðan allar skýrslurnar saman sín í milli, og loks hverja skýrslu saman við gildandi markaskrár innan sýslu og utan, þar sem fjársamgöngur geta átt sér stað. Skal hann fella niður þau nýupptekin mörk, er teljast of lík eldri mörkum, svo og ný mörk er líkjast of mjög hvert öðru og ennfremur mörk, sem ekki má upp taka samkvæmt ákvæðum reglugerðar. Þau mörk, sem niður eru feld af umsjónarmanni, má ekki prenta í markaskrá sýslunnar. Nú hefir verið fellt niður mark, og skal þá umsjónarmaður tilkynna það marktakanda bréflega, og jafnframt benda honum á mark, er hann geti fengið, sem líkast því er hann hafði kosið. Hafi hann eigi svarað bréfi umsjónarmanns fyrir febrúarlok, má líta svo á, að hann taki upp markið, og skal það prentað í markaskránni.

Ef einhver vill taka upp mark milli þess sem markaskrá er prentuð, skal

hann leita samþykkis umsjónarmanns, og að því fengnu auglýsa markið í lög- 89
birtingablaði. Eftir það er honum markið frjálst til notkunar, en óheimilt að 16. ágúst
öðrum kosti.

65. gr.

Ef menn nota mörk, sem eigi eru prentuð í markaskrá sýslunnar, t. d. þeir sem flutzt hafa úr öðrum sýslum, skulu þeir lýsa mörkum sínum á vorhreppaskilum fyrir hreppsnefndinni, þar sem þeir eru búsettir. Mörk þessi skal hreppsnefnd skrifa upp og senda, áður en 10 vikur eru af sumri, til hreppsnefnda í nálægum hreppum innan sýslu og utan, þar sem helzt eru fjársamgöngur. Þeir sem vanrækja þetta eða hirða eigi um að láta prenta mörk sín í markaskrá sýslunnar, mega búast við, að farið sé með fé þeirra sem óskilafé, og sæti þar að auki sektum.

66. gr.

Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu skal leita samvinnu við sýslunefndir Eyjafjarðarsýslu og Húnavatnssýslu um ráðstafanir til að afstýra sammerkjum og námerkjum á því svæði er fjársamgöngur geta komið fyrir. Takist téð samvinna, skulu markaumsjónarmenn sýslnanna koma saman á fundi í janúarmánuði það ár, sem markaskrár á að prenta, til þess að hafa eftirlit með upptöku marka. Á fundinum skulu umsjónarmenn leggja fram nákvæma skýrslu, hver fyrir sína sýslu um öll nýupptekin mörk og þau eldri mörk, sem eigi hafa staðið í síðustu markaskrám. Skýrslur þessar skulu vandlega athugaðar, og felld niður þau ný-upptekin mörk er teljast of lík eldri mörkum eða líkjast of mjög hvert öðru, og má þá ekki prenta þau í markaskrám sýslnanna. Jafnframt skulu fundarmenn koma sér saman um önnur ný mörk, er upp megi taka í stað þeirra er niður eru felld.

Ef markaeftirlitsfundur ferst fyrir, eða getur eigi orðið haldinn í tæka tíð, skulu markaumsjónarmenn bera sig saman bréflega. Skal umsjónarmaður hverrar sýslu senda umsjónarmönnum hinna sýslnanna skýrslu um öll nýupptekin mörk í sýslunni, að undanskildum þeim mörkum, er hann hefir fellt niður, en að viðbættum þeim mörkum, er hann hefir bent hlutaðeigendum á að taka upp í þeirra stað. Ber umsjónarmönnum að annast um, að ekkert af þeim nýuppteknu mörkum, er valdið geta sammerkingum eða námerkingum á því svæði er fjársamgöngur eiga sér stað, verði prentað í markaskrám sýslnanna.

XV. KAFLI.

Um rekstur og eftirlit sölu- og slátrunarfénaðar.

67. gr.

Hverjum rekstri skulu fylgja nægilega margir rekstrarmenn, duglegir og vel útbúnir. Hvort sem rekstrarmenn eru fleiri eða færri, skal ávallt einn vera yfirmaður. Skal hann geta gert nákvæma grein fyrir tölu rekstrarfjárins.

89
16. ágúst

68. gr.

Allt fé í sölufjárrekstrum skal vera greinilega merkt, hvítar kindur með svörtum lit á vinstri vanga, svartar kindur með hvítum lagði í malir og mislitar kindur með lit eða lagði, eftir því sem við á.

Eftirlit skal hafa með sölu sauðfjár og hrossa sem hér segir: Þegar sauðfé er keypt á mörkuðum, skulu hreppsnefndir í þeim hreppum, þar sem markaðir eru haldnir, sjá um, að gætinn og markglöggur maður fylgi markaðshöldurum eftir og skoði mörk á öllu því fé, sem selt er.

Í kauptúnum skulu þeir, er við fé taka til slátrunar, hafa sérstakan mann, gætinn og markglöggan, til þess að skoða mörk á öllu því fé, sem hjá þeim er slátrað. Komi fyrir við þessar skoðanir á mörkuðum, eða í kauptúnum, kindur með óglöggum mörkum, eða sem vafi getur leikið á, hvort sé rétt eign seljanda, skulu markskoðendur við votta skrifa upp aldur, lit og mark kindarinnar, svo og skýringar seljanda og senda þær svo fljótt sem unnt er til hreppstjóra í þeim hreppi, þar sem seljandi á heima.

Sýslunefndin tilnefnir einn mann í hverjum hreppi sýslunnar, til þess að skoða mörk á öllum þeim hrossum, sem þar eru seld á markaði. Skulu markaskoðunarmenn semja nákvæma skýrslu um öll þau hross, er seld eru á markaðinum, og greina þar frá aldri, lit, kyni og marki, og nafni þess manns, er selur, ásamt nafni eiganda, ef það tvent fer ekki saman. Skýrslu þessa skulu þeir afhenda sýslumanni þegar að afstöðnum markaði. Komi upp vafi um eyrnamark, eða eigandarétt, skal fara með það eins og áður er fyrirmælt um sauðfé.

Borgun til þeirra manna, er skoða fjármörkin í sveitunum, greiðist úr hlutaðeigandi sveitarsjóðum, en til þeirra er skoða hrossamörk af hlutaðeigandi markaðshaldara. Þeir er fé taka til slátrunar, kosta sjálfir þann mann, sem mörkin skoðar. En þann mann, sem aflífar eða sker féð, má ekki nota til þess að skoða mörkin.

69. gr.

Svo skal rekstrum haga, að sem minnstur bagi verði að, þeim er lönd þau eiga, sem um er rekið, eða í er áð. Varast skal að rekstrum lendi saman við annað fé. Eigi má halda áfram með rekstra úr því farið er að skyggja, nema brýn nauðsyn beri til. Svo má og aldrei leggja upp með rekstra fyrr en markljóst er orðið. Þegar reka skal söluféð úr sýslunni, skal skýrsla gerð um tölu og mörk á því fé. Skal skýrsla þessi gerð í tvennu lagi. Annað eintakið sé afhent hlutaðeigandi hreppstjóra þegar rekstur fer, en hitt hafi formaður sölurekstrar undir höndum, og fái hann á það áritun eftirlitsmanns á sölustaðnum, um að skráin sé rétt, og afhendi síðan hreppstjóra, þegar heim er komið.

70. gr.

Nú ber svo til, að öðru fé lendir saman við rekstur, skal þá á næsta bæ við það, er rekstrarmenn eða aðrir hafa orðið þess varir, draga það fé úr rekstr-

inum og gæta þess vandlega að engin kind verði eftir, sem eigi á í honum að vera. Skal þá sem endranær, er viðstaða verður, telja rekstrarféð. Skyldir eru heimamenn eftir föngum að hjálpa til að kanna reksturinn. Ber yfirmanni rekstursins að sjá um, að fé, það, er saman við hefir farið, komist í átthaga sína eigendum kostnaðarlaust. 89 16. ágúst

71. gr.

Verði rekstrarmenn sannir að því, að hafa tekið fé annara í rekstur heimildarlaust, skal yfirmður bæta eigendum það að fullu eftir samkomulagi eða mati óvilhallra manna, er sýslumaður kveður til þess, ef með þarf. Sannist það, að slíkt hafi verið gert af skeytingarleysi, varðar það auk þess sektum.

72. gr.

Yfirmaður sölufjárreksturs skal annast um, að rekstrarreglum þessum sé hlýtt, og ber hann ábyrgð á því gagnvart þeim er kærir, en á aftur aðgeng að samrekstrarmönnum sínum ef þeim er um að kenna.

XVI. KAFLI.

Almenn ákvæði.

73. gr.

Ef meiri hluti búenda í upprekstrarfélagi samþykkir á almennum sveitarfundi að leggja girðingu til að varna því, að sauðfé og stóðhross gangi úr afrétti á sumrum í búfjárhaga, er hreppsnefndum upprekstrarfélagsins heimilt að setja reglur um slíka girðingu, þar sem nákvæmlega sé mælt fyrir um alla tilhögun girðingarinnar og viðhald. Kostnaði við girðinguna skal jafnað niður á notendur afréttarins eftir tölu sauðfjár og hrossa, sem á afrétt eru rekin eða ber að reka. Sé girðingin eingöngu gerð til varnar gegn ágangi stóðhrossa, skal kostnaðinum jafnað niður á stóðhross upprekstrarfélagsins, sem ber að reka á afrétt, og önnur hross, er á afréttinn eru rekin.

Reglur þessar skulu bornar undir sýslunefnd til staðfestingar, og gilda sem bindandi samþykkt fyrir upprekstrarfélagið, unz þeim er breytt á sama hátt og þær eru gerðar.

74. gr.

Það er stranglega bannað, að svelta fénað frekara en minnst verður hjá komizt, hundbeita hann að óþörfu eða misþyrma honum á nokkurn hátt við fjárréttir, í rekstrum eða gæzlu, fjallgöngum eða heimalandssmölun. Brot gegn þessu varðar skaðabótum og hegningu að lögum.

75. gr.

Sýslunefnd sker úr öllum ágreiningi milli hreppsnefnda út af fjallskilamálum. Sömuleiðis heyra undir úrskurð hennar allar kærur og kröfur á hend-

89 ur hreppsnefndum og hreppstjórum, snertandi fjallskilamál. Ennfremur geta
16. ágúst einstakir menn komið sér saman um, að leggja slík ágreiningsmál undir úrskurð sýslunefndar.

76. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 5—100 kr. eftir málavöxtum, og renna þær í sveitarsjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið.

77. gr.

Mál sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari, skal farið með sem almenn lögreglumál.

78. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. sept. 1935 og fellur þá jafnframt úr gildi fjallskilareglugerð fyrir Skagafjarðarsýslu, nr. 29, frá 1. maí 1918 og eftirgreindar reglugerðir um breytingar og viðauka á henni: Reglugerð nr. 53, 3. maí 1919, reglugerð nr. 12, 9. apríl 1920, reglugerð nr. 13, 7. apríl 1923 og reglugerð nr. 49, 31. júlí 1924.

Reglugerð þessi sem sýslunefnd Skagafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna frá 1927, staðfestist hérmeð.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. ágúst 1935.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

90 **SAMÞYKKT**
17. ágúst

um lokunartíma sölubúða á Siglufirði.

1. gr.

Öllum sölubúðum kaupmanna, kaupfélaga og heildsala skal lokað eftir því, er segir í 2., 3., 4. og 5. gr. Lyfjabúðir sem verzla með varning, sem verzlunarleyfi þarf til, mega ekki selja slíkan varning eftir lokunartíma sölubúða.

2. gr.

Á tímabilinu frá 1. október til 30. júní skulu sölubúðir lokaðar virka daga frá kl. 7 síðd. til kl. 8 árdegis, á laugardögum þó frá kl. 4 síðd. Frá 1. júlí til 30. september frá kl. 7 síðd. til kl. 8 árdegis.

Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal sölubúðum eigi lokað síðar en kl. 4 síðdegis.

Síðasta virkan dag fyrir gamlárskvöld og aðfangadag jóla, skal heimilt að halda opnum búðum til miðnættis.

3. gr.

Sölubúðir skulu lokaðar alla helgidaga, sumardaginn fyrsta, 20. maí, 17. júní, 1. desember og 1. maí.

90
17. ágúst

4. gr.

Á lokunartíma sölubúða samkvæmt framansögðu er óheimilt að selja á strætum eða torgum nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi. Heimilt er þó að selja nauðsynjar til skipa á lokunartíma, en þó aðeins fyrir lokuðum dyrum.

5. gr.

Menn sem komnir eru inn í verzlun fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er, þó ekki lengur en í hálftíma.

6. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum 20—500 krónum, og renna sektirnar í bæjarsjóð. Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal reka sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt lögum nr. 79, 14. nóvember 1917, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. ágúst 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

91
22. ágúst

um fjallskil í Kelduneshreppi í Norður-Þingeyjarsýslu.

I. KAFLI

Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Kelduneshreppur í Norður-Þingeyjarsýslu er eitt fjallskilafélag, og teljast lönd allra jarða í hreppnum innan fjallskilasvæðisins.

2. gr.

Sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu hefir á hendi yfirstjórn allra mála fjallskilafélagsins samkvæmt sveitarstjórnarlögunum frá 31. maí 1927, en hreppsnefnd Kelduneshrepps hefir að öðru leyti alla stjórn og framkvæmd fjallskilamála.

91
22. ágúst

II. KAFLI
Um notkun upprekstrarlanda.

3. gr.

Allt land á fjallskilasvæðinu telst til afréttar, nema afgirt land, og til fjallskila nema ræktað land.

4. gr.

Hreppsnefnd Kelduneshrepps skal semja skrá yfir allar leitir á afréttinum og takmörk þeirra og færa hana í fjallskilabók hreppsins. Þar skal og rita allar ákvarðanir, sem gerðar eru viðkomandi fjallskilum hreppsins, og getur sýslunefnd ávallt krafizt afrits úr bók þessari.

5. gr.

Heimilt er að nota til upprekstrar fyrir sauðfé heiðarland allt, á fjallskilasvæðinu, sem ekki er afgirt, en hvorki engjar né heimalönd.

6. gr.

Allir þeir, sem eiga fé á afrétti fjallskilafélagsins, eru skyldir til að greiða hagatoll fyrir sitt fé, 7 aura fyrir hverja kind.

Nú gengur fé að sumrinu milli afrétta fjallskilafélagsins og nærliggjandi hreppa. Á þá sá, sem fyrir áganginum verður kröfurétt á þann aðila sem féð á, um hagatoll og miðast gjaldið við tölu ágangsfjárins eins og hún reynist á haustréttum nema öðruvísi sé um samið. Undanþágu frá hagatolli má hreppsnefnd Kelduneshrepps veita eftir samþykki hreppsnefndar.

Hagatollurinn skiptist milli landeigenda í hlutfalli við stærð og gæði lands hvers eftir mati hreppsnefndar samþykktu á hreppsfundi. Hreppsnefnd annist innheimtu og skiptingu hagatollsins.

III. KAFLI
Um fjárréttir.

7. gr.

Höfðarétt og Fjallarétt skulu vera aðalréttir í fjallskilafélaginu, en aukaréttir Víkingavatnsrétt og Svínadalsrétt, og heyra þær undir Höfðarétt, enda gangi úrtíningsfé af aukaréttunum þangað og dragist upp á aðalréttinni. Afréttarlandið skal ganga til réttanna svo sem verið hefir.

8. gr.

Skyldir eru allir fjáreigendur, er sókn eiga að fjárrétt að halda henni við og byggja að nýju, ef þörf krefur. Hver fjáreigandi er skyldur til að sjá sér sjálfur fyrir nægilegu dilkrúmi á þeirri rétt eða þeim réttum, er hann á sókn

að, og halda við eða byggja sér dilk, ef þörf er á. Ákvæði þessi ná til þeirra hreppa utan fjallskilafélagsins, er von eiga fjár á réttum. Hreppsnefndin hefir eftirlit með byggingu og viðhaldi dilka og vald til þess að bæta úr vanrækslu fjáreigenda á þeirra kostnað. **91** 22. ágúst

9. gr.

Þeir bændur, sem verða fyrir sérstökum átroðningi í sambandi við göngur eða réttun, eiga kröfu á fjallskilasjóð um sanngjarnar bætur fyrir, sem ákveðnar skulu vera af tveimur óvilhöllum mönnum, er sýslunefnd tilnefnir. Slíkar bætur teljast með fjallskilakostnaði.

IV. KAFLI

Um göngur og réttun.

10. gr.

Hver hreppsbúi, sem á sauðfé á afrétt hreppsins, er skyldur að gera fjallskil á þann hátt, sem hreppsnefnd ákveður, og er hver húsráðandi skyldur að inna fjallskil af höndum fyrir sín hjú. Hreppsnefnd ein hefir vald til þess að leyfa fjáreigendum utan fjallskilafélagsins upprekstur fyrir fé þeirra á afrétt hreppsins.

11. gr.

Hreppsnefnd ákveður eftir tillögum hreppsfundar, hvernig afrétt skuli skipt í leitir og um tölu gangnamanna í leit hverri svo og tölu þeirra, er senda þarf til fjárrétta utan fjallskilafélagsins. Skrá um þetta skal rita í fjallskilabók hreppsins.

12. gr.

Öll fjallskil skulu metin til dagsverka af hreppsnefnd, enda samþykki sýslunefnd matið. Hvert metið dagsverk í fjallskilum skal reiknað til tekna, þeim er innir af höndum, en fjallskilasjóði til gjalda á 8 krónur. Sýslunefnd getur breytt því mati með hliðsjón af þeim breytingum, er verða kunna á almennu kaupgjaldi.

13. gr.

Árlegum fjallskilakostnaði skal jafnað niður til greiðslu á allt það fé, sem gengur á afrétt hreppsins. Fjártala hreppsbúa skal vera samkvæmt vortíund með þeim breytingum, er hreppsnefnd veit um, þegar göngum er jafnað niður, og að viðbættri tölu lamba. Tala fjár úr hreppum utan fjallskilafélagsins skal staðfest með vottorði viðkomandi réttarstjóra og rekstrarforingja og svarar hver hreppur til allra kvaða samkvæmt reglugerð þessari á fjáreigendur innan hreppsins.

91
22. ágúst

14. gr.

Fjallskilagjöld skulu að því leyti, sem þau ekki eru unnin með fjallskilum, greidd að fullu í peningum fyrir lok hvers árs.

Ágreiningi út af útreikningi fjallskila má skjóta til sýslunefndar.

15. gr.

Óski þeir hreppar, er fé eiga á afrétt fjallskilafélagsins að fá að einhverju leyti að vinna af sér fjallskilagjald með þátttöku í göngum, er hreppsnefnd heimilt að leyfa það, þó því aðeins, að fjáreigendum innan félagsins sé ekki bægt með því frá þátttöku í göngunum.

Samninga um slíka þátttöku í göngum má gera um óákveðinn tíma, en skulu vera uppsegjanlegir fyrir báða aðila með tveggja mánaða fyrirvara.

16. gr.

Nú vanrækir einhver að gera þau fjallskil, sem á hann hafa skipzt, eða hann tekið að sér með samningi samanber 15. gr. eða leggur ógildan mann til fjallskila, þá er það gangnarof og varðar 10—30 króna sektum, er renna í fjallskilasjóð. Sé brotið ítrekað tvöfaldast sektirnar í hvert skipti, þó mega þær aldrei verða hærri en 200 krónur. Auk þess greiðir sá, er brýtur, skaðabætur, er samsvari fjallskilum þeim, er hann hefir vanrækt. Rétt er, ef við verður komið, að leitarforingi eða hreppsnefnd fái mann til að gera fjallskil í stað þess, er gangnarofið gerði, á hans kostnað, og falla þá skaðabætur niður.

Ekki er skylt að kæra fyrir gangnarof, ef forföll eða aðrar málsbætur eru fyrir hendi.

17. gr.

Fullgildan gangnamann skal álíta þann, sem leitarforingi og minnst helmingur leitarmanna tekur gildan, þó aldrei yngri en 14 ára og hafi hann hest eða hund til afnota í göngunum eða hvorutveggja.

Nú verður einhver leitarmanna sannur að óhlýðni, hirðuleysi eða handvömm, sem honum sjálfum er um að kenna, skal þá svo álíta sem enginn hafi verið lagður til fjallskila í það sinni, og varðar það sektum og skaðabótum sem fyrir gangnarof. Nú er leitarmaður ekki talinn fullgildur en þó ekki heim sendur, og reiknast honum þá kaup eftir mati leitarforingja og hreppsnefndar.

18. gr.

Þrenn skulu fjallskil ár hvert. Auk þess skal hreppsnefnd heimilt með samþykki sveitarmanna að skipa fyrir um fleiri fjallskil, ef þörf þykir til.

Nú kemur óveður, er gangnamenn eru af stað komnir og göngur byrjaðar, svo að þær verða að litlu gangi eða engu, og er þá komið undir áliti hreppsnefndar, hvort telja skuli að göngur hafi farið fram í það sinn.

19. gr.

Göngur skulu byrja svo snemma haust hvert, að fyrstu réttardagar verði: á Svínadalsrétt 15. september, á Fjallarétt 16. september og á Höfðarétt 17. september. Sjö dagar skulu líða milli gangna.

20. gr.

Hreppsnefnd skal birta með umburðarbréfi, er berist sem þingboð um hreppinn, nokkru á undan fjallskilum, hvað hver fjáreigandi skal leggja til fjallskilanna. Sé þar tekið fram, hvernig göngum skuli hagað í hvert skipti, tilnefndir leitarforingjar og þeir menn, sem sendir eru á aðrar fjárréttir. Hreppsnefnd skipar réttarstjóra, er hafa umsjón með réttun fjárins og sundurdrætti. Getur hann kvatt sér til aðstoðar svo marga menn, sem þarf til þess, að sundurdráttur fjárins gangi greiðlega. Óhlýðni og þrjóska gegn skipun réttarstjóra varðar sektum.

21. gr.

Hver fjáreigandi er skyldur til að hafa svo marga menn á þeirri fjárrétt, sem hann á sókn að, sem með þarf, til þess að fé hans verði dregið svo greiðlega sem réttarstjóri mælir fyrir. Skal að minnsta kosti einn maður vera kominn til réttar frá hverjum fjáreiganda þá réttað er og sundurdráttur byrjar, enda má enginn reka fé frá réttinni fyrri en honum er lokið, nema réttarstjóri leyfi.

22. gr.

Leitarforingjar stjórna göngum í hverri leit með þeim aðferðum, sem hreppsnefnd samkvæmt tillögum hreppsfundar ákveður. Þeir sjá um, svo sem unnt er, að hver einstakur gangnamaður leysi hlutverk sitt vel af hendi, og að fjársöfnin séu rekin til réttar í tækan tíma. Svo hafa þeir og umsjón með geymslu fjárins, þar til réttarstjóri tekur við því. Eru gangnamenn skyldir að hlýða leitarforingja, og varðar sektum sem fyrir gangnarof ef út af er brugðið.

23. gr.

Auk þeirra gjalda, sem ræðir um í 6., 8., 10. og 13. gr. er hreppsnefnd heimilt, ef þörf krefur, að leggja allt að þriggja aura gjald á kind á allt það fé sem á hverju ári er reiknað til fjallskila og skal þetta gjald renna í fjallskilasjóð.

24. gr.

Tekjum fjallskilasjóðs má aðeins verja til að standa straum af fjallskilakostnaði, sem er auk almenns gangnakostnaðar og annars kostnaðar, samanber 8. og 9. gr., borgun fyrir aukaleitir, eftirleitir, refaeyðingu o. fl.

Hreppsnefnd gerir fyrir 15. janúar ár hvert reikning fjallskilasjóðs, samanber 25. gr. sveitarstjórnarlaganna frá 31. maí 1927.

91 22. ágúst

25. gr.

Þyki einhverjum sér gerð of mikil fjallskil, hefir hann rétt til að kæra það fyrir hreppsnefnd, er leggur úrskurð á kæru hans. Úrskurði hreppsnefndar má skjóta til sýslunefndar. Enginn getur með því að kæra, skotið sér undan að inna þau fjallskil af hendi, er honum voru gerð.

V. KAFLI

Um eftirleitir.

26. gr.

Þá er fjallskilum er að fullu lokið, má hreppsnefnd leyfa eftirleit á afrétti, annaðhvort fyrir umsamda borgun eða á kostnað leitarmanna sjálfra.

27. gr.

Nú finnur maður fé í eftirleit, er hann framkvæmir á eigin kostnað, og ber honum þá borgun eftir því, sem sýslunefnd ákveður eftirleitargjöldin í samræmi við verðlag á fé á hverjum tíma.

Eftirleitargjöld fyrir innanhreppsfé greiðist úr fjallskilasjóði og sömuleiðis fyrir fé úr öðrum hreppum, ef heimild í 23. gr. um innheimtu gjalds hefir verið notuð gangvart þeim, annars greiða hreppar utan fjallskilafélagsins eftirleitargjöld fyrir sitt fé.

Fyrir óheimt fé, er finnst við smölun fjár eftir að fjallskilum er lokið, er ekki skylt að greiða fundarlaun.

VI. KAFLI

Um fjármörk.

28. gr.

Hver maður skal auðkenna fé sitt með glöggu marki á eyrum. Rétt er og að auðkenna fé með brennimarki á hornum. Skrúði og brögð á eyrum eru auðkenni en ekki fjármörk. Yngri menn en 12 ára mega ekki taka upp fjármörk né nota. Enginn má eiga né nota nema eitt fjármark.

Um markaréttindi fer sem í lögum er ákveðið. Hver fjáreigandi er skyldur að auðkenna fé sitt á vinstra horni með brennimarki: Þ1.

29. gr.

Öll fjármörk í fjallskilafélaginu skal setja í markaskrá Suður-Þingeyjarsýslu, ef um það semst við sýslunefnd þeirrar sýslu, að öðrum kosti í sérstaka markaskrá. Markaskrá skal prenta svo oft, sem þörf þykir til, og útbýta meðal búenda í fjallskilafélaginu.

Hver búandi er skyldur að geyma markaskrá meðal þeirra heimildar-

skjala, er fylgja býli hans, og skila næsta ábúanda, er ábúandaskipti verða á jörðinni. 91 22. ágúst

Vilji menn taka upp mörk eða nota, sem ekki standa í markaskránni, skulu þeir fá til þess leyfi markadóms Suður-Þingeyjarsýslu og Eyjafjarðarsýslu og auk þess birta þau í Lögbirtingablaðinu og senda lýsingu þeirra til hreppsnefnda í næstu sveitum.

VII. KAFLI

Um óskilafé.

30. gr.

Réttarstjóri annast um að öll ómörkuð lömb, sem koma fyrir á réttum, séu dregin í sérstakan dilk, þar sem ekki er annað fé, og mönnum gefinn kostur á að láta lambsmæður helga sér lömbin. Þeir ómerkingar, sem ekki spyrjast upp, teljast sem óskilafé. Óskilafé, sem ekki finnast eigendur að, skal hreppsnefnd hirða og senda lýsingu af í næstu sveitir. Það fé, sem óútgengið er á hausthreppamóti, seljist við uppboð af hlutaðeigandi hreppstjóra. Fé því, sem þannig er selt, skal hreppstjóri lýsa í Lögbirtingablaðinu.

Hafi enginn lýst sig eiganda að fénu áður en 6 mánuðir eru liðnir frá birtingu auglýsingarinnar, fellur verð þess í sveitarsjóð að frádregnum kostnaði.

VIII. KAFLI

Um fjárrekstra.

31. gr.

Þegar sauðfé er rekið um hérað, skal þess gætt, að rekstri hverjum fylgi nægilega margir og duglegir rekstrarmenn, svo að sem minnstur bagi verði að fyrir þá, er lönd þau eiga, sem um er rekið og í er áð. Eigi má leggja upp með slíka rekstra að morgni fyrr en markljóst er orðið og eigi halda áfram að kvöldi eftir að fer að skyggja, nema brýn nauðsyn beri til.

Allt fé í sláturfjárrekstrum skal vera merkt ákveðnum rekstrarmerkjum er séu svo glögg, að þau sjáist tilsýndar í björtu, og svo traust, að þau máist ekki af þó votvirðri gangi. Rekstrarmönnum ber að gæta þess vandlega, að annað fé lendi ekki saman við reksturinn, en verði það, skulu þeir, þegar þeir verða þess varir, draga það fé úr rekstrinum og annast um, að það komist í átthaga sína eigendum kostnaðarlaust.

Skaða, sem hlýzt af því, að út af þessu er brugðið, ber eiganda eða umráðamanni rekstursins að greiða eiganda fjárins; en sannist, að skaðinn stafi af skeytingarleysi rekstrarmanns, skal hann auk þess sæta sektum.

91
22. ágúst

IX. KAFLI

Almenn ákvæði.

32. gr.

Sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu sker úr öllum ágreiningi út af þeim málum, er snerta fjallskilafélagið.

33. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum eftir málavöxtum frá 10—200 krónum, er renni í fjallskilasjóð. Lögtaksréttur er á gjöldum samkvæmt fjallskilareglugerð þessari.

34. gr.

Mál, sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari, skal fara með sem almenn lögreglumál.

35. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin reglugerð um fjallskil í Þingeyjarsýslu vestan Jökulsár frá 11. júlí 1929 að því er Kelduneshrepp snertir.

Reglugerð þessi sem sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu hefir samið og þykkt samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna frá 1927 staðfestist hérmeð til þess að öðlast gildi þegar í stað og gilda til jafnlengdar 1936.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. ágúst 1935.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

92
2. sept.

AUGLÝSING

um staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á samþykkt um viðauka við lögreglusamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað nr. 82 24. sept. 1929.

Samkvæmt lögum nr. 1, 3. jan. 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er hérmeð staðfest eftirrituð

SAMÞYKKT

um viðauka við lögreglusamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað.

1. gr.

Í bæjarsjóð skal greiða 10—30 krónur, eftir nánari ákvæðum bæjarstjórnar, af öllum skemmtunum, nema fyrirlestrum og skemmtunum, er bæjarstjórn undanskilur.

2. gr. 92
Samþykkt þessi öðlast þegar gildi. 2. sept.

Þetta birtist hérmeð öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytingu, 2. september 1935.

Hermann Jónasson.

Gissur Bergsteinsson.

SAMÞYKKT 93
10. sept.

fyrir Vatnsveitufélag Selfoss.

1. gr.
Nafn félagsins er Vatnsveitufélag Selfoss.

2. gr.
Heimilisfang félagsins er á Selfossi í Árnessýslu og varnarþing þess í Sandvíkurhreppi í sömu sýslu.

3. gr.
Verkefni félagsins er að sjá félagsmönnum fyrir nægu og góðu vatni, til heimilis og búsþarfa, iðnaðar og iðju, án orkunýtingar, með því að leggja vatnsæð frá Ingólfsfjalli um vegi og óbyggð svæði, yfir Ölfusárbrú, meðfram þjóðvegi að Mjólkurbúi Flóamanna og skúrum Sveins Jónssonar, halda vatnsveitunni við og annast rekstur hennar.

Vatnsveitufélagið hefir einkasölu á vatni til hverra þarfa sem er á félagssvæðinu.

4. gr.
Eignir þær, sem taldar eru upp hér á eftir, taka þátt í félaginu:

Skúrar Sveins Jónssonar; Múli, eign Gissurar Gamalíelssonar; Ingólfur, eign Guðlaugs Þórðarsonar; Höfn, eign S. Ó. Ólafssonar & Co.; Sigtún, eign Kaupfélags Árnesinga; Sunnuhvoll, eign Helga Ágústsonar; hús Gríms Thorarensen; íbúðarhús Kaupfélags Árnesinga; Ásheimar, eign Magnúsar Þorkelssonar; Hlöður, eign Jóhanns Ólafssonar; Selfoss I og II; Tryggvaskáli eign Guðlaugs Þórðarsonar; póst- og símahús, eign ríkissjóðs; Hamar, eign Björgvins Þorsteinssonar; Núpur, eign Jóns Ingvarssonar; Staður, eign Ólafs Sigurðssonar; barnaskólinn, eign Sandvíkurhrepps; Árnes, eign Kristins Vigfússonar; hús Einars Pálssonar; sláturhús, eign Sláturfélags Suðurlands; húseign Vigfúsar Guðmundssonar; Fagurgerði, eign Björns Sigurbjarnarsonar; hús Landsbanka Íslands; Sólbakki, eign Sigursteins Steinþórssonar; hús Mjólkur-

93 10. sept. bús Flóamanna; Merkiland, eign Ingólfs Þorsteinssonar og sumarbústaður, eign L. Storr, allar eignir þessar með tilheyrandi lóðum. Eigendur ofangreindra landareigna, og þar með félagar í vatnsveitufélaginu, eru greindir á sérstakri skrá.

5. gr.

Nú óska nýir menn inngöngu í félagið og skulu þeir þá senda stjórn félagsins skriflega umsókn þar um. Telji stjórnin að skylt sé samkvæmt landslögum að veita umsækjendum inntöku, getur hún gert það, ef umsækjendur skuldbinda sig til að hlíta samþykkt félagsins og þeim sérstöku skilyrðum, er félagsstjórn kann að setja umsækjendum. Að öðrum kosti skal stjórnin leggja umsóknir um inntöku í félagið fyrir félagsfund.

6. gr.

Um úrsögn úr félaginu fer sem segir í 111. gr. vatnalaganna nr. 15, 20. júní 1923.

7. gr.

Lögmætir félagsfundir hafa æðsta vald í öllum félagsmálum með þeim takmörkunum, sem í samþykkt þessari getur. Félagsfundir eru lögmætir þegar löglega hefir verið til þeirra boðað, án tillits til þess, hve margir sæki fundi, nema öðruvísi sé sérstaklega ákveðið í samþykkt þessari.

8. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn innan félagssvæðisins í síðasta lagi fyrir lok marzmánaðar ár hvert. Skal stjórnin boða til hans með að minnsta kosti tveggja vikna fyrirvara. Dagskrá skal greina í fundarboði.

9. gr.

Aukafundi skal halda þegar stjórn félagsins þykir við þurfa samkvæmt fundarályktun ,eða þegar þess er krafizt af a. m. k. 5 félagsmönnum. Skal jafnframt kröfunni um fundinn skýrt frá því, í hvaða tilgangi fundarins er krafizt. Skal stjórnin þá boða fundinn innan 14 daga frá því krafan kom henni í hendur, ella geta félagsmenn gert það sjálfir. Aukafundir skulu haldnir á sama stað og boða til þeirra á sama hátt og til aðalfunda, sbr. 8. gr. Dagskrá sé getið í fundarboðinu, enda verður aðeins tekin ályktun um þau mál, sem nefnd hafa verið í fundarboðinu, nema að minnsta kosti $\frac{4}{5}$ fundarmanna samþykki annað.

10. gr.

Hver félagsmaður hefir eitt atkvæði á fundum félagsins. Félagsmenn mega fela öðrum félagsmönnum að fara með atkvæði sín á fundum, en stjórnendur félagsins geta eigi farið með umboð fyrir aðra.

11. gr. 93

Aðaltillögur þær, sem koma eiga fram á félagsfundum, skulu vera til sýnis hjá formanni félagsins 3 dögum fyrir fundinn. Þó má gera undantekningar frá þessu á fundum með ⅘ greiddra atkvæða. Viðauka- og breytingartillögur við aðaltillögur, sem löglega eru fram komnar, má bera upp á fundinum sjálfum, þó félagsmönnum hafi eigi verið gefinn kostur á að kynna sér þær. 10. sept.

Þrem dögum fyrir hvern aðalfund, skal reikningur félagsins fyrir hið liðna ár, ásamt athugasemdum endurskoðenda, svörum félagsstjórnar og tillögum endurskoðenda til úrskurðar, vera til sýnis fyrir félagsmenn hjá formanni félagsins.

12. gr.

Félagsfundum stjórnar fundarstjóri, sem fundurinn kýs, og kveður hann sér fundarritara. Fundarstjórinn sker úr öllu, sem snertir lögmæti fundarins, form umræðna, meðferð mála á fundum og atkvæðagreiðslur. Þó skulu þær fara fram skriflega, ef einhver fundarmanna krefst þess.

13. gr.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

a. Stjórn félagsins skýrir frá gerðum sínum og framkvæmdum á liðnu starfsári, leggur fram til úrskurðar endurskoðaða rekstrarreikninga fyrir hið liðna ár og efnahagsreikning með athugasemdum endurskoðenda, svörum félagsstjórnar og tillögum til úrskurðar frá endurskoðendum.
b. Kosin stjórn félagsins og endurskoðendur, samkvæmt ákvörðun samþykktar þessarar.
c. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur mál, sem upp hafa verið borin löglega.

14. gr.

Afl atkvæða ræður úrslitum á félagsfundum, þar sem að 2 eða fleiri fá jafn mörg atkvæði við kosning stjórnenda eða endurskoðenda, skal hlutkesti ráða. Samþykktum félagsins verður þó eigi breytt nema á fundi þar sem mættir eru a. m. k. ¾ félagsmanna og breytingar samþykktar með ¾ greiddra atkvæða á fundinum. Ef eigi sækja nógu margir slíkan fund, skal boða til nýs fundar, innan 14 daga á sama hátt og segir í samþykkt þessari. Ræður sá fundur málinu til lykta með ¾ greiddra atkvæða án tillits til þess, hve margir félagsmanna sækja fundinn.

15. gr.

Rita skal í sérstaka gerðabók allar fundarsamþykktir og stutta skýrslu um annað, er gerist á félagsfundum. Fundargerðin skal lesin upp í fundarlok og borin undir atkvæði og undirskrifuð af fundarstjóra og fundarritara. Þessi fundarskýrsla skal vera full sönnun þess, er farið hefir fram á fundinum.

93 10. sept.

16. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð 3 mönnum úr félaginu, sem aðalfundur kýs til eins árs í senn. Fyrsta stjórn félagsins sé kosin á stofnfundi. Tveir stjórnarmenn skulu kosnir til vara.

17. gr.

Stjórnin skiptir með sér störfum þannig, að einn sé formaður, annar gjaldkeri og þriðji ritari. Á fundum stjórnarinnar ræður afl atkvæða úrslitum. Stjórnin heldur fundi þegar formanni þykir við þurfa, en auk þess er formanni skylt að boða til funda þegar annarhvor meðstjórnenda krefst þess. Það, sem gerist á stjórnarfundum, skal bóka í gerðabók félagsins, og ritar stjórnin undir.

Ályktanir á stjórnarfundum eru því aðeins löglegar að 2 stjórnendur að minnsta kosti séu á fundum, enda séu þeir sammála um atriði það, sem ráða á fram úr. Stjórnin ræður öllum félagsmálum milli funda og getur skuldbundið félagið og eignir þess með ályktunum sínum og samningum, þar á meðal veðsett þær. Þó þarf samþykki allra stjórnarmanna til að veðsetja eignir félagsins. Stjórnin hefir umráð vatnsveitunnnar og annast öll framkvæmdastörf, þar á meðal að sjá um lagningu vatnsveitunnar að öllu leyti, ákveða hvar og hvenær vatnsæðar skuli lagðar, semja um kaup á öllu efni og áhöldum til vatnsveitunnar og alla vinnu við hana. Félagsstjórnin hefir og vald til að taka lán fyrir vatnsveitufélagið og veðsetja eignir þess til tryggingar, svo sem fyrr segir. Gjaldkeri innheimtir vatnsskatt og allar aðrar tekjur félagsins og kvittar fyrir.

18. gr.

Félagsstjórnin setur þær reglur, sem hún telur við þurfa um notkun vatnsins og meðferð þess, svo og um meðferð á vatnsæðum og tilhögun húsæða, efni í þær og vídd þeirra. Til þess að vatnsæð verði lögð frá aðalvatnsveitunni í hús, þarf skriflegt samþykki félagsstjórnarinnar og mega eigi framkvæma það starf né lögn húsæða, breytingar eða aðgerðir á þeim, aðrir en þeir, sem löggiltir eru vatnsvirkjarar eða þeir, sem félagsstjórnin löggildir vatnsvirkjara fyrir vatnsveitufélagið.

19. gr.

Félagsstjórninni eða eftirlitsmönnum, sem hún skipar, er heimilt að fara í hús félagsmanna til þess að athuga vatnsæðar og tæki þau, er sett eru í samband við þær. Nú þykir félagsstjórninni eða eftirlitsmanni útbúnaði ábótavant að einhverju leyti og skal þá félagsmaður tafarlaust bæta úr því á þann hátt og innan þess tíma, sem félagsstjórnin eða eftirlitsmaður leggur fyrir, að öðrum kosti getur félagsstjórnin látið framkvæma verkið á kostnað félagsmanns.

20. gr.

Félagsstjórninni er heimilt að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem eigi greiða vatnsskatt á réttum gjalddaga, vanrækja aðgerðir samkv. 19. gr. eða eftir ítrekaðar áminningar eyða vatni að óþörfu eða nota það svo óþrifnaði valdi,

hvorttveggja að dómi félagsstjórnar. Sama er og ef félagsmaður vanrækir að halda vatnsæðum sínum vel við, að áliti félagsstjórnar, vanrækir að gera við þær ef þær bila, eða gætir þess ekki að forðast að frjósi í vatnsæðum. 93 10. sept.

Fullan vatnsskatt ber að greiða einnig þann tíma, sem vatnsæðinni er lokað.

21. gr.

Starfsár félagsins og reikningsár er almanaksárið.

22. gr.

Til þess að standast kostnað þann, sem félagsskapurinn hefir í för með sér, skulu félagsmenn greiða vatnsskatt samkvæmt gjaldskrá, sem félagsstjórnin setur. Vatnsskattinn má taka lögtaki og skal hann tryggður með lögveðrétti í hlutaðeigandi fasteign næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hverskonar samningsveði og aðfararveði. Gjalddagi á vatnsskatti skal vera 1. nóv. ár hvert.

23. gr.

Aðalfundur kýs 2 endurskoðendur og 1 til vara, til eins árs í senn. Stofnfundur kýs fyrstu endurskoðendur og varaendurskoðanda.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal gjaldkeri hafa lokið við reikning félagsins undanfarið starfsár og afhent hann endurskoðendum. Með útgjöldum skulu í reikningum taldar þær upphæðir til frádráttar á bókuðu eignarverði félagsins, sem félagsstjórn ákveður. Endurskoðendur skulu ljúka endurskoðuninni innan viku frá því reikningurinn kom þeim í hendur og afhenda hann formanni félagsstjórnar með athugasemdum sínum. Síðan skal félagsstjórn svara tafarlaust athugasemdum endurskoðenda og endursenda endurskoðendum, sem gera tillögur til úrskurðar innan viku frá því þeir fengu svör stjórnarinnar og fá síðan formanni félagsins aftur reikninginn.

Endurskoðendur skulu jafnan hafa aðgang að öllum bókum, skjölum og sjóði félagsins til eftirlits.

24. gr.

Aðalfundur getur ákveðið að leggja í endurnýjunar- og varasjóð tekjuafgang félagsins að öllu eða nokkru leyti, og má félagsstjórnin eigi nota það sjóðfé nema með samþykki félagsfundar.

25. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum allt að 500 kr. og renna þær í félagssjóð.

Með mál út af brotum á samþykktinni skal farið að hætti almennra lögreglumála. Sama og um brot á samþykkt þessari gildir um brot á reglum þeim, sem settar eru um einkarétt félagsins til vatnssölu.

93
10. sept.

26. gr.

Félagsmönnum er skylt að fara vel með vatnsæðar og önnur mannvirki félagsins og skulu skemmdir á þeim varða sektum allt að 500 kr. auk skaðaeftir almennum reglum.

27. gr.

Um tillögur til slita á félaginu fer eftir sömu reglum sem um breytingar á samþykkt þessari. Félaginu skal slíta samkvæmt ákvæðum 112. gr. vatnalaganna nr. 15, 20. júní 1923. Fundur sá, sem ákveður að slíta félaginu, kveður og á um, hvernig ráðstafa skuli eignum félagsins og borgun skulda. Jafnframt skal fara eftir fyrirmælum 113. gr. téðra laga eftir því sem við á.

Samþykkt þessi staðfestist hérmeð samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. september 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

94
10. sept.

GJALDSKRÁ

um vatnsskatt í Vatnsveitufélagi Selfoss.

1. gr.

Af öllum húsum á vatnsveitusvæðinu, sem standa á lóð, er liggur að vegi eða opnu svæði, þar sem vatnsæðar liggja, svo og öðrum húsum, er fá vatn leitt úr vatnsveitu félagsins, skal greiða vatnsskatt árlega er sé 5 — fimm — af þúsundi af fasteignamatsverði húsanna.

Auk þessa gjalds greiðir húseigandi 10 krónur árlega fyrir hvern vatnskrana utan húss. Þó skal vatnskrani í utanhúss þvottahúsi undanþeginn gjaldi þessu.

2. gr.

Skattur fyrir verksmiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki og önnur atvinnufyrirtæki og aðra, er nota vatn til annars en venjulegra heimilsþarfa, skal venjulega ákveðinn með samningi við félagsstjórnina. Náist ekki samkomulag um upphæð skattsins, skal almennur félagsfundur ákveða hann, þó þannig, að það sé í samræmi við gildandi vatnalög.

3. gr.

Húseigandi ábyrgist vatnsskatt. Heimilt er honum að hækka leigu sem skatti eða skattaukningu svarar, þótt leigan hafi áður verið ákveðin.

4. gr.

Gjalddagi á vatnsskatti skal vera 1. nóv. ár hvert fyrir yfirstandandi almanaksár. Félagsstjórnin getur samið um annan gjalddaga á vatnsskatti samkvæmt 2. gr.

94
10. sept.

5. gr.

Vatnsskatt má taka lögtaki og skal hann tryggður með lögveðrétti í hlutaðeigandi fasteign næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hverskonar samningsveði og aðfararveði.

Gjaldskrá þessi staðfestist hérmeð samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. september 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ

95
10. sept.

fyrir vatnsveitu Ólafsfjarðarkauptúns.

1. gr.

Hreppsnefnd Ólafsfjarðarhrepps hefir einkaleyfi til umráða á vatnsveitufyrirtæki Ólafsfjarðarkauptúns á því svæði, er vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt. Vatnsveitusvæðið er Ólafsfjarðarkauptún.

2. gr.

Frá vatnsæðum þeim, sem nú eru eða lagðar verða um vatnsveitusvæðið, má enginn leggja neinar vatnsæðar, nema með leyfi hreppsnefndarinnar.

3. gr.

Hreppsnefndin hefir yfirumsjón með öllu því, sem lýtur að vatnsveitukerfinu, en heimilt skal henni að ráða sérstakan umsjónarmann, „Vatnsveitustjóra“, sem sjái um allar gamlar og nýjar vatnsæðar, breytingar og viðauka og eru allir skyldir til að snúa sér til hans um allt, er að slíku lýtur.

4. gr.

Hver sem vill fá vatn leitt í hús sitt, sæki um það til hreppsnefndar, og lætur hún þá leggja vatnsæðar frá aðalleiðslu heim að húsvegg þeirra. Þaðan kostar svo húseigandi leiðsluna, enda sé hún hans eign.

95 Enginn má þó leggja vatnsæðar, hvorki utan húss né innan, nema vatns-
10. sept. veitustjóri, — eða undir umsjón hans.

Sé sérstaklega kostnaðarsamt að leggja vatnsæðar frá aðalæð, að einhverjum sérstökum húsum, er vatnsveitunni ekki skylt að gera það; ef unnt er að sjá þeim fyrir vatni á annan hátt, enda greiði þau hús ekki vatnskatt.

5. gr.

Kauptúnsbúar eru skyldir til að taka neyzluvatn sitt hjá vatnsveitunni þegar lagðar hafa verið vatnsæðar að húsum þeirra.

6. gr.

Skylt er hverjum húseiganda að halda vatnsæðum sínum vel við, verja þær frosti, og láta gera við þær tafarlaust, ef eitthvað bilar.

Enginn má eyða vatni að óþörfu.

7. gr.

Vatnsveitustjóra er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, sem í sambandi við þær eru sett. Þyki honum útbúnaði að einhverju leyti ábótavant, getur hann fyrirskipað að tafarlaust verði úr því bætt á kostnað húseiganda.

8. gr.

Heimilt er vatnsveitustjóra að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að láta gera við bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni ónauðsynlega og greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga.

Ágreiningi út af þessum atriðum má skjóta undir dóm hreppsnefndar. Fullan vatnskatt ber að greiða einnig þann tíma, sem vatnsæðum er lokað.

9. gr.

Vatnsveita sú, sem nú er í kauptúninu, og rekin hefir verið undanfarið sem félagseign verður tekin til umráða samkvæmt reglugerð þessari.

10. gr.

Vatnsskatt skal greiða af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, sem vatn er lagt í. Skal hann ákveðinn í gjaldskrá, og miðaður við fasteignamatsverð húseigna, og má eigi fara fram úr 5‰ af fasteignamatsverði á neinu húsi. Aukagjald má leggja á þá, sem nota vatn til annars en heimilisþarfa, og þá sem hafa vatnshana utanhúss.

11. gr.

Gjalddagi vatnsskatts er 1. desember ár hvert, og greiðist í fyrsta sinn 1. des. 1935. Vatnsskatt má taka lögtaki.

12. gr.

Allar tekjur vatnsveitunnar renna í sérstakan sjóð, er nefnist Vatnsveitusjóður Ólafsfjarðarkauptúns. Úr honum greiðast öll gjöld vatnsveitunnar.

Aðalæðar vatnsveitunnar og umbúnaður við vatnsból, verða sameign kauptúnsins, og kostuð af vatnsveitusjóði; svo og viðhald þeirra, eftirlit með vatnsveitunni, og stjórn hennar. 95 10. sept.

13. gr.

Hreppsnefndin hefir á hendi reikningshald og innheimtu vatnsveitunnar, og hefir að launum fyrir öll störf sín 3% af tekjunum.

Reikningsárið er almanaksár, og skulu reikningar vatnsveitunnar endurskoðaðir og upplesnir ásamt sveitarsjóðsreikningi ár hvert.

14. gr.

Bannað er að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar, eða setja hreyfivélar í samband við hana, án leyfis hreppsnefndar.

15. gr.

Verði nokkur uppvís að því að skemma vatnsveituna, eða það sem henni tilheyrir, skal hann bæta það að fullu eftir mati þar til kvaddra manna, og sæta auk þess refsingu samkvæmt hegningarlögum landsins, ef sakir eru þannig, að undir þau geti fallið.

16. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum allt að 200 kr., sem renni í vatnsveitusjóð, og fer með mál út af þeim sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hérmeð samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. september 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

GJALDSKRÁ

vatnsveitu Ólafsfjarðarkauptúns. 96 10. sept,

1. gr.

Af öllum húsum á vatnsveitusvæðinu, sem vatn er lagt í, skal greiða vatnsskatt árlega. Skal skatturinn lagður á eftir virðingarverði húsanna til húsaskatts. Upphæð vatnsskattsins sé þannig:

96
10. sept.

I. FLOKKUR

Íbúðarhús, sölubúðir og önnur slík hús:

Af	húsum	virtum	allt	að		2000	krónur	greiðist 5‰
—	—	—		2000	— 3000	—	—	4‰
—	—	—		3000	— 5000	—	—	3½‰
—	—	—		5000	— 7000	—	—	3‰
—	—	—		7000	—10000	—	—	2½‰
—	—	—	yfir		10000	—	—	2‰

II. FLOKKUR

2. gr.

Af húsum þeim, sem nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, skal greiða aukagjald eftir samkomulagi við hreppsnefnd. Sömuleiðis fyrir hreyfivélar, verksmiðjur, baðhús, þvottahús, iðnaðarfyrirtæki, og til hverrar annarar slíkrar notkunar.

Fyrir vatnsalerni greiðist 2 kr. og fyrir hvern stórgrip 2 kr. árlega.

3. gr.

1. Fyrir vatn til fiskþvottar skal greiða 5 aura fyrir hvert skippund fiskjar.
2. Fyrir vatn í síldar eða kjötpækil, skal greiða 5 aura fyrir hverja tunnu síldar, og 10 aura fyrir hverja tunnu kjöts.
3. Fyrir vatn til skipa skal greiða 2 kr. fyrir hvert tonn, eða hluta úr tonni, og greiðist vatnið strax við vatnstöku.

4. gr.

Gjöld þessi getur hreppsnefndin hækkað eða lækkað eftir ástæðum um allt að 20%, þó má gjaldið aldrei fara fram úr 5‰ af fasteignamatsverði húseigna, er skatti þessum eiga að svara.

5. gr.

Gjalddagi vatnsskatts er 1. desember ár hvert, og greiðist í fyrsta sinn 1. des. 1934 fyrir það ár. Húseigendur bera ábyrgð á greiðslu vatnsskatts, og má taka hann lögtaki.

Gjaldskrá þessi staðfestist hérmeð samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. september 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

HAFNARREGLUGERÐ

97
13. sept.

fyrir Þingeyrarkauptún.

I. KAFLI.

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Þingeyrarhöfn takmarkast af línu, sem hugsast dregin frá takmörkum stórstraumsfjöru fremst á Þingeyrarodda og á fremsta símastaur á oddatá Höfðaodda, sem er austanvert fjarðarins, til hornréttrar línu úr Ásgarðsnesi á þessa línu.

II. KAFLI.

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Gjöld þau, sem ákveðin eru í reglugerð þessari, skulu renna í hafnarsjóð Þingeyrarkauptúns, og skal honum varið til þess að gera umbætur á höfninni og mannvirkjum, er henni heyra til, svo og til leiðbeiningar við innsiglingu.

Hreppsnefnd Þingeyrarhrepps kýs þriggja manna hafnarnefnd til þriggja ára í senn, og hefir hún undir yfirstjórn hreppsnefndar framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur á henni og á eignum hennar, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar innheimtu og reikningsskil fyrir hönd hreppsnefndar.

Hreppsnefndin veitir fé úr sjóðnum til umræddra framkvæmda, eftir tillögum hafnarnefndar, og ákveður hvernig hann skuli ávaxta, enda ber hún ábyrgð á eignum hans, eins og öðrum eignum hreppsfélagsins. Reikningar hafnarsjóðs skulu fylgja sveitarsjóðsreikningunum, og endurskoðast og úrskurðast ásamt þeim.

III. KAFLI.

Höfnin og legur skipa.

3. gr.

Fiskiskip og önnur skip, er ekki ferma eða afferma, mega aldrei leggjast svo á höfnina, að tálmi fermingu eða affermingu annara skipa, og skulu þau í hvert skipti skyld til þess að hlíta boði hafnarnefndar eða umboðsmanns hennar um það, hvar þau skuli leggjast.

Skip mega aldrei leggja svo frá sér strengi eða önnur festartæki, að umferð tálmi. Festartæki frá skipi má aldrei leggja yfir alfaraleið.

97 4. gr.

13. sept, Vélbátum þeim, er liggja við sérstök legutæki á höfninni, má ekki leggja svo, að tefji umferð um höfnina.

5. gr.

Hafnarnefnd getur ákveðið hvar og hvernig legufæri báta og skipa skuli lögð. Enginn má flytja legutæki báts síns nema með leyfi hafnarnefndar, en heimilt er eiganda þeirra að taka þau upp án leyfis nefndarinnar.

6. gr.

Seglfestu má hvergi kasta út á höfnina nema með leyfi hafnarnefndar, og seglfestu má hvergi taka við höfnina nema með leyfi landeiganda eða umráðamanna. Hafnarnefnd getur bannað að kastað sé í höfnina fiskúrgangi hverskonar og öllu öðru, er óþrifum kann að valda.

IV. KAFLI.

Hafnarmannvirki einstakra manna og félaga innan hafnarinnar.

7. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né heldur breyta þeim mannvirkjum, sem fyrir eru, og ekki fylla upp eða dýpka út frá landi, nema hreppsnefnd hafi veitt samþykki sitt til þess, að fengnum tillögum hafnarnefndar. Skjóta má úrskurði hreppsnefndar undir úrskurð stjórnarráðsins. Sá sem fengið hefir leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal halda því svo vel við, að engin hætta stafi af því. Brot gegn því varða sektum frá 10 til 200 krónum, og hafnarnefndin getur látið nema burtu mannvirkið á kostnað eiganda.

8. gr.

Við bryggju eða uppfyllingu einstakra manna eða félaga innan hafnarinnar hafa skip rétt til að leggjast að í sömu röð og þau koma inn og sækja um það. Þó skulu skip, sem sigla eftir fastri áætlun, hafa forgangsrétt.

9. gr.

Við hverja bryggju einstakra manna eða félaga, sem skipum er ætlað að leggjast að, skal vera umsjónarmaður, er hafnarnefnd tekur gildan.

10. gr.

Um lýsingu slíkra mannvirkja, þrifnað á þeim og ýms nauðsynleg áhöld, svo sem stiga, landgöngubrýr, björgunarhringi o. s. frv., fer eftir þeim fyrirmælum, er hafnarnefnd setur á hverjum tíma, og gilda jafnt fyrir allar bryggjur og uppfyllingar innan hafnarinnar.

V. KAFLI.

Um hafnargjöld.

11. gr.

Öll skip 12 smálesta og þar yfir, skulu greiða hafnargjöld, er þau koma á Þingeyrarhöfn, og hafa eitthvert samband við land til þess að skila eða taka farþega, vörur o. þ. h.

Undanþegin hafnargjaldi eru herskip, varðskip, skip, sem hafa skírteini sem skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindarannsókna, skip, sem leita hafnar vegna óveðurs, en hafa ekkert samband við land. Hafnargjöld greiðast af nettóstærð skipa og reiknast í heilum tölum, en brotum skal sleppa.

12. gr.

a. Skip sem eru eign búsettra manna við höfnina eða hafnarsvæðið, og eru skrásett þaðan og ekki eru í millilandasiglingum skulu greiða hafnargjald einu sinni á ári 25 aura af smálest hverri, þó ekki meira en 10 krónur á ári, með gjalddaga 1. júlí ár hvert.
b. Fiskiskip öll greiða 4 aura af smálest hverri, þó ekki oftar en 5 sinnum á ári.
c. Innlend strandferðaskip greiða í fyrsta sinn á ári hverju, er þau koma á Þingeyrarhöfn, 20 aura af smálest hverri í hafnargjald, en ekkert þótt þau komi oftar á því ári.
d. Öll önnur skip, sem til hafnarinnar koma og hafa samband við land, greiði 4 aura af smálest hverri í hvert skipti, er þau koma á Þingeyrarhöfn.

13. gr.

Skip sem lagt er við föst legugögn á höfninni, greiði árlega fyrir það sem hér segir:

a. Ef þau eru skrásett frá Þingeyrarkauptúni, og eru að öllu leyti eign manna búsettra í eða við höfnina eða hafnarsvæðið, greiði vélbátar með þilfari 10 kr., stærri skip 15 kr., með gjalddaga 1. okt. ár hvert.
b. Um aðra báta eða skip fer eftir samkomulagi við hafnarnefnd.

VI. KAFLI.

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

14. gr.

Gjaldkeri hafnarnefndar sér um innheimtu hafnargjalda, og skal greiða gjöldin á skrifstofu hans.

15. gr.

Skipstjóri eða formaður ber ábyrgð á greiðslu hafnargjalda. Hafnarsjóður hefir haldsrétt á skipum unz gjöldin eru greidd. Að svo miklu sem tiltekn-

97 ir gjalddagar eru ekki ákveðnir í reglugerð þessari, skal greiða þau áður en
13. sept. skipið fer burt úr höfninni.

16. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

VII. KAFLI.

Ýms ákvæði.

17. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum fer eftir almennum lagareglum.

Ef samningum verður ekki við komið, um skaðabætur fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, skulu þær ákveðnar af þremur óvilhöllum dómkvöddum mönnum. Hvorum aðilja fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því að matsgerð var lokið. Yfirmat skal fram fara af fimm óvilhöllum dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, er þess hefir krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en nemi 10% af hinni ákveðnu skaðabótaupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

18. gr.

Enginn sem bakað hefir sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, er hafnarnefnd tekur gilda.

19. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 10 til 400 krónum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð Þingeyrarkauptúns.

20. gr.

Með mál útaf brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi er hérmeð sett samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóv. 1917 til að öðlast gildi 1. október 1935 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. september 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

AUGLÝSING

98
16. sept.

um að út séu gefnir nýir 5 króna bankaseðlar samkvæmt lögum um Landsbanka Íslands.

Stjórn Landsbanka Íslands hefir samkvæmt lögum nr. 10, frá 15. apríl 1928, gefið út handa Landsbankanum 5 króna seðla, með svofelldri nýrri gerð:

Framan á seðlunum er prentað gildi þeirra og er talan tilfærð með bókstöfum, svo og orðin: Samkvæmt lögum nr. 10, 15. apríl 1928. LANDSBANKI ÍSLANDS. Eru þessi orð með dökkbrúnum lit á marglitum skildi, en skjöldurinn á marglitum grunni í brúnleitri umgjörð með skrautgreinum á. Fyrir ofan orðin er letrað nafn bankans: LANDSBANKI ÍSLANDS, en undir þeim stendur nafn formanns bankaráðsins og nafn eins af bankastjórunum, og eru nöfnin með rithönd þeirra. Vinstra megin við orðin er prentuð brjóstmynd Jóns Eiríkssonar, en hægra megin er mynd Jóns Sigurðssonar sem vatnsmerki í hvítum, kringlóttum reiti. Í öllum hornum er prentuð talan 5, er táknar gildi seðlanna; er hún með móleitum lit í dökkbrúnum, ferhyrndum reit innan við umgjörðina. Á framhliðina slær ofurlitlum fjólubláum blæ. Aftan á seðlunum er hinn hvíti kringlótti reitur með mynd Jóns Sigurðssonar sem vatnsmerki er í, vinstra megin, en hægra megin er prentuð mynd af Landsbankahúsinu í kringlóttri umgjörð og eru upphafsstafir bankans, „L“ og „I“, skrautlega dregnir hvor til sinnar handar. Grunnflöturinn umhverfis er með brugðningum og yzt er umgjörð með skrautgreinum í, en innan við hana talan 5 í hverju horni í kringlóttum skildi með skrautverki umhverfis í ferhyrndum smáreiti. Er bakhliðin öll prentuð með brúnum lit.

Hinir eldri seðlar, sem getur um í auglýsingu stjórnarráðs Íslands, nr. 12, frá 24. júlí 1907 og auglýsingu nr. 57, frá 9. júlí 1925, gilda fyrst um sinn jafnframt hinum nýju.

Þetta birtist hér með almenningi.

Fjármálaráðuneytið, 16. sept. 1935.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

99 26. sept.

REGLUR

um blöndun á íslenzku smjöri í smjörlíki.

Samkvæmt lögum nr. 61, 28. jan. 1935, um breytingu á lögum nr. 32, 19. júní 1933, um tilbúning og verzlun með smjörlíki og fleira, eru hérmeð sett eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Smjörlíkisframleiðendur hér á landi skulu á hverjum tíma blanda allt smjörlíki, sem þeir framleiða, með íslenzku smjöri, á þann hátt, sem ákveðið verður í auglýsingu, sem atvinnumálaráðherra gefur út. Gildir þetta jafnt um smjörlíki, sem notað er til neyzlu í stað smjörs, sem um það, sem notað er í brauðgerðarhúsum eða á annan hátt.

Blöndun smjörs í smjörlíki skal framkvæmt áður en smjörlíkið er afgreitt frá verksmiðjunni.

Skylt er að blanda erlent smjörlíki, sem selt er hér á landi, sama hundraðshluta af íslenzku smjöri, og ákveðið er um innlent smjörlíki á sama tíma. Skal sú blöndun fara fram hér á landi og undir sama eftirliti, sem íslenzku smjörlíkisgerðirnar eru háðar.

2. gr.

Framleiðendur smjörlíkis ákveða sjálfir, hvaða smjör þeir nota til blöndunar í smjörlíkið. Þó skal þeim skylt að nota einungis smjör, sem framleitt er í viðurkenndum mjólkur- og rjómabúum.

Sé mjólk notuð við smjörlíkisframleiðsluna, er ekki leyfilegt að reikna smjörmagn það, sem í henni felst, sem hluta af því smjörmagni sem blanda ber í smjörlíkið samkvæmt 1. gr.

3. gr.

Hver smjörlíkisframleiðandi skal sanna, að hann hafi keypt það smjörmagn, sem svarar til framleiðslu hans á hvaða tíma sem er. Skulu framleiðendur smjörlíkis mánaðarlega senda eftirlitsmanni smjörlíkisverksmiðjanna upplýsingar um framleiðslu sína næstliðinn mánuð, svo og skilríki fyrir því, hve mikið þeir hafi keypt á sama tíma af íslenzku smjöri. Er eftirlitsmanni smjörlíkisverksmiðjanna falið að sjá um að þessum og öðrum ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt.

4. gr.

Smjör það, sem smjörlíkisframleiðendur hafa keypt til blöndunar í smjörlíki, skal óheimilt að selja eða nota á annan hátt. Smjörið greiðist með því verði, sem mjólkursölunefnd ákveður á hverjum tíma.

5. gr. 99

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 100 til 5000 krónum, nema 26. sept.
þyngri hegning liggi við samkvæmt lögum. Skal fara með mál út af sílkum brotum sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi gengur í gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 26. september 1935.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

AUGLÝSING 100

um blöndun á íslenzku smjöri í smjörlíki. 26. sept.

Samkvæmt reglum útgefnum í dag, um blöndun á íslenzku smjöri í smjörlíki, skal frá 1. október þ. á. blanda allt smjörlíki, sem framleitt er hér á landi, með 3% af íslenzku smjöri, svo og erlent smjörlíki, sem flutt kann að verða til landsins.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 26. september 1935.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

AUGLÝSING 101

um viðurkenningu á flokkunarfélögum skipa. 7. sept.

Samkvæmt 28. gr. laga nr. 93, 1935, um eftirlit með skipum og samkvæmt 2. gr. Kaupmannahafnar-samþykktarinnar frá 28. janúar 1926, um haffæri skipa og skipsbúnað, eru sett eftirfarandi ákvæði.

1. gr.

Flokkunarfélögunum:
British Corporation for the Survey and Registry of Shipping,
Bureau Veritas,
Det Norske Veritas,
Germanischer Lloyd,
Lloyd's Register of Shipping og
Registro Italiano Navale ed Aeronautico
er falið innan þeirra takmarka, og með þeim skilyrðum, er auglýsing þessi setur, að gera iðnfræðilegar athuganir og mælingar, er með þurfa, svo unnt

101 sé að framkvæma aðal-, auka- og hleðslumerkjaskoðun á íslenzkum skipum.
7. sept. Skipaskoðanir þessar skulu taldar gerðar í umboði íslenzku ríkisstjórnarinnar.

2. gr.

Svipta má ofangreind flokkunarfélög téðu umboði í einu eða hvert einstakt þeirra, með 12 mánaða fyrirvara, nema sérstakar ástæður geri styttri frest nauðsynlegan.

3. gr.

Nú hefir flokkunarfélag fengið viðurkenningu atvinnumálaráðuneytisins, og skulu þá reglur þess um skip, sem flokkuð eru í því, taldar fullnægja öllum þeim kröfum, sem gerðar eru til styrkleika skips og véla í lögum um eftirlit með skipum.

Gildi hafa eingöngu þær skoðanir á skipi eða vélum, sem gerðar eru í umboði einhverra áðurgreindra flokkunarfélaga.

4. gr.

Hvert flokkunarfélag ber fulla ábyrgð gagnvart atvinnumálaráðuneytinu á því, að þær skoðanir, sem gerðar eru í umboði þess, séu fullnægjandi og vel af hendi leystar.

Atvinnumálaráðuneytinu er heimilt, án tillits til framangreindrar viðurkenningar á flokkunarfélögum, ef ástæða þykir til, að láta fara fram rannsókn eða endurskoðun á því, er fellur undir ákvæði laga um eftirlit með skipum. Rannsókn eða endurskoðun þessi skal gerð af skipaskoðunarmönnum ríkisins.

5. gr.

Flokkunarfélögin geta fylgt sínum reglum, um kröfur þær, sem gerðar eru um smíði, efni, skipsbol, reisnir, siglur, reiða, vélar, katla, stýri, stýrisumbúnað, akkeri, akkeriskeðju, landfestar, ennfremur hvernig austurrásum er fyrir komið, skiptingu skipsins í vatnsheld hólf og þrýstiprófun á kötlum, pípum og hylkjum.

Að jafnaði skal það teljast fullnægjandi upplýsing gagnvart hlutaðeigandi stjórnarvöldum um flokkun skips, að þeim sé sýnt gilt flokkunarskírteini fyrir skipið, útgefið af einhverju framantalinna flokkunarfélaga.

Nú stendur yfir skoðun til endurnýjunar á flokki skips, þegar sanna á fyrir hlutaðeigandi stjórnarvöldum, að skipið sé flokkað, og skal það þá talið fullnægjandi, að lögð séu fram meðmæli frá skoðunarmanninum um það, að skipið haldi sínum flokki.

Flokkunarfélögin láta hlutaðeigandi stjórnarvöldum að jafnaði ekki í té afrit af skoðunargerðinni, þegar um skoðun á öðrum skipum en farþegaskipum er að ræða, en þó skulu þau senda atvinnumálaráðuneytinu afrit af henni, verði þess óskað. Þegar skoðun á farþegaskipum fer fram, skal senda atvinnu-

málaráðuneytinu afrit af allri skoðunargerðinni, hvort sem er á bol, vél, katli eða öðrum hlutum skipsins. 101 7. sept.

Hlutaðeigandi flokkunarfélag skal þegar í stað tilkynna atvinnumálaráðuneytinu, þegar flokkað skip er numið úr flokki, fært í lægri flokk, eða þeim kröfum, sem gerðar hafa verið til skipsins af félaginu, hefir ekki verið fullnægt innan tiltekins tíma, eða aðrar ástæður eru fyrir hendi, er máli skipta fyrir hið opinbera eftirlit með skipinu.

Þegar flokkunarfélag framkvæmir hleðslumerkjaskoðun og hleðslumerkjaútreikning á íslenzku skipi, skal það senda atvinnumálaráðuneytinu afrit af skoðuninni, ásamt öllum útreikningi með teikningum, er þurfa til endurskoðunar á ákvörðun hleðslumerkjanna.

6. gr.

Um skoðun á íslenzkum skipum, sem Lundúnasamþykktin um öryggi mannslífa á sjónum, frá 31. maí 1929 og hleðslumerkjasamþykktin frá 5. júlí 1930, nær til, skal farið eftir ákvæðum nefndra samþykkta, þó með þeim undantekningum og ívilnunum, sem þar eru gerðar um eldri skip og skip af sérstakri gerð.

Framangreind ákvæði öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. september 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

102
30. sept.

REGLUGERÐ

um rafmagnsdeild vélstjóraskólans í Reykjavík.

Samkvæmt 8. gr. í lögum nr. 23, 19. maí 1930, um stofnun rafmagnsdeildar við vélstjóraskólann í Reykjavík, er hér með sett eftirfarandi reglugerð fyrir rafmagnsdeild vélstjóraskólans í Reykjavík.

I. KAFLI

Um inntökuskilyrði, kennslu o. fl.

1. gr.

Markmið rafmagnsdeildarinnar er að búa lærisveinana undir rafmagnspróf.

2. gr.

Skilyrði fyrir inntöku í 1. bekk rafmagnsdeildarinnar eru:

1. Að lærisveinninn hafi óflekkað mannorð.
2. Að hann sé ekki haldinn af neinum næmum sjúkdómi eða öðrum kvilla, sem geti orðið honum til tálmunar við starf hans eða skaðlegur hinum nemendunum.
3. Að hann hafi unnið við raflagnir og rafvélar í 3 ár eftir 15 ára aldur hjá þeim rafvirkjameisturum, er stjórnarráðið tekur gilda, og hafi kunnáttu, sem samsvari fullnaðarprófi Iðnskólans í Reykjavík.

3. gr.

Skilyrði fyrir inntöku í 2. bekk rafmagnsdeildarinnar eru: Að lærisveinninn hafi staðizt 1. bekkjarpróf deildarinnar, eða að hann hafi náð vélstjóraprófi.

4. gr.

Beiðni um inntöku í rafmagnsdeildina skal send forstjóra vélstjóraskólans, skal það vera eiginhandar umsóknarskjal, stílað til stjórnarráðsins. Inntökubeiðninni skulu fylgja vottorð um að þeim skilyrðum sé fullnægt, sem talin eru í 2. gr. eða 3. gr. þessarar reglugerðar. Forstöðumaður skólans sendir stjórnarráðinu inntökubeiðnirnar og skýrir jafnframt stjórnarráðinu frá því, hvort áskilin vottorð séu til hans komin í lagi.

5. gr.

Skólaárið hefst 1. október og endar 30. september.

6. gr.

Þessi skulu vera lögboðin leyfi:

1. Jólaleyfi, er nær frá 23. degi desember til 2. dags janúarmánaðar að báð-

um dögum meðtöldum. Beri 2. janúar upp á sunnudag, skal kennslan byrja næsta þriðjudag eftir. **102** 30. sept.

2. Páskaleyfi, er nær frá miðvikudegi fyrir skírdag og til þriðja í páskum að báðum þessum dögum meðtöldum.
3. Sumardagurinn fyrsti.
4. Sumarleyfi er frá afloknum prófum að vori til 30. september.
5. Mánaðarleyfi, eins dags, getur skólastjóri veitt þá mánuði, sem leyfi samkvæmt 1—4 ekki falla á.

7. gr.

Reglusemi:

1. Lærisveinarnir skulu vera komnir í skólann á hverjum degi áður en kennslustundir byrja.
2. Geti lærisveinn eigi sótt kennslustund sakir veikinda eða af öðrum ástæðum, ber að tilkynna forstöðumanni skólans það. Geti lærisveinn ekki vegna veikinda sótt kennslustundir í 2 daga, ber að tilkynna forstöðumanni það skriflega og færa ástæður fyrir.
3. Í frímínútunum má enginn hávaði eiga sér stað í kennslustofunum.
4. Tóbaksreykingar eru stranglega bannaðar alstaðar í skólanum.
5. Lærisveinar skulu fara vel með muni skólans og áhöld. Skemmist eða glatist nokkuð af munum eða áhöldum skólans fyrir vangá eða kæruleysi þeirra, skulu þeir greiða fullar bætur fyrir.
6. Lærisveinar mega ekki fara út í kennslustund án leyfis hlutaðeigandi kennara eða forstöðumanns.
7. Skipti lærisveinn um bústað, ber honum að tilkynna forstöðumanni skólans það.

8. gr.

Í rafmagnsdeildinni eru tveir bekkir: 1. bekkur og 2. bekkur. Í 1. bekk skulu kennslustundirnar vera 30 á viku: 9 í stærðfræði, 6 í eðlisfræði, 3 í vélfræði, 4 í teikningu, 5 í íslenzku, 3 í dönsku. Í 2. bekk skulu kennslustundirnar vera 30 á viku og auk þess allt að 6 stundir til verklegra æfinga.

Á milli hverra tveggja samliggjandi kennslustunda skal vera 10 mínútna hlé.

9. gr.

Forstöðumaður vélstjóraskólans skal hafa á hendi alla umsjón með rafmagnsdeildinni og annast útvegun á öllu því, er þarfnast í deildinni. Hann skal og ráða stundakennara, skipa fyrir um fyrirkomulag kennslunnar og semja stundatöflu, er stjórnarráðið samþykkir fyrir hvert skólaár.

10. gr.

Öll nauðsynleg áhöld, sem nota þarf við kennsluna í deildinni, leggur skólinn til, en sjálfir skulu lærisveinar kosta bækur þær og áhöld, sem þeir þurfa við námið.

102 30. sept.

11. gr.

Forstöðumaður skal rita í bók, sem til þess verður útveguð, nöfn, fæðingarstað, -dag og -ár þeirra lærisveina, sem koma í rafmagnsdeildina. Í bókinni skal og geta þeirra, er próf taka, og prófeinkunna þeirra; ennfremur skal og geta þess, hvenær þeir fara úr deildinni, er fara kynnu úr henni af einhverjum ástæðum án þess að ljúka burtfararprófi. Bók þessi skal ávallt geymd í vélstjóraskólanum.

12. gr.

Að afloknum prófum skal forstöðumaður senda stjórnarráðinu greinilega skýrslu um kennsluna og prófið, ennfremur leggja fram reikninga með fylgiskjölum.

II. KAFLI

Um prófin.

13. gr.

1. bekkjarpróf og burtfararpróf skal haldið í vélstjóraskólanum í Reykjavík hvert ár.

14. gr.

Allir námssveinar 1. bekkjar mega ganga undir 1. bekkjarpróf, og þurfa þeir eigi að senda skriflega beiðni um það. Aðrir, sem óska að ganga undir 1. bekkjarpróf, skulu afhenda forstöðumanni vélstjóraskólans eiginhandar umsóknarskjal, stílað til stjórnarráðsins, þess efnis að þeim verði leyft að ganga undir prófið. Umsóknarskjalinu skulu fylgja öll nauðsynleg vottorð, og skal það afhent 4 vikum fyrir prófið.

Allir námssveinar 2. bekkjar mega ganga undir burtfararpróf, og þurfa þeir eigi að senda skriflega beiðni um það. Aðrir, sem óska að ganga undir burtfararprófið, skulu afhenda forstöðumanni skólans eiginhandar umsóknarskjal, stílað til stjórnarráðsins um að mega ganga undir prófið. Skjalinu skulu fylgja öll nauðsynleg vottorð, þar á meðal vottorð um, að umsækjandinn hafi notið fullrar kennslu í námsgreinum þeim, sem próf er haldið í, og skal það afhent 4 vikum fyrir prófið.

15. gr.

Á tilteknum degi og stundu skulu prófsveinar mæta í prófstofunum og hafa með sér öll nauðsynleg teikniáhöld, skriffæri, mælistiku og reiknistokk eða logaritma-töflu. Hver prófsveinn dregur í byrjun prófsins sitt tölunúmer, sem hann hefir meðan prófið stendur yfir.

16. gr.

1. bekkjarprófið er skriflegt og munnlegt, en burtfararprófið er skriflegt, munnlegt og verklegt. Prófin skulu haldin af prófnefnd, sem er skipuð for-

stöðumanni vélstjóraskólans og 2 mönnum öðrum, sem stjórnarráðið setur til þess í hvert skipti. Einn af ofangreindum mönnum, þó ekki forstöðumann skólans, skipar stjórnarráðið sem oddvita prófnefndar. 102 30. sept.

17. gr.

Hinir skipuðu prófdómendur velja verkefni, en kennari í hverri grein heldur hið munnlega og hið verklega próf. Verkefnin til hins skriflega prófs skulu þeir afhenda í lokuðu umslagi í byrjun hvers úrlausnartíma, og er það hið sama fyrir alla prófsveina, sem eru í sama úrlausnartíma.

18. gr.

Hvert skriflegt verkefni, að undanskilinni teikningu og íslenzkum stíl, skal innihalda tvö eða fleiri dæmi í sömu fræðigrein. Á verkefnisseðlunum sé tekið fram, hve langur tími sé veittur til svara. Verkefnin skulu undirrituð af prófnefndinni.

Efst á uppkasts- og hreinskriftarpappír þeim, sem brúkaður er við skriflegu verkefnin, skrifar prófsveinn nafn sitt og tölunúmer, einnig númer verkefnisins.

Aðeins þann pappír, sem stimplaður er með stimpli vélstjóraskólans má nota.

Hinar hreinskrifuðu úrlausnir verða að vera skýrt skrifaðar og undirritaðar af prófsveini áður en hann afhendir þær, en eftirlitsmaðurinn ritar á þær, hvenær afhending fór fram.

Úrlausn verkefnisins verður dæmd eftir hinu hreinskrifaða skjali; á það verður að skrifa allan útreikning til skýringar verkefninu.

Þær teikningar sem heimtaðar verða, skulu vandlega gerðar, og ef þörf þykir skal þeim fylgja stutt lýsing.

Án sérstaks leyfis mega prófsveinar ekki hafa kennslubækur eða önnur slík hjálpartæki með sér inn í prófstofuna.

19. gr.

Munnlegu og verklegu verkefnin skulu tiltekin af hinum skipuðu prófdómendum í samráði við hlutaðeigandi kennara, og skrifuð á seðla tveim fleiri en prófsveinar eru.

Hver prófsveinn dregur seðil eftir röð.

20. gr.

Nú þykir prófsveini eitthvað ógreinilegt í verkefninu, og getur hann þá snúið sér til eftirlitsmanna.

Álíti prófsveinn, að fyrir hann sé lagt verkefni, sem eigi má krefjast til prófsins, þá skal hann því viðvíkjandi snúa sér til þess manns, er prófar, eða til einhvers úr prófnefndinni.

102 30. sept.

21. gr.

Prófsveinar skulu mæta stundvíslega á tiltekinni stundu, er auglýst verður á próftöflu, er fest sé upp í prófstofunni.

Mæti prófsveinn ekki á réttum tíma eða án leyfis fari úr þeim stað, er honum var tilvísaður, má vísa honum burt frá prófinu.

Í prófstofunni mega prófsveinar ekki tala saman.

Sannist það, að prófsveinn reyni að fá hjálp eða hjálpi öðrum, skal honum vísað frá prófi, og skal þá svo álitið, sem hann hafi eigi staðizt prófið.

Gangi prófsveinn frá prófi og kenni sjúkleika um, en sannar síðar með læknisvottorði, að hann hafi verið forfallaður, þá ber að líta svo á, sem hann hafi eigi gengið undir prófið, og má þá prófa hann aftur síðar í prófinu jafnskjótt sem því verður við komið, og eru þá fyrri svör hans við verkefninu fullgild.

Geti hann þar á móti ekki sannað, að hann hafi haft fullgilda ástæðu fyrir brottveru sinni frá prófinu, skal álitið, sem hann hafi eigi staðizt prófið.

22. gr.

Sannist það fyrir oddvita prófnefndarinnar, að prófsveinn hafi hegðað sér ósæmilega við prófið, getur oddviti rekið hann frá því.

23. gr.

Við skriflega prófið mega engar teikningar, myndamót eða önnur kennsluáhöld vera í prófstofunni, og aðeins prófdómendur eða þeir eftirlitsmenn, sem aðstoða þá, mega ganga um eða vera í prófstofunum í úrlausnarstundunum.

Að lokinni úrlausn skriflegra, munnlegra og verklegra verkefna, mega prófsveinar eigi vera inni í prófstofunni, á meðan að próf stendur yfir.

Verði eitthvað af tækjum skólans eða eiganda prófstofunnar fyrir skemmdum af völdum prófsveins, skal hann greiða fullar skaðabætur fyrir eftir mati oddvita prófnefndar.

24. gr.

Við 1. bekkjarpróf skulu gefnar alls 10 einkunnir, sbr. 26. gr., sem sé: 2 einkunnir í stærðfræði (munnl. og skrifl.), 2 einkunnir í eðlisfræði (munnl. og skrifl.), 2 eink. í vélfræði (munnl. og skrifl.), 1 einkunn í teikningu, 2 einkunnir í íslenzku (munnl. og skrifl.), 1 einkunn í dönsku.

25. gr.

Við burtfararpróf skulu gefnar alls 9 einkunnir, sbr. 26. gr., sem sé: 4 einkunnir fyrir 3 skriflegar úrlausnir, skal eitt úrlausnarefnið vera áætlun um raflögn, og er einkunnin fyrir úrlausn þessa reiknuð tvöföld, ennfremur 3 einkunnir fyrir munnlegu verkefnin, sem eru 3 að tölu. Verklega prófið er í einu lagi, og skal einkunn sú er þar er gefin, reiknuð tvöföld.

26. gr.

Úrslit prófa ákvarðast þannig:

Gefa skal einkunnir eftir einkunnarstiga þeim, sem hér er talinn:

Ágætlega	=	7
Ágætlega ÷	=	6
Dável	=	5
Dável ÷	=	4
Vel	=	3
Vel ÷	=	2
Laklega	=	1
Laklega ÷	=	0
Illa	=	÷ 1
Illa ÷	=	÷ 3
Afarilla ÷	=	÷ 5

Verði prófdómendur eigi ásáttir um, hverja einkunn skuli gefa fyrir frammistöðu í einhverri grein, skal sú einkunn gefin, sem að tölugildi er næst meðaltalinu af tölugildum einkunna þeirra, er gefnar hafa verið.

Sé þetta meðaltal mitt á milli tveggja ofangreindra tölugildna, skal gefin sú einkunn, sem er næst fyrir ofan.

Til að standast 1. bekkjarpróf þarf:

a. Í íslenzku meðaleinkunnina 1,5.
b. Í stærðfræði: meðaleinkunnina 2,0.
c. Í samanlögðum öllum prófgreinum: meðaleinkunnina 3,0.

Til að standast burtfararpróf þarf:

a. Í skriflegu prófi fyrir úrlausn á „áætlun um raflögn“ meðaleinkunnina 2,0.
b. Í verklega prófinu: meðaleinkunnina 2,0.
c. Í samanlögðum öllum prófgreinum meðaleinkunnina 3,0.

27. gr.

Hver prófsveinn, er staðizt hefir prófið, fær að því afloknu vottorð, samið á íslenzku, dönsku, ensku og þýzku.

Fyrir þá sem unnið hafa 3 ár hjá rafvirkjameistara, skal vottorðið sniðið eftir þessari fyrirmynd:

PRÓFSKÍRTEINI

N. N.

fæddur

hefir staðizt burtfararpróf rafvirkja úr rafmagnsdeild vélstjóraskólans í Reykjavík.

102 30. sept.

Við 1. bekkjarpróf fékk hann þessar einkunnir:

Stærðfræði	2	eink.
Eðlisfræði	2	—
Vélfræði	2	—
Teikning	1	—
Íslenzka	2	—
Danska	1	—

Aðaleinkunn 10 eink.

Við burtfararpróf fékk hann þessar einkunnir:

Skrifl. rafmagnsfræði	I lýsing á raftæki, vél e. ö	1	eink.
— —	II reikningsdæmi úr raffræði	1	—
— —	III áætlun um raflögn	2	—
Munnl. rafmagnsfræði	I	1	—
— —	II	1	—
— —	III	1	—
Verkleg rafmagnsfræði		2	—

Aðaleinkunn 9 eink.

Reykjavík ..... 19....

N. N. N. N.

N. N.

Til að standast 1. bekkjarpróf þarf:

Í íslenzku minnst	3
Í stærðfræði minnst	4
Í aðaleinkunn minnst	30

Hæsta aðaleinkunn við 1. bekkjarpróf er 70.

Til að standast burtfararpróf þarf:

Í skrifl. rafmagnsfræði III minnst	4
Í verkl. rafmagnsfræði minnst	4
Í aðaleinkunn minnst	27

Hæsta aðaleinkunn við burtfararpróf er 63.

Fyrir vélstjóra skal vottorðið sniðið eftir þessari fyrirmynd:

PRÓFSKÍRTEINI

N. N.

fæddur

hefir staðizt rafmagnspróf fyrir vélstjóra við rafmagnsdeild vélstjóraskólans í Reykjavík, og hlotið þar þessar einkunnir:

Skrifl. rafmagnsfræði	I lýsing á raftæki, vél e. ö.	1	eink.
— —	II reikningsdæmi úr raffræði	1	—
— —	III áætlun um raflögn	2	—
Munnl. rafmagnsfræði	I	1	—
— —	II	1	—
— —	III	1	—
Verkleg rafmagnsfræði		2	—
	Aðaleinkunn	9	eink.

Reykjavík ..... 19....

N. N. N. N.

N. N.

Til að standast prófið þarf:

Í skrifl. rafmagnsfræði III minnst	4
Í verkl. rafmagnsfræði minnst	4
Í aðaleinkunn minnst	27

Hæsta aðaleinkunn er 63.

28. gr.

Tveir listar yfir hinar gefnu einkunnir við prófin skulu skrifaðir af prófnefndinni, aðallistinn skal undirskrifaður af prófnefndinni að afloknu prófi; afritið skal, eftir að prófdómendur hafa komið sér saman um einkunnirnar, fest upp á einhverjum þeim stað, er prófsveinar geta séð einkunnir sínar.

Að afloknu prófi skrifa prófdómendur hinar gefnu einkunnir, er hver prófsveinn hefir hlotið, í þar til gerða bók í tveim eintökum, og skal annað eintakið geymast hjá skólastjóra, en hitt á Landsbókasafninu.

Í þessa bók skal rita nöfn prófsveina, fæðingarstað, dag og ár, einnig hin skriflegu verkefni.

Prófbókin skal undirrituð af prófnefndinni.

102 30. sept.

29. gr.

Til 1. bekkjarprófs útheimtist:

1. Í stærðfræði: Kunnátta á almennum talna- og bókstafareikningi, flatar- og rúmmálsfræði.
2. Í eðlisfræði: Kunnátta í aflfræði, hljóðfræði, ljósfræði, hitafræði og raf- og segulfræði.
3. Í vélfræði: Að þekkja frumatriði vélfræðinnar, almenna vélahluti, einkanlega með tilliti til rafvéla; svo og ýmsar algengar aflvélar.
4. Í teikningu: Að geta gert uppdrætti af einföldum vélahlutum eftir ákveðnum mælikvarða.
5. Í íslenzku: Að geta gert íslenzkan stíl um almennt efni, skýrt og nokkurnveginn rétt.
6. Í dönsku: Að geta lesið og þýtt léttan kafla í danskri bók.

30. gr.

Til burtfararprófs útheimtist:

Í raffræði: Þekking á undirstöðuatriðum raffræðinnar og einföldum rafmælingum, á rafhlöðum og allskonar rafvélum og raftækjum, gerð þeirra, uppsetningu og gæzlu, ennfremur kunnáttu í lagningu allskonar raflagna. Prófsveinar skulu geta fundið orsakir algengra bilana á tækjum þessum og lögnum, þeir skulu geta áttað sig á tengimyndum. Auk þess skulu þeir kunna að deyfa útvarpstruflanir raftækja og véla. Þeir skulu þekkja lög og reglugerðir um allt er að þessu lýtur, ennfremur skulu þeir vita um lífshættu þá, er getur stafað frá rafmagni, og kunna að gera einfaldar endurlífgunartilraunir.

Auk þess útheimtist í öðrum greinum, það sem nauðsynlegt er til fulls skilnings á raffræðinni.

31. gr.

Skólastjóri ákveður eftir að hafa leitað tillagna kennaranna, hvaða bækur skuli notaðar við kennsluna.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Þetta birtist öllum þeim, er hlut eiga að máli, til leiðbeiningar.

Kennslumálaráðuneytið, 30. september 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Gissur Bergsteinsson.

SAMÞYKKT

um viðauka við byggingarsamþykkt Siglufjarðarkaupstaðar nr. 85, frá 23. desember 1927.

103
30. sept.

Aftan við 48. gr. samþykktarinnar bætist nýr liður sem verður 11. töluliður svo hljóðandi:

Öll hús eða húshlutar skulu fullgerð að utan innan 2ja ára eftir að þau eru tekin til notkunar.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefir samið og samþykkt er hér með staðfest samkvæmt 15. gr. laga nr. 58, 28. nóvember 1919 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. september 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Páll Pálmason.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir minningarsjóð sra. Björns Björnssonar, prests í Laufási, útgefin á venjulegan hátt, ad mandatum, 5. október 1935.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð síra Björns Björnssonar prests í Laufási.

104
5. okt.

1. gr.

Stofnfé sjóðsins 500 kr., er gjöf til Svalbarðsstrandarhrepps frá frú Ingibjörgu Magnúsdóttur, til minningar um mann hennar. Skal vöxtum sjóðsins varið til styrktar sjúkum, eða til hjúkrunarstarfsemi í Svalbarðsstrandarhreppi, eftir þeim reglum, sem hér eru settar.

2. gr.

Sjóðurinn skal vera á vöxtum í Landsbanka Íslands. Ennfremur má verja honum til kaupa á ríkisskuldabréfum, bankavaxtabréfum eða jarðræktarbréfum.

3. gr.

Allir vextir leggjast árlega við höfuðstólinn þar til sjóðurinn er orðinn það stór að hann gefi 100 kr. í vexti á ári, en þá má verja $^4/_5$ hl. vaxtanna til styrktar

104 sjúkum eða til hjúkrunarstarfsemi, svo sem að ofan greinir, en ⅕ hl. vaxt-
5. okt. anna leggist við höfuðstólinn þar til sjóðurinn er orðinn 10000 kr., þá má verja ⁹⁄₁₀ hl. vaxtanna til styrktar en ¹⁄₁₀ hl. leggist ætíð við höfuðstólinn.

4. gr.

Sjóðnum skal stjórnað af 3 mönnum og skal hreppstjóri Svalbarðsstrandarhrepps vera formaður, en tvo meðstjórnendur kýs hreppsnefndin, og skal gilda um kjör þeirra og kjörtíma sama og um kjör hreppsnefndar.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir og birtir á sama hátt og reikningar hreppsins. Reikningsár skal vera almanaksárið.

5. gr.

Stjórn sjóðsins haldi fund í des. ár hvert og úthlutar þá styrk úr sjóðnum. Verði enginn að áliti stjórnar sjóðsins styrkhæfur, leggjast allir vextirnir við höfuðstólinn það ár.

Umsóknir um styrk úr sjóðnum skulu sendar formanni hans skriflega fyrir 1. desember.

6. gr.

Stjórn sjóðsins haldi gerðabók fyrir sjóðinn og færi í hana skipulagsskrána, fundarsamþykktir sjóðsstjórnar, umsóknir um styrk úr sjóðnum og ástæður fyrir hverri styrkveitingu og annað sem varðar stjórn sjóðsins. Sjóðstjórnin haldi ennfremur bók yfir tekjur, gjöld og eignir sjóðsins, og færi í hana ársreikninga hans ásamt athugasemdum endurskoðenda.

7. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á þessari skipulagsskrá.

8. gr.

Skipulagsskráin skal birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Guðrúnar Gestsdóttur, Hafnarfirði", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 23. okt. 1935.

Skipulagsskráin er þannig:

105 23. okt.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Guðrúnar Gestsdóttur ljósmóður, til styrktar fátækum námfúsum unglingum í Hafnarfjarðarbæjarfélagi.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Guðrúnar Gestsdóttur, Hafnarfirði.

2. gr. **105**

Sjóður þessi er stofnaður samkvæmt fyrirmælum Guðrúnar sál. Gestsdóttir ljósmóður í Hafnarfirði og nánari ráðstöfun, er hún lét eftir sig látna. 23. okt.

Stofnféð er:

1. Peningar, er nokkrar sængurkonur Guðrúnar færðu henni árið 1927, ásamt annari heiðursgjöf á 25 ára starfsafmæli hennar þar í umdæminu, *kr. 700.00.*
2. Sparisjóðsvextir af sömu upphæð, frá 2/11 1927 til 31/12 1934, *kr. 254.19.*
3. Minningargjöf um stofnanda sjóðsins, frá bræðrum hennar, Ásm. Gestssyni og Guðm. Gestssyni, *kr. 1045.81.*

Samtals 2000 — tvö þúsund — krónur.

3. gr.

Til eflingar sjóðsins er tekið á móti minningargjöfum, frjálsum samskotum, áheitum og öðrum gjöfum, er sjóðnum kunna að áskotnast.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er, að styrkja til framhaldsnáms, hvort heldur bóklegs náms eða iðnnáms, efnilega, námfúsa unglinga, pilta sem stúlkur, sem komnir eru yfir fermingaraldur, en sem sökum fátæktar, eða annara ástæðna vegna, ekki geta lagt út á þær brautir hjálparlaust.

5. gr.

Vextir allir, áheit og gjafir til sjóðsins, hverju nafni sem nefnast, skulu leggjast við höfuðstólinn, þar til hann er orðinn kr. 5000.00 — fimm þúsund — krónur. Úr því má verja til styrkveitinga ¾ — þrem fjórðu — vaxta árlega. Það af vöxtum sjóðsins, sem eigi er úthlutað og sem aldrei má minna vera en ¼ — einn fjórði — og allir vextir þau árin, sem eigi er úthlutað, leggist við höfuðstólinn. Höfuðstólinn má aldrei skerða.

6. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skulu skipa 3 menn, prestar beggja safnaða, bæði Þjóðkirkju- og Fríkirkju- safnaðanna í Hafnarfirði, á hverjum tíma og skulu þeir skiptast á um formennsku sjóðsins sitt árið hvor á víxl. Þriðji maður í stjórn sjóðsins sé skólastjóri barnaskóla Hafnarfjarðar, á hverjum tíma. Fjölgi löggiltum barnaskólum í bænum, skal ætíð skólastjóri elzta barnaskólans í Hafnarfirði skipa 3. sætið. Yrði í framtíðinni sú ólíklega breyting, að í Hafnarfirði hættu t. d. að vera tveir þjónandi prestar. Á meðan svo kynni að standa, skipar forstöðumaður Flensborgar 3. sætið. Leggist sá skóli niður, skal formaður skólanefndar elzta barnaskólans í Hafnarfirði skipa 3. sætið í stjórn sjóðsins.

105 23. okt.

8. gr.

Stjórnin annast alla fjármuni sjóðsins og úthlutar styrk úr honum, eftir beztu fáanlegum upplýsingum um ástæður, efnahag, gáfur, námfýsi og aðra verðleika umsækjanda. Árlegur styrkur veitist fyrst einum svo tveimur o. s. frv. eftir því hve sjóðurinn vex. Styrkveitingingin fer fram í byrjun október hvers árs, eftir að sjóðurinn er tekin til starfa. Minnsta styrkveiting til einstaklings skal vera kr. 150.00 — eitt hundrað og fimmtíu — krónur, aldrei minni.

Umsóknir um styrk úr sjóðnum skulu sendar stjórn sjóðsins skriflegar.

9. gr.

Endurskoðendur eru tveir, skipar sóknarnefndarformaður Þjóðkirkjusafnaðarins annan og formaður Fríkirkjusafnaðarins hinn, báða til eins árs í senn. Reikningar sjóðsins skulu árlega vera birtir í Lögbirtingablaðinu. Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið.

10. gr.

Stjórn sjóðsins haldi gerðabók fyrir sjóðinn og færi í hana skipulagsskrána, fundarsamþykktir, umsóknir um styrk úr sjóðnum, styrkveitingar og ástæður fyrir hverri styrkveitingu og annað það, sem varðar hag og rekstur sjóðsins. Stjórn sjóðsins haldi ennfremur bók yfir tekjur, gjöld og eignir sjóðsins og færi í hana ársreikninga hans, ásamt athugasemdum endurskoðenda.

11. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

REIKNINGAR BÚNAÐARBANKA ÍSLANDS 106
árið 1934.

Efnahagsreikningur sparisjóðs og rekstrarlánadeildar Búnaðarbanka Íslands með útibúi 31. desember 1934.

Eignir:

1.	Skuldabréf fyrir lánum:		
	a. Fasteignaveðslán	kr. 143177.00	
	b. Sjálfskuldarábyrgðarlán	— 856725.10	
	c. Handveðslán	— 2000.00	
	d. Lán gegn ábyrgð sveitarfélaga	— 30950.00	
	e. Reikningslán	— 9251.47	
			kr. 1042103.57
2.	Víxlar		— 1869917.34
3.	Verðbréf		— 395078.75
4.	Veðdeild		— 14051.42
5.	Byggingar og landnámssjóður		— 508372.23
6.	Lán í hlaupareikningi		— 462676.63
7.	Ýmsir viðskiptamenn		— 94018.81
8.	Innanstokksmunir		— 15737.00
9.	Fasteignir		— 111800.00
10.	Tryggingar fyrir ábyrgðum		— 1903000.00
11.	Bankainnstæða og peningar í sjóði		— 108353.20
			Kr. 6525108.95

Skuldir:

1.	Skuld við ríkissjóð	kr. 1319674.80
2.	Innstæðufé í sparisjóði	— 1666235.30
3.	— gegn viðtökuskírteinum	— 410159.70
4.	— í hlaupareikningi	— 434966.31
5.	Innstæða Ræktunarsjóðs Íslands	— 263678.76
6.	— viðlagasjóðs	— 189003.74
7.	Ýmsir viðskiptamenn	— 17477.49
8.	Skuldir á fasteignum	— 102491.78
9.	Ábyrgðir	— 1903000.00
10.	Varasjóður	— 149654.66
11.	Ógreitt tap	— 3478.62
12.	Flyzt til næsta árs:	
	Fyrir fram greiddir vextir	— 65287.79
		Kr. 6525108.95

106 Rekstrarreikningur sparisjóðs og rekstrarlánadeildar Búnaðarbanka Íslands með útibúi 1934.

Tekjur:

1.	Vextir f. f. á.	kr. 41800.60
2.	Innheimtir vextir	— 164303.33
3.	Forvextir af víxlum	— 107930.38
4.	Ýmislegar tekjur	— 14707.13
		Kr. 328741.44

Gjöld:

1.	Vextir	kr. 194803.05
2.	Rekstrarkostnaður	— 24593.41
3.	Afskrifað tap á lánum og víxlum	— 5439.89
4.	Til varasjóðs	— 38617.30
5.	Flyzt til næsta árs:	
	Fyrir fram greiddir vextir	— 65287.79
		Kr. 328741.44

Efnahagsreikningur sparisjóðs og rekstrarlánadeildar Búnaðarbanka Íslands í Reykjavík 31. desember 1934.

Eignir:

1.	Skuldabréf fyrir lánum:		
	a. Fasteignaveðslán	kr. 143177.00	
	b. Sjálfskuldarábyrgðarlán	— 856725.10	
	c. Handveðslán	— 2000.00	
	d. Lán gegn ábyrgð sveitarfélaga	— 30950.00	
	e. Reikningslán	— 9251.47	
			kr. 1042103.57
2.	Víxlar		— 1550548.06
3.	Verðbréf		— 388448.75
4.	Útibú á Akureyri		— 295910.82
5.	Veðdeild		— 14051.42
6.	Byggingar og landnámssjóður		— 508372.23
7.	Lán í hlaupareikningi		— 462676.63
8.	Ýmsir viðskiptamenn		— 93026.97
9.	Innanstokksmunir		— 15000.00
10.	Fasteignir		— 111800.00
11.	Tryggingar fyrir ábyrgðum		— 1903000.00
12.	Bankainnstæða og peningar í sjóði		— 96478.94
			Kr. 6481417.39

Skuldir:

1.	Skuld við ríkissjóð	kr. 1319674.80
2.	Innstæðufé í sparisjóði	— 1644105.97
3.	— gegn viðtökuskírteinum	— 396581.76
4.	— í hlaupareikningi	— 430101.91
5.	Innstæða Ræktunarsjóðs Íslands	— 263678.76
6.	— viðlagasjóðs	— 189003.74
7.	Ýmsir viðskiptamenn	— 17477.49
8.	Skuldir á fasteignum	— 102491.78
9.	Ábyrgðir	— 1903000.00
10.	Varasjóður	— 149654.66
11.	Ógreitt tap	— 3478.62
12.	Flyzt til næsta árs:	
	Fyrir fram greiddir vextir	— 62167.90
		Kr. 6481417.39

Rekstrarreikningur sparisjóðs og rekstrarlánadeildar Búnaðarbanka Íslands í Reykjavík 1934.

Tekjur:

1.	Vextir f. f. á.	kr. 35544.87
2.	Innheimtir vextir	— 163673.62
3.	Forvextir af víxlum	— 90023.39
4.	Ýmislegar tekjur	— 13782.02
		Kr. 303023.90

Gjöld:

1.	Vextir	kr. 176448.98
2.	Rekstrarkostnaður	— 11298.95
3.	Tap á rekstri útibús	— 9050.88
4.	Afskrifað tap á lánum og víxlum	— 5439.89
5.	Til varasjóðs	— 38617.30
6.	Flyzt til næsta árs:	
	Fyrir fram greiddir vextir	— 62167.90
		Kr. 303023.90

Efnahagsreikningur útibús Búnaðarbanka Íslands á Akureyri 31. desember 1934.

Eignir:

1.	Víxlar	kr. 319369.28
2.	Verðbréf	— 6630.00
	Flyt	kr. 325999.28

106

	Flutt	kr. 325999.28
3. Ýmsir viðskiptamenn	—	991.84
4. Innanstokksmunir	—	737.00
5. Bankainnstæða og peningar í sjóði	—	11874.26
		Kr. 339602.38

Skuldir:

1. Skuld við Búnaðarbanka Íslands	kr.	295910.82
2. Innstæðufé í sparisjóði	—	22129.33
3. — gegn viðtökuskírteinum	—	13577.94
4. — í hlaupareikningi	—	4864.40
5. Flyzt til næsta árs:		
Fyrir fram greiddir vextir	—	3119.89
		Kr. 339602.38

Rekstrarreikningur útibús Búnaðarbanka Íslands á Akureyri 1934.

Tekjur:

1. Vextir f. f. á.	kr.	6255.73
2. Forvextir af víxlum	—	17906.99
3. Ýmislegar tekjur	—	1554.82
4. Tap	—	9050.88
		Kr. 34768.42

Gjöld:

1. Vextir	kr.	18354.07
2. Kostnaður	—	13294.46
3. Flyzt til næsta árs:		
Fyrir fram greiddir vextir	—	3119.89
		Kr. 34768.42

Efnahagsreikningur veðdeildar Búnaðarbanka Íslands 31. desember 1934.

Eignir:

1. Skuldabréf fyrir lánum		kr.	1379590.11
2. Ógreiddir vextir og kostnaðartillag:			
a. Fallið í gjalddaga	kr. 94852.06		
b. Ekki fallið í gjalddaga	— 18479.25		
		—	113331.31
3. Verðbréf		—	9610.00
			Kr. 1502531.42

106

Skuldir:

1. Bankavaxtabréf í umferð	kr.	1430000.00
2. Óinnleystir vaxtamiðar	—	42900.00
3. Skuld við Búnaðarbanka Íslands	—	14051.42
4. Ógreitt tap á lánum	—	8193.22
5. Eign varasjóðs	—	7386.78
	Kr.	1502531.42

Rekstrarreikningur veðdeildar Búnaðarbanka Íslands 1934.

Tekjur:

1. Vextir	kr.	87445.18
2. Kostnaðartillag	—	6816.74
	Kr.	94261.92

Gjöld:

1. Kostnaður og vextir	kr.	7962.23
2. Vaxtamiðar	—	85800.00
3. Lagt við varasjóð	—	499.69
	Kr.	94261.92

Höfuðstóll Ræktunarsjóðs Íslands 31. desember 1934.

1. Frá fyrra ári		kr.	2849272.76
2. Andvirði seldra þjóðjarða	kr. 11500.00		
3. Tekjur af þjóðjörðum 1933	— 22340.09		
4. Hluti af útflutningsgjaldi 1933	— 47900.62		
5. Viðlagðir 3½% vextir	— 99724.54		
		—	181465.25
		Kr.	3030738.01

Varasjóður Ræktunarsjóðs Íslands 31. desember 1934.

1. Frá fyrra ári			kr.	210788.93
2. Lántökugjald	kr. 1492.50			
3. Vextir	— 9565.76			
4. Tekjuafgangur	— 55235.94			
		kr. 66294.20		
Tap á lánum og fasteignum	÷	— 45957.25		
			—	20336.95
			Kr.	**231125.88**

106 **Efnahagsreikningur Ræktunarsjóðs Íslands 31. desember 1934.**

Eignir:

1.	Skuldabréf fyrir lánum:		
	4% þjóðjarðasölulán	kr. 351644.16	
	4% jarðabótalán	— 189126.56	
	4% jarðabótalán prestakalla	— 600.00	
	4% jarðakaupalán	— 4690.13	
	5½% lán 1. flokks	— 4416668.71	
	5½% — 3. —	— 452360.62	
			kr. 5415090.18
2.	Verðbréf		— 11810.00
3.	Ógreiddir áfallnir vextir		— 294231.11
4.	Ógreitt kostnaðartillag		— 24329.23
5.	Ýmsir viðskiptamenn		— 1272.55
6.	Innstæða í Búnaðarbanka Íslands		— 263678.76
			Kr. 6010411.83

Skuldir:

1.	Höfuðstóll	kr. 3030738.01
2.	Jarðræktarbréf í umferð: 1. flokkur	— 2755000.00
3.	— - — : 3. flokkur	— 112400.00
4.	Óinnleystir vaxtamiðar jarðræktarbréfa	— 78853.50
5.	Ýmsir viðskiptamenn	— 326.00
6.	Ógreitt tap á lánum	— 33094.32
		Kr. 6010411.83

Rekstrarreikningur Ræktunarsjóðs Íslands 1934.

Tekjur:

1.	Vextir	kr. 299251.96
2.	Kostnaðartillag nýrra lána	— 23889.51
3.	Ríkissjóðsstyrkur	— 4000.00
4.	Ýmislegar tekjur	— 10379.40
		Kr. 337520.87

Gjöld:

1.	Kostnaður	kr. 24883.64
2.	Vaxtamiðar jarðræktarbréfa	— 157676.75
3.	Lagt við höfuðstól 3½% vextir	— 99724.54
4.	Lagt við varasjóð	— 55235.94
		Kr. 337520.87

Efnahagsreikningur Byggingar- og landnámssjóðs 31. desember 1934. **106**

Eignir:

1.	Skuldabréf fyrir lánum:		
	a. Endurhýsingarlán	kr. 1798134.54	
	b. Nýbýlalán á ræktuðu landi	— 170471.06	
	c. — á óræktuðu landi	— 81200.00	
			kr. 2049805.60
2.	Ýmsir viðskiptamenn		— 655.85
			Kr. 2050461.45

Skuldir:

1.	Skuld við ríkissjóð	kr. 600000.00
2.	— — Búnaðarbanka Íslands	— 508372.23
3.	Ýmsir viðskiptamenn	— 208.93
4.	Eign	— 941880.29
		Kr. 2050461.45

Rekstrarreikningur Byggingar- og landnámssjóðs 1934.

Tekjur:

1.	Lántökugjald	kr. 1664.00
2.	Vextir	— 61280.71
3.	Ríkissjóðsstyrkur	— 200000.00
		Kr. 262944.71

Gjöld:

1.	Kostnaður við teiknistofu að frádregnum ríkissjóðsstyrk	kr. 14589.85
2.	Vextir	— 67859.70
3.	Rekstrarkostnaður	— 22000.00
4.	Tap á lánum	— 30482.09
5.	Aukin eign	— 128013.07
		Kr. 262944.71

Efnahagsreikningur Viðlagasjóðs 31. desember 1934.

Eignir:

1.	Skuldabréf fyrir lánum	kr. 2039413.70
2.	Verðbréf	— 33590.00
3.	Innstæða í Búnaðarbanka Íslands	— 189003.74
		Kr. 2262007.44

106

Skuldir:

1.	Höfuðstóll	kr. 2262007.44
		Kr. 2262007.44

Rekstrarreikningur Viðlagasjóðs árið 1934.

Tekjur:

1.	Innheimtir vextir af lánum	kr. 69579.91
2.	Vextir af verðbréfum og bankainnstæðu	— 5159.70
		Kr. 74739.61

Gjöld:

1.	Kostnaður	kr. 8447.00
2.	Tap á lánum	— 3815.65
3.	Lagt við höfuðstól	— 62476.96
		Kr. 74739.61

Höfuðstóll Viðlagasjóðs 31. desember 1934.

1.	Frá fyrra ári	kr. 2199530.48
2.	Tekjuafgangur samkvæmt framangreindum reikningi ...	— 62476.96
		Kr. 2262007.44

Reykjavík, 27. febrúar 1935.

BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS

Tryggvi Þórhallsson. *Pétur Magnússon.*
Bjarni Ásgeirsson.

Framanritaða reikninga Búnaðarbanka Íslands fyrir árið 1934 höfum við yfirfarið og borið saman við bækur bankans og ekkert fundið við að athuga.

Reykjavík, 4. júní 1935.

Sveinbjörn Högnason. *Magnús Guðmundsson.*

Stofnsjóður Kreppulánasjóðs 31. desember 1934. 106

Vaxtagreiðslur Búnaðarbanka Íslands, frá 1. júlí '33 til ársloka '34		kr. 391482.30
Frá dregst: Rekstrarhalli 1933—1934		— 140103.64
		Kr. 251378.66

Efnahagsreikningur Kreppulánasjóðs 31. desember 1934.

Eignir:

1.	Skuldabréf fyrir lánum		kr. 4425036.98
2.	Skuldir kröfuhafa		— 476882.97
3.	Ógreiddir vextir:		
	a. Fallnir í gjalddaga	kr. 18711.09	
	b. Ekki fallnir í gjalddaga	— 21250.40	
			— 39961.49
4.	Ýmsir viðskiptamenn		— 2976.05
5.	Skrifstofugögn		— 4000.00
			Kr. 4948857.49

Skuldir:

1.	Kreppulánasjóðsbréf í umferð		kr. 3262170.00
2.	Innstæða kröfuhafa		— 897982.16
3.	Búnaðarbanki Íslands		— 413274.73
4.	Óinnleystir vaxtamiðar		— 77961.60
5.	Ýmsir viðskiptamenn		— 1603.74
6.	Stofnsjóður	kr. 391482.30	
	Rekstrarhalli	— + 140103.64	
			— 251378.66
7.	Varasjóður		— 44486.60
			Kr. 4948857.49

Rekstrarreikningur Kreppulánasjóðs 1933 og 1934.

Tekjur:

1.	Lántökugjald	kr. 44486.60
2.	Vextir af lánum	— 53914.01
3.	Aðrir vextir	— 98133.68
4.	Rekstrarhalli	— 140103.64
		Kr. 336637.93

106 Gjöld:

1.	Lagt í varasjóð (lántökugjald)	kr. 44486.60
2.	Vextir af skuldabréfum í umferð	— 146797.65
3.	Kostnaður við héraðsnefndir	— 15763.99
4.	Stofnkostnaður og rekstrarkostnaður	— 129589.69
		Kr. 336637.93

Reykjavík, 20. apríl 1935.

KREPPULÁNASJÓÐUR

Tryggvi Þórhallsson. *Pétur Magnússon.*
Jón Jónsson.

Framanritaða reikninga Kreppulánasjóðs 1933—1934 höfum við yfirfarið og borið saman við bækur sjóðsins og ekkert fundið við að athuga.

Reykjavík, 4. júní 1935.

Sveinbjörn Högnason. *Magnús Guðmundsson*

107 **YFIRLIT**

um hag Búnaðarbanka Íslands 30. júní 1935.

Eignir:

1.	Skuldabréf fyrir lánum:			
	a. Sparisjóðsdeild	kr.	783325.89	
	b. Ræktunarsjóður	—	5339652.64	
	c. Veðdeild	—	1372147.83	
	d. Byggingar og landnáms sjóður	—	2131926.83	
	e. Viðlagasjóður	—	1995665.80	
				kr. 11622718.99
2.	Verðbréf:			
	a. Sparisjóðsdeild	kr.	379279.76	
	b. Ræktunarsjóður	—	29710.00	
	c. Landnámssjóður	—	2000.00	
	d. Veðdeild	—	9900.00	
	e. Viðlagasjóður	—	49500.00	
				— 470389.76
3.	Víxlar			— 1626185.91
4.	Ýmsir viðskiptamenn:			
	a. Sparisjóðsdeild	kr.	44329.78	
	b. Byggingar- og landnáms sjóður	—	1159.30	
				— 45489.08
			Flyt	kr. 13764783.74

		Flutt	kr. 13764783.74	**107**
5.	Lán í hlaupareikningi		— 897868.18	
6.	Óinnheimtar tekjur:			
	a. Rœktunarsjóður	kr. 162746.95		
	b. Veðdeild	— 71030.52		
			— 233777.47	
7.	Innanstokksmunir		— 15457.20	
8.	Tryggingar fyrir ábyrgðum		— 220000.00	
9.	Útibú á Akureyri		— 569031.52	
10.	Sameiginlegur kostnaður allra deilda		— 49420.10	
11.	Varasjóður Rœktunarsjóðs		— 236199.60	
12.	Fasteignir		— 97574.31	
13.	Bankainnstœða og peningar í sjóði		— 88939.00	
			Kr. 16173051.12	

Skuldir:

1.	Skuld við ríkissjóð:			
	a. Sparisjóðsdeild	kr. 1319674.80		
	b. Byggingar og landnáms sjóður	— 600000.00		
			kr. 1919674.80	
2.	Innstœðufé í sparisjóði og á skírteinum		— 2135029.64	
3.	Innstœða í hlaupareikningi		— 517813.78	
4.	Innstœða á reikningslánum		— 48341.40	
5.	Ýmsir viðskiptamenn:			
	a. Sparisjóðsdeild	kr. 3478.62		
	b. Rœktunarsjóður	— 30428.12		
	c. Veðdeild	— 6912.45		
			— 40819.19	
6.	Ábyrgðir		— 220000.00	
7.	Jarðrœktarbréf í umferð		— 2810000.00	
8.	Veðdeildarbréf í umferð		— 1420000.00	
9.	Skuldir á fasteignum		— 87876.51	
10.	Vextir og aðrar tekjur:			
	a. Sparisjóðsdeild	kr. 115394.01		
	b. Viðlagasjóður	— 62950.11		
			— 178344.12	
11.	Skuldlaus eign:			
	a. Sparisjóðsdeild	kr. 149654.66		
	b. Rœktunarsjóður	— 3334669.47		
	c. Veðdeild	— 7386.78		
	d. Byggingar og landnáms sjóður	— 1041433.33		
	e. Viðlagasjóður	— 2262007.44		
			— 6795151.68	
			Kr. 16173051.12	

BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS

108 **ÁRSREIKNINGUR**

styrktarsjóðsins Vinaminning á Eyrarbakka fyrir árið 1934.

Tekjur:

Eign frá fyrra ári		kr.	6096.56
Gjafir	kr. 46.00		
Vextir	— 235.18		
		—	281.18
		Kr.	6377.74

Gjöld:

Úthlutaður styrkur	kr.	225.00
Eign í árslok	—	6152.74
	Kr.	6377.74

Eyrarbakka, 31. desember 1934.

Gísli Skúlason. *Ásta Jónsdóttir.* *Gísli Pétursson.*

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1935.

Lög um breyting á lögum nr. 40 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 23 15. júní 1926, um bæjargjöld í Vestmannaeyjum, undirskrifuð af konungi 12. desember 1935 (nr. 119).

Lög um breyting á lögum nr. 76 29. des. 1934, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 120).

Lög um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 121).

Lög um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, undirskrifuð af konungi 27. desember 1935 (nr. 122).

Lög um gelding húsdýra, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 123).

Lög um bæjargjöld á Ísafirði, undirskrifuð af konungi 31. desember 1935 (nr. 124).

Lög um breyting á lögum nr. 52 8. sept. 1931 (Útflutningsgjald af síld o. fl.), undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 125).

Lög um breyting á lögum nr. 73 29. des. 1934, um breyting á 1. gr. tolllaga, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 126).

Lög um breyting á lögum nr. 50 31. maí 1927, um gjald af innlendum tollvörutegundum, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 127).

Lög um bráðabirgðatekjuöflun til ríkissjóðs, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 128).

Lög um breyting á lögum nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 129).

Lög um breyting á lögum nr. 54 15. júní 1926, um vörutoll, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 130).

Lög um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 131).

Lög um viðauka við og breyting á lögum nr. 11 2. júní 1933, um bráðabirgðaverðtoll, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 132).

Lög um viðauka við lög nr. 85 26. apríl 1935, um bráðabirgðabreyting nokkurra laga, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 133).

Fjárlög fyrir árið 1936, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 134).

Framfærslulög, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 135).

Auglýsing um gerðardómssamkomulag milli Íslands og sameinaða konungsríkisins Stóra Bretlands og Norður-Írlands, undirskrifuð af ráðherra utanríkismála 14. desember 1935 (nr. 136).

31. dag desembermánaðar 1935. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

109
19. nóv.

SAMÞYKKT

um viðauka við samþykkt um leigu á lóðum bæjarsjóðs Reykjavíkur til íbúðarhúsabygginga frá 5. nóvember 1927.

Aftan við 1. mgr. 4. gr. komi ný málsgrein svohljóðandi:

Þegar sérstaklega stendur á getur bæjarstjórnin þó gert leigusamninga um einstakar lóðir þar sem áskilin sé hærri ársleiga en 5% af fasteignamatsverði lóðanna, enda samþykki ráðuneyti það, sem fer með sveitarstjórnarmál, leigumálann hverju sinni

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefir samið samkvæmt 31. gr. tilskipunar 20. apríl 1872, staðfestist hérmeð til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. nóvember 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

110
12. des.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Framfarasjóð B. H. Bjarnasonar kaupmanns", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra, 12. desember 1935.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Framfarasjóð B. H. Bjarnasonar kaupmanns.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Framfarasjóður B. H. Bjarnasonar kaupmanns.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður samkvæmt ákvæði í erfðaskrá B. H. Bjarnasonar, kaupmanns í Reykjavík, er andaðist 17. desember 1934, með 25000 kr. af eftirlátnum eigum hans.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja karla og konur af öllum stéttum, lærða og leika, sem lokið hafa prófi í gagnlegri námsgrein og taldir eru öðrum fremur

efnilegir, til framhaldsnáms, sérstaklega erlendis. Sjóðurinn tekur til starfa 14. febrúar 1936 á sjötugasta og fyrsta aldursafmæli gefanda. **110** 12. des.

4. gr.

Sjóðnum skal stjórnað af þriggja manna nefnd. Kýs háskólaráðið einn nefndarmanna, verzlunarráðið annan og iðnráðið í Reykjavík þann þriðja. Svo kýs og hver þessara aðilja einn mann til vara í stjórnina og tekur hann þar sæti í forföllum aðalmanns sama ráðs. Kosningin gildir til þriggja ára og skal fulltrúi háskólans vera formaður nefndarinnar. Að öðru leyti skiptir stjórnin sjálf með sér verkum.

5. gr.

Sjóðinn skal ávaxta með því að kaupa fyrir fé hans bankavaxtabréf veðdeildar Landsbankans, eða önnur verðbréf hins opinbera, sem að dómi sjóðsstjórnarinnar eru jafntrygg þeim. Það, sem fyrir hendi kann að vera af peningum á hverjum tíma, skal ávaxtað í sparisjóði Landsbanka Íslands í Reykjavík.

6. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Af vöxtum hans skal aldrei leggja minna en ⅕ við höfuðstólinn; en allt að ⅘ hlutum vaxtanna má verja til styrktar efnismönnum til framhaldsnáms, samkvæmt því, sem segir í 3. gr. — Heimilt er stjórninni, hvenær sem henni þykir henta, að geyma þenna hluta vaxtanna að einhverju eða öllu leyti, til næsta árs og til úthlutunar þá, ef ekki þykir ástæða til að úthluta honum að fullu á því ári, sem þá stendur yfir.

7. gr.

Stjórn sjóðsins auglýsir árlega með hæfilegum fyrirvara eftir umsóknum um styrk úr sjóðnum, og úthlutar síðan styrknum í samræmi við ákvæði skipulagsskrár þessarar og að öðru leyti eftir því, sem hún telur henta. Hún skal þó ávallt gæta þess, að hver einstök styrkupphæð sé eigi lægri en svo, að hún sé hlutaðeiganda veruleg stoð við nám. Veita má sama námsmanni styrk í allt að 2 ár, og er stjórninni heimilt að ákveða slíkt fyrirfram, um leið og námsmanninum er veittur styrkur í upphafi.

Að öðru jöfnu skulu niðjar B. H. Bjarnasonar kaupmanns, börn fósturbarna hans, þeirra Steinunnar G. Sigurðardóttur, nú til heimilis á Sólvallagötu 14 í Reykjavík, og Hjartar Guðmundssonar frá Austurhlíð, svo og niðjar systkina B. H. Bjarnasonar hafa forgangsrétt umfram vandalausa til styrks úr sjóðnum.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal stjórnin hafa samið reikning hans fyrir liðið ár, og skal hann síðan endurskoðaður af löggiltum endurskoðara, sem lögmaðurinn nefnir til þess til þriggja ára í senn. Að lokinni endurskoðun sér stjórnin um, að reikningurinn sé birtur í Lögbirtingablaðinu.

110 12. des.

9. gr.

Stjórn sjóðsins ber að færa bækur yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld. Skal þar í færa ársreikninga sjóðsins.

10. gr.

Halda skal stjórnin gerðabók, og skal í hana færa skipulagsskrá þessa, fundargerðir og skrá yfir umsóknir og styrkveitingar.

11. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari. Henni má aldrei breyta, nema að því leyti, sem óhjákvæmilegt kann að verða, ef einhver af ráðum þeim eða stofnunum, sem nefnd eru í skipulagsskrá þessari, verða lögð niður. Ákveður þá yfirstjórn kennslumála á Íslandi, að fengnum tillögum sjóðsstjórnarinnar, hver koma skuli í stað þess ráðs eða stofnunar, sem lagt hefir verið niður

Reykjavík, 10. desember 1935.

Skiptaforstjórarnir í dánarbúi Brynjólfs H. Bjarnasonar kaupmanns.

Ágúst H. Bjarnason. Magnús Sigurðsson.
Jón Ásbjörnsson.

111 18. des.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Ólafar Bjarnadóttur frá Egilsstöðum, útgefin á venjulegan hátt að mandatum þann 18. desember 1935 af dóms- og kirkjumálaráðherra.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Ólafar Bjarnadóttur, Egilsstöðum.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Minningarsjóður Ólafar Bjarnadóttur“ og er stofnaður á 100 ára afmælisdegi hennar, 1. nóvember 1934, af barnabörnum hennar. Er stofnfé sjóðsins kr. 1000.00.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja og hjálpa sjúku og fátæku fólki í Vallahreppi, er ekki þiggur af sveit.

3. gr.

Sjóðnum skal stjórnað af forstöðukonu húsmæðraskólans á Hallormsstað, og er hún formaður sjóðstjórnar, forstöðukonu kvenfélags Vallahrepps og odd-

vita Vallahrepps. Gangi einhver þessara aðila frá, er sóknarprestur Vallanes- 111
sóknar varamaður í stjórn sjóðsins. 18. des.

4. gr.

Stjórn sjóðsins ber að færa bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld, og færa í hana ársreikning sjóðsins. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Sjóðstjórninni ber ennfremur að halda gerðabók og færa í hana skipulagsskrána, fundarsamþykktir, umsóknir um styrk, styrkveitingar og ástæður fyrir þeim, og annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins.

5. gr.

Endurskoðun reikninga sjóðsins hafa á hendi tveir menn, sem kosnir eru af hreppsnefnd Vallahrepps ár hvert. Endurskoðaðir reikningar sjóðsins skulu birtir árlega í Lögbirtingablaðinu.

6. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta á tryggum stað í sparisjóði eða banka í Austfirðingafjórðungi. Vextir sjóðsins og aðrar tekjur, sem honum kunna að áskotnast, leggjast við höfuðstólinn, þar til hann hefir náð þeirri upphæð, að ársvextir hans nema 150 krónum.

Má stjórn sjóðsins þá úthluta 100 krónum til tveggja sjúkra eða fátækra gamalmenna, sem ekki þiggja af sveit, og búsett eru í Vallahreppi. Eftir það úthlutar stjórn sjóðsins vöxtunum, en ætíð skal leggjast við höfuðstólinn minnst 50 krónur af ársvöxtunum og aldrei úthluta einstaklingi minna en 50 krónur.

7. gr.

Á 50 ára fresti má þáverandi stjórn sjóðsins breyta skipulagsskrá hans, í samræmi við breytta tíma, en ætíð skal hann bera nafn Ólafar Bjarnadóttur og styrkja líknarstarfsemi, sem líkasta þeirri, sem gert er ráð fyrir í skipulagsskrá þessari, enda fáist á þeirri breytingu konungleg staðfesting.

8. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

112

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Sjóðs Þóru Thoroddsens árið 1934.

Tekjur:

1.	a. Peningar í Landsbanka	kr.	7558.29
	b. Skuldabréf Reykjavíkurbæjar	—	11000.00
2.	Vextir í Landsbanka 1934	—	344.77
3.	— af skuldabréfum Reykjavíkur	—	605.00
4.	— frá Bikuben 15. marz 1934	—	1007.90
		Kr.	20515.96

Gjöld:

1.	Styrkur til frú Cathincu Sigfússon	kr.	400.00
2.	Styrkur til frú Aðalbjargar Sigurðardóttur	—	400.00
3.	Styrkur til frú Helgu Finnsdóttur	—	400.00
4.	Plöntun á leiði Péturs biskups	—	30.00
5.	Í sjóði til næsta árs:		
	a. Í Landsbanka	—	9285.96
	b. Skuldabréf Reykjavíkurbæjar	—	10000.00
		Kr.	20515.96

Reykjavík, 31. desember 1934.

Jón Helgason. **Ásmundur Guðmundsson.** **Pálmi Hannesson.**

REIKNINGUR

113

yfir tekjur og gjöld Fiskimannasjóðs Kjalarnesþings 1934.

Tekjur:

1.	Sjóður frá fyrra ári:			
	a. Veðskuldabréf	kr.	26858.28	
	b. Bankavaxtabréf	—	11600.00	
	c. Ríkissjóðsskuldabréf	—	400.00	
	d. Innlánsskírteini	—	10768.90	
	e. Sparisjóðsinnstæða	—	5961.51	
				kr. 55588.69
			Flyt	kr. 55588.69

		Flutt	kr. 55588.69	**113**
2.	Vextir:			
	a. Af veðskuldabréfum	kr. 1236.83		
	b. — bankavaxtabréfum	— 522.00		
	c. — ríkissjóðsskuldabréfum	— 22.00		
	d. — innlánsskírteinum	— 490.04		
	e. — sparisjóðsinnstæðu	— 242.26		
			— 2513.13	
			Kr. 58101.82	

Gjöld:

1.	Styrkur til ekkna sjómanna	kr. 2320.00	
2.	Sjóður til næsta árs:		
	a. Veðskuldabréf	kr. 26797.01	
	b. Bankavaxtabréf	— 10600.00	
	c. Innlánsskírteini	— 11258.94	
	d. Sparisjóðsinnstæða	— 7125.87	
		— 55781.82	
		Kr. 58101.82	

Tollstjórinn í Reykjavík, 25. júní 1935.

Jón Hermannsson.

REIKNINGUR **114**

sjúkra- og styrktarsjóðs vitavarða Íslands 1934.

	I. Tekjur:			
1.	Í sjóði 1. janúar 1934		kr. 3671.58	
2.	Gestafé og gjafir	kr. 409.40		
3.	Tillag vitavarða	— 592.47		
4.	Tillag úr ríkissjóði	— 400.00		
5.	Vextir	— 1024.78		
			— 2426.65	
			kr. 6098.23	
	II. Gjöld:			
1.	Greiddur styrkur	kr. 850.00		
2.	Keypt verðbréf	— 2727.29		
3.	Í sjóði 31. des. 1934	— 2520.94		
			— 6098.23	

114 III. Eignir 31. des. 1934:

6% hafnarlán Reykjavíkur 1919	kr.	1000.00	
6½% skuldabréf bæjarsjóðs 1921	—	1000.00	
6½% — — 1923	—	500.00	
6% — — 1925	—	2000.00	
6% — — 1931	—	2000.00	
4. fl. bankavaxtabréf Landsb.	—	4000.00	
8. — — —	—	1000.00	
9. — — —	—	1000.00	
10. — — —	—	6700.00	
Hlutabréf Eimskipafél. Íslands	—	25.00	
			kr. 19225.00
Í sparisjóði			— 2520.94
			Kr. 21745.94

Reykjavík, 23. maí 1935.

Vitamálastjórinn

Th. Krabbe.

115

KANADASJÓÐUR

til styrktar íslenzkum námsmönnum.

Reikningur fyrir árið 1934.

Höfuðstóll.

Stofnsjóðurinn, 25000 kan. dollarar, var sendur af kanadisku ríkisstjórninni til forsætisráðherra Íslands seint á árinu, og nam, umreiknað í íslenzkri mynt, kr. 113277.50.

Tekjur:

Bankavextir af höfuðstól frá 27. nóv. til 31. des. 1934, kr. 363.42.

Gjöld:

Framhaldsstyrkur handa Ófeigi J. Ófeigssyni, cand. med., til framhaldsnáms í lyflæknisfræði við kanadiska háskóla og sjúkrahús. Styrkurinn, sem heitinn var, nam 1250 dollurum, en ekkert af upphæðinni var sent fyrir áramót 1934, og verður styrkurinn því færður á reikning fyrir árið 1935.

Forsætisráðherra, 2. janúar 1935.

Hermann Jónasson.

REGLUGERÐ

um áfengisvarnarnefndir.

116
17. okt.

Samkvæmt 25. gr. laga nr. 33, frá 9. janúar 1935, eru hér sett ákvæði um verksvið og skyldur áfengisvarnarnefnda.

1. gr.

Áfengisvarnarnefndir skulu skipaðar 9 mönnum í Reykjavík, 7 í öðrum kaupstöðum og 3 í hreppum. Dómsmálaráðherra skipar formann nefndanna, en að öðru leyti skulu nefndirnar kosnar af hlutaðeigandi bæjarstjórnum eða hreppsnefndum, með hlutfallskosningu. Kjörtímabil nefndanna er 4 ár í senn. Nefndarstarfið er ólaunað, en borgaraleg skylda að taka við kosningu yfir eitt kjörtímabil.

Kjörgengir í nefndirnar eru jafnt konur sem karlar, en sökum starfsviðs þeirra er nauðsynlegt að konur taki þátt í störfum þeirra — að minnsta kosti 7 og 9 manna nefndum.

2. gr.

Áfengisvarnarnefnd hver skal kosta kapps um að koma í veg fyrir misnotkun áfengis og efla bindindissemi meðal almennings í hverjum þeim kaupstað eða hreppi, er hún starfar í, með því:

a. að styðja bindindisstarfsemi, þar sem hún er fyrir og stuðla að því að slík starfsemi sé hafin, þar sem hún er ekki til.
b. að styðja fræðslu og upplýsingu meðal almennings sérstaklega um bindindis- og áfengismál.
c. að láta sér hugarhaldið um og hafa eftirlit með, að hin lögboðna bindindisfræðsla í skólum sé framkvæmd á viðunandi hátt, svo að hún komi að því gagni, sem til er ætlazt — skal hún í því efni leitast við að hafa sem bezta samvinnu við skólastjóra, kennara, skóla- og fræðslunefndir eftir því sem til hagar á hverjum stað.
d. að vera yfirvöldum og löggæzlumönnum til aðstoðar í að haldið sé uppi hlýðni við áfengislögin, og reyna af fremsta megni að sporna við allri ólöglegri framleiðslu, innflutningi, sölu og annari ólöglegri meðferð áfengis.

3. gr.

Nefndirnar skulu njóta aðstoðar yfirvalda og annara opinberra starfsmanna (svo sem lögreglustjóra, löggæzlumanna, embættislækna og presta) í starfi sínu, eftir því sem á stendur og þörf krefur, enda skal þeim skylt að gefa viðkomandi yfirvöldum, svo og bæjarstjórnum eða hreppsnefndum, allar þær bendingar til áfengisvarna — og leggja fyrir tillögur í sama skyni —, er þær telja þörf á,

31. dag desembermánaðar 1935. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

116 ennfremur að láta í té allar þær upplýsingar, varðandi ástandið í áfengismálum,
17. okt. sem auðið er og viðkomandi stjórnarvöld æskja.

4. gr.

Séu í kaupstað eða hreppi menn (einn eða fleiri), sem annaðhvort gerast vandræðamenn að einhverju leyti eða ósjálfbjarga sökum drykkfelldni, ber áfengisvarnarnefnd að gera sitt ýtrasta til að útvega þeim hæli og hjúkrun, þar sem þeir geta vanizt af áfengisnautn. Skal áfengisvarnarnefnd, fátækrastjórn og lögregla á staðnum vinna saman í slíkum tilfellum, eftir því sem á stendur og þörf krefur.

5. gr.

Áfengisvarnarnefnd er skylt að gera það sem í hennar valdi stendur til þess að bjarga heimilum drykkjumanna og vernda fjölskyldur þeirra. Álíti nefndin sjálf — eða berist henni upplýsingar um — að einhver í kaupstað eða hreppi, þar sem hún starfar, neyti áfengis sér sjálfum, fjölskyldu sinni eða nánustu ættingjum til skaða, skal hún tafarlaust rannsaka það og gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að úr verði bætt á einhvern viðunandi hátt (sbr. 4. gr.).

6. gr.

Sérstakan rétt til að leita aðstoðar áfengisvarnarnefndar samkvæmt ofanskráðu hafa:

a. Viðkomandi sjálfur.
b. Eiginkona (eða eiginmaður) og aðrir nákomnir ættingjar (svo sem foreldrar, börn, systkini, tengdaforeldrar o. s. frv.).
c. Læknar og prestar eftir tilmælum viðkomandi sjálfs, ættingja hans eða tengdafólks (sbr. ofanritað). Þó geta þessir embættismenn ótilkvaddir af öðrum snúið sér til áfengisvarnarnefndar, þegar þeir álíta einstaklingum eða heimilum hættu búna vegna áfengisnautnar.
d. Ómyndugra-stjórnir, fátækrastjórnir og framfærslunefndir.
e. Lögregla og löggæzlumenn.

7. gr.

Liggi fyrir kvörtun eða tilkynning um skaðlega áfengisneyzlu eða á einhvern hátt hættulega óreglu, skulu einn eða fleiri úr nefndinni, eftir því, sem hún sjálf ákveður, rannsaka ástandið hjá viðkomandi manni, eða á viðkomandi heimili, og taka skýrslu um það af fjölskyldunni eða öðrum, sem vel þekkja til og vitnisbærir eru.

Nefndin getur krafizt aðstoðar hins opinbera í slíkum málum, og að fá þaðan allar upplýsingar, ef yfirvöldunum er að einhverju leyti kunnugt um ástandið, eða hegðun viðkomandi manns.

Vanræki sá, sem slíkt mál stendur um, að mæta fyrir nefndinni, ef hún krefst þess, getur hún leitað aðstoðar lögreglunnar.

Komi það í ljós við rannsókn, að málið sé nefndinni ofvaxið (brotamál

eða þ. u. l.), skal hún tafarlaust tilkynna það hlutaðeigandi yfirvöldum og afhenda þeim það til meðferðar. 116 17. okt.

8. gr.

Nefndirnar skulu standa í sambandi og samvinnu við ráðunaut ríkisins í áfengismálum, sem fyrir hönd ríkisstjórnarinnar hefir yfirumsjón með störfum þeirra. Skulu þær geta snúið sér til hans til að fá bendingar og upplýsingar, er þær kynnu að þarfnast og hann getur látið þeim í té. — Einnig skulu þær gefa honum allar upplýsingar um áfengismálið, sem hann biður um og þær geta í té látið, ásamt árlegri skýrslu um störf sín. Skal þeim í því skyni séð fyrir skýrsluformi til útfyllingar. — Skýrslum skal skilað um áramót.

9. gr.

Bæjarstjórnum og hreppsnefndum skal skylt að sjá nefndunum fyrir húsnæði til nauðsynlegra funda. Annar kostnaður, sem verða kann af störfum áfengisvarnarnefnda, og ekki lögum samkvæmt, á að greiðast af bæjar- eða hreppsfé, greiðist úr ríkissjóði.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 17. október 1935.

Hermann Jónasson.

Ragnar Bjarkan.

AUGLÝSING 117 13. nóv.

um bann við umferð bifreiða.

Samkvæmt 51. gr. vegalaganna nr. 101 19. júní 1933, er heimilt að banna umferð um vegi þann tíma árs, sem hættast er við skemmdum á vegunum. Vegna þeirrar nauðsynjar, sem teljast verður á því, að vernda vegina fyrir umferð, sem getur valdið skemmdum á þeim, sem ef til vill gera vegina lítt færa marga daga, hefir ráðuneytið ákveðið, að slíkt bann megi einstaka daga eða nokkra daga í einu á tímabili 14. nóv. 1935 til 10. júní 1936 leggja við bifreiðaumferð um eftirtalda vegi:

I. Þjóðvegi hvar sem er á landinu.

II. Sýsluvegi í þessum sýslum:
Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu, Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu, Suður-Þingeyjarsýslu, Rangárvallasýslu og Árnessýslu.

117 13. nóv. Heimilast vegamálastjóra, að fengnum upplýsingum frá áreiðanlegum mönnum í héraði, þegar talið er að vegurinn liggi mjög undir skemmdum vegna bleytu og holklaka, að auglýsa bann við bifreiðaumferð um vegina og að setja nánari ákvæði um framkvæmd bannsins.

Bann þetta nær þó ekki til bifreiðaumferðar til læknisvitjunar.

Atvinnu- og samgöngumálaráðneytið, 13. nóv. 1935.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

118 20. nóv.

REGLUGERÐ

um útflutning á ísuðum, nýjum fiski í kössum.

Samkvæmt lögum nr. 92 3. maí 1935, um meðferð, verkun, umbúðir og útflutning á sjávarafurðum, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði um útflutning á ísuðum, nýjum fiski í kössum. Ákvæði þessi taka þó ekki til síldar, skelfisks, sjóbirtings, lax eða annara vatnafisktegunda.

1. gr.

Ísaðan fisk í kössum má ekki flytja til útlanda frá íslenzkum höfnum, nema hann hafi áður verið metinn útflutningshæfur af fiskimatsmanni og vottorð um það hafi verið ritað á farmskírteini það, er fylgir fiskinum, á einhverri af eftirtöldum höfnum:

Reykjavík,
Vestmannaeyjar,
Fáskrúðsfjörður.

Þegar sérstaklega stendur á og um beinar ferðir er að ræða til útlanda, getur fiskimálanefnd veitt undanþágu fyrir aðrar hafnir.

2. gr.

Til útflutnings á nýjum fiski skulu eingöngu notaðar þessar stærðir af kössum:

a. *Heilkassar.* Lengd 91 cm, breidd 51 cm, hæð 32 cm (utanmál).
b. *Hálfkassar.* Lengd 91 cm, breidd 51 cm, hæð 20 cm (utanmál).
c. Heimilt er að nota stærri kassa fyrir lúðu, sem er yfir 5 kg á þyngd.

Kassarnir séu úr góðu efni, 2 cm þykku í göflum og 1,6 cm í hliðum, botni og loki og séu hafðir innan í þeim hornstólpar 5×3 cm. Ennfremur séu hafðir okar innan á loki kassanna með sömu þykkt og er í kössunum.

Kassarnir skulu smíðaðir úr óhefluðu greni eða furu. Efnið á að vera vel þurrt svo samskeyti verði slétt.

Borðin mega ekki hafa stærri vankant en ⅔ og sé hinn slétti hluti kants- **118**
ins hvergi minna en ⅓ af þykkt borðsins og mega borðin ekki vera mjórri en 20. nóv.
75 mm (plægðu borðin 75 mm brúttó).

Þykktin, sem hér er ákveðin, er lágmarksþykkt og má ekki auka hana meira en 1,5 mm.

Í hliðum og göflum mega ekki vera meira en 2 borðbreiddir.

Í hliðum, göflum og loki skulu vera plægð borð, en óplægð í botni.

Í göflum kassanna skulu vera kaðalhöldur vel gerðar úr hamp- eða grasskaðli, að minnsta kosti 10 mm gildum og 65 cm á lengd.

3. gr.

Af þeim fiski, sem fluttur er til Stóra-Bretlands, skal í hverjum heilkassa vera 50,8 kg af fiski, en 25,4 kg í hverjum hálfkassa og ber sendandi ábyrgð á að innihald kassanna haldi þessari vigt þegar þeir koma á ákvörðunarstaðinn og skal því láta 55 kg í heilkassa og 27,5 kg í hálfkassa.

4. gr.

Til ísunar má eingöngu nota hreinan smámulinn ís eða hreinan, harðan snjó og skal haga þannig til, að íslagið í botni kassans sé ávallt haft mun þykkra en íslagið ofan á fiskinum. Láta skal svo mikinn ís í kassann sem rúm leyfir.

5. gr.

Hrogn, flatfisk (að undantekinni lúðu yfir 5 kg, sbr. c.-lið 2. gr.) og ýsu, smærri en 0,5 kg má eingöngu flytja í hálfkössum. Hrognakassar skulu hólfaðir í sundur í miðju.

6. gr.

Til útflutnings á fiski til Stóra-Bretlands skal eingöngu nota nýja, hreina kassa, og skal mála á kassana með stafamóti eða brenna á þá nafn eða einkennisbókstafi útflytjanda, tegund fisksins og stærð, ennfremur nettóvigt af fiski og skal áletrun þessi vera á ensku, t. d. á hálfkassa: Plaice large, 4 stone net., en á heilkassa: Plaice large, 1 cwt. net.

7. gr.

Við útskipun og affermingu skulu ávallt notuð trog og þess gætt, að kassarnir verði fyrir sem minnstu hnjaski, og liggi ekki öðruvísi en þeir eiga að liggja, enda sé brennt eða málað á lok þeirra greinilega orðin: This side up.

8. gr.

Allar kolategundir skal flokka í þrjá stærðarflokka:

Stór	(large)	500 gr og þar yfir.
Meðalstór	(medium)	375 — til 500 gr.
Smár	(small)	250 — til 375 —

118
20. nóv.

9. gr.

Ýsu skal flokka í eftirfarandi stærðarflokka:

Mjög stór	(jumbo)	2250 gr og þar yfir.
Stór	(gibbers)	1000 — til 2250 gr.
Meðalstór	(kits)	500 — — 1000 —
Smá	(small)	250 — — 500 —
Smælki	(ping pong)	minni en 250 gr.

10. gr.

Þorsk skal flokka í þrjá stærðarflokka og er þá miðað við slægðan fisk með haus:

Stór	(large)	3500 gr og þar yfir.
Meðalstór	(sprags)	1500 — til 3500 gr.
Smár	(small)	minni en 1500 gr.

Ekki má senda til útlanda nema góðan, óskemmdan fisk og skal geymsluþol hans vera svo mikið, að fyrirsjáanlegt sé, að hann komist í góðu ástandi á ákvörðunarstaðinn.

11. gr.

Ýsu og þorsk skal ávallt leggja þannig í kassana að bakið snúi upp, svo að vatn standi ekki í kviðarholi fisksins, en skarkola og aðrar kolategundir skal leggja í kassana á rönd með nokkrum halla og skal hin hvíta hlið fisksins snúa upp.

12. gr.

Hafi fiskurinn staðið í kössunum meira en tvo sólarhringa áður en hann er fluttur á skipsfjöl, skal opna kassana og bæta ís í þá, ef með þarf.

13. gr.

Þess skal vel gætt í flutningsskipum, að fiskkassar séu hafðir þar sem þeir verða fyrir sem minnstum hita eða loftbreytingum, og skulu þeir þaktir góðum ábreiðum.

14. gr.

Yfirfiskimatsmenn eða umboðsmenn þeirra skulu hafa eftirlit með útflutningi á nýjum fiski, og skal tilkynna þeim útflutninginn svo tímanlega, að þeir geti fylgzt með umbúnaði og vigtun fisksins. Þeim ber einnig að hafa eftirlit með útskipun og umbúnaði í farmrúmi. Matsmaður getur stöðvað fisksendingar, ef ákvæðum reglugerðar þessarar er ekki fullnægt.

Útflytjandi ber kostnað við eftirlitið. Kaup matsmanna við eftirlitið sé hið sama og við fiskimat.

Verði síðar settir sérstakir eftirlitsmenn með útflutningi á ísuðum, nýjum fiski, skal kaup þeirra vera hið sama og fiskimatsmanna

15. gr. 118

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 10000 krónum, er renna í 20. nóv.
ríkissjóð, og skulu mál út af brotum sæta meðferð almennra lögreglumála.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 1936 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. nóvember 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

BRÁÐABIRGÐAREGLUGERÐ 119

25. nóv.

um mat og útflutning síldar.

1. gr.

Öll suðurlandssíld, sem söltuð er, krydduð eða verkuð á annan hátt til útflutnings í tunnum og er yfir 29 cm að stærð, skal flokkuð við söltun eftir stærð og gæðum.

2. gr.

Til fyrsta flokks að gæðum telst öll óskemmd síld, sem að dómi matsmanna er nægilega feit, 29 cm á lengd eða stærri, og hefir þroskuð hrogn eða svil að einum þriðja hluta eða meira.

Síld þessa skal flokka eftir stærð sem hér segir:

1. Stærðarflokkur a. Öll síld 32 cm á lengd og stærri.
2. Stærðarflokkur b. Öll síld, sem er 29—32 cm á lengd.

3. gr.

Til annars gæðaflokks telst öll síld, sem er 29 cm á lengd og sem er „tóm", þ. e. með lítt þroskuðum hrognum eða sviljum, mögur og langdregin. Síld þessi aðgreinist í stærðarflokka, eftir reglum í 2. gr. 1. og 2. lið.

4. gr.

Síldina skal ávallt flokka í gæðaflokka um leið og hún er söltuð, en sé ekki unnt að framkvæma stærðarflokkun þá þegar, er heimilt að salta hvorn gæðaflokk fyrir sig og aðgreina þá síðar í stærðarflokka.

5. gr.

Trúnaðarmaður Síldarútvegsnefndar skoðar síldina og metur til útflutnings þegar hún er fullverkuð. Þó má, ef sérstaklega stendur á og matsmaður telur framkvæmanlegt, meta síldina fyr.

119 25. nóv.

Við skoðun síldarinnar skulu síldareigendur gera sér far um, að skoðunin geti gengið sem greiðlegast og aðstoða matsmann í því að fá sem bezt yfirlit yfir síld þá, sem vottorð er gefið um.

Engin útflutningsleyfi má gefa fyrir síld, nema vottorð matsmanns um flokkun, verkun og merki síldarinnar liggi fyrir.

6. gr.

Matsmaður athugar, að síldartunnurnar séu hreinar, ógallaðar og pækilfullar, ennfremur nægilega fylltar og síldin rétt lögð niður.

Við skoðun síldar skal matsmaður opna að minnsta kosti 10. hverja tunnu, ýmist efri eða neðri botn, og auk þess tæma til fullnustu að minnsta kosti 2 tunnur af hverju hundraði. Ef engu er ábótavant um flokkun eða verkun í hinum skoðuðu tunnum, má matsmaður leyfa merkingu hinnar skoðuðu síldar. Komi hinsvegar einhverjar misfellur í ljós við skoðunina, skal matsmaður neita að gefa skoðunarvottorð um síldina. Síldareigandi getur þá krafizt þess, að hver tunna sé opnuð og vottorð gefið um tunnur þær, sem rétt eru flokkaðar og verkaðar, ef nokkrar eru.

Nú þarf síld endurflokkunar við, og á þá síldareigandi rétt á leiðbeiningu matsmanns. Þurfi matsmaður aðstoðar við, vegna slíks endurmats, greiðist sá kostnaður af síldareiganda eftir reikningi, að öðrum kosti greiðir Síldarútvegsnefnd laun matsmanns af útflutningsgjaldi af síld, samkv. 2. gr. laga nr. 74 29. des. 1934, um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl.

7. gr.

Síldartunna telst gölluð í fyrsta gæðaflokki:

a. Ef í einhverri tunnu finnast fleiri en 20 gallaðar síldir í stærðarflokki a, og fleiri en 30 gallaðar síldir í stærðarflokki b. Síldin telst gölluð, ef hún er sjólegin, kramin, rifin, hauslaus, hálsbrotin, „tóm“, langdregin og mögur, eða undir 32 cm í stærðarflokki a og undir 29 cm eða yfir 32 cm í stærðarflokki b, ennfremur vansöltuð síld, súr, sæt eða þrá, eða of gömul í salt, og ef um skozkverkun er að ræða, þá síld sem er illa hreinsuð eða með tálknum.

b. Í öðrum gæðaflokki teljast gallar þeir sömu og í fyrsta gæðaflokki, eftir því sem við á samkvæmt verkunaraðferð og stærð, þó að undanskildri „tómri“ síld. Ef síld er afhausuð, telst það gölluð síld, ef skorið er óhæfilega mikið af bolnum. Aldrei mega vera fleiri en 5 síldir með sama galla í sömu tunnu.

8. gr.

Við skozkverkun á síld skal jafnan gæta þess, að síldinni sé vandlega raðað á hrygg í tunnurnar og saltinu dreift jafnt í hvert lag og jafnmikið í hverja tunnu. Einkum skal vanda röðun á botnlagi og efsta lagi (spegli), og í þeim lögum mega engar gallaðar síldir vera. Svil eða hrogn má eigi skemma.

9. gr.

Síld, sem er 24 tíma eða eldri, má ekki salta til útflutnings, né heldur sjó- 119
dauða síld. Síld, sem látin er óblóðguð í tunnur (skúffluð), má ekki skozkverka. 25. nóv.

10. gr.

Merkingu síldarinnar skal haga þannig: Efst á efra botni komi í boga tegund síldarinnar, t. d. Faxasaltsíld, Faxakryddsíld, Faxasérverkun o. s. frv. Þar undir komi:

a. Í fyrsta gæðaflokki, stærðarflokki a. Full a [skammstöfun fyrir svilfulla síld, stærðarflokk a], en Full b [skammstöfun fyrir sama gæðaflokk, stærðarflokk b].
b. Í öðrum gæðaflokki, á efra botni komi fyrst tegundarheiti, svo sem í fyrsta gæðaflokki, en síðan: Tóm a [skammstöfun fyrir tóma og magra síld í fyrsta stærðarflokki], en Tóm b [skammstöfun fyrir sama gæðaflokk, stærðarflokk b].

Á allar síldartunnur komi undir framangreindum merkjum, þvert yfir tunnubotninn orðið Ísland, en síðar stöðvarmerkið og neðst á botninum í boga nafn söltunarstaðar.

Matsmaður hefir eftirlit með, að tunnurnar séu rétt merktar og snyrtilega.

Nú er óskað mats á skozkverkaðri síld, sem söltuð hefir verið áður en reglugerð þessi gekk í gildi og úr síldinni verið tekin hrogn eða svil að nokkru eða öllu leyti, og skal aðgreina síld þessa svo sem að framan greinir í gæðaflokka, en merkja eingöngu með Faxasérverkun, en ekki með orðinu „Full".

11. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi nú þegar. Þó getur Síldarútvegsnefnd veitt undanþágu frá mati á síld, sem veidd er og söltuð áður en reglugerðin gekk í gildi.

12. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10 000.00 og skulu mál út af brotum á henni sæta meðferð almennra lögreglumála.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 92 3. maí 1935, um meðferð, verkun og útflutning á sjávarafurðum, og lögum nr. 74 29. desember 1934, um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl., og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. nóvember 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

120
3. des.

REGLUGERÐ

um sótthreinsun aðkomuskipa.

Samkvæmt 18. gr. laga nr. 65 frá 19. júní 1933, um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands er hér með sett eftirfarandi reglugerð um sótthreinsun aðkomuskipa:

1. gr.

Hvar sótthreinsun skuli fara fram.

Þegar um skip er að ræða, sem mengað er erlendri sótt (sbr. 1. gr. laga nr. 65 19. júní 1933, um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands) skal sótthreinsa það í Reykjavík, nema ráðherra mæli á annan veg fyrir.

Fólksflutningaskipi, sem ekki er mengað erlendri sótt heldur annari alvarlegri næmri sótt, sem nákvæmrar sótthreinsunar þarf við, má sóttvarnarnefnd vísa til Reykjavíkur til sótthreinsunar.

Rottur og önnur óþrifadýr í fólksflutningaskipum. Hvar eyða skuli.

Nú er í fólksflutningaskipi mikill rottugangur eða önnur óþrifadýr og má þá sóttvarnarnefnd fyrirskipa eyðingu dýranna og vísa skipinu til næstu hafnar, þar sem slík eyðing er framkvæmanleg, en lengra er skipinu ekki skylt að fara nema það sé jafnframt mengað alvarlegri næmri sótt.

2. gr.

Hver sótthreinsa skuli. Greiðslur.

Sótthreinsun skipa samkvæmt reglum þessum annast, undir eftirliti héraðslæknis, sótthreinsunarmaður á staðnum. Ber honum þóknun fyrir sem fyrir aðrar opinberar sótthreinsanir, sbr. 28. gr. í hinum almennu reglum, er um getur í 3. gr., og greiðist þóknunin úr sóttvarnasjóði eða ríkissjóði, nema skipinu beri að greiða hana samkvæmt ákvæðum 24. gr. laga þeirra, er um getur í 1. gr., sbr. 4. tölul. 15. greinar í reglum handa sóttvarnarnefndum 31. des. 1934 settum samkvæmt þeim lögum.

3. gr.

Sótthreinsun skips, sem mengað er erlendri sótt eða annari alvarlegri næmri sótt, sem nákvæmrar sótthreinsunar þarf við.

Þegar sótthreinsað er skip, sem er mengað erlendri sótt eða annari alvarlegri næmri sótt, sem nákvæmrar sótthreinsunar þarf við, þar á meðal skip, sem vísað hefir verið til Reykjavíkur til sótthreinsunar samkvæmt 1. gr., þá skal héraðslæknir sjálfur vera viðstaddur sótthreinsunina og segja sótthreinsunarmanni nákvæmlega fyrir um, hvað af skipi og farangri skuli sótthreinsa og hvernig sótthreinsuninni skuli hagað í öllum greinum, með hliðsjón af sótthreinsunarreglum út gefnum af landlækni 3. des. 1935 samkvæmt almennum reglum 31. des.

1934, um opinberar sóttvarnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, sem settar eru samkvæmt ákvæðum laga nr. 66 19. júní 1933, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma. **120** 3. des.

4. gr.

Sótthreinsanir annara skipa.

Um aðrar sótthreinsanir skipa en um getur í 3. gr., gilda að öllu leyti sótthreinsunarreglur landlæknis 3. des. 1935.

5. gr.

Eyðing rotta og annara óþrifadýra.

Héraðslæknir segir fyrir um, hvernig haga skuli eyðingu rotta og annara óþrifadýra í skipum unz almennar reglur hafa verið settar um slíkt.

6. gr.

Aðstoð skipverja.

Skipi er skylt að aðstoða með mönnum sínum við sótthreinsanir og eyðingu rotta og annara óþrifadýra í skipinu, eftir því sem sóttvarnarnefnd kann að krefjast og skipinu er auðið.

7. gr.

Sömu ákvæði um loftför.

Um sótthreinsanir loftfara og eyðingu rotta og annara óþrifadýra í þeim gilda sömu reglur og um skip.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hérmeð til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 3. desember 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Friðg. Bjarnarson.

121
7. des.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Húsavíkurkauptún.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Húsavíkurhöfn tekur yfir Húsavíkina austan línu, sem hugsast dregin vestast úr Kaldbaksnefi í svonefndar „Snásur" á Húsavíkurhöfða.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Hreppsnefnd Húsavíkurhrepps hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón stjórnarráðs Íslands.

Hafnarnefnd Húsavíkurhrepps hefir á hendi framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum er þar að lúta og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd hreppsnefndar .

3. gr.

Formaður hafnarnefndar er hafnarstjóri, nema öðruvísi sé ákveðið af hreppsnefndinni.

4. gr.

Daglegar framkvæmdir annast hafnarstjóri í samráði við hafnarnefnd.

Til aðstoðar hafnarnefnd skulu vera svo margir starfsmenn sem þurfa þykir. Hafnarnefnd skipar alla starfsmenn hafnarinnar og setur þeim erindisbréf. Hún getur einnig sagt þeim upp, eða vikið þeim frá um stundarsakir, eftir ástæðum.

III. KAFLI

Um almenna reglu.

5. gr.

Hafnarstjóri sér um, að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlíta boði hans og banni og ennfremur þeirra starfsmanna, er hafnarnefnd setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært það fyrir hafnarstjóra, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

6. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu skipa, eða öðrum störfum sem þar eru framin.

7. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má ekki kveikja eld eða ljós, nema í eldavél skipsins og á lögboðnum ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, sem unnið er að fermingu og affermingu. Áliti hafnarstjóri að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er honum heimilt að stöðva verkið unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu eða annað slíkt, sem eldhætta getur stafað af, í skipum á höfninni, svo og á landi hafnarinnar, nema með leyfi hafnarstjóra.

8. gr.

Á landi hafnarinnar má ekki smíða ný skip né þétta eldri skip, eða gera við þau á annan hátt, nema með leyfi hafnarnefndar og með þeim skilmálum sem hún ákveður. Leyfi hafnarstjóra þarf til að mega leggja skipum upp í hafnarfjöruna til hreinsunar.

9. gr.

Ekki má kasta útbyrðis seglfestu, ösku, kolum, fiskúrgangi eða neinu öðru, er valdið getur skemmdum á höfninni, frá skipum er þar liggja, né flytja það úr landi út í höfnina.

Í landi Húsavíkurhrepps má ekki heldur gera nein hafnarmannvirki, né breyta þeim mannvirkjum sem nú eru, og ekki heldur fylla upp né dýpka út frá landi, nema leyfi hreppsnefndar komi til.

Eigendum þeirra mannvirkja, sem eru eða kunna að verða gerð með leyfi hreppsnefndar, er skylt að halda þeim við þannig að engin hætta geti stafað af þeim. Nú vanrækir eigandi slíks mannvirkis að halda því í því ástandi sem nauðsynlegt er að áliti hafnarstjóra, er þá hafnarnefndinni heimilt að láta gera við mannvirkið á kostnað eiganda, en eigandi er alltaf ábyrgur fyrir öllum þeim skaða á skipum og mannvirkjum annara, er kann að stafa frá mannvirki hans.

IV. KAFLI

Um legu skipa og umferð þeirra á höfninni.

10. gr.

Fiskiskip og önnur skip, er ferma ekki né afferma, mega aldrei leggjast svo á höfninni að þau tálmi affermingu annara skipa, og skulu þau í hvert

121 skipti skyld að hlýða boðum hafnarstjóra eða starfsmanna hafnarinnar um
7. des. það, hvar þau megi liggja eða leggjast.

Aldrei mega nein skip liggja svo nærri bryggjunni, að eigi sé nægilegt pláss fyrir önnur skip að komast að eða frá. Skipum eða bátum má ekki leggja svo, að það hindri eða tefji umferð um höfnina.

Nú tregðast eigandi við að hlýða boðum hafnsögumanns eða starfsmanna hafnarinnar, um að flytja skip sitt, bát eða strengi á höfninni, og getur þá hafnarstjóri látið gera það á kostnað og ábyrgð eiganda.

11. gr.

Í hverju skipi — að undanskildum skipum, sem hafa leyfi hafnarnefndar til að liggja mannlaus í lægi hafnarinnar — skal jafnan vera einn maður að minnsta kosti, er tekið geti á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær, hvort heldur á að færa skipið eða gera eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

12. gr.

Ekki má festa skip við bólvirki eða bryggju nema við festarhringa eða festarstólpana. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjunni eða bólvirkinu. Þyki þess ekki nægilega gætt, má krefjast að bætt sé úr því tafarlaust. Vírkaðlar og festar skulu klæddar þar sem þær hvíla á bryggjunni. Skylt er að hafa tryggar hlífar milli skips og virkis, eða bryggju.

13. gr.

Gufuskip og önnur vélskip mega ekki láta vélarnar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum, eða hafnarmannvirkjunum, standi hætta af því.

Ekki má hleypa vatni á bryggju eða bólvirki að óþörfu.

14. gr.

Ef skip lendir á grynningu eða sekkur þar, sem það að áliti hafnarnefndar tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burtu svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á kostnað eiganda, og er honum heimilt, að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum ef nauðsyn krefur.

V. KAFLI

Notkun hafnarbryggnanna.

15. gr.

Meðan hafnarnefnd ekki ákveður annað, er skipum heimilt að leggjast við bryggjur hafnarinnar í þeirri röð sem þau koma. Þó skulu skip, að öðru jöfnu, er sigla eftir fyrirfram ákveðinni og auglýstri ferðaáætlun og flytja

póst, hafa rétt til þess að leggjast að bryggju, þótt önnur skip liggi þar fyrir, 121
og verða þau skip að víkja meðan hin eru afgreidd. Samskonar rétt hafa vél- 7. des.
skip fram yfir seglskip. Sé fermingu eða affermingu skips ekki haldið áfram með hæfilegum hraða, að áliti hafnarstjóra, ber því að víkja fyrir öðrum skipum, ef hann krefst þess. Ennfremur ber hafnarstjóra að vísa skipi frá bryggjunni, álíti hann það nauðsynlegt vegna veðurs.

16. gr.

Ef nauðsyn ber til, að skipum, sem ferma eða afferma við bryggjur eða bólvirki, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, sem utar liggja, yfir þilför hinna á bjálkabrú. Svo er og skipshöfn og farþegum skipanna, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipa er nær liggja.

17. gr.

Við uppskipun og útskipun á kjölfestu, sandi og öðru slíku, er skylt að hafa nægilega sterka hlífidúka milli skips og bryggju, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þess ekki gætt, ber hafnarstjóra að stöðva verkið, unz bætt verður úr því sem áfátt er.

Kjölfestu má ekki taka annarsstaðar á lóðum eða mannvirkjum hafnarinnar, en þar sem hafnarstjóri vísar til.

18. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal afgreiðslumaður eða skipstjóri, ef þörf gerist, láta ræsta bryggjuna sem notuð hefir verið. Farist það fyrir, skal hafnarstjóri sjá um að það sé gert, en afgreiðslumaður eða skipstjóri greiða allan kostnað.

19. gr.

Þeir munir, eða vörur, sem affermdar eru eða látnar í skip, mega ekki liggja á bryggju eða bólvirki, og ekki annarsstaðar í landi hafnarinnar, en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarstjóra. Skal flytja burt muni og vörur jafnóðum og hann krefst þess. Sé það ekki gert, lætur hann gera það á kostnað og ábyrgð eiganda eða ábyrgðarmanna hans.

VI. KAFLI

Um geymsluskip og skip, sem lagt er í lagi.

20. gr.

Sérstakt leyfi hafnarnefndar þarf í hvert sinn, til þess að leggja megi á höfninni skipum, sem ætluð eru til geymslu eða lagt er í lagi, og skal leyfið bundið því skilyrði, að eigandi láti taka það upp ef það sekkur, eða láta

121 sprengja það sundur, svo það skemmi ekki höfnina. Sé því ekki fullnægt inn-
7. des. an hæfilegs frests, getur hafnarnefndin látið gera það á kostnað eiganda. Hafnarnefndin ákveður í hvert sinn hvar slíku skipi skuli lagt, hve traust legufærin skulu vera og hvernig þeim skuli fyrir komið.

Nú sannar eigandi geymsluskipsins, með vottorði tveggja óvilhallra manna, er útnefndir séu af hafnarnefnd, að skip hans sé svo þétt að ekki stafi nein hætta að hvað leka snertir, þó það sé mannlaust, þá er honum leyfilegt, að leggja skipinu, og láta það liggja, án þess að menn séu í því, á þeim tíma árs, sem ekki verður heimtað ljós á skipum. Skylt er eiganda að flytja skipið úr stað ef hafnarnend krefst þess.

Ljós skulu tendruð á skipum þessum þegar hafnarstjóri krefst þess. Liggi skipin fyrir utan ákveðið svæði, er einungis er ætlað skipum sem lagt er í lægi, þá skal bæði tendra ljós og gera hljóðbendingar á þeim, eftir þeim reglum sem settar eru í alþjóðasjóferðareglum fyrir skip, sem liggja fyrir akkeri.

21. gr.

Meðan skip liggur mannlaust á höfninni, skal ekki sjaldnar en einu sinni í viku fara út í það, til þess að líta eftir hvort legufæri, eða annað, hafi haggast eða bilað, og ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt sem auðið er.

Ekki ber hafnarnefnd ábyrgð á skipum þeim, sem lagt er í lagi á höfninni.

22. gr.

Eigendur báta þeirra, sem skrásettir eru á Húsavík, eða gerðir út þaðan til fiskjar alla vertíð, eiga forgangsrétt á legum við botnkeðjur hafnarsjóðs (múrringar) á höfninni og greiða þeir legugjald eftir nánara ákvæði hafnarnefndar, sem einnig leggur til uppihöld frá botnkeðjunum, en bátaeigendur kosti sjálfir nauðsynlegar festar við uppihöldin og bera kostnað við að ná þeim upp, ef þau tapast niður.

Hafnarnefndin ein má láta leggja botnkeðjur á hafnarsvæðinu.

Þeir, sem leggja bátum sínum á höfninni við eigin festar, skulu hlíta fyrirmælum hafnarnefndar um legustað þeirra.

VII. KAFLI

Um lestargjöld.

23. gr.

Öll skip, seglskip, gufuskip, vélskip og bátar — stærri en 12 smálestir — hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum — eða seglfestu—, skulu greiða lestargjald í hvert sinn sem þau leggjast við festar á höfninni, þó með þeim undantekningum sem síðar getur.

Ef ekki er öðruvísi ákveðið, greiðist lestargjaldið af netto-burðarmagni skipsins talið í heilum tölum, en brotum skal sleppt. 121 7. des.

24. gr.

a. Skip, sem eru eign búsettra manna á Húsavík og skrásett þar og eru ekki í millilandasiglingum, skulu greiða lestargjald (hafnargjald) einu sinni á ári — 50 aura — fyrir hverja smálest.
b. Innlend fiskiskip og öll önnur skip, sem ganga eftir föstum auglýstum ferðaáætlunum, greiði 10 aura fyrir hverja smálest, í hvert skipti sem þau koma til hafnar. Þó ekki meira á ári en 1 krónu fyrir hverja smálest.
c. Öll önnur skip, sem til hafnarinnar koma, nema herskip (varðskip), skip sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, skip, sem hafa skírteini sem skemmtiskip og skip, sem leita hafnar vegna sjóskemmda, skulu greiða 20 aura lestagjald fyrir hverja smálest.

25. gr.

Hafi skipið legið á höfninni í 14 daga, skal greiða lestargjald að nýju — fyrir hverja 14 daga eða brot úr þeim. — Hafi skipið verið tekið á land til viðgerðar, telst sá tími ekki með, sem það stóð uppi.

VIII. KAFLI

Um ljósgjöld.

26. gr.

Öll skip, sem koma til hafnarinnar á tímabilinu 1. ágúst til 15. maí — og lestargjöld greiða — skulu greiða ljósgjald þannig:

a. Skip, sem getur um í 24. gr. a. greiði kr. 5.00 á ári.
b. Skip, sem getur um í 24. gr. b. greiði kr. 4.00 í hvert skipti sem þau koma til hafnar.
c. Öll önnur skip greiði 1 eyri fyrir hverja nettó smálest, þó aldrei minna en kr. 4.00 í hvert skipti.

IX. KAFLI

Um bryggjugjöld.

27. gr.

Gjöld af bryggju — eða bryggjum — hafnarsjóðs.

Hvert skip, sem leggst að bryggju, skal greiða bryggjugjöld af nettó-stærð skipsins — talið í heilum smálestum — en brotum skal sleppa.

121 Gjaldið skal greiða fyrir hvern sólarhring eða hluta af sólarhring — 5
7. des. aura af hverri smálest, nettó, — þó aldrei minna en 5 krónur — í hvert sinn, eða 75 aura af brúttó smálest í eitt skipti fyrir ll á ári. Varðskip eru undanþegin bryggjugjaldi. Gjaldið má hækka um allt að 25 af hundraði um eitt ár í senn, með samþykki atvinnumálaráðuneytisins.

X. KAFLI

Um vörugjald.

28. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum, lifandi og dauðum, sem fermdar eru eða affermdar á höfninni, með þeim undantekningum sem um getur í næstu greinum.

29. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skipsins, eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því ekki að leggjast á land, nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálft gjald.

Af vörum, sem settar eru á land, en eiga að fara aftur með sama skipi, enda sé þess getið á farmskránni, greiðist ekkert gjald.

30. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

a. Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið á farmskránni.
b. Vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta, til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
c. Póstflutningur og farangur ferðamanna.
d Vörur, sem fluttar eru úr herskipi (varðskipi) og í herskip.

31. gr.

Vörugjaldið skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu telst sem heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrám skipa við útreikning vörugjalds og er skipstjóri skyldur, að láta hafnarstjóra í té eftirrit af farmskrá skipsins. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri og formaður skips (eða báts) gefa drengskaparvottorð um vörumagn það, sem skip hans hefir fermt eða affermt. Þyki hafnarstjóra ástæða til, getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

Ef ýmsar vörutegundir eru í sömu sendingu, skal reikna vörugjald eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjald greiðist eins og þar segir. **121** 7. des.

Ef vafi leikur á því í hverjum flokki skuli telja einhverja vöru, úrskurðar hafnarstjóri, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarnefndar

32. gr.

Vörugjaldskrá.

A. Aðfluttar vörur.

1. flokkur: 10 aurar fyrir hver 100 kílógr.: Kol, salt og sement.
2. flokkur: Gjald 40 aurar fyrir hver 100 kílógr.: Allskonar vefnaðarvörur, skófatnaður, leirvörur, glysvarningur, tóbak, eldspýtur og þesskonar léttar vörur.

   Allskonar ávextir, vínföng, lyfjavörur, niðursuðuvörur, nýlenduvörur og slíkar vörur, sem reiknast eftir þyngd. — Ekki sykur.
3. flokkur: Gjald 20 aurar fyrir hver 100 kílógr.: Aðrar vörur sem reiknast eftir þyngd.
4. flokkur: Gjald 20 aurar fyrir hver 150 kílógr.: Steinolía og aðrar olíur.
5. flokkur: Gjald 5 aurar fyrir tunnu. Tómar, uppsettar eða óuppsettar.
6. flokkur: Gjald 5 aurar fyrir hvert teningsfet: Trjáviður.
7. flokkur: Gjald 10 aurar fyrir hvert teningsfet: Allar aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.

B. Brottfluttar vörur.

1. Flokkur: Gjald 25 aurar fyrir hver 100 kílógr.: Ull, ullarvörur, dúnn, fiður, hert skinn og sundmagi.
2. flokkur: Gjald 10 aurar fyrir hver 100 kílógr.: Aðrar afurðir, sem reiknast eftir þyngd.
3. flokkur: Gjald 20 aurar fyrir hverja kjöttunnu, og hverja tunnu lýsis.
4. flokkur: Gjald 10 aurar fyrir hverja síldartunnu.
5. flokkur: Gjald 3 aurar fyrir hvert teningsfet: Rjúpur og aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.
6. flokkur: Gjald 1 króna fyrir stykkið: Hestar og nautgripir.
7. flokkur: Gjald 20 aurar fyrir stykkið: Kindur og geitur.
8. flokkur: Gjald 3 aurar fyrir stykkið: Kindaskrokkar.

Þó skal lægsta gjald í öllum flokkum af að- og brottfluttum vörum aldrei vera minna en 10 aurar, en aldrei tekið tvisvar gjald af sömu vöru.

Hafnarnefndinni heimilast að undanþiggja vörugjaldi innlendar afurðir, sem fluttar eru að eða frá staðnum í smáum stíl.

Gjaldskrá þessa má hafnarnefnd hækka um eitt ár í senn um allt að 50% með samþykki atvinnumálaráðuneytisins.

121
7. des.

XI. KAFLI

Um ýms gjöld til hafnarinnar.

33. gr.

Fyrir að leggja skipi í fjöru hafnarinnar, til hreinsunar eða aðgerðar, skal greiða 5 aura af hverri smálest af nettó-burðarmagni skipsins, fyrir hvern sólarhring eða hluta af sólarhring, þó aldrei minna en 2 krónur.

Undanþegin þessu gjaldi eru skip þau sem eiga heima á staðnum.

34. gr.

Fyrir að leggja vörur á land hafnarinnar, skal greiða 5 aura fyrir hvert stykki, sem ekki er flutt burt innan sólarhrings. Gjaldið reiknast fyrir hverjar 24 klukkustundir eða brot úr þeim.

Gjald fyrir stærri stykki fer eftir samkomulagi.

35. gr.

Fyrir lóðir hafnarinnar, geymsluhús og tæki, sem leigð eru einstökum mönnum eða félögum, um lengri tíma, skal greiða gjald sem ákveðið verður með samningi.

36. gr.

Fyrir kjölfestu greiðist gjald, sem hafnarnefnd ákveður í hvert sinn.

37. gr.

Vélbátar — minni en 12 smálestir brúttó — greiði í hafnargjald, bryggjugjald og ljósgjald 5 krónur í hvert sinn, sem þeir koma til hafnar, eða 15 krónur í eitt skipti fyrir öll á ári.

Vélbátar með þilfari, sem eiga heima á staðnum, greiði 35 krónur árlegt gjald. Opnir vélbátar 20 krónur. Róðrarbátar 5 krónur. Undanþegnir þessu eru þeir bátar, sem aðeins eru hafðir í ferðir til heimilisþarfa.

XII. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

38. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hans.

39. gr.

Skipstjóri, eða formaður á bát, ber ábyrgð á greiðslu lestargjalds, vitagjalds, fjörugjalds og kjölfestugjalds. Ef enginn skipstjóri er, eða formaður á fleytunni, ber eigandi ábyrgð á greiðslu gjaldanna. Hafnarsjóður hefir haldsrétt yfir fleytunni unz gjöldin eru greidd.

Að svo miklu leyti, sem ekki eru í reglugerð þessari ákveðnir fastir gjald- **121**
dagar á gjöldunum, skal greiða þau áður en skipið fer burtu úr höfninni. 7. des.
Gjalddaga fyrir ársgjöld ákveður gjaldkeri hafnarsjóðs.

40. gr.

Gjöld fyrir vörur þær, sem um getur í 32. gr., greiðir eigandi eða umboðsmaður hans á Húsavík, og hefir hafnarsjóður haldsrétt á vörunum unz gjaldið er greitt. Leigu samkvæmt 35. gr. greiðir samningsaðili. Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa skil á greiðslunni. Ef skip eða bátur hefir ekki farm sinn skráðann, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Vörugjald, af vörum sem koma til hafnar, fellur í gjalddaga þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið í höfnina — og vörugjald, af vörum sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar í skip.

41. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð renna í hafnarsjóð. Gjaldkeri hafnarnefndar sér um innheimtu þeirra. Fjáreignir hafnarsjóðs skal geyma og ávaxta á tryggilegan hátt, og eru hafnarnefndarmenn ábyrgir fyrir þeim. Fé sjóðsins má eingöngu verja í þarfir hafnarinnar. Hreppsnefnd veitir fé úr sjóðnum að fengnum tillögum hafnarnefndar. Reikningar hafnarsjóðs endurskoðast með reikningum hreppsins og sendast síðan atvinnu- og samgöngumálaráðaneytinu til staðfestingar.

Öll gjöld samkvæmt reglugerðinni má taka lögtaki.

XIII. KAFLI

Ýms ákvæði.

42. gr.

Um skaðabótaskyldur fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum lagareglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, skulu þær ákveðnar af 3 óvilhöllum dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því að matsgerð var lokið

Yfirmat skal fara fram af 5 mönnum dómkvöddum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, er þess hefir krafizt, ef matsupphæðinni verður eigi breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

121 7. des.

43. gr.

Enginn, sem hefir bakað sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnarstjóri tekur gilda.

44. gr.

Enginn skipstjóri má vænta þess, að fá afgreiðslu hjá lögreglustjóra, nema hann með vottorði frá hafnarstjóra sanni, að hann hafi greitt gjöld þau, er innheimtumaður hafnarinnar á að innheimta — svo og sektir og skaðabætur, sem honum ber að greiða.

45. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjórinn er ekki á skipi og ekki heldur umboðsmaður hans, samkv. 11. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina og er það jafn gilt sem skipstjóri hefði fengið hana sjálfur.

46. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 20—1000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum.

Sektirnar renni í hafnarsjóð Húsavíkur.

47. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 38 19. júní 1933, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1936 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld hafnarreglugerð fyrir Húsavíkurkauptún 7. maí 1923.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. desember 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

AUGLÝSING

122
11. des.

um staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á samþykkt um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað nr. 82 24. sept. 1929.

Samkvæmt lögum nr. 1 3. jan. 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er hérmeð staðfest eftirrituð

SAMÞYKKT

um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað.

1. gr.

3. mgr. 48. gr. hljóði svo: Fullnægi bifreiðin ákvæðum bifreiðalaganna og reglugerða samkv. þeim og lögreglusamþykkt bæjarins, skrásetur lögreglustjóri bifreiðina og afhendir eiganda á hans kostnað 2 merki með áletruðu S. I. og tölumerki og skal festa annað framan á en hitt aftan á bifreiðina eftir nánari fyrirsögn lögreglustjóra og má ekki taka þau af bifreiðinni eða hylja á nokkurn hátt meðan hún er notuð.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað.

Þetta birtist hérmeð til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 11. desember 1935.

Hermann Jónasson.

Ragnar Bjarkan.

AUGLÝSING

123
12. des.

um gjald til Fiskimálasjóðs.

Samkvæmt lögum um breyting á lögum nr. 76 29. des. 1934, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., ógefnum í dag, hefir ráðuneytið ákveðið, að gjald í Fiskimálasjóð samkvæmt 4. gr. téðra laga skuli fyrst um sinn vera ½% af verðmæti þargreindra fiskafurða miðað við fob-verð, en jafnframt fellur niður 6% gjald af þeim til Markaðs- og verðjöfnunarsjóðs. Gjaldið ber að greiða innheimtumönnum ríkissjóðs ásamt útflutningsgjaldi afurðanna.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. des. 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

124
31. des.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 122 29. des. 1931, um einkasölu á tóbaki.

1. gr.

Fyrir „15%—20%“ í 6. gr. reglugerðar nr. 122 29. des. 1931, um einkasölu á tóbaki komi: 5%—10%.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 18 8. sept. 1935.

Fjármálaráðuneytið, 31. desember 1935.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

125

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Prestsekknasjóðs 1934.

Tekjur:

1. Eign í árslok 1933:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	26400.00	
b. Veðskuldarbréf	—	2400.00	
c. Inneign í Söfnunarsjóði	—	30266.24	
d. — í sparisjóði	—	9007.08	
e. Í sjóði hjá gjaldkera	—	466.03	kr. 68539.35
2. Vextir á árinu:			
a. Af veðdeildarbréfum	kr.	1389.25	
b. — veðskuldarbréfi	—	120.00	
c. — söfnunarsjóðsinnstæðu	—	1815.97	
d. — sparisjóðsinnstæðu	—	230.31	— 3555.53
3. Gjafir til sjóðsins			— 278.00
4. Gróði af bréfakaupum			— 1155.00
			Kr. 73527.88

125

Gjöld:

1. Styrkur veittur á árinu		kr.	1600.00
2. Eign í árslok 1934:			
a. Veðdeildarbréf	kr. 31900.00		
b. Veðskuldarbréfi	— 2400.00		
c. Inneign í Söfnunarsjóði	— 31582.21		
d. — í sparisjóði	— 5689.64		
e. Í sjóði hjá gjaldkera	— 356.03		
		—	71927.88
		Kr.	73527.88

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 4. apríl 1935.

Jón Helgason.

126

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Kollektusjóðs Jóns Eiríkssonar 1934.

Tekjur:

1. Eign í árslok 1933:			
a. Veðdeildarbréf	kr. 22500.00		
b. Sparisjóðsinnstæða	— 1973.07		
c. Hjá reikningshaldara	— 324.19		
		kr.	24797.26
2. Vextir á árinu:			
a. Af veðdeildarbréfum	kr. 1076.25		
b. — sparisjóðsinnstæðu	— 107.57		
		—	1183.82
3. Gróði af bréfaskiptum		—	105.00
		Kr.	26086.08

Gjöld:

1. Árgjald til Hvanneyrarprests		kr.	140.00
2. Styrkur veittur séra Birni Stefánssyni		—	400.00
3. Eign í árslok 1934:			
a. Veðdeildarbréf	kr. 22500.00		
b. Sparisjóðsinnstæða	— 2721.89		
c. Hjá reikningshaldara	— 324.19		
		—	25546.08
		Kr.	26086.08

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 4. apríl 1935.

Jón Helgason.

127

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld gjafasjóðs Guttorms próf. Þorsteinssonar árið 1934.

Tekjur:

1. Eign í árslok 1933:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	3900.00	
b. Veðskuldarbréf	—	500.00	
c. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	8988.25	
d. — í sparisjóði	—	989.54	
e. Hjá reikningshaldara	—	151.33	
			kr. 14529.12
2. Vextir á árinu:			
a. Af veðdeildarbréfum	kr.	173.00	
b. — veðskuldarbréf	—	22.50	
c. — söfnunarsjóðsinnstæðu	—	539.29	
d. — sparisjóðsinnstæðu	—	40.33	
			— 775.12
			Kr. 15304.24

Gjöld:

1. Verðlaun greidd			kr. 200.00
2. Eign í árslok 1934:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	3900.00	
b. Veðskuldarbréf	—	500.00	
c. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	9527.54	
d. — í sparisjóði	—	1002.87	
e. Hjá reikningshaldara	—	173.83	
			— 15104.24
			Kr. 15304.24

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 4. apríl 1935.

Jón Helgason.

REIKNINGUR 128

yfir tekjur og gjöld Vallholtslegats 1934.

Tekjur:

1. Eign í árslok 1933:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	2300.00	
b. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	3393.64	
c. — í sparisjóði	—	465.48	
d. Eignin Ytra-Vallholt	—	7100.00	
			kr. 13259.12
2. Vextir á árinu:			
a. Af veðdeildarbréfum	kr.	108.50	
b. — söfnunarsjóðsinnstæðu	—	203.61	
c. — sparisjóðsinnstæðu	—	14.08	
d. Eftirgjald eftir Ytra-Vallholt	—	350.00	
			— 676.19
			Kr. 13935.31

Gjöld:

1. Úthlutað ekkjum í Hegranesþingi			kr. 350.00
2. Til Hjeraðsvatna-fyrirhleðslu			— 205.90
3. Eign í árslok 1934:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	2300.00	
b. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	3597.25	
c. — í sparisjóði	—	382.16	
d. Eignin Ytra-Vallholt	—	7100.00	
			— 13379.41
			Kr. 13935.31

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 4. apríl 1935.

Jón Helgason.

129

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Árgjaldasjóðs árið 1934.

Tekjur:

1. Eign í árslok 1933:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	1300.00	
b. Innstæða í sparisjóði	—	858.27	
			kr. 2158.27
2. Vextir á árinu:			
a. Af veðdeildarbréfum	kr.	59.25	
b. — sparisjóðsinnstæðu	—	36.04	
			— 95.29
			Kr. 2253.56

Gjöld:

Eign í árslok:			
a. Veðdeildarbréf	kr.	1300.00	
b. Innstæða í sparisjóði	—	953.56	
			kr. 2253.56
			Kr. 2253.56

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 4. apríl 1935.

Jón Helgason.

130

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld gjafasjóðs Thoru Melsteð 1934.

Tekjur:

1. Eign í árslok 1933:		
Innstæða í Söfnunarsjóði	kr.	908.61
2. Vextir á árinu	—	54.51
	Kr.	963.12

Gjöld:

Eign í árslok 1934:		
Innstæða í Söfnunarsjóði	kr.	963.12
	Kr.	963.12

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 4. apríl 1935.

Jón Helgason.

REIKNINGUR 131

yfir tekjur og gjöld Dalhoffslegasts 1934.

Tekjur:

1. Eign í árslok 1933:			
a. Veðdeildarbréf	kr. 2700.00		
b. Sparisjóðsinnstæða	— 1025.45		
		kr.	3725.45
2. Vextir á árinu:			
a. Af veðdeildarbréfum	kr. 135.00		
b. — sparisjóðsinnstæðu	— 44.91		
		—	179.91
		Kr.	3905.36

Gjöld:

1. Oftalin inneign f. á.		kr.	0.05
2. Eign í árslok:			
a. Veðdeildarbréf	kr. 2700.00		
b. Sparisjóðsinnstæða	— 1205.31		
		—	3905.31
		Kr.	3905.36

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 4. apríl 1935.

Jón Helgason.

REIKNINGUR 132

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Flekkudalshjóna árið 1934.

Tekjur:

1. Eign í árslok 1933:		
Innstæða í Söfnunarsjóði	kr.	25198.00
Vextir á árinu	—	1511.92
	Kr.	26709.92

Gjöld:

Eign í árslok:		
Innstæða í Söfnunarsjóði	kr.	26709.92
	Kr.	26709.92

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík, 4. apríl 1935.

Jón Helgason.

133 **REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Christians konungs hins Tíunda og Alexandrine drotningar til styrktar fátækum sjómannaekkjum í Reykjavík, árið 1934.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1934, B. bls. 363):			
a. Lán gegn fasteignaveði	kr.	1500.00	
b. Bankavaxtabréf	—	6800.00	
c. Bankainnstæða	—	2075.18	kr. 10375.18
2. Vextir:			
a. Af veðskuldarbréfi	kr.	90.00	
b. — bankavaxtabréfum	—	336.75	
c. — bankainnstæðu	—	109.49	— 536.24
			Kr. 10911.42

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:			
1. Lán gegn fasteignaveði	kr.	1000.00	
2. Bankavaxtabréf	—	6700.00	
3. Bankainnstæða	—	3211.42	kr. 10911.42
			Kr. 10911.42

Í atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, 25. marz 1935.

Vigfús Einarsson.

134 **REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Frederiks konungs Áttunda árið 1934.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1934, B. bls. 363):			
a. Veðskuldabréf	kr.	5000.00	
b. Bankavaxtabréf	—	9000.00	
c. Skuldabréf Reykjavíkurkaupstaðar	—	1000.00	
d. Bankainnstæða	—	2031.73	kr. 17031.73
		Flyt	kr. 17031.73

	Flutt		kr. 17031.73 **134**
2. Vextir:			
a. Af veðskuldabréfum	kr.	275.00	
b. — bankavaxtabréfum	—	408.75	
c. — skuldabréfi Elliheimilisins	—	65.00	
d. — bankainnstæðu 58.59 + 9.06	—	117.73	
			— 866.48
			Kr. 17898.21

Gjöld:

1. Styrkur veittur til trjáræktar			kr. 600.00
2. Sjóður til næsta árs:			
a. Veðskuldabréf	kr.	5000.00	
b. Bankavaxtabréf	—	8500.00	
c. Skuldabréf Elliheimilisins Grund	—	1000.00	
d. Bankainnstæða	—	2798.21	
			— 17298.21
			Kr. 17898.21

Í atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, 25. marz 1935.

Vigfús Einarsson.

REIKNINGUR **135**

yfir tekjur og gjöld Styrktarstjóðs Christians konungs Níunda árið 1934.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1934, B. bls. 364):			
a. Innritunarskírteini	kr.	8600.00	
b. Veðskuldabréf	—	1000.00	
c. Bankavaxtabréf	—	3700.00	
d. Bankainnstæða	—	1134.50	
			kr. 14434.50
2. Vextir:			
a. Af innritunarskírteini	kr.	301.00	
b. — veðskuldabréfum	—	50.00	
c. — bankavaxtabréfum	—	171.50	
d. — Söfnunarsjóðsinnstæðu	—	36.90	
e. — bankainnstæðu	—	24.65	
			— 584.11
			Kr. 15018.61

135

Gjöld:

1. Heiðursgjafir veittar		kr.	350.00
2. Sjóður til næsta árs:			
a. Innritunarskírteini	kr. 8600.00		
b. Veðskuldabréf	— 1000.00		
c. Bankavaxtabréf	— 3700.00		
d. Innstæða í Söfnunarsjóði	— 736.96		
e. Bankainnstæða	— 631.65		
		—	14668.61
		Kr.	15018.61

Í atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, 25. marz 1935.

Vigfús Einarsson.

136

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðsins Þorvaldarminning árið 1934.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1934, B. bls. 373):			
a. Í Söfnunarsjóði	kr. 11819.80		
b. Í Landsbankanum	— 1709.18	kr.	13528.98
2. Vextir			
a. Af Söfnunarsjóðsinnstæðu	kr. 709.18		
b. — bankainnstæðu	— 53.73	—	762.91
		Kr.	14291.89

Gjöld:

1. Styrkur veittur:			
Brynjólfi Haraldssyni í Hvalgröfum		kr.	200.00
2. Sjóður til næsta árs:			
a. Í Söfnunarsjóði	kr. 12056.20		
b. Í Landsbankanum	— 2035.69	—	14091.89
		Kr.	14291.89

Í atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, 25. marz 1935.

Vigfús Einarsson.

REIKNINGUR 137

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs W. Fischers árið 1934.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1934, B. bls. 367):			
a. Innritunarskírteini	kr.	20000.00	
b. Bankavaxtabréf	—	11700.00	
c. Skuldabréf Reykjavíkurkaupstaðar	—	2000.00	
d. Veðskuldabréf	—	9150.00	
e. Lán Seyðisfjarðarkaupstaðar	—	5000.00	
f. Bankainnstæða	—	4343.43	
			kr. 52193.43
2. Vextir:			
a. Af innritunarskírteini	kr.	700.00	
b. — bankavaxtabréfum	—	570.00	
c. — skuldabréfum Reykjavíkurkaupstaðar	—	130.00	
d. — veðskuldabréfum	—	517.50	
e. — láni Seyðisfjarðarkaupstaðar	—	250.00	
f. — bankainnstæðu	—	188.68	
			— 2356.18
			Kr. 54549.61

Gjöld:

1. Styrkur veittur			kr. 2375.00
2. Sjóður til næsta árs:			
a. Innritunarskírteini	kr.	20000.00	
b. Bankavaxtabréf	—	11700.00	
c. Skuldabréf Reykjavíkurkaupstaðar	—	2000.00	
d. Veðskuldabréf	—	9150.00	
e. Lán Seyðisfjarðarkaupstaðar	—	4500.00	
f. Bankainnstæða	—	4824.61	
			— 52174.61
			Kr. 54549.61

Í atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, 25. marz 1935.

Vigfús Einarsson.

138

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Gjafasjóðs W. Fiskes til Grímseyinga árið 1934.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1934, B. bls. 366):			
a. Bankavaxtabréf	kr.	21300.00	
b. Veðskuldabréf	—	26000.00	
c. Ógreiddir vextir	—	330.00	
d. Bankainnstæða	—	1687.71	
			kr. 49317.71
2. Vextir:			
a. Af bankavaxtabréfum	kr.	936.50	
b. — veðskuldabréfum	—	1330.00	
c. — bankainnstæðu	—	200.07	
			— 2468.57
			Kr. 51786.28

Gjöld:

1. Styrkur til Grímseyinga			kr. 2275.00
2. Sjóður til næsta árs:			
a. Bankavaxtabréf	kr.	19300.00	
b. Veðskuldabréf	—	26000.00	
c. Bankainnstæða	—	4211.28	
			— 49511.28
			Kr. 51786.28

Í atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, 25. marz 1935.

Vigfús Einarsson.

139

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs V. Gigas's árið 1934.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1934, B. bls. 366):			
a. Bankavaxtabréf	kr.	7000.00	
b. Skuldabréf Reykjavíkurkaupstaðar	—	1000.00	
c. Bankainnstæða	—	770.98	
			kr. 8770.98
		Flyt	kr. 8770.98

		Flutt	kr. 8770.98	**139**
a. Af bankavaxtabréfum	kr.	330.00		
b. — skuldabréfi Reykjavíkur	—	65.00		
c. — bankainnstæðu	—	40.14		
			— 435.14	
			Kr. 9206.12	

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:			
a. Bankavaxtabréf	kr.	7000.00	
b. Skuldabréf Reykjavíkurkaupstaðar	—	1000.00	
c. Bankainnstæða	—	1206.12	
			kr. 9206.12
			Kr. 9206.12

Í atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, 25. marz 1935.

Vigfús Einarsson.

REIKNINGUR **140**

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Páls Jónssonar árið 1934.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1934, B. bls. 369):	
Bankainnstæða	kr. 864.59
2. Vextir	— 34.56
	Kr. 899.15

Gjöld:

Sjóður til næsta árs í Landsbankanum	kr. 899.15

Í atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, 25. marz 1935.

Vigfús Einarsson.

141

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Samgöngubótasjóðs Páls Jónssonar árið 1934.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1934, B. bls. 369):			
a. Bankavaxtabréf	kr.	10900.00	
b. Skuldabréf Reykjavíkurkaupstaðar	—	3000.00	
c. Veðskuldarbréf	—	2500.00	
d. Bankainnstæða	—	1853.47	
			kr. 18253.47
2. Vextir:			
a. Af bankavaxtabréfum	kr.	527.50	
b. — skuldabréfum Reykjavíkurkaupstaðar	—	195.00	
c. — veðskuldabréfi	—	125.00	
d. — bankainnstæðu	—	92.40	
			— 939.90
			Kr. 19193.37

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:			
a. Bankavaxtabréf	kr.	10900.00	
b. Skuldabréf Reykjavíkurkaupstaðar	—	3000.00	
c. Veðskuldabréf	—	2500.00	
d. Bankainnstæða	—	2793.37	
			kr. 19193.37
			Kr. 19193.37

Í atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, 25. marz 1935.

Vigfús Einarsson.

REIKNINGUR 142

yfir tekjur og gjöld Gullbrúðkaupssjóðs Bjarna amtmanns Þorsteinssonar og frú Þórunnar Hannesdóttur árið 1934.

Tekjur:

1. Sjóður frá fyrra ári (Stj.tíð. 1934, B. bls. 372):			
a. Bankavaxtabréf	kr.	9900.00	
b. Veðskuldabréf	—	2000.00	
c. Bankainnstæða	—	1202.58	
			kr. 13102.58
2. Vextir:			
a. Af bankavaxtabréfum	kr.	467.50	
b. — veðskuldabréfum	—	100.00	
c. — bankainnstæðu	—	63.90	
			— 631.40
			Kr. 13733.98

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:			
a. Bankavaxtabréf	kr.	9900.00	
b. Veðskuldabréf	—	2000.00	
c. Bankainnstæða	—	1833.98	
			kr. 13733.98
			Kr. 13733.98

Í atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, 25. marz 1935.

Vigfús Einarsson.

REIKNINGUR 143

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs verðugra og þurfandi þjóðjarðalandseta í hinu fyrverandi Suðuramti, árið 1934.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1934, B. bls. 372):			
a. Veðskuldabréf	kr.	5000.00	
b. Bankavaxtabréf	—	5000.00	
c. Bankainnstæða	—	1474.67	
			kr. 11474.67
		Flyt	kr. 11474.67

143

		Flutt	kr. 11474.67
2.	Vextir:		
	a. Af veðskuldabréfum	kr. 300.00	
	b. — bankavaxtabréfum	— 245.00	
	c. — bankainnstæðu	— 69.72	
			— 614.72
			Kr. 12089.39

Gjöld:

1.	Styrkur veittur		kr. 20.00
2.	Sjóður til næsta árs:		
	a. Veðskuldabréf	kr. 5000.00	
	b. Bankavaxtabréf	— 5000.00	
	c. Í Landsbankanum	— 2069.39	
			— 12069.39
			Kr. 12089.39

Í atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, 25. marz 1935.

Vigfús Einarsson.

144

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs þeirra, sem bíða tjón af jarðeldum, árið 1934.

Tekjur:

1.	Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1934, B. bls. 370):		
	a. Veðskuldabréf	kr. 52400.00	
	b. Bankavaxtabréf	— 3200.00	
	c. Skuldabréf Reykjavíkurkaupstaðar	— 2000.00	
	d. Bankainnstæða	— 3053.51	
			kr. 60653.51
2.	Vextir:		
	a. Af veðskuldabréfum	kr. 2395.00	
	b. — bankavaxtabréfum	— 149.00	
	c. — skuldabréfum Reykjavíkurkaupstaðar	— 130.00	
	d. — bankainnstæðu	— 100.80	
			— 2774.80
3.	Ógreiddir vextir 1934		— 475.00
			Kr. 63903.31

144

Gjöld:

1. Styrkur til Búnaðarsambands Austurlands		kr.	1200.00
2. Styrkur til Hallormsstaðaskóla		—	1000.00
3. Sjóður til næsta árs:			
a. Veðskuldabréf	kr. 52400.00		
b. Bankavaxtabréf	— 3200.00		
c. Skuldabréf Reykjavíkurkaupstaðar	— 2000.00		
d. Ógreiddir vextir 1934	— 475.00		
Samkvæmt ofanrituðu höfum við undirritaðir keypt „Bókaverzlun Þór. B. Þorláksson", hér í bæ, og rekum hana sem fullábyrgir félagar frá 17. júlí 1935. En eldri skuldbindingar og skuldir verzlunarinnar eru okkur óviðkomandi. Firmað ritum við hvor í sínu lagi þannig:

Bókav. Þór. B. Þorlákssonar
Jón St. Arnórsson.
Bókav. Þór. B. Þorlákssonar
Stgr. Arnórsson.
Reykjavík, 12. október 1935.
Jón St. Arnórsson. Stgr. Arnórsson.

44. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég rek hér í bænum prentmyndagerð (Cliché-Anstalt) undir nafninu „Prentmyndagerðin", og rita ég einn firmað þannig:

Prentmyndagerðin
Ól. J. Hvanndal.
Reykjavík, 25. okt. 1935.
Ól. J. Hvanndal.

45. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að firmað Heitt & Kalt hefir frá 1. okt að telja verið selt hr. bryta Guðlaugi Guðmundssyni, Ing-

183 ólfsstræti 3, hér í bænum. Rekur hann firmað einn framvegis og á sína ábyrgð.

Reykjavík, 1. október 1935.
Ásta Þorsteinsdóttir.
f. h. erfingja Elísabetar Sigurðardóttur
Einar B. Guðmundsson
(samkv. umboði).

Samkvæmt ofanrituðu hefi ég í dag keypt matsöluhúsið Heitt & Kalt, hér í bænum, og rek ég það áfram undir sama firmanafni og á mína ábyrgð. Firmað rita ég þannig:

Heitt & Kalt
Guðl. Guðmundsson.
Reykjavík, 18. okt. 1935.
Guðl. Guðmundsson.

46. Ég undirritaður eigandi verzl. Barónsbúð tilkynni hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að ég í dag hefi selt kaupm. Cæsari Mar nefnda verzlun, og eru skuldbindingar firmans mér óviðkomandi frá deginum í dag að telja.

Reykjavík, 17. okt. 1935.
Sigurþór Guðmundsson.

Samkvæmt ofanrituðu hefi ég í dag keypt verzlunina Barónsbúð, hér í bænum, og rek ég hana sem fullábyrgur eigandi frá og með deginum í dag. Eldri skuldbindingar verzlunarinnar eru mér óviðkomandi. Firmað rita ég þannig:

Barónsbúð
Cæsar Mar.
Reykjavík, 17. okt. 1935.
Cæsar Mar.

47. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að frá 7. apríl þ. á. er meðundirritaður, Marteinn Steindórsson, genginn úr firmanu Nýlenduvöruverzlunin Jes Zimsen, Reykjavík, og er allur rekstur firmans og skuldbindingar eftir þann tíma honum óviðkomandi.

Reykjavík, 25. okt. 1935.
Marteinn Steindórsson. Sigurgísli Guðnason.

Frá 7. apríl þ. á. rek ég undirritaður, Sigurgísli Guðnason, firmað Nýlenduvöruverzlunin Jes Zimsen, Reykjavík, áfram á mína ábyrgð. Ég einn hefi rétt til að rita firmað og geri það þannig:

Nýlenduvöruverzlunin Jes Zimsen
Sigurgísli Guðnason.
Reykjavík, 25. okt. 1935.
Sigurgísli Guðnason.

48. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að samkvæmt vinsamlegu samkomulagi gengur hr. Frits Nathan, til heimilis í Kaupmannahöfn, úr firmanu Nathan & Olsen frá og með 31. þ. m. Eru því allar skuldbindingar firmans, þær, er stofnaðar verða eftir þann dag, honum óviðkomandi. **183**

Hinsvegar halda hinir félagarnir, Carl Olsen og John Fenger, sem hefir verið meðeigandi og fullábyrgur félagi síðan 1. júní 1914, áfram að reka firmað sem fullábyrgir félagar með óbreyttu firmanafni.

Reykjavík, 16. desbr. 1935.

Carl Olsen. John Fenger.

49. Ég undirritaður tilkynni hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að ég rek hér í bænum saftgerð og sultugerð undir firmanafninu „Saftgerðin Humall". Firmað rek ég með ótakmarkaðri ábyrgð og rita það þannig:

Saftgerðin Humall.
Jónas Jónsson.
Reykjavík, 20. nóv. 1935.
Jónas Jónsson.

50. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég rek hér í bænum verzlun með ótakmarkaðri ábyrgð undir nafninu „Búðin", og rita ég einn firmað þannig:

Búðin
F. Gunnlaugsson.
Reykjavík, 3. des. 1935.
Filippus Gunnlaugsson,
Túngötu 16.

51. Ég undirritaður Einar Kristjánsson, Sjafnargötu 6, Reykjavík, tilkynni hér með, að ég er frá 1. desember þ. á. genginn úr firmanu Kauphöllin, og eru allar skuldbindingar firmans eftir þann tíma mér óviðkomandi.

Reykjavík, 20. nóv. 1935.
E. Kristjánsson.

Samkvæmt ofanrituðu er Einar Kristjánsson, Sjafnargötu 6, Reykjavík, genginn úr firmanu Kauphöllin, og rekum vér tveir eigendur firmans það framvegis á sama hátt og undanfarið.

Reykjavík, 28. nóv. 1935.

Stefán Bjarnason. Aron Guðbrandsson.

183

2. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla.

1. H/f. Svanur rekur fiskveiðar og skylda atvinnu á Akranesi, og eru samþykktir dags. 16. febr. 1935. Stofnendur eru: Húsfrú Jónína Eggertsdóttir, Akranesi, Ólafur B. Björnsson, kaupm., s. st., Árni Sigurðsson, útgerðarm., s. st., Þorbergur Sveinsson, útgerðarm., s. st., Halldór Jónsson, útgerðarm., s. st., Þórður Ásmundsson, útgerðarm., s., st., Magnús Guðmundsson, útgerðarm., s. st., Hallgrímur Björnsson, læknir, s. st., Jón Sigmundsson, kaupm., s. st., Ólafur Fr. Sigurðsson, kaupm., s. st., Ragnar Friðriksson, skipstj., s. st. og Kristinn Guðmundsson, skipstjóri, s. st.

Stjórn félagsins skipa: Ól. B. Björnsson, Þórður Ásmundsson og Jón Sigmundsson. Framkvæmdarstjóri er Sigurður Vigfússon og hefir prókúruumboð og ritar firmað þannig:

pr. pr. hlutafélagið Svanur
Sigurður Vigfússon.

Tveir úr stjórninni geta skuldbundið félagið, og rita þeir það þannig:

f. h. hlutafélagið „Svanur"
Ól. B. Björnsson. Jón Sigmundsson.
f. h. hlutafélagið „Svanur"
Ól. B. Björnsson. Þórður Ásmundsson.
f. h. hlutafélagið „Svanur"
Jón Sigmundsson. Þórður Ásmundsson.

Hlutaféð er 5000 krónur, er skiptist í 250 kr. hluti, og er að fullu greitt. Hlutabréfin hljóða á nafn, og fylgja þeim engin sérréttindi og ekki heldur lausnarskylda.

Hluthöfum er óheimilt að framselja hlutabréf sín til eignar, nema félaginu sé sjálfu gefinn kostur á að kaupa þau fyrir sama verð og með sömu skilmálum og aðrir bjóða.

Fundi skal boða með viku fyrirvara. Eitt atkvæði er fyrir hverjar 250 kr., sem hluthafi á í félaginu. Þó má enginn hluthafi fara með meira en ⅕ atkvæða.

3. Barðastrandarsýsla.

1. Hér með tilkynnist, að á aðalfundi hlutafélagsins „Verðandi" í Bíldudal, sem haldinn var 11. þ. m., gengu úr stjórn félagsins þeir: Ágúst Sigurðsson, Samúel Pálsson og Jón J. Maron. Í þeirra stað voru kosnir í stjórnina: Kristján Árnason, skipstjóri, Guðbjartur Ólason, sjómaður, formaður, og Brynjólfur Eiríksson, sjómaður, allir til heimilis á Bíldudal.

Bíldudal, 20. júní 1935.
H/f. Verðandi.
Guðbj. Ólason. Kristján Árnason. Brynj. Eiríksson.

2. Við undirritaðir, sem kosnir vorum í stjórn hlutafélagsins „Verðandi“ í Bíldudal á aðalfundi þess 11. þ. m., veitum hér með kaupm. Samúel Pálssyni og kaupm. Jóni S. Bjarnarsyni, báðum til heimilis í Bíldudal, fullt og ótakmarkað umboð til að annast stjórnarstörf í framangreindu félagi í fjarveru okkar. 183

Bíldudal, 20. júní 1935.

Guðbj. Ólason. Kristján Árnason. Brynj. Eiríksson.

4. Ísafjarðarsýsla og Ísafjarðarkaupstaður.

1. Hinn 7. þ. m. var bú Wilhelms Guðmundssonar, kaupmanns á Ísafirði, tekið til gjaldþrotaskipta. Verzlunin Ísafold, er hann hefir rekið, er hætt.

Skiptaráðandinn á Ísafirði, 20. marz 1935.

Torfi Hjartarson.

2. Ég undirrituð ekkja Jóns S. Edwald, kaupmanns á Ísafirði, hefi gengizt við arfi og skuldum í búinu. Procuru fyrir verzlunina hefir Tryggvi Jóakimsson, konsúll á Ísafirði.

Verzlunina ritar hann þannig:

p. p. J. S. Edwald db.
Tryggvi Jóakimsson.
Ísafirði, 16. maí 1935.
Sigrún Edwald.

3. Hér með tilkynnist til firmaskrár Ísafjarðar, að ég hefi selt Timburverzlunina „Björk“ á Ísafirði þeim Hallgrími Péturssyni og Jóni Kristjánssyni, húsasmiðum á Ísafirði, frá og með deginum 20. maí þ. á. að telja, og eru mér því óviðkomandi allar þær skuldbindingar, er gerðar kunna að verða eftir þann tíma undir greindu firmanafni.

p. t. Ísafirði, 31. maí 1935.
Jóh. Bárðarson.

4. Hér með tilkynnist til firmaskrár Ísafjarðar, að við undirritaðir, Jón Kristjánsson, trésmíðameistari, Ísafirði, og Hallgrímur Pétursson, húsasmíðameistari, Ísafirði, höfum keypt Timburverzlunina Björk á Ísafirði af Jóhanni Bárðarsyni, kaupmanni, frá 1. júní þ. é. að telja, og rekum við verzlunina áfram undir sama firmanafni sem fullábyrgir sameignarfélagar.

Hvor okkar sem er getur skuldbundið firmað, og ritum við það þannig:

Timburverzlunin Björk
Hallgrímur Pétursson.
Timburverzlunin Björk
Jón Kristjánsson.
Ísafirði, 18. júlí 1935.

Hallgrímur Pétursson. Jón Kristjánsson.

183 **5. Siglufjarðarkaupstaður.**

1. Hér með tilkynnist firmaskrá Siglufjarðar, að ég hefi hætt öllum rekstri undir firmanafninu „Heitt og Kalt“ á Siglufirði.

Siglufirði, 7. des. 1934.

Páll Guðmundsson.

2. Undirrituð stjórn Síldarverksmiðja ríkisins veitum hér með hr. Jóni Gunnarssyni, verkfræðing, prókúruumboð fyrir Síldarverksmiðjur ríkisins, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Síldarverksmiðja ríkisins

J. Gunnarsson.

Jafnframt afturkallast prókúruumboð hr. Oscar Ottesen, framkvæmdastjóra, fyrir nefnt firma.

Siglufirði, 21. marz 1935.

f. h. Síldarverksmiðja ríkisins.

Jón Þórðarson. Þormóður Eyjólfsson. Jón Sigurðsson.

3. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Siglufjarðarkaupstaðar, að við undirritaðir, Halldór M. Vídalín og Sveinn Guðmundsson, báðir til heimilis á Siglufirði, rekum smásöluverzlun hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu: „Halldór & Sveinn“. Hvor um sig hefir rétt til að rita firmað og skuldbinda það, með þeirri undantekningu, að sé að ræða um veðsetningu á fasteign, þarf undirskrift beggja til að skuldbinda firmað. Firmað ritum við þannig:

Pr. „Halldór & Sveinn“

Halldór M. Vídalín.

Pr. „Halldór & Sveinn“

Sveinn Guðmundsson.

Sé um veðsetningu á fasteign að ræða, ritum við firmað þannig:

Pr. „Halldór & Sveinn“

Halldór M. Vídalín. Sveinn Guðmundsson.

Siglufirði, 6. apríl 1935.

Halldór M. Vídalín. Sveinn Guðmundsson.

4. Félagið heitir Kaupfélag verkamanna á Siglufirði og skammstafað K. V., Siglufirði. Heimili þess og varnarþing er á Siglufirði. Samþykktir þess eru dagsettar á stofnfundi. Tilgangur félagsins er að útvega félagsmönnum alls konar vörur sem beztar og með sem vægustu verði, að safna fé í sjóði til tryggingar félaginu og að efla samvinnu milli samskonar félaga. Aðalfund-

ur hefir æðsta vald í félagsmálum. Stjórninni er skylt að boða til auka- 183
fundar, ef þriðjungur félagsmanna krefst þess og tilgreinir fundarefnið. Stjórnina skipa 5 menn og 3 varamenn, kosnir til 3ja ára, og séu þeir félagsmenn. Kýs hún sér formann og varaformann til eins árs í senn. Stjórnarfundur er lögmætur, ef helmingur stjórnar er mættur. Afl atkvæða ræður úrslitum, nema jöfn séu; þá ræður atkvæði formanns. Stjórnendur tveir saman rita firmað. Framkvæmdarstjóri hefir prókúru. Inngangsgjald er 10 — tíu — krónur í félagssjóð. Í varasjóð greiðast árlega 1% af viðskiptum félagsins. Hver félagsmaður kaupir minnst 50 — fimmtíu — krónur vaxtabréf innan sex mánaða frá inngöngu, og ábyrgist 75 — sjötíu og fimm — krónur af skuldbindingum félagsins. Fundir eru boðaðir af stjórninni á þann hátt, er hún telur henta.

Dagsetning samþykkta 6. apríl 1935.

Tegund atvinnu: Verzlun með samvinnusniði.

Stjórnin er skipuð 5 mönnum og 3 varamönnum, kosnum til 3ja ára. Stjórnarformaður er Sveinn Þorsteinsson. Aðrir stjórnarmeðlimir Sigurhjörtur Bergsson, Sigurður Sveinsson, Jóhann Einarsson og Gunnar Jóhannsson.

Heimild til að rita firmað hafa formaður og einhver úr stjórninni þannig:

pr. Kaupfélag verkamanna, Siglufirði
Sveinn Þorsteinsson. Sigurður Sveinsson.
pr. Kaupfélag verkamanna, Siglufirði
Sveinn Þorsteinsson. Sigurhjörtur Bergsson.
pr. Kaupfélag verkamanna, Siglufirði
Sveinn Þorsteinsson. Jóhann Einarsson.
pr. Kaupfélag verkamanna, Siglufirði
Sveinn Þorsteinsson. Gunnar Jóhannsson.

Prókúra: Framkvæmdarstjóri er: Björgvin Stefánsson, og ritar hann sem prókúruhafi firmað þannig:

pr. Kaupfélag verkamanna, Siglufirði
Björgvin Stefánsson.

Tillög, sem lögð eru í félagið, eru: 10 — tíu — krónur inntökugjald í félagssjóð, 1% af ársviðskiptaveltu í varasjóð. 50 — fimmtíu — krónur vaxtabréf, 4% vextir, kaupi hver félagi innan sex mánaða, sem standi sem trygging í félaginu, unz endurgreitt er.

Hver félagsmaður ábyrgist 75 — sjötíu og fimm — krónur af skuldbindingum félagsins.

Fundir boðaðir eftir samþykkt stjórnar í hvert sinn.

183 **6. Eyjafjarðarsýsla og Akureyrarkaupstaður.**

1. Hér með tilkynnist til firmaskrár Akureyrar, að ég, Guðrún Ólafsson, hefi frá 1. janúar 1934 hætt að reka verzlunina Ragnar Ólafsson og afhent hana syni mínum Sverri Ragnars.

Jafnframt tilkynnist, að Sverrir Ragnars hefir prókúru-umboð fyrir mig.

Samkvæmt ofanrituðu tilkynnist, að ég, Sverrir Ragnars, hinn 1. janúar 1934 hefi tekið við rekstri verzlunarinnar Ragnar Ólafsson og rek hana framvegis einn og á eigin ábyrgð og með óbreyttu firmanafni.

Ég einn hefi rétt til þess að rita firmað og rita það þannig:

Ragnar Ólafsson
Sv. Ragnars.
Akureyri, 15. marz 1935.
Guðrún Ólafsson.
Sverrir Ragnars.

2. Hér með tilkynnist til firmaskrár Akureyrar, að undirritaður Joh. Madsen, hefir selt meðundirrituðum Vilhelmínu Sigurðardóttur og Sigríði Davíðsson sinn hluta verzlunarinnar Gudmanns Efterfölgere á Akureyri, og eru eignir og skuldir verzlunarinnar hér eftir honum óviðkomandi.

Akureyri, 5. júlí 1935.
Vilhelmína Sigurðardóttir Þór. Joh. Madsen.
f. h. Sigríðar Davíðsson
A. Hallgrímsson,
samkv. umboði.

3. Hér með tilkynnist til firmaskrár Akureyrar, að lögerfingjar Magnúsar H. Lyngdals, kaupmanns á Akureyri, hafa selt þeim Karli L. Benediktssyni og Gunnari H. Kristjánssyni, báðum til heimilis á Akureyri, nafn og vörubirgðir skóverzlunar mannsins míns sáluga, og reka þeir hana framvegis undir nafninu „Skóverzlun M. H. Lyngdals & Co.“.

Skuldbindingar verzlunarinnar frá og með deginum í dag eru mér og samerfingjum mínum óviðkomandi.

Akureyri, 19. maí 1935.
Fyrir hönd erfingja
Elín Lyngdal.

Samkvæmt framanrituðu tilkynnist hér með til firmaskrár Akureyrar, að við undirritaðir rekum frá deginum í dag að telja, sem fullábyrgir félagar, skóverzlun á Akureyri undir nafninu „Skóverzlun M. H. Lyngdal & Co.“.

Eldri skuldbindingar skóverzlunarinnar eru okkur óviðkomandi. Hvor 183
okkar um sig hefir rétt til að skuldbinda félagið, og ritum við það þannig:

„Skóverzlun M. H. Lyngdal & Co."
Karl L. Benediktsson

eða

„Skóverzlun M. H. Lyngdal & Co."
G. H. Kristjánsson,

en ef um sölu á verzluninni eða veðsetningu er að ræða, þarf undirskrift beggja félaga þannig:

„Skóverzlun M. H. Lyngdal & Co."
Karl L. Benediktsson. G. H. Kristjánsson.
Akureyri, 19. maí 1935.
Karl L. Benediktsson. G. H. Kristjánsson.

7. Þingeyjarsýsla.

1. Félagið heitir Pöntunarfélag verkamanna, Húsavík, og skammstafað P. V. H. — Heimili þess og varnarþing er á Húsavík. — Samþykktir þess eru dagsettar á stofnfundi. — Tilgangur félagsins er, að útvega félagsmönnum allskonar vörur sem beztar og með sem vægustu verði, að safna fé í sjóði til tryggingar félaginu og að efla samvinnu milli samskonar félaga. Aðalfundur hefir æðsta vald í félagsmálum. Stjórninni er skylt að boða til aukafundar, ef þriðjungur félagsmanna krefst þess og tilgreinir fundarefnið. Stjórnina skipa 5 menn og 3 varamenn kosnir til 3ja ára, og séu þeir félagsmenn. Kýs hún sér formann og varaformann til eins árs í senn. Stjórnarfundur er lögmætur ef helmingur stjórnar er mættur. Afl atkvæða ræður úrslitum, nema jöfn séu, þá ræður atkvæði formanns. Stjórnendur tveir saman rita firmað. Framkvæmdastjóri hefir prókúru. — Inngangsgjald er 5 — fimm — krónur í félagssjóð. Í varasjóð greiðist árlega 1% af viðskiptum félagsins. Hver félagsmaður kaupir minnst 10 — tíu — króna vaxtabréf, innan sex mánaða frá inngöngu, og ábyrgist 75 — sjötíu og fimm — kr. af skuldbindingum félagsins. Fundir eru boðaðir af stjórninni á þann hátt, er hún telur henta. Dagsetning samþykkta 16. júní 1935.

Tegund atvinnu: Verzlun með samvinnusniði.

Stjórnin er skipuð 5 mönnum og 3 varamönnum, kosnum til 3ja ára. Stjórnarformaður er Sigfús Kristjánsson. Aðrir stjórnarmeðlimir: Björn Kristjánsson, Jón Pétursson, Stefán Pétursson, Guðmundur Jónsson. Heimild til að rita firmað hafa formaður og einhver úr stjórninni, þannig:

pr. Pöntunarfélag verkamanna, Húsavík
Sigfús Kristjánsson. Björn Kristjánsson.

183 pr. Pöntunarfélag verkamanna, Húsavík
Sigfús Kristjánsson. Jón Pétursson.
pr. Pöntunarfélag verkamanna, Húsavík
Sigfús Kristjánsson. Stefán Pétursson.
pr. Pöntunarfélag verkamanna, Húsavík
Sigfús Kristjánsson. Guðmundur Jónsson.

Prókúra: Framkvæmdarstjóri er Páll Kristjánsson, og ritar hann sem prókúruhafi firmað þannig:

pr. Pöntunarfélag verkamanna, Húsavík
Páll Kristjánsson.

Tillög, sem lögð eru í félagið, eru: 5 — fimm — króna inntökugjald í félagssjóð, 1% af ársviðskiptaveltu í varasjóð. 10-króna vaxtabréf, 4% vextir, kaupi hver félagi innan sex mánaða, sem standi sem trygging í félaginu, unz endurgreitt er. Hver félagsmaður ábyrgist 75 — sjötíu og fimm — krónur af skuldbindingum félagsins. Fundir boðaðir eftir samþykkt stjórnar í hvert sinn.

8. Norður-Múlasýsla og Seyðisfjarðarkaupstaður.

1. Undirrituð stjórn „Fisksölufélags Seyðisfjarðar" afturkallar hér með frá 1. janúar 1935 prókúruumboð það, sem Sigurður I. Guðmundsson hefir haft fyrir félagið.

Seyðisfirði, 30. des. 1934.
Stjórn „Fisksölufélags Seyðisfjarðar"
Sig. Vilhjálmsson. Brynj. Sigurðsson. Jón B. Sveinsson.

2. Hér með tilkynnist, að Halldór Jónsson, kaupmaður á Seyðisfirði, hefir sagt sig úr Fisksölufélagi Seyðisfjarðar og þar með farið úr stjórn þess, en í þess stað hefir komið í stjórnina fyrsti varamaður, Jón B. Sveinsson, útgerðarmaður. Breytast því undirskriftir stjórnarinnar samkvæmt því.

Seyðisfirði, 30. des. 1934.
Stjórn „Fisksölufélags Seyðisfjarðar"
Sig. Vilhjálmsson. Brynj. Sigurðsson. Jón B. Sveinsson.

3. Hér með veitir stjórn „Fisksölufélags Seyðisfjarðar", Seyðisfirði, Benedikt Jónassyni á Seyðisfirði prókúruumboð fyrir félagið frá 1. janúar 1935 að telja.

Firmað ritar Benedikt Jónasson þannig:

pr. pr. „Fisksölufélag Seyðisfjarðar"
Bened. Jónasson.
Seyðisfirði, 30. des. 1934.
Stjórn „Fisksölufélags Seyðisfjarðar"
Sig. Vilhjálmsson. Brynj. Sigurðsson. Jón B. Sveinsson.

4. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Seyðisfjarðarkaupstaðar, að úr stjórn **183**
Fisksölufélags Seyðisfjarðar hefir gengið Jón B. Sveinsson útgerðarmaður, en í staðinn hefir verið kosinn Þórir Jónsson, útgerðarmaður, og breytast því undirskriftir félagsstjórnarinnar samkvæmt því.

Í stjórn Fisksölufélags Seyðisfjarðar.

Sig. Vilhjálmsson. Brynj. Sigurðsson. Þórir Jónsson.

5. Samkvæmt tilkynningu til firmaskrárinnar er skrásett sameignarfélagið „Síldveiðafélag Seyðisfjarðar".

Heimili félagsins og varnarþing er í Seyðisfjarðarkaupstað.

Dagsetning samþykkta er 14. nóvember 1934.

Tilgangur: Síldveiðar með land- og snurpunótum, kaup, sala og flutningur síldar innanlands, siglingar og starfræksla frystihúsa.

Stofnendur: Halldór Jónsson, kaupmaður, Austurveg 42, Seyðisfirði, Sigurður I. Guðmundsson, forstjóri, Bjólfsgötu 8, Seyðisfirði, Brynjólfur Sigurðsson, útgerðarm., Austurveg 47, Seyðisfirði, Jón B. Sveinsson, útgerðarm., Austurveg 47, Seyðisfirði, Sveinn Árnason, fiskkaupmaður, Vesturgötu 54, Reykjavík.

Allir eigendur stjórna félaginu sameiginlega samkvæmt félagssamningi.

Þrír eigenda skuldbinda firmað þannig:

F. h. Síldveiðafélag Seyðisfjarðar

Halldór Jónsson. Sig. I. Guðmundsson. Brynj. Sigurðsson.

eða

F. h. Síldveiðafélag Seyðisfjarðar

Halldór Jónsson. Sveinn Árnason. Brynj. Sigurðsson.

eða

F. h. Síldveiðafélag Seyðisfjarðar

Sig. I. Guðmundsson. Sveinn Árnason. Brynj. Sigurðsson.

eða

F. h. Síldveiðafélag Seyðisfjarðar

Halldór Jónsson. Sveinn Árnason. Sig. I. Guðmundsson.

Félagar ábyrgjast hver um sig ¼ hluta þeirrar upphæðar, sem skuldir félagsins nema umfram eignir þess.

Forkaupsrétt hafa félagsmenn að réttindum einstakra félaga, gangi þeir úr félaginu.

Halldór Jónsson, Sig. I. Guðmundsson og Sveinn Árnason hafa 2 atkv. hver, en Brynjólfur Sigurðsson og Jón B. Sveinsson hafa 1 atkvæði hvor.

Aðalfundur skal boðaður með viku fyrirvara, en aukafundi skal boða eftir ástæðum.

Seyðisfirði, 14. nóvember 1934.

Halldór Jónsson. Sig. I. Guðmundsson. Brynj. Sigurðsson.

Jón B. Sveinsson. F. h. Sveins Árnasonar

K. Forberg,

e. u.

183 6. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Seyðisfjarðarkaupstaðar, að sú breyting hefir orðið á stjórn Samvinnufélags seyðfirzkra sjómanna, að úr stjórn gengu, aðalmenn: Vilhjálmur Tómasson og Kristján Hermannsson, en í stað þeirra eru kosnir: Haraldur Aðalsteinsson og Magnús Guðfinnsson. Úr varastjórn gengu: Hjörtur Bjarnason og Haraldur Aðalsteinsson, en í stað þeirra voru kosnir: Vilhjálmur Tómasson og Kristján Hermannsson.

Seyðisfirði, 25. febrúar 1935.

Í stjórn Samvinnufélags seyðfirzkra sjómanna

Þorgeir Jónsson, formaður. Magnús Guðfinnsson. Haraldur Aðalsteinsson.

7. Við undirritaðir fyrir hönd Útgerðarsamvinnufélagið „Kolbeinn ungi", Vopnafirði, gefum hér með Carli F. Jensen, Vopnafirði, umboð sem prókúrista fyrir nefnt félag, og hefir hann öll réttindi prókúrista samkvæmt lögum nr. 42 13. nóvember 1903.

Firmað ritar hann þannig:

p. p. S.f. „Kolbeinn ungi"
Carl Jensen.

Vopnafirði, 27. febrúar 1935.

Í stjórn útgerðarsamvinnufél. „Kolbeinn ungi"

Björn Jóhannsson, formaður. Nikulás Albertsson. Einar B. Davíðsson.

Lórens Karlsson. Valdemar Stefánsson.

8. Ég undirrituð tilkynni hér með til firmaskrár Seyðisfjarðar, að ég rek sem einkaeigandi og með ótakmarkaðri ábyrgð efna- og sælgætisgerð hér í kaupstaðnum undir firmanafninu „Efnagerð Seyðisfjarðar". Firmað rita ég þannig:

Efnagerð Seyðisfjarðar
Astri Forberg Ellerup.

Prókúru fyrir firmað hefir Johan Ellerup, lyfsali á Seyðisfirði, og undirritar hann þannig:

pr. pr. Efnagerð Seyðisfjarðar
Johan Ellerup.

Seyðisfirði, 28. maí 1935.

Astri Forberg Ellerup.

9. Það tilkynnist hér með, að prókúruumboð kaupfélagsstjóra Guðmundar Bjarnasonar fyrir Kaupfélag Austfjarða á Seyðisfirði fellur niður frá 31. þ. m. að telja. Frá sama tíma veitist verzlunarmanni Jóni Gunnarssyni frá

Þórshöfn prókúruumboð fyrir Kaupfélag Austfjarða, og skrifar hann nafn **183**
sitt þannig:

p. p. Kaupfélag Austfjarða
Jón Gunnarsson.
Seyðisfirði, 28. maí 1935.
Í stjórn Kaupfélags Austfjarða
Karl Finnbogason. Stefán Baldvinsson. Hjálmar Vilhjálmsson.

9. Neskaupstaður.

1. Ég, Jón Ísfeld, kaupmaður á Norðfirði, gef hér með hr. Karli Karlssyni umboð sem prókúrista fyrir verzlun mína, og hefir hann öll réttindi prókúrista samkvæmt gildandi lögum þar um.

Firmað ritar hann þannig:

pr. pr. Verzl. Jóns Ísfelds
Karl Karlsson.
Norðfirði, 5. jan. 1935.
Jón Ísfeld.

10. Suður-Múlasýsla.

1. Kaupfélagið „Björk" á Eskifirði hefir heimili og varnarþing á Eskifirði. Dagsetning samþykkta er 12. janúar 1935.

Tilgangur félagsins er að útvega félagsmönnum góðar vörur og ná hagfelldum kaupum á þeim, efla vöruvöndun, koma innlendum vörum í sem hæst verð og sporna við skuldaverzlun og óreiðu í viðskiptum, safna fé í sjóði til tryggingar fyrir framtíð félagsins, stuðla að útbreiðslu og eflingu samskonar félaga hér á landi og koma sér í samvinnu við þau og efla þekkingu manna á samvinnufélagsskap og viðskiptamálum.

Félagsmenn ábyrgjast, einn fyrir alla og allir fyrir einn, allar fjárreiður félagsins.

Inngöngueyrir er kr. 10.00, er renni í varasjóð félagsins. Í varasjóð félagsins og aðra óskiptilega tryggingarsjóði greiðist árlegt fjártillag 1% af viðskiptaveltu. Í stofnsjóð leggist árlega sem séreign hvers félagsmanns 3% af verði aðfluttrar vöru, er hann kaupir í félaginu.

183 Stjórn félagsins skipa séra Stefán Björnsson, Hólmum, Halldór Jónsson, Svinaskálastekk, Gunnar Grímsson, bankaritari, Eskifirði.

Prókúru hefir Markús Jensen, Eskifirði.

Tveir úr stjórninni rita firmað þannig:

F. h. kaupf. Björk
Stefán Björnsson. Halldór Jónsson.
F. h. kaupf. Björk
Gunnar Grímsson. Stefán Björnsson.
F. h. kaupf. Björk
Halldór Jónsson. Gunnar Grímsson.

Prókúruhafi ritar þannig:

Pr. pr. kaupf. Björk
M. Jensen.

2. Prókúru-umboð Þórhalls kaupfélagsstjóra Sigtryggssonar fyrir Kaupfélag Breiðdæla afturkallast frá og með 1. jan. 1935.

Í stjórn Kaupfélags Breiðdæla
Einar Bjarnason. Guðm. Pétursson. Jón Björgólfsson.

3. Undirrituð stjórn Samvinnufélags Búðakauptúns, Fáskrúðsfirði, veitum hér með hr. Eiði Albertssyni, Fáskrúðsfirði, prókúruumboð fyrir nefnt félag, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Samvinnufélag Búðakauptúns
Eiður Albertsson.
p. t. Eskifirði, 16. febrúar 1935.
Björgvin Benediktsson. Antonius Samúelsson.
Pálmi Þórðarson. Jens Lúðvíksson.

4. Það tilkynnist hér með, að undir firmanafninu Verzlun Dagstjarnan, Eskifirði, rekum við undirritaðir, sem fullábyrgir félagar, verzlun á Eskifirði. Heimili og varnarþing félagsins er á Eskifirði. Hver um sig getur skuldbundið félagið, svo gilt sé, með undirskrift sinni, þar með gert samninga um skuldir og innkaup á vörum og veðsett eignir félagsins.

Undirskriftum er hagað þannig:

Verzlun Dagstjarnan, Eskifirði
Jón Kr. Jónsson.
Verzlun Dagstjarnan, Eskifirði
Karl Jónsson.
Verzlun Dagstjarnan, Eskifirði
Martin Hansen.

5. Í dag hefir herra Þorl. Guðmundsson, Eskifirði, fengið prókúruumboð fyrir útgerðarsamvinnufélagið „Kakali“ á Eskifirði, og ritar hann það þannig: **183**

p. p. útgerðarsamvinnufélagið „Kakali“
Þorl. Guðmundsson.

6. Í dag hefir útgerðarsamvinnufélagið „Kakali“, Eskifirði, svipt Jón Jóhannsson prókúruumboði hans fyrir téð félag.

Eskifirði, 1. júní 1935.
Í stjórn ú.s.f. „Kakali“
Ingólfur Einarsson. Sig. Jóhannsson. Jens P. Jensen.

7. Það tilkynnist hér með, að við undirrituð höfum selt Jóni Kr. Jónssyni eignarhluta okkar í Verzluninni Dagstjarnan á Eskifirði og rekur hann verzlunina áfram undir sínu nafni og er einn ábyrgur fyrir öllum skuldbindingum hennar.

Eskifirði, 29. júní 1935.
Karl Jónsson. Martin Hansen.

Ég undirritaður er ofanskráðum kaupum og sölu samþykkur og ábyrgist einn eftirleiðis allar skuldbindingar nefndrar verzlunar.

D. u. s.
Jón Kr. Jónsson.

11. Vestmannaeyjakaupstaður.

1. Við undirritaðir fyrir hönd Eyjaprentsmiðjan h.f., Vestmannaeyjum, gefum hér með Þorsteini Einarssyni, kennara í Vestmannaeyjum, umboð sem prókúrista fyrir nefnda prentsmiðju, og hefir hann öll réttindi prókúrista samkvæmt lögum nr. 42 13. nóvember 1903.

Firmað ritar hann þannig:

p. p. Eyjaprentsmiðjan h.f.
Þorsteinn Einarsson.
Vestmannaeyjum, 21. ágúst 1935.
Í stjórn Eyjaprentsmiðjunnar h.f.
Stefán Árnason, formaður. Þorsteinn Einarsson. Jóhann Þ. Jósefsson.

2. Ég, Anna Gunnlaugsson, kaupkona í Vestmannaeyjum, veiti hér með syni minum, Axel Halldórssyni, umboð sem prókúrista fyrir verzlun mína. Hefir hann öll réttindi prókúrista samkv. lögum nr. 42, 1903.

Hann ritar firmað þannig:

p. p. Anna Gunnlaugsson
Axel Halldórsson.
Vestmannaeyjum, 16. október 1935.
Anna Gunnlaugsson.

183 **12. Rangárvallasýsla.**

1. Samkvæmt tilkynningu til firmaskrárinnar, sem er móttekin 7. apríl 1935, er skrásett: Kaupfélagið Þór. Dagsetning samþykkta er 26. marz 1935. Heimili félagsins og varnarþing er á Hellu í Rangárvallahreppi. Tilgangur: 1) Að kaupa í sameiningu handa félagsmönnum og framleiða góðar vörur og selja þær eins ódýrt og atvik leyfa. 2) Að sporna við skuldaverzlun og óreiðu í viðskiptum, meðal annars með því að veita viðskiptamönnum sem minnstan gjaldfrest. 3) Að efla þekkingu manna á samvinnufélagsskap og viðskiptamálum. Heimilt er einnig að verzla við utanfélagsmenn. Félaginu skal aflað rekstursfjár með framlögum frá meðlimum í stofnsjóð, myndun varasjóðs og annara óskiptilegra tryggingarsjóða og með lántökum gegn ábyrgð félagsmanna, sem er takmörkuð sjálfskuldarábyrgð á öllum fjárreiðum félagsins, allt að 300 kr. á hvern félagsmann, auk inneignar í stofnsjóði. Inntökugjald í félagið er 10 kr., auk þess 20 kr. í stofnsjóð. Fundi félagsins skal boða skriflega, og aðalfund skal halda fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Auk þess geta ¾ félagsdeilda krafizt aukafunda skriflega og greina fundarefni. Stjórn félagsins skal skipuð 5 mönnum og 3 varamönnum. Þeir skulu vera félagar. Stjórnin kýs úr sínum flokki formann og varaformann; einnig ræður hún framkvæmdarstjóra, og má hann ekki jafnframt vera í stjórn félagsins. Firmað rita þrír stjórnendur saman og auk þess framkvæmdarstjóri sem prókúruhafi.

Stjórnendur: Guðmundur Þorbjarnarson, Stóra-Hofi, formaður, Skúli Thorarensen, Móeiðarhvoli, varaformaður, Guðmundur Erlendsson, Núpi, Gunnar Runólfsson, Syðri-Rauðalæk, og Lárus Ágúst Gíslason, Þórunúpi, allir innan Rangárvallasýslu. Varastjórnendur: Haraldur Halldórsson á Efri Rauðalæk, Elías Steinsson, Oddhól, og Sigurjón Sigurðsson, Raftholti, allir innan Rangárvallasýslu. Framkvæmdarstjóri er Ingólfur Jónsson, Hrafntóftum, og er hann prókúruhafi og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Kaupfélagið Þór
Ingólfur Jónsson.

Gert að Efra-Hvoli, 7. apríl 1935.

Guðm. Þorbjarnarson. Skúli Thorarensen. Gunnar Runólfsson.
Guðm. Erlendsson. Lárus Ágúst Gíslason.

Firmaritun:

Kaupfélagið Þór
Guðm. Þorbjarnarson. Skúli Thorarensen. Guðm. Erlendsson.

Kaupfélagið Þór
Guðm. Þorbjarnarson. Skúli Thorarensen. Gunnar Runólfsson.

Kaupfélagið Þór
Guðm. Þorbjarnarson. Skúli Thorarensen. Lárus Ágúst Gíslason.

Kaupfélagið Þór
Guðm. Þorbjarnarson. Guðm. Erlendsson. Lárus Ágúst Gíslason.

Kaupfélagið Þór

Guðm. Þorbjarnarson. Guðm. Erlendsson. Gunnar Runólfsson.

Kaupfélagið Þór

Guðm. Þorbjarnarson. Lárus Ágúst Gíslason. Gunnar Runólfsson.

Kaupfélagið Þór

Skúli Thorarensen. Lárus Ágúst Gíslason. Gunnar Runólfsson.

Kaupfélagið Þór

Skúli Thorarensen. Gunnar Runólfsson. Guðm. Erlendsson.

Kaupfélagið Þór

Skúli Thorarensen. Lárus Ágúst Gíslason. Guðm. Erlendsson.

Kaupfélagið Þór

Lárus Ágúst Gíslason. Guðm. Erlendsson. Gunnar Runólfsson.

Varastjórnendur undirrita nöfn sín þannig:

Haraldur Halldórsson. Elías Steinsson. Sigurjón Sigurðsson.

13. Gullbringu- og Kjósarsýsla og Hafnarfjarðarkaupstaður.

1. Það tilkynnist hér með, að undir firmanafninu: „Sameignarfélagið Ægir", skammstafað: S/f Ægir, rekum við undirritaðir sem fullábyrgir félagar fiskveiðar, kaup og sölu á fiski og öðrum sjávarafurðum og öllu því, er stendur í sambandi við fiskiveiðar.

Heimili félagsins er í Gerðum, Gerðahreppi, Gullbringusýslu. Hver um sig getur skuldbundið félagið, svo gilt sé, með undirskrift sinni og þar á meðal veðsett fisk og aðrar eignir félagsins. Til að selja skip eða fasteignir félagsins þarf undirskrift beggja.

Undirskriftum er hagað þannig:

S/f Ægir

Finnbogi Guðmundsson.

S/f Ægir

Þórður Guðmundsson.

S/f Ægir

Finnbogi Guðmundsson. Þórður Guðmundsson.

2. Samkvæmt meðfylgjandi samþykki barna minna, sem öll eru myndug, leyfi ég mér hér með að tilkynna yður, herra bæjarfógeti, að ég sit í óskiptu búi eftir mann minn sál., Einar Þorgilsson, kaupmann í Hafnarfirði, og að ég rek áfram verzlun manns míns sáluga undir nafninu: Verzlun Einars Þorgilssonar.

Jafnframt tilkynnist hér með til firmaskrárinnar í Hafnarfirði, að ég hefi veitt sonum mínum, Ólafi Tryggva Einarssyni og Þorgils Guðmundi

183 Einarssyni, prókúruumboð fyrir verzluninni, og rita þeir firmanafnið þannig: pr. procura:
Ólafur Tr. Einarsson ritar:
pr. pr. Verzlun Einars Þorgilssonar.
Ólafur Tr. Einarsson.
Þorgils G. Einarsson ritar:
pr. pr. Verzlun Einars Þorgilssonar.
Þorgils G. Einarsson.
Hafnarfirði, 5. janúar 1935.
Geirlaug Sigurðardóttir.

3. Það tilkynnist hér með til firmaskrárinnar í Hafnarfirði, að við undirrituð rekum útgerð í Hafnarfirði undir firmanafninu: Einar Þorgilsson & Co., með fullri ábyrgð okkar allra.
Inn á við eru eignarhlutföllin þessi:
Ég, Geirlaug Sigurðardóttir, er sit í óskiptu búi eftir mann minn sál., Einar Þorgilsson kaupmann í Hafnarfirði, er eigandi að $^5/_7$ — fimm sjöundu — hlutum í firmanu, en við undirritaðir, Ólafur Tr. Einarsson og Þorgils G. Einarsson, eigum $^1/_7$ — einn sjöunda — hluta hvor í firmanu og berum okkar á milli ábyrgðina í sama hlutfalli.
Prókúruumboð fyrir firmað veitist hér með Ólafi Tryggva Einarssyni og Þorgils Guðmundi Einarssyni, og rita þeir firmanafnið svo sem hér segir:
Ólafur Tr. Einarsson ritar:
pr. pr. Einar Þorgilsson & Co.
Ól. Tr. Einarsson.
Þorgils G. Einarsson ritar:
pr. pr. Einar Þorgilsson & Co.
Þorgils G. Einarsson.
Hafnarfirði, 5. janúar 1935.
Ólafur Tr. Einarsson. Þorgils G. Einarsson. Geirlaug Sigurðardóttir.

4. Það tilkynnist hér með til hlutafélagaskrár Hafnarfjarðarkaupstaðar, að Jóni Högnasyni, skipstjóra, Ránargötu 8 í Reykjavík, hefir verið veitt prókúruumboð fyrir hlutafélagið „Rán“ í Hafnarfirði, með því valdsviði, sem ákveðið er fyrir prókúruhafa í 25. gr. laga nr. 42, frá 13. nóvember 1903.
Ritar prókúruhafi félagið þannig:
pr. pr. H.f. Rán
Jón Högnason.
Hafnarfirði, 20. febrúar 1935.
H.f. Rán
Þorleifur Jónsson. Guðm. Jónasson.

5. Samkvæmt tilkynningu til firmaskrár Hafnarfjarðarkaupstaðar er skrá- **183**
sett 23. þ. m.: Áætlunarbílar Hafnarfjarðar h/f.

Heimili og varnarþing félagsins er í Hafnarfirði. Tilgangur félagsins að flytja fólk með stórum bifreiðum milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur og um nágrenni Hafnarfjarðar.

Stofnendur félagsins eru: Helgi S. Guðmundsson, bifreiðarstjóri, Suðurgötu 45. Kjartan G. Guðmundsson, bifreiðarstjóri, Suðurgötu 45. Guðmundur Þ. Egilsson, bifreiðakennari, Selvogsgötu 8. Sveinbjörn Magnússon, bifreiðarstjóri, Skuld. Sigurður G. I. Guðmundsson, bifreiðarstjóri, Suðurg. 45 B. Jón Magnússon, bifreiðarstjóri, Suðurg. 73.

Stjórnendur félagsins eru: Formaður: Sveinbjörn Magnússon, bifreiðarstjóri. Meðstjórnendur: Helgi S. Guðmundsson, bifreiðarstjóri, Guðmundur Þ. Egilsson, bifreiðarstjóri.

Undirskrift tveggja stjórenda er skuldbindandi fyrir félagið, og rita þeir þannig:

F. h. Áætlunarbílar Hafnarfjarðar:
Sveinbjörn Magnússon. Helgi S. Guðmundsson.
F. h. Áætlunarbílar Hafnarfjarðar:
Sveinbjörn Magnússon. Guðm. Þ. Egilsson.
F. h. Áætlunarbílar Hafnarfjarðar:
Helgi S. Guðmundsson. Guðm. Þ. Egilsson.

Upphæð hlutafjár er 18000 krónur og greinist í 36 fimm hundruð króna hluti, er hljóða á nafn. Hlutaféð er allt innborgað. Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu og engin lausnarskylda hvílir á þeim. — Ef hlutaféð er aukið, hafa allir hluthafar jafnan rétt til að rita sig fyrir nýjum hlutum.

Hluthafar hafa forkaupsrétt að hlutabréfunum og svo stjórnin næst á eftir fyrir félagsins hönd.

Hluthafar hafa eitt atkvæði fyrir hvern 500 króna hlut. — Fundi skal boða með ábyrgðarbréfi eða símskeyti.

Hafnarfirði, 21. febrúar 1935.

Sveinbjörn Magnússon. Helgi S. Guðmundsson. Guðmundur Þ. Egilsson.

AUGLÝSING **184**

frá skráritara vörumerkja í Reykjavík um skrásetningar þær, sem gerðar hafa verið árið 1935.

Skrás. 1935, nr. 1.

Tilkynnt 23. október 1934, kl. 3 síðd., af Lever Brothers, Limited, sápugerð, Port Sunlight, Chesire, Englandi, og skrásett 5. janúar 1935.

184 Orðin: LIFEBUOY TOILET SOAP prentuð með hvítum stöfum á rauðum grunni, sem myndar aflangan ferhyrning með mjórri, gulri rönd umhverfis. —

LIFEBUOY
TOILET SOAP

Merkið skrásett í London 17. oktbr. 1933, 48. flokki, fyrir ilmandi handsápur.

Skrás. 1935, nr. 2.

Tilkynnt 23. október 1934, kl. 3 síðd., af sama, og skrásett 5. janúar 1935.

Ferhyrndur einkennismiði með gulum grunnlit og svartri rönd umhverfis. Orðið: VIM stendur á tveimur stöðum á miðanum með hvítum stöfum á svörtum grunni, sem er með sérkennilegri lögun. Á miðanum er einnig lesmál, sem er leiðarvísir og til skýringar á VIM, sem og átta ferhyrndar myndir af ýmsum búsáhöldum, prentaðar með svörtum, grænum og hvítum lit, sem sýnishorn af hlutum, sem fága má og hreinsa með VIM.



Merkið er skrásett í London 26. febrúar 1934, 50. flokki, fyrir fágunarefni (þar með talin efni þau, sem bæði fága og hreinsa).

Skrás. 1935, nr. 3. **184**

Tilkynnt 23. október 1934, kl. 3 síðd., af sama, og skrásett 5. janúar 1935. Orðið:


SOLSKEN

Merkið er skrásett í London 30. september 1908, 47. og 48. flokki, fyrir kerti, þvottasápu, þerriefni, olíur til ljósa, hitunar eða smurnings, eldspítur, línsterkju, bláma og önnur þvottaefni; ilmvörur (þar með talið snyrtivörur, efnasamsetningar fyrir tennur og hár og ilmsápur). Er sú skrásetning síðan endurnýjuð 30. september 1922.

Skrás. 1935, nr. 4.

Tilkynnt 23. október 1934, kl. 3 síðd., af R. S. Hudson, Limited, sápugerð, Liverpool, Englandi, og skrásett 5. jan. 1935.

Tveir aflangir ferhyrningar með dökkgrænum grunni. Orðið: Rinso er prentað með gulum stöfum í báða ferhyrningana, en í neðri ferhyrningnum er einnig hvít mynd af körfu með þvotti í.




Merkið er skrásett í London 28. september 1925, 47. flokki, fyrir þvottasápu, þerriefni, olíur til ljósa, hitunar eða smurnings, eldspítur, línsterkju, bláma og önnur efni til þvotta.

184 **Skrás. 1935, nr. 5.**

Tilkynnt 30. ágúst 1934, kl. 11 árd., af Rafael Gavara Garavito, verzlun, Valencia, Spáni, og skrásett 22. janúar 1935.

Mynd af klukku og standa fyrir ofan hana orðin: EL RELOJ, en fyrir neðan hana: Marca Registrada.



Samkvæmt tilkynningu 6. maí 1933, er merkið skrásett í Madrid 2. ágúst s. á. fyrir pressaðan og saltaðan fisk.

Skrás. 1935, nr. 6.

Tilkynnt 30. ágúst 1934, kl. 11 árd. af sama, og skrásett 22. janúar 1935.

Mynd af tveimur ávaxtatrjám. Standa fyrir ofan þau orðin: LOS NARANJOS og talan 11, en fyrir neðan talan 21 og orðin: Marca Registrada.



Samkvæmt tilkynningu 6. maí 1933 er merkið skrásett í Madrid 2. ágúst s. á. fyrir pressaðan og saltaðan fisk.

Skrás. 1935, nr. 7. 184

Tilkynnt 12. maí 1933, kl. 4 síðd., af Barnängens Tekniska Fabrikers Aktiebolag, verksmiðjurekstur, Stockholm, Svíþjóð, og skrásett 22. janúar 1935.

Orðið:

VADEMECUM

Samkvæmt tilkynningu 8. júlí 1924 er merkið skrásett í Stokkhólmi 9. september s. á., og falla eftirtaldar vörur undir þá skrásetningu: Áhöld til þess að afskammta tannkvoðu og önnur efni af svipaðri gerð, mótunarefni til afnota við tannlækningar, asbestvörur, óáfengir drykkir, munnhreinsivatn, aseptín, bifreiðar, sjálfvirkjar, asfalt, skotfæri, efni til að gera vend á dúka, hluti til notkunar við umhirðu á tönnum, munni, hálsi og húð, alúmíníumvörur, akkeri, „brillantín" storkið og fljótandi, burstar, burstavörur, gljásverta á skó, umbúðir, brunnsölt og baðsölt, blek allskonar, blekduft, bónefni, bónvax, blekeyðandi efni, baðefni, bæsiefni, bleikiefni, blaðmálmur, prentstíll, billjarðkrít, lýsingartæki, baðtæki, eldsneyti, benzín, blóm (tilbúin), fatnaður, borðlín, borðar, bróderí bakaðar brauðvörur, bökunarduft, byggingarefni, bónáhöld, skreytingarvörur, bik, ritblý, bómull og bómullarvörur, eirvörur, spengur, valsaðir og steyptir munir í byggingar, blákka, selluefni, súkkulaði og blandanir úr því, sement, vindlar, vindlingapappír, efni til útrýmingar skordýrum, sótthreinsunarefni, skreytiefni, deigvörur, lyffæðuefni, vélareimar, ryksugur, áhöld til að móta sápu, Kölnarvatn, ilmolíur, eterolíur, eldkæfandi efni, vörur með glerungs- og tinhúð, hulstur fyrir snyrtivörur, slökkvitæki, fegrunarefni, efni til hárskreytingar, allskonar feiti, feitiefni, lyfjaefni og lyfjablöndur, umbúðahlutir, ljósmynda- og prentframleiðsla, allskonar litir, allskonar fernis, litblöndur í þvott, hreinsiefni, fánar, flókavörur, fiskvörur, áhöld og tæki til þess að vega, merkja og hnita verkfæri, sem notuð eru við eðlisfræði, efnafræði, ljósbrotsfræði, landmælingafræði, siglingafræði, rafmagnsfræði og ljósmyndafræði, auglýsingastyttur fyrir klæðasala og hárskrýðara, ávextir, ávaxtasafi, fóðurvörur, flugeldaefni, litarefni, síunarefni, fortjöld, fluguveiðarar, flugnapappír, flöskur úr gleri og postulíni, fiskilím, gúttaperka og hlutir úr því, garnvörur, nærfatnaður, skrautleggingar, einkennisfataleggingar, gluggatjöld, glersteinn og vörur úr honum, leikfimistæki, grænmeti, aldinhlaup, steypumulningur, gips, sútunarefni, áburðarenfni, gúmmígerviefni og vörur úr því, glyserín og vörur úr því, gler allskonar, togleður, hörundskvoður, hörundsbalsam, hárþvottaefni, hármeðul hárvatn, herzluefni, heilsubótatæki, trjákvoða, höfuðföt, hálsklútar hjarir, hanzkar, búsáhöld, höggvopn, hestaskeifur, skeifnanaglar, krókar og uglur, húðir, hunang, hreinlætisbindi fyrir konur, hárlitunarefni, hampur, færanleg hús, einangrunarefni fyrir hita og kulda, ís, tól, jólatrésskraut, hleypir, fegrunarefni, kambar, kemisk efni til afnota við lyflækningar, iðnað, vísindastörf ljósmyndun og heilsuvernd, gervilimir, gerviaugu, gervitennur, efni til geymslu á matvörum, skrifstofugögn, kátsjúk, suðuáhöld, kælitæki, vatnssalerni, lífstykki, göngustafir, hnappar, eldhúsáhöld, kjötseyði, kjöt-

184 vörur, niðursuðuvörur, kaffi, kaffibætir, krydd, matarsalt, kakaó, glerungshellur, keðjur, klukkur, peningaskápar, gervisteinar, hveitilím, gúmmílím, kartonpappi, myndmót, kalk, kvikasilfur, gervisilki, litbönd, kopíublöð, kopíupappír, kopíuvélar, konfekt, smjörlíki, gervifeiti, niðursoðnir ávextir, hnífar, eirvörur, korkvörur, kökugerðarvörur, ilmpúðar, ilmumslög, ilmduft, málmkveikiefni, leðuráburður, leðurolía, görfunarefni, læknislyf, lofthreinsunarefni, læknisáhöld, allskonar lökk, allskonar lím, ljósmeti, kerti, lampar, lampaglös, línóleum, mottur, líkkistur, leir, leikföng allskonar, farartæki á landi og í lofti, leðurvörur, hör, leður, munnskolvatn, möndluhýði, málningarvörur, mótunarefni, merkikrít, mælingatæki, húsgögn, gólfábreiður, hljóðfæri, strengir og aðrir hlutar þeirra, mjólk, mjöl, malt, gosdrykkir, hráefni í gosdrykki, önglar, vörur úr vír, vírvefnaður, vélar fyrir tannlækna, magnesíumvörur, tæki til að hreinsa mottur, marmari, handsnyrtivörur og tæki, nálar, net, nikkelvörur, naglafægiefni, allskonar olíur, ostar, plástrar, ilmvötn, ilmkvoður, paraffín, pappír, regnhlífar, pappi, koddar, púðurbaukar, fægiefni fyrir málma, tré, gler og leður, umbúðavörur, pappavörur, penslar, paljettur, pillur allskonar, loðskinnavörur, rykduft, slípólar fyrir rakhnífa, hreinsiefni fyrir málma, ryðvarnarefni, strokleður, hráefni og hálfgerð efni til pappírsgerðar, leturleysiefni, allskonar hráolíur, björgunartæki, teikniáhöld, ferðatæki, spennur á reiðtygi og aktygi, útbúnað til ferðalaga, klæðningarefni á hús, kaðlagerðarvörur, hrátóbak, reykelsisker, ilmvatnssprautur, skeggsápa, skeggkvoða, skeggduft, raktæki og efni, sápa, sápuduft, andlitslitur, hárþvottavatn, hárþvottaduft, skeggvaxtarefni, skeggvatn, skeggvax, svampar, skóáburður, skómak, skóolíur, smyrsli slípiefni, stimpilblek, spil, ritföng, línsterkja, línsterkjublöndur, nafnspjöld, sængurfatnaður, snúrugerðarvörur, knipplingar, renndar, skornar og fléttaðar vörur, slöngur, sportvörur, signet, pokar, smjör, sykur, sýróp, sósur, sinnep, spíritus, skartgripir ekta og óekta, lagvopn, saumavélar, salt, stálvírslínur, tæki til afnota í peningshúsum, reykháfar, steinar, bólstrunarefni, skinn, söðlasmíðavörur, skófatnaður, skotvopn, sokkavörur, lífstykki, svitadúkar, þvottaduft, skóhreinsiefni, skósverta, ritvélabönd og efni í þau, ritvélar og hlutar úr þeim, heilsuverndartæki, smergel, silki, neftóbak, salt, sultur, sigðir, skautar, skrín, spunninn þráður, sprengiefni, allskonar smyrsl, sterkjugljái, allskonar sápur, sápuduft, tannpasta, tannkvoða, tannduft, tannsápa, ræstivatn, snyrtivörur, tannfyllingarefni, þéttunarefni, fúavarnarefni á tré, eldspýtur, kveikivörur, myndarammar, áklæði, tjöld, te, tjara, þakpappi, garnir, tóbaksvörur, trikotvörur, tannstönglar, tinktúrur, teikniblek, tekniskar vörur, prentvörur, allskonar lyftöflur, mó- og torfvörur, veggfóður, þurrkunaráhöld, trjágarðatæki, teiknipennar, símritunarlitur, vasaúr og hlutir í þau, kennsluáhöld, verkfæri, allskonar vax, vatnsefnis-superoxyd, hitunartæki, vatnsveitur, vefnaðarvörur, vörur úr tré, bein, korki, horni, skelplötu, skíði, fílabeini, perlumóður, rafi, sæfrauði og selluefni, skip, reiðhjól og hlutar úr þeim, loftræstingartæki, efni til að eyða illgresi, kveikir, vaxdúkur, egg, edik og öl.

Skrás. 1935, nr. 8. 184

Tilkynnt 25. júlí 1934, kl. 12 á hádegi, af Aktiebolaget B. A. Hjorth & Co., verksmiðja og verzlun, Stockholm, Svíþjóð, og skrásett 22. janúar 1935.

Orðið:

BAHCO

